b. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar í sömu atrennu á sama sjúklingi (kviðrista og jafnframt tekinn af limur, teknir af tveir eða fleiri limir, tvær eða fleiri tennur, tvær eða fleiri neglur o. s. frv.) og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerð (þá, sem hæst er metin) en hálft gjald fyrir hinar. Þó má gjald fyrir margar samskonar aðgerðir í sömu atrennu aldrei verða hærra en tífalt fyrir smæstu aðgerðir, þrefalt fyrir minni háttar aðgerðir og tvöfalt fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir. Þegar búið er um sár eða kaun eða aðrar umbúðir lagðar á, lyfjum dælt í hold, æð o. s. frv., þvag tekið með legg, stólpípa sett, skolaður magi, þvagblaðra o. s. frv. eða annað tilsvarandi gert jafnframt annari aðalaðgerð, eða til undirbúnings henni eða sem nauðsynleg afleiðing af henni, þá teljast það ekki sérstakar aðgerðir. Kviðrista telst ein aðgerð, þó að fleira en eitt sé lagfært í kviðarholinu í senn. Tvær eða fleiri kviðristur í sömu atrennu, en hver í sínum sérstaka tilgangi, teljast jafnmargar aðgerðir. Tilsvarandi gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir (fleiri en ein aðgerð í senn á innýflum í brjóstholi, á heila, mænu o. s. frv.). Þó að búið sé um fleiri en eitt sár eða kaun í senn, gert að fleiri en einu sári, skorinn fleiri en einn skurður í sömu igerð eða í fleiri en eina igerð, telst það ein aðgerð. Tvær eða fleiri aðgerðir við sömu barnsfæðingu telst ein aðgerð. Sama aðgerð á báðum augum í senn af þeim, sem taldar eru í II, D, telst ein aðgerð.

c. Auk aðgerðargjaldsins fyrir hinar smæstu og minni háttar aðgerðir má héraðslæknir taka tilskilið gjald fyrir viðtal nema aðgerðin fari fram án sérstakrar rann-

sóknar eða eftir mjög takmarkaða rannsókn (búið um einfalt sár, skipt umbúðum, dregin tönn, fyllt tönn, tekin fiis úr holdi eða korn úr auga, skorið í smáigerð, tekið þvag með legg og aðrar hjúkrunaraðgerðir o. s. frv.). Í aðgerðargjaldinu fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir er viðtalsgjaldið innifalið.

d. Fyrir svæfingu eða deyfingu við hinar smæstu eða minnháttar aðgerðir ber héraðslækni jafnan aukreitis fullt tilskilið gjald. Í aðgerðargjaldinu fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir er svæfingar- eða deyfingargjaldið innifalið. Ekki má reikna nema eitt svæfingar- eða deyfingargjald fyrir hverja aðgerð, né fyrir fleiri en eina aðgerð í sömu atrennu. Fyrir svæfingu eða deyfingu við tanndrátt skal ætíð taka samkv. II, A, og ber héraðslækni aðeins hálft svæfingar- eða deyfingargjaldið fyrir fyrstu 3 tennurnar, sem dregnar eru í sömu atrennu, en fullt gjald ef fleiri eru dregnar.

e. Fyrir umbúðir, lyf og annan nauðsynlegan aukakostnað við aðgerð ber að greiða héraðslækni sérstaklega, enda nemi hann einhverju verulegu. Fyrir umbúðir um smá sár og kaun né fyrir lyf, er læknar hafa tíðast við hendina á viðtalsstofum sínum, ber ekki að greiða héraðslækni sérstaklega. Ekki ber héraðslækni meira fyrir þann aukakostnað en venjulegt lyfjabúðarverð fyrir lyf, umbúðir o. þ. h. og ekki meira en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.

f. Nú á héraðslæknir og notar dýr tæki til aðgerða fram yfir það, sem hægt er að ætlast til að héraðslæknar eigi almennt, svo sem Röntgentæki, önnur dýr rafmagnstæki o. s. frv., eða hann notar slík tæki, sem annar á, og gildir hið sama um það og segir um rannsóknir með tilsvarandi tækjum, sbr. I, e.

g. Nú er einhver aðgerð á sjúklingi, er héraðslæknir stundar, ekki hans meðfæri, og fær hann annan lækni til að leysa hana af hendi, og gildir hið sama um það sem segir um tilsvarandi rannsóknir, sbr. I, f.

h. Fyrir endurteknar aðgerðir í sama sjúkdómi komi hálft gjald.

i. Fyrir smæstu og minni háttar aðgerðir sömu tegundar, gerðar í senn á fleiri en einum sjúklingi fyrir sama aðila (bólusetning o. s. frv.) komi fullt gjald fyrir eina aðgerð en hálft gjald fyrir hinar.

j. Fyrir Röntgen- eða radíumaðgerðir, ljóslækningaaðgerðir og aðrar þess háttar aðgerðir á sjúklingi héraðslæknis, er fram fara á sérstakri stofnun undir eftirliti starfsfólks stofnunarinnar, ber honum ekki sérstakt gjald.

k. Fyrir aðgerðir, sem héraðslæknir eða heilbrigðisstjórn telur nauðsynlegt að gera vegna almennra sóttvarna (bólusetningar o. s. frv.) má hann ekki krefja sjúklinginn eða aðstandendur hans um sérstakt gjald.

l. Nú þarf héraðslæknir að dvelja við aðgerð svo einhverju verulegu nemur (t. d. einkum við fæðingaraðgerðir), og ber honum þá aukreitis tímakaup fyrir dvölina eins og héraðslæknum er ákveðið fyrir ferðir samkvæmt þessari gjaldskrá, þó ekki fyr en að klukkustund liðinni við smæstu og minni háttar aðgerðir og að 2 stundum liðnum við meiri aðgerðir.

III. Læknisaðstoð.

A. Héraðslæknir, sem aðstoðar annan lækni við læknisverk, á þóknun fyrir það, sem nemur 20% af því, sem fyrir verkið er tilskilið samkv. þessari gjaldskrá.

Skýringar:

a. Í gjöldum fyrir rannsóknir og aðgerðir eins og þau eru ákveðin í þessari gjaldskrá, er innifalið gjald fyrir nauðsynlega aðstoð annars læknis, en þó ekki

fram yfir það, sem héraðslækni ber samkv. III, A. Sé meiri eða dýrari læknisaðstoð nauðsynleg, ber viðkomanda að greiða mismuninn sérstaklega. 2 11. jan.

b. Viðkomanda ber að greiða fyrir ferðir og allan kostnað við nauðsynlega tilköllun aðstoðarlæknis.

c. Nú er læknir kallaður til aðstoðar héraðslækni án þess að héraðslæknir telji þess þörf, og ber þá viðkomandi allan kostnað af því.

IV. Sjúklingar stundaðir að staðaldri.

A. Sjúklingur stundaður eftir venjulegt sjúkraviðtal eða eftir smæstu og minni háttar aðgerð.

1. Utan sjúkrah. eða heimilis læknis	Fyrir fyrstu 10 dag. á dag ..	Kr. 1,50
	Úr því á dag	— 0,75
2. Á sjúkrahúsi eða heimili læknis	Fyrir fyrstu 10 dag. á dag ..	— 1,00
	Úr því á dag	— 0,50

B. Sjúklingur stundaður eftir meiriháttar, mikla og mestu aðgerð.

1. Utan sjúkrah. eða heimilis læknis	Fyrir fyrstu 10 dag. á dag ..	Kr. 3,00
	Úr því á dag	— 0,75
2. Á sjúkrahúsi eða heimili læknis	Fyrir fyrstu 10 dag. á dag ..	— 2,00
	Úr því á dag	— 0,50

C. Heimilislæknisstörf.

1. Fyrir hina fyrstu 3 í heimili á mann á mánuð ..... Kr. 1,00
2. Úr því á mann á mánuð ..... — 0,50

Skýringar:

a. Héraðslæknir telst stunda þann sjúkling að staðaldri, sem fyrir fram er ákveðið um, að gangi reglulega til hans eða héraðslæknir vitji reglulega í heimahúsum eða stundi á sjúkrahúsi. Reikna skal frá næsta degi eftir að viðtalið eða aðgerðin fór fram, að þeim degi meðtöldum.

b. Í gjaldinu fyrir að stunda sjúkling að staðaldri er innifalið gjald fyrir öll framhaldsviðtöl og vitjanir (þó ekki oftar en einu sinni á dag nema héraðslæknir telji þess sjálfur þörf), allar rannsóknir, aðrar en meiri háttar rannsóknir, allar umbúðaskiptingar, lyfjadælingar og yfirleitt hverskonar hjúkrunaraðgerðir svo og aðrar smæstu og minni háttar aðgerðir, sem leiða af aðalaðgerðinni.

c. Nú stundar héraðslæknir að staðaldri og samtímis fleiri en einn sjúkling rúmliggjandi á sama heimili (en utan sjúkrahúss) og fyrir sama aðila, og ber honum þá fullt gjald fyrir einn sjúklinginn en hálft gjald fyrir hina.

d. Aldrei á héraðslæknir meira gjald fyrir að stunda sjúkling að staðaldri en honum bæri, ef reiknað væri hvert einstakt viðtal og hver einstök aðgerð.

e. Liðirnir IV, A, 1 og B, 1, taka ekki hækkun samkv. V, A.

f. Til heimilislæknisstarfa teljast viðtöl og rannsóknir aðrar en meiri háttar rannsóknir, allar smæstu aðgerðir (þó ekki tannfyllingar) svo og þær aðrar af hinum minni háttar aðgerðum, sem auðvelt er að gera á manni á ferli eða í heimahúsum án verulegrar aukafyrirhafnar. Fyrir aðrar rannsóknir og aðgerðir og fyrir að stunda sjúklinga á sjúkrahúsi ber að greiða héraðslækni sérstaklega.

g. Héraðslæknir verður ekki krafinn um að gerast heimilislæknir sjúks manns eða fjölskyldu, sem veikindi eru komin upp hjá.

2
11. jan.

V. Ferðir.

A. Ef héraðslæknir er sóttur út af heimili sínu eða af því heimili, sem hann er staddur á, enda sé honum ekki goldið fyrir ferðina samkv. V, B og C, ber honum til viðbótar tilskildu viðtalsgjaldi eða aðgerðargjaldi, sem viðtalsgjald ekki fylgir eða er innifalið í (sbr. skýringarlið II. c.)

Kr. 1,00

B. Fyrir ferð héraðslæknis út úr kaupstaðnum eða þorpinu, sem hann situr í, eða tilsvarandi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tímakaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðdvölin í þágu viðkomanda tekur. Og er gjaldið fyrir klukkustundina:

1. Fyrir fyrstu 6 stundirnar ..... Kr. 2.00
2. Fyrir hinar næstu 6 ..... — 1,00
3. Úr því ..... — 0,50

C. Fyrir ferð í skip:

1. Við bryggju ..... Kr. 2,00
2. Úti á höfn eða fyrir landi ..... — 4,00

Skýringar:

a. Héraðslækni ber að sjá fyrir ókeypis flutningi á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá og til heimilis hans sem hægt er.

b. Nú tefst héraðslæknir á ferð í þágu annars en þess, er sótti hann, og ber hinum sama þá ekki að greiða héraðslækni fyrir þann tíma. Ef samkomulag verður um gistingu héraðslæknis, án þess að sú bið hans sé nauðsynleg vegna erindis hans, ber ekki að greiða honum fyrir þá dvöl.

c. Aldrei má gjald til héraðslæknis fyrir ferðir í skip vera lægra en ef honum væri reiknað tímakaup samkv. V, B.

VI. Læknishjálp og ferðir að næturlagi og gönguferðir.

A. Fyrir viðtöl og vitjanir, smæstu og minni háttar aðgerðir svo og ferðir á tímanum frá kl. 23 til 7 má héraðslæknir taka 50% hærra gjald.

B. Fyrir ferðir, sem um getur í V, B og héraðslæknir fer fótgangandi, má hann taka 50% hærra gjald.

VII. Læknishjálp til handa útlendingum.

A. Fyrir læknishjálp veitta útlendingum, sem ekki eru búsettir hér á landi, má héraðslæknir setja upp hærra gjald en þessi gjaldskrá annars ákveður.

Skýringar: 2

a. Aldrei á héraðslæknir kröfu á hærri þóknun af útlendingi en metin mundi sanngjörn eftir ástæðum í landi hans, unz ákvæðum gjaldskrárinnar er náð. 11. jan.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi öðlast gildi 1. marz 1933.

Þetta er hér með birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. janúar 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

BYGGINGASAMÞYKKT 3

12. jan.

fyrir Hvammstangakauptún.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Hvammstangakauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því, er byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

3 12. jan. Bygginganefnd gerir tillögu um öll byggingaleyfi og hefir umsjón þess, að byggingasamþykktinni sé fylgt.

Hreppsnefnd getur gefið bygginganefnd umboð til þess að veita byggingaleyfi, án þess að borið sé undir hreppsnefnd.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda, eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar eða bygginganefndar getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í bygginganefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðarbók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Bygginganefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingafulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði bygginganefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingaleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingafulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingafulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingafulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingaleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingafulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir bygginganefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingafulltrúa að sækja fundi bygginganefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Bygginganefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Bygginganefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr. 3

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27. 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim. 12. jan.

Þar til fullkominn skipulagsuppdráttur verður lagður fram, skal byggingarnefnd, eftir reglum er hún sjálf setur og hreppsnefnd samþykkir, ákveða hvernig byggingu skuli hagað, hvar auð svæði og götur skuli vera, breidd milli húsaraða, hvar staði skuli ætla opinberum byggingum, hvar hús skuli vera sambyggð o. s. frv.

II. KAFLI.

Ákvæði um húsagerð. Húsalínur.

Lóðagirðingar.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

3 12. jan.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna húsniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstétt, nema með leyfi bygginganefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður bygginganefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef bygginganefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Bygginganefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannlóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

3 12. jan. Bygginganefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagsslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur bygginganefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur bygginganefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi bygginganefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.
   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1.lið.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsi séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirra, er þessi nýja lóðaskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda þró.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum millibyggingum.

3 12. jan.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótið en 0,70 úr metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentímetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentímetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentímetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.

2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metrar, skal gera sem eldvarnarveggi. 3 12. jan.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum, o. þ. h., sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður bygginganefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 úr metra séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi bygginganefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigenda geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er bygginganefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 úr metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentímetrar ($4'' \times 4''$), þegar hafið er allt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentímetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metrum, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0,95 úr metra undir torf, hellu og steinþök.

3 12. jan.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metrar.

   Þar sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0,16 úr metra (6″) á hæð og 0,13 úr metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentímetra, og breidd um 1,3 sentímetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

   Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentímetrum grennri en hér er ákveðið.

   Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sé skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentímetra (1¼″).

   Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

   Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentímetra (¾″), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentímetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir

tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfellt, skal gólfið vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt. 3 12. jan.

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri séu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.
2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 úr metra, og ekki minni en ein hurð skrá-

3 12. jan.

læst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.

4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur bygginganefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0,75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 úr metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur bygginganefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0,60—0,65 úr metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sé breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórra vera en 0,21 úr metra, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, og bakstiginn ekki mjórri en 0,17 úr metra.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur bygginganefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúðunum stafar engin hætta af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá bygginganefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.

   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.
b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré.
c. Að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema bygginganefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50×0,50 metrar; bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema bygginganefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur bygginganefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi bygginganefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0,12 úr metra á þykkt, og vídd

3 hans að innanmáli eigi minni en 0,23 úr metra á hvern veg eða að þvermáli
12. jan. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.

4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

Þó má sleppa járnklæðningu, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metrar, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Bygginganefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.

5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu; skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0,23 úr metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.

6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður bygginganefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.

7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.

8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.

9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að bygginganefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, sem nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem bygginganefnd ákveður. Ef bygginganefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun bygginganefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.

10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur bygginganefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.

2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 úr metra sé á milli. 3 12. jan.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0,21 úr metra séu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 úr metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 úr metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0,11 úr metra eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi. veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0,21 úr metra. Ef hún liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0,21 úr metra.

Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.

3 12. jan.

2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur bygginganefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.

3. Ef herbergi eru undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; bygginganefnd getur þá veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Bygginganefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema bygginganefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má bygginganefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum bygginganefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er bygginganefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema bygginganefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá

því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir. 3 12. jan.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólffletur þeirra eigi minni en 0,80 × 0,70 metrar.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

   Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentímetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hér segir:

   a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 úr metra á þykkt, á neðstu hæð fyrir neðan 0,25 úr metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 úr metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 úr metra.

      Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 úr metra. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

      Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

      Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum,

3 12. jan.

t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur bygginganefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), megi vera 0,21 úr metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 úr metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur bygginganefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Bygginganefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt; þó verður bygginganefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 úr metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 úr metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 úr m., og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentímetra. Bygginganefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 úr metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur bygginganefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleik veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 úr metra.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 úr metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentímetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a.-, b.- og d.-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helming-

ur af allri lengd veggjarins. Bygginganefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem bygginganefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur. 3 12. jan.

4. Bygginganefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er bygginganefnd telur þurfa. Bygginganefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og bygginganefnd telur veggjnn fulltraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Bygginganefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef bygginganefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem bygginganefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Bygginganefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur bygginganefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi bygginganefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 úr metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 úr m.; ef um stærri hús er að ræða, getur bygginganefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.

3
12. jan.

a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10 × 10 sentimetrar (4 × 4″), á neðri hæð 10 × 13 sentímetrar (4 × 5″ og hornstafir 13 × 13 sentímetrar (5 × 5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentímetra (1″). Í stærri húsum ákveður bygginganefnd gildleika stafanna.

Bygginganefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema bygginganefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minna en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skuli ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Bygginganefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13 × 13 sentímetrar (5 × 5″), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentímetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentímetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er bygginganefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentímetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi bygginganefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentímetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentímetra (4 × 4″) á neðri hæð, og 8 × 10 sentímetra (3 × 4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri við, ef bygginganefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Bygginganefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur. 3 12. jan.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentímetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").
f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metrar. Þó má vegghæð, mæld upp að skurðlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metrar. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

3 Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar
12. jan. til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur bygginganefnd leyft að þeir séu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir ,að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er bygginganefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaaðferð eða byggingaefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjenda að geta þess, er hann sækir um byggingaleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem bygginganefnd álítur nauðsynlegar.

Bygginganefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingaefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur bygginganefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 úr metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 úr metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafneldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við hússmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingafulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI

Byggingaleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar (sbr. 3. gr.) til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingasamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal rita á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, að árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

      Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

      Sýna skal á húsuppdráttur þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

3 12. jan.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulagi grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingasamþykkt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingafulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingafulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingaleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingaleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.

7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingafulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.

8. Húseigandi skal tilkynna byggingafulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.

9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingaleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð. 3 12. jan.
10. Byggingaleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingaleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingaleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingafulltrúa að húsið fullnægi byggingasamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti") og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingafulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði sam-

3 12. jan. þykktarinnar eða reglur þær, sem bygginganefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi bygginganefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi bygginganefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlazt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfesting ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. október 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til að öðlast gildi 15. janúar þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

4 23. jan.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Miðneshrepp, Keflavíkurhrepp og Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavíkurhrepp og Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu, og nær til allra opinna báta og mótorbilbáta, er þar ganga til fiskjar yfir vetrarvertíðina, og eigi eru stærri en 60 smálestir, en vetrarvertíð fyrir báta þessa telst frá 1. jan. til 20. maí.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 20. maí, að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn fyrrgreindra báta, er ganga til fiskveiða frá **Sandgerði** á umræddu tímabili fara út af Sandgerðishöfn í fiskiróður fyrr en hér segir:

Í janúarmánuði kl. 2 að nóttu.
Í febrúarmánuði kl. 1 að nóttu.
Frá 1. til 15. marz kl. 12 að nóttu.
Frá 16. til 31. marz kl. 11 að kveldi.
Frá 1. til 10. apríl kl. 10 að kveldi.
Frá 11. til 20. apríl kl. 9 að kveldi.
Frá 21. til 30. apríl kl. 8 að kveldi.
Frá 1. til 20. maí kl. 7 að kveldi.

Takmörk Sandgerðishafnar teljast svo, að enginn fari vestur fyrir grænu innsiglingarljósin á höfninni, og ekki norður fyrir hvíta ljósið á Sandgerðisvita. — Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi. 4 23. jan.

3. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 20. maí, að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn fyrrgreindra báta, er ganga til fiskveiða frá **Keflavíkurhöfn** á fyrrgreindu tímabili, sleppa grunnfærum eða landfestum til fiskiróðurs fyrr en 1¼ kl.stund á undan róðrartíma þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. hér að framan, eða þannig:

Í janúarmánuði kl. 12¾ eftir miðnætti.
Í febrúarmánuði kl. 11¾ fyrir miðnætti.
Frá 1. til 15. marz kl. 10¾ fyrir miðnætti.
Frá 16. til 31. marz kl. 9¾ fyrir miðnætti.
Frá 1. til 10. apríl kl. 8¾ að kveldi.
Frá 11. til 20. apríl kl. 7¾ að kveldi.
Frá 21. til 30. apríl kl. 6¾ að kveldi.
Frá 1. til 20. maí kl. 5¾ að kveldi.

Bátar úr Ytri- og Innri-Njarðvík í Keflavíkurhreppi mega fara það fyrr, að komnir séu að svonefndum „Vatnsnessteini“ á þeim tíma, er að ofan greinir um báta frá Keflavíkurhöfn, en þegar sá tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

4. gr.

Bátar af sömu stærð og um getur hér að framan, og til fiskjar ganga frá Vogavík í Vatnsleysustrandarhreppi, mega eigi sleppa grunnfærum eða landfestum til fiskiróðurs á fyrrgreindu tímabili fyrr en ½ — hálfri — klukkustund á undan fiskiróðurstíma þeirra báta, er frá Keflavíkurhöfn ganga til fiskiróðurs eins og fyrr segir, og verður um það gefið ljósmerki þar í landi.

5. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir kjósa 3 menn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fyrirmælum samþykktarinnar sé fullnægt, og getur enginn formaður skorazt undan kosningu, er heima á í Sandgerði, Keflavík eða við Vogavík, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð ljósmerki séu gefin um róðrartíma, og kæra þeir fyrir brot á samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

6. gr.

Samþykkt þessi nær aðeins til línuveiða.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum, sem renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, en sektarfénu má aðeins verja til lendingabóta samkvæmt því, er mælir fyrir um í 7. gr. laga nr. 86, 14. nóv. 1917.

4 23. jan.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

5 24. jan.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 24. janúar 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur.

1. gr.

Vér undirskrifuð systkin, börn Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og konu hans, Jóhönnu Kr. Þorleifsdóttur, höfum lagt í Söfnunarsjóð Íslands 2584 — tvö þúsund fimm hundruð áttatíu og fjórar — krónur 96 aura. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði í ársbyrjun 1927, og skal standa þar um aldur og ævi.

Við höfuðstólinn skal auk gjafa, er sjóðnum kunna að áskotnast, árlega leggja þriðjung ársvaxta, en tveir þriðjungar vaxtanna skulu árlega vera til reiðu fyrir stjórn sjóðsins, til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

2. gr.

Vér systkin höfum ein á höndum stjórn sjóðsins, meðan þrjú eða fleiri af oss lifa.

Þegar þrjú af oss eru látin, kýs Verzlunarráð Íslands einn mann í stjórn sjóðsins. Þegar fjögur eru látin, kýs stjórn Kvennaskóla Reykjavíkur annan mann í stjórnina. Og þegar vér öll erum látin, gengur elzti niður foreldra vorra í stjórnina. Er stjórnin þá fullskipuð og til frambúðar, enda sé hún heimilisföst í Reykjavík.

Nú verður stjórn sjóðsins ekki skipuð á þann hátt, sem hér segir, af því að enginn sjálfkjörinn maður er til í stjórnina, eða af því að önnurhvor kjörstofnunin fellur niður eða báðar, og skipar þá æðsta stjórnarvald skólamálanna

mann í stjórnina í stað þess, er sjálfkjörinn skyldi vera, en hlutast til um að líkt stofnun þeirri, er niður hefir fallið, kjósi mann í hennar stað. 5 24. jan.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórn sjóðsins nema hann sé maður lögráður, ráðdeildarsamur og ráðvandur.

3. gr.

Þeim hluta ársvaxta höfuðstólsins, sem stjórn sjóðsins árlega má ráðstafa, skal verja til að styrkja efnilegan pilt til verzlunarnáms og efnilega stúlku til húsfreyjunáms, sinn nemandann hvort árið.

Skulu afkomendur foreldra vorra að öðru jöfnu ganga fyrir styrk úr sjóðnum.

Styrkurinn er veittur af ráðstöfunarfrjálsum vöxtum undanfarins árs.

Nú sækir nemandi, sem á örðugt uppdráttar, fyrir 10. desember um styrk úr sjóðnum, og lætur umsókninni fylgja meðmæli skólastjóra síns um góðar framfarir, samvizkusemi og táp, og eftir atvikum fjárhagsvottorð kunnugs manns, og verður umsækjanda þá veittur styrkur úr sjóðnum 16. desember, pilti og stúlku á víxl, samkv. 1. mgr. greinar þessarar.

4. gr.

Stjórnin semur árlega reikning sjóðins.

5. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins frá 15. apríl 1927 er úr gildi fallin.

Staðfestingar konungs skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kynnu á henni að verða.

Reykjavík, 24. janúar 1933.

Lárus H. Bjarnason. *Þ. H. Bjarnason.* *B. H. Bjarnason.*
Ingibjörg H. Bjarnason. *Ágúst H. Bjarnason.*

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Hans Ellefsens hval- 6
veiðamanns frá 1896“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmála- 11. febr.
ráðherra, 11. febrúar 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfi Hans Ellefsens hvalveiðamanns, dagsettu 11. marz 1896, og var upprunalega upphæð hans 1500 kr. Sjóðurinn heitir: „Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896“.

6 11. febr.

2. gr.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 2500 kr., þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3. gr.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð sem til er tekin í 2. tölulið skal ávallt leggja $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta vaxtanna skal varið til viðhalds hreppsvegum Flateyjarhrepps þannig, að þeim sé ávallt haldið í góðu standi að öllu leyti með þessum fjárstyrk ásamt því, sem hreppurinn leggur til viðhalds vegunum samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins, og gerir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir fyrsta marz næsta ár á eftir.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávallt ávaxta í skuldabréfum, útgefnum eða tryggðum af landssjóði Íslands, eða íslenzku bæjarfélagi eða í útlendum ríkis- eða sveitarfélagaskuldabréfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minnsta kosti sömu hlunninda sem nú hjá landssjóði að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggum sparisjóði eða banka.

Öll verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins, og bera áritun stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá öskast birt í Stjórnartíðindunum, og ber að útvega konungsstaðfesting á henni, og kemur hún þá í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn staðfestrar 8. ágúst 1908 (Stjtíð. B. 1908, bls. 354—355).

7 2. marz

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Togarafél. Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfdáns Hálfdánarsonar.

3. Miðkaupstaðareign, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar. **7**
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Jóhönnu Ívarsdóttur o. fl. 2. marz
5. Aðalstræti nr. 11, lóðin, eign Marisar Gilsfjörð o. fl.
6. Aðalstræti nr. 15, lóðin, eign þrotabús Marselliusar Bernharðssonar.
7. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Kristjáns H. Jónssonar og Steins Leóssonar.
8. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svonefnt Félagshús.
9. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálsonar.
10. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.
11. Lóðin undir búð Soffíu Jóhannesdóttur, eign Óla Ketilssonar.
12. Eignarlóð h/f. Fiskimjöl á Torfnesi.
13. Lóð Jóns Þorbergssonar o. fl. við Skipagötu.
14. Lóð Ástmars Benediktssonar við Sundstræti.
15. Lóð Guðmundar Björnssonar milli Skipagötu og Sundstrætis.
16. Lóð Jóns S. Edwald og Júlíusar Guðmundssonar, fyrverandi eign Andreu Filippusdóttur við Sundstræti.
17. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
18. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Sundstræti og Skipagötu.
19. Lóð H. Häslers við Waardstún.
20. Lóð Hannesar Halldórsonar, Skipagata 14.
21. Lóð Egils Kr. Jónssonar, Skipagata 12.
22. Lóð Ragnars Guðjónsonar o. fl., Aðalstræti 12.
23. Lóð Óla og Ágústs Péturssonar undir svonefndum Árnahjalli.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SKRÁ

8
6. marz

yfir gjöld fyrir störf þau, sem lögskráningarstjórar inna af höndum samkvæmt lögum nr. 53, 19. maí 1930, um lögskráning sjómanna, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár.

Fyrir lögskráningu	kr. 0,25	á mann
— afskráningu	— 0,25	— —
— viðskiptabók	— 1,00	— —
— sjóferðabók	— 2,00	— —
— skipshafnarskrá (innhefta)	— 1,25	— —
— skipshafnarskrá (óinnh.)	— 0,75	— —

8 6. marz

Fyrir útfyllingu í bækur	kr. 0,40	fyrir bókina
— útfyllingu í skrár	— 0,15	fyrir manninn
— aðstoð lögskráningarstj. við reikningsgerð samkv. 16. og 17. gr. ofangreindra laga	— 5,00	

Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

9 13. marz

AUGLÝSING

um staðfestingu ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, 8. september 1931 um breyting á lögum nr. 18, 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarýslu.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á götu, torgi, bryggju, við samkomuhúsdyr eða annars staðar þar sem almenningur fer um, þá skulu menn haga sér eftir fyrirmælum hreppstjóra (lögregluvaldsins).

3. gr.

Á götum eða annars staðar þar sem almenningur fer um í kauptúninu má ekki fljúgast á, hrópa, kalla, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða, — eða óstjórnlegt háttalag, sem raskar friði og allsherjarreglu eða ónáðar á einhvern hátt, þá sem í nánd búa.

4. gr.

Enginn má ástæðulaust berja á dyr, glugga, eða utan húsvegg, hringja dyrabjöllum, eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Enginn má skjóta úr byssu eða öðrum skotvopnum yfir götu eða á svæði sem almenningur fer um, ekki heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni, eða öðrum sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, snjókúlum, slori, eða öðru er tjóni getur valdið, eða óþægindum, þeim er um fara.

6. gr.

Á fjölförnum götum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum, skíðum, eða sleðum, eða hafa um hönd aðra leiki sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum, eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá nokkuð það, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Á götum eða almannafæri má ekki hengja upp eða setja neitt það, sem tálmað getur umferð manna. Við götur má eigi heldur setja tunnur, kassa, handvagna, eða annað það er hindrað getur umferð, eða valdið óþrifnaði. Ekki má gera skurði í götur eða gangstéttir kauptúnsins nema með samþykki hreppsnefndar.

8. gr.

Þeir sem ríða eða aka um götur kauptúnsins, hvort heldur með hestum eða bifreiðum, skulu gæta allrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, og þar sem götur eru mjóar og umferð og þrengsli mikil.

Ríðandi menn, vagnstjórar og bílstjórar, skulu í tæka tíð gera aðvart þeim sem á undan ganga. Menn sem mætast á götu hvort sem þeir eru ríðandi, gangandi, hjólandi, eða akandi, víki til vinstri handar hvor fyrir öðrum.

9. gr.

Á mjóum götum og bryggjum, þar sem mikið er notað af handvögnum, skulu ökumenn bifreiða og hestvagna, gæta þess, að haga ferðum sínum þannig, að umferð stöðvist eigi né truflist um of. Á sérstökum akvegum fyrir handvagna, skal þeim ætíð skylt að víkja, sem laust farartæki hefir.

10. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin, á tímabilinu frá 1. sept. til 14. maí, og kl. 11 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

9 13. marz

11. gr.

Það er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun á almannafæri svo sem með því að viðhafa ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, ósæmileg orð eða látbragð. Ennfremur að ganga dulklæddur, fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menn er sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannafæri, með hrópi köllum eða sýna af sér óskunda á einhvern hátt, svo sem með höggum eða barsmíði má taka fasta, og skulu þeir sæta sektum samkv. reglugerð þessari, fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

12. gr.

Hreppstjóri (lögregluvaldið) getur krafið sér til aðstoðar, hvern þann fulltíða karlmann, sem nærstaddur er, til að afstýra óspektum, eða annari óreglu á almannafæri, og eru allir skyldir að hlýða því boði, en heimting eiga menn á fullum bótum úr sveitarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að verða fyrir á fatnaði eða limum, en sveitarsjóður á heimtingu á endurgreiðslu frá þeim sem óspektunum valda.

13. gr.

Enginn má á nokkurn hátt skemma eignir kauptúnsins, hvort heldur vegi, vatnsból, rafáhöld, rafþræði, eða byggingar, sem ætlað er til almenningsnota.

14. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla nokkrum eignum kauptúnsins. Það er og bannað að klifra yfir eða fara í gegnum girðingar þær er standa um afgirta garða, reiti eða tún, nema með leyfi eiganda.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum, hvort sem girt er eða ógirt.

15. gr.

Þau hús sem kunna að hafa á hendi veitingasölu, mat, drykk eða gistingu fyrir almenning, skulu háð sérstöku eftirliti hreppstjóra (lögregluvaldsins), og er húsráðanda skylt að sjá um allt fari fram í húsi hans í góðri reglu.

Slíkum húsum skal lokað eigi síðan en kl. 11 að kvöldi.

16. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleika, dansleika, hlutaveltu, myndasýningu, söngskemmtun, fyrirlestra eða aðrar opinberar skemmtanir nema með leyfi hreppstjóra (lögregluvaldsins) og greiði eftir ákvæðum hans í hvert sinn gjald í sveitarsjóð 10 til 50 krónur og ber húseigandi ábyrgð á gjaldinu. Undanskildar gjaldi þessu eru þó skemmtanir sem haldnar eru í góðgerðarskyni. Við hverja slíka skemmtun skal leyfishafi skyldur að hafa einn eftirlitsmann sem hreppstjóri samþykkir, er sjái um að skemmtunin fari sómasamlega fram.

17. gr. 9

Á opinberum samkomum mega áhorfendur eða áheyrendur ekki trufla sam- 13. marz
komuna með hávaða eða öðru ósæmilegu látbragði, svo aðrir geti ekki notið þess sem fram fer.

18. gr.

Kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í kauptúninu.

19. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrst og fremst fyrir Ólafsfjarðarkauptún og fyrir aðra hluta Ólafsfjarðarhrepps að svo miklu leyti sem við á.

20. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000,00 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Samþykkt þessi öðlast gildi 10. apríl 1933.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 13. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING 10

15. marz

um hleðslumerki skipa.

Með því að Ísland hefir gengið að alþjóðasamþykkt, gerðri í London þann 5. júlí 1930, um hleðslumerki skipa, sem gekk í gildi 1. janúar þ. á., kunngerist hér með, að öll íslenzk skip, sem eru í förum milli landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa alþjóða hleðslumerkjaskírteini samkvæmt téðri alþjóðasamþykkt.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestum og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Millilandaferð er talin ferð frá ríki, sem undirritað hefir greinda hleðslumerkjasamþykkt, til hafnar í öðru ríki eða gagnkvæmt.

Gömul skip — þ. e. skip, sem kjölur er lagður að fyrir 1. júlí 1932 —, sem eru með hleðslumerkjum samkvæmt þágildandi ákvæðum, mega halda þeim.

10 Skip þessi verða þó að fullnægja hleðslumerkjasamþykktinni í aðalatriðum.
15. marz Sama er um einstök atriði hennar eftir því sem telja má sanngjarnt og gjörlegt fyrir skipin að fullnægja þeim, með því fyrirkomulagi, áhöldum og útbúnaði, sem í skipunum er til þess að verja dyr og önnur op sjó, sem og um skjólborð og handrið, austurop og aðgang að híbýlum skipshafnar.

Í stað hleðslumerkjaskírteinis, sem áður hefir verið gefið út fyrir skip, skal útvega skipinu alþjóða hleðslumerkjaskírteini.

Alþjóða hleðslumerkjaskírteini fellur úr gildi:

a. ef gerðar eru verulegar breytingar á bol skips eða reisn, sem hafa áhrif á útreikning hleðslumerkis.
b. ef ekki er haldið við fyrirkomulagi og útbúnaði á:
   1. vernd opa fyrir sjógangi,
   2. skjólborðum og handriðum,
   3. austuropum og
   4. aðgangi að híbýlum skipverja,

   þannig, að þetta sé í fullnægjandi lagi, eins og þá er hleðslumerkjaskírteinið var gefið út.

Ráðuneytið hefir fyrst um sinn falið skipaeftirliti danska ríkisins að annast mælingu og merkingu þeirra skipa, sem samkvæmt nefndum samningi eiga að hafa hleðslumerki, svo og útgáfu alþjóða hleðslumerkjaskírteina handa þeim.

Beiðni um alþjóða hleðslumerkjaskírteini skal senda til „Statens Skibstilsyn“ í Kaupmannahöfn. Nú er skipið flokkað í einhverju af flokkunarfélögunum

1. British Corporation Register of Shipping and Aircraft,
2. Bureau Veritas,
3. Germanischer Lloyd,
4. Lloyds Register of Shipping, eða
5. Det norske Veritas,

og má þá senda beiðnina til hlutaðeigandi flokkunarfélags með því að samkomulag er milli dönsku stjórnarinnar og nefndra flokkunarfélaga um þessi mál.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóðinn „Svavars minning“ í Ólafsfirði, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 16. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig: **11** 16. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóðinn Svavars minning í Ólafsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóðurinn Svavars minning“ Ólafsfirði.

2. gr.

Sjóður þessi er til orðinn af söfnun og gjöfum hjónanna Svanhildar Jörundsdóttur og Páls Bergssonar á árunum 1900—1920, og ber nafn sonar þeirra látins, Svavars Pálssonar cand. merc., f. 6. apríl 1898, d. 9. maí 1920.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð 2559 kr. 27 aurar. Tekjur hans eru ⅓ vaxta af innstæðu og gjafir eða samkomuágóði, sem honum kunna síðar til að falla.

4. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Sé hann ætíð ávaxtaður með beztu fáanlegum innlánskjörum í sparisjóði Ólafsfjarðar eða öðrum tryggum sjóði.

5. gr.

Einn þriðji hluti vaxtanna leggst ætíð við sjóðinn. Auk þess leggst hinn hluti vaxtanna við innstæðuna, þau ár sem stjórn sjóðsins sér ekki ástæður til styrksúthlutunar samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Tveim þriðju vaxta sjóðsins má árlega verja til styrktar efnalitlum mönnum búsettum í Ólafsfirði, einum eða fleiri er það ár hafa orðið fyrir sjúkdómskostnaði — sjúkrahúsvist, atvinnumissi við sóttkvíun eða hverskonar öðrum áföllum er af vanheilsu leiðir. Þeir er ekki njóta sveitarstyrks eða annarar opinberrar hjálpar ganga fyrir hinum að rétti til styrksins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Ólafsfjarðarhrepps og hreppsnefndaroddviti. Þriðji maður í stjórn er annarhvor stofnenda meðan þeirra nýtur við, en síðan skal þriðji maður kosinn af almennum hreppsfundi í Ólafsfirði. Á sama hátt má kjósa þriðja mann ef svo stendur á að hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti eru sami maður.

11 16. marz

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók er í skulu bókaðar ákvarðanir hennar um styrkúthlutun og annað er sjóðinn varðar. Þar skulu og bókaðar kvittanir styrkþega. Reikningur sjóðsins skal árlega færður í gerðabókina og auglýstur almenningi á hreppsfundum.

Með framanrituðum skilyrðum afhendum við sjóð þenna til eignar Ólafsfjarðarhreppi, og skal leita kgl. staðfestingar á reglugerð þessari.

p.t. Ólafsfirði 20. janúar 1933.

Páll Bergsson. *Svanhildur Jörundsdóttir.*

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestanhafs", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 16. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

12 16. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestan hafs".

1. gr.

Sjóðurinn heitir „1930 minningarsjóður Austfirðinga vestan hafs", og er stofnaður á 1000 ára afmæli alþingis 1930.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 5740.00 — fimm þúsund sjö hundruð og fjörutíu krónur.

Stofnendur sjóðsins eru Austfirðingar búsettir í Vesturheimi.

2. gr.

Sjóðurinn er af gefendunum afhentur húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar og ótakmarkaðrar eignar og umráða.

Sjóðurinn er afhentur þannig:

Kr. 5640,00 eru afhentar í peningum, og kr. 100,00 eru afhentar í hlutabréfum Eimskipafélags Íslands.

Næstu 100 ár skal ⅓ vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn. Má ekki skerða höfuðstólinn þann tíma.

Að 100 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin meðferð höfuðstóls og vaxta eftir því sem hentast þykir. Sjá þó 3. gr.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt starfa sem styrktarsjóður nemenda við húsmæðraskólann á Hallormsstað. Skal árlega úthluta ⅔ vaxtanna til styrktarstarfsemi í næstu 100 ár. Sjá 2. gr.

Nemendur eldri deildar skulu einir njóta vaxtanna þennan tíma. Ákveður kennarafundur hve margir nemendur skulu njóta styrks á ári hverju og hve háar upphæðir hverjum skuli greiddar. **12** 16. marz

Fyrsta úthlutun fer fram af vöxtum ársins 1931.

4. gr.

Skólaráð húsmæðraskólans á Hallormsstað hefur á hendi yfirumsjón sjóðsins, en að öðru leyti hefur forstöðukona skólans ráðsmennsku hans.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur á þann hátt, sem skólaráðið telur hentugast.

5. gr.

Verði húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður ákveður stjórn skólans um leið og bú hans er gert upp hvernig starfsemi sjóðsins skuli háttað í framtíðinni. En taka skal fyllsta tillit til óska og vilja gefendanna eins og hann kemur fram í afhendingarbréfi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fullgerð á Hallormsstað 4. september 1932.

Forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Sigrún P. Blöndal.

Í skólaráði húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Páll Hermannsson. *Margrét Pétursdóttir.* *Björn Hallsson.*

SAMÞYKKT

13 17. marz

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum fasteignum í hreppnum:

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:

Hafskipabryggju ásamt 3 vörugeymsluhúsum og verzlunar- og skrifstofuhúsi, íbúðarhúsi og ís- og frystihúsi.

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:

íbúðarhúsi h.f. Andra.

13 17. marz

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Magnús Guðmundson.

Páll Pálmason.

14 17. marz

REGLUGERÐ

um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á benzíntunnum.

I. *Ákvæði fyrir smá tæki til framleiðslu á acetylengasi til notkunar í málmiðnaðarfyrirtækjum.*

1. gr.

Vinnustofur þær, sem í eru tæki til gasframleiðslu, skulu hafa góða loftrás og eigi má ætla hverju tæki minna en 60 m^3 loftrúm og 20 m^2 gólfflöt.

Tækin skulu vera minnst 3 m. frá þeim stað þar sem gasið er notað. Ef fleiri en eitt tæki er í stofu, skal minnsta fjarlægð milli tækjanna vera 6 m.

2. gr.

Gæta skal þess vandlega að pípur allar séu þéttar. Þegar þéttleiki pípna er prófaður, skal það gert á þann hátt, að bera á þær sápuvatn, en ekki leita að lekastaðnum með eldi eða loga.

3. gr.

Á tæki hverju skal vera öryggisloki, er standi í sambandi við vatnshol tækisins, þannig að þegar lokinn opnar komi út um hann aðeins vatn en ekki gas.

4. gr.

Á milli vatnshols og gashols hylkisins skal vera pípa með vatnslás eða öðru öryggi, er hindri gasið í að komast í vatnsholið. Á pípu þessari skal einnig vera stífla, sem stilla megi með aðstreymi vatnsins.

Vatnshæð tækisins skal vera hægt að prófa með vatnshæðarlás og skal þess að jafnaði vandlega gætt að hæfilega mikið vatn sé á tækinu.

5. gr.

Þegar vatni eða carbid er bætt á tækið skal þess vandlega gætt, að þrýstingurinn á tækinu sé áður fallinn niður í þrýsting andrúmsloftsins. Gæta skal þess vandlega, að enginn eldur sé í vinnustofunni þegar áfylling er framkvæmd.

6. gr.

Þegar tækið er hreinsað skal það gert við dagsljós undir beru lofti og þess gætt að enginn eldur sé í nánd. Kalkleðjunni, sem tæmd er úr tækinu, skal strax skolað burt með vatni.

7. gr.

Ef tæki þarf viðgerðar við, skal það allt vandlega fyllt með vatni, svo að allt gas eða gasblanda, sem kann að vera í því, fari burt. Hreinsunina ber einnig að framkvæma á þennan hátt, þó til viðgerðarinnar þurfi ekki að nota eld, svo og ef tækið er búið undir flutning.

8. gr.

Þegar tæki er tekið til notkunar eftir áfyllingu, skal öllu lofti, sem í tækinu er og blandast gasinu í byrjun, vandlega hleypt burt undir bert loft, áður en farið er að nota gasið.

Ef tækið frýs, skal það þýtt með eimi eða heitu vatni en aldrei með heitu járni eða loga.

Þegar carbid hefir verið fyllt á tæki tvisvar í röð, skal allt vatn tæmt af því og tækið hreinsað, áður en þriðja áfylling er framkvæmd.

9. gr.

Gasframleiðslutæki skulu að minnsta kosti skoðuð annaðhvort ár. Skulu þá hylki tækjanna ásamt öllum pípum og stíflum vandlega skoðuð, og þeir hlutar tækjanna reyndir, sem skoðunarmanni virðast á einn eða annan hátt athugaverðir. Þó engin veila sjáist á gashylki tækis, skal það þrýstiprófað fjórða hvert ár.

Áður en nýtt tæki er tekið til notkunar, skal það tilkynnt skoðunarmanni verksmiðjueftirlitsins og má ekki taka tækið til notkunar fyr en skoðun hefir farið fram. Að aflokinni skoðun skal eigandi tækisins fá vottorð um, að skoðun hafi farið fram.

Ef eigandi að nýju tæki erlendu leggur fram fullnægjandi skoðunarvottorð frá viðurkenndri prófstöð, má taka tækið til notkunar áður en ný skoðun hefir farið fram.

II. *Ákvæði um búnað og meðferð gashylkja og súrefnishylkja.*

10. gr.

Áður en súrefnishylki eða gashylki, sem notast á í verksmiðju, verkstæði eða vinnustöð, sem lögin um eftirlit með verksmiðjum og vélum ná yfir, eru tekin til notkunar, skulu þau þrýstireynd, með þrýstingi, sem er 1½ sinnum stærri en hleðsluþrýstingurinn, sem aldrei má vera meiri en 200 kg/cm.^{2} við 17,5° C.

Þrýstiraunir skulu framkvæmdar af þekktri prófstöð.

14 11. gr.

17. marz Hafi engir gallar komið í ljós við þrýstiraunina, skal prófstöð gefa út vottorð um niðurstöðu þrýstiraunarinnar og setja merki sitt á stút hylkisins og merkja þar einnig raunþrýsting og dagsetningu þrýstiraunarinnar.

12. gr.

Þegar 5 ár eru liðin frá þrýstiraun, skal hún endurtekin, og skal þá skrifa nýtt vottorð og merkja stút hylkisins samkv. 11. gr. Þó þarf ekki að stimpla raunþrýstinginn, sé hann óbreyttur.

Eftirlitsmenn geta krafizt þrýstiraunar á hylki, ef ástæða er til að halda það ekki svo traust, sem skyldi.

13. gr.

Hylki skulu vera saumalaus og efni þeirra annaðhvort smíðajárn eða stál. Þykkt hylkjanna skal vera svo mikil, að mesti áverki við þrýstiraunina nemi ekki meiru en $\frac{1}{5}$ af brotþoli á veikasta svæði hylkisins. Hylki, sem ekki eru meira en 210 mm. að innanmáli og mest 2 metrar að lengd, þurfa þó ekki að vera svo traust. Þó skal þykkt nýrra hylkja vera það mikil, að veikasta svæði þeirra mæti ekki meiri áverka en 30 kg/cm.^{2} við þrýstiraunina. Efnisstyrkleiki skal reyndur á ræmum sama efnis og hylkið er smíðað úr. Efni sem hefir hærra togmark en 45 kg/cm.^{2}, eða við slitraun á 100 mm. lengd, lengist minna en 12 mm. má ekki nota. Þykkt hylkjanna má ekki vera minni en 3 mm.

14. gr.

Hylki skulu á vel sjáanlegum stað merkt með verksmiðjunúmeri, alþjóðatákni þess efnis, sem í því skal vera og hæsta leyfilegum hleðsluþrýstingi í kg/cm.^{2}

15. gr.

Yfir lokum hylkisins skal vera vönduð hetta, sem er vel fest og ver þá gegn höggum við flutning hylkjanna.

III. *Ákvæði um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft.*

16. gr.

Hylkin skulu smíðuð eftir þeim reglum, sem gilda um smíði eimkatla, þó með eftirfarandi tilslökunum:

Efni skal vera sömu gæða og eimkatla, en sauma er leyfilegt að logsjóða eða rafsjóða, þó aðeins þá sauma, sem mæta beinu togi eða þrýstingi.

17. gr.

Hylki skulu hafa:

a. Merkiplötu, er sýni uppruna hylkisins, smíðastað, smíðaár og hæsta leyfilegan vinnuþrýsting.
b. Öryggisloka, sem er minnst 9 mm. að þvermáli og opnar, þegar hæsta leyfilegum vinnuþrýstingi er náð. Þegar sama þrýstileiðsla liggur til margra

hylkja, má hafa einn öryggisloka fyrir öll hylki, sem eru á þrýstileiðslunni. **14**
c. Góðan þrýstimæli. 17. marz
d. Lás eða loku neðst á hylkinu, til þess að hleypa vatni úr því.
e. Mannsmugu, ef þvermál hylkisins er meira en 750 mm., og sé hún ekki minni en 300 × 400 mm. Sé þvermál hylkisins ekki yfir 1000 mm. skal mannsmugan vera á öðrum hvorum botni hylkisins.

18. gr.

Sérhvert hylki skal áður en það er tekið til notkunar, nýtt eða eftir aðalviðgerð, vera þrýstireynt og skal raunþrýstingurinn vera 1½ sinnum vinnuþrýstingurinn. Hylkið skal standast þrýstiraunina án þes að vera óþétt, eða breyta lögun.

Aðalskoðun hylkja skal framkvæmd fjórða hvert ár og skal hylkið þá þrýstireynt, ef eftirlitsmaður álítur þess þörf. Á hylkið skal merkja vinnuþrýsting og raunþrýsting, svo og dagsetningu þrýstiraunarinnar. Hafi engir gallar komið í ljós við þrýstiraunina, skal eftirlitsmaður gefa út vottorð um niðurstöðu þrýstiraunarinnar. Aukaskoðun skal framkvæmd eigi sjaldnar en annað hvort ár.

19. gr.

Hylki, sem stærri eru að þvermáli en 750 mm., skulu að minnsta kosti annað hvort ár skoðuð utan og innan.

20. gr.

Komi í ljós eyðing, rifur eða aðrar veilur við þrýstiraun eða skoðun, má ekki nota hylkið fyrr en eftirlitsmaður leyfir það, að lokinni viðgerð og raun.

21. gr.

Vatni sem safnast í hylkin, skal að jafnaði hleypt úr þeim um lás þann, sem um getur í 17. gr. Öryggislokum skal halda hreinum, svo að þeir setjist ekki fastir. Varast skal að olía komist í hylkin, en verði ekki hjá því komizt, skulu þau vandlega skoluð í sterku sódavatni að minnsta kosti tvisvar á ári.

22. gr.

Ákvæði 16. gr. og 17. gr. taka ekki til hylkja, sem til eru hér á landi, þegar reglugerð þessi gengur í gildi.

23. gr.

Ræsilofthylki og neyzlulofthylki hreifla eru háð ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þegar þjappað afgas er notað til að ræsa með, skal þess vandlega gætt, að ekki sé dælt afgasi í hylki, sem í er áður óbrennt þjappað loft.

24. gr.

Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru:
a. Hylki, sem vinna með ekki meiri þrýstingi en 2 kg/cm.^{2}
b. Hylki, sem ekki eru að stærð yfir 100 dm.^{3}

14 17. marz

c. Hylki, sem ekki eru stærri og ekki vinna með meiri þrýstingi en það, að framkv. þrýstings í kg/cm.^{2} og rúmtaks mælt í dm^3 fari ekki fram úr 2000.

IV. *Ákvæði um hreinsun og viðgerð á benzíntunnum.*

25. gr.

Olíuverzlanir og aðrir, sem þurfa að láta framkvæma viðgerð eða hreinsun á benzíntunnum, skulu tilkynna eftirlitinu, hverjum þeir fela verk þetta.

26. gr.

Þeir einir hafa leyfi til að framkvæma viðgerðir á benzíntunnum, er tæki hafa til þes að hreinsa þær með, áður en viðgerð byrjar.

27. gr.

Hreinsunin skal framkvæmd með eimi, sem hefir 7 til 8 kg/cm.^{3} þrýsting. Þegar tunna er hreinsuð, skal hún látin liggja þannig, að sponsgatið á belg hennar snúi niður, eimur skal síðan leiddur í tunnuna í gegnum gatið á botni hennar. Eiminum skal blásið með fullum þrýsting í tunnuna í 3 til 4 mínútur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 54, 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

15 18. marz

REGLUGERÐ

um breyting á viðauka við reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 26. febrúar 1932.

1. gr. viðaukans orðist þannig:

Frá 1. marz 1933 til 1. janúar 1934 skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt á öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögugjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt staðfestist hér með til þess að öðlast gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 18. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðjóns Bald- **16**
vinssonar frá Böggvisstöðum", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- 21. marz
málaráðherra 21. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjóns Baldvinssonar frá Böggvisstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Guðjóns Baldvinssonar frá Böggvisstöðum", fæddur 1. júlí 1883, dáinn 10. júní 1911.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, er Kvenfélag Svarfdæla gaf 6. febrúar 1922 til minningar um hinn látna.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla, eða annari tryggri peningastofnun.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans, heldur árstíðaskrá og tekur við minningargjöfum fyrir þá látna menn, er óskað er. Rita skal helztu æfiatriði viðkomenda í árstíðaskrána, ef óskað er.

5. gr.

Þeir, sem óska að nöfn látinna vina og vandamanna séu innfærð í árstíðaskrá sjóðsins, greiði fyrir það gjald, er þeim sýnist, en sjóðurinn gefur út minningarspjöld með nafni hins látna, er innritunarbeiðendur senda nánustu vandamönnum í stað kransa.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né það sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheitum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur, má fyrst verja allt að $^{9}/_{10}$ ársvaxtanna samkvæmt ákvæðum 7. gr. Þó má stjórn sjóðsins, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, verja allt að $^{3}/_{4}$ ársvöxtum, fyrir eitt ár í senn samkvæmt ákvæðum 7. gr.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að líkna fátæku fólki, sem lögheimili á í Svarfaðardalshreppi.

16 21. marz

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð 3 konum, sem kosnar eru til 6 ára í senn, skal kosning þeirra fara fram, þá kosið er í hreppsnefnd; gilda að öðru leyti sömu reglur um kosningu þeirra og til hreppsnefndar. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum og vinnur kauplaust.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hverja hún telur líknar þurfa, og úthlutar styrk í þeirri mynd, sem hún telur viðeigandi. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar framkvæmdir stjórnarinnar, svo sem úthlutun styrks, kosningar, fundargerðir, ársreikningar og annað, sem snertir starfsemi sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins endurskoðaður og samþykktur af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Dalvík, 15. febrúar 1933.

Solveig Pétursdóttir. *Ingibjörg Baldvinsdóttir.* *Guðlaug Baldvinsdóttir.*

17 22. marz

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Íslands", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 22. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Íslands.

1. gr.

Þegar póststjórn Íslands gefur út frímerki með yfirverði til styrktar líknarstarfsemi á Íslandi, skal yfirverð þetta, að frádregnum hlutfallslegum útgáfukostnaði og sölulaunum renna í sjóð, sem nefnist Líknarsjóður Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum hverskonar líknarstarfsemi í landinu, einkum slysavarnir, barnahæli, elliheimili og þess háttar fyrirtæki.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum til 6 ára í senn. Skal einn stjórnendanna tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands, annar af væntanlegu landssambandi

íslenzkra líknarstofnana, og hinn þriðji af samgöngumálaráðuneytinu. Á meðan að landssambandið er ekki stofnað skipar ráðunautur 2 af stjórnendunum. Skipa skal 3 varamenn í stjórn sjóðsins af sömu aðiljum og aðalmenn skipa og til jafnlangs tíma. Tekur varamaður sæti í stjórn sjóðsins í forföllum aðalmanns. 17 22. marz

4. gr.

Stjórn sjóðsins má árlega úthluta úr honum samkv. 2. gr., allt að 80% af tekjum hans. Afgangurinn skal lagður í sjóð og má eigi skerða höfuðstólinn nema 6. hvert ár. Þá má verja allt að helmingi höfuðstólsins til nýrra framkvæmda. Allt fé sjóðsins skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal um hver áramót senda ráðuneytinu skýrslu um starfsemi sjóðsins og reikninga hans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðendum, er ráðuneytið skipar.

6. gr.

Hvert það félag eða stofnun, er styrk hlýtur úr sjóðnum, skal senda stjórn hans skýrslu um starfsemi sína og endurskoðaða reikninga sína.

BYGGINGASAMÞYKKT 18 31. marz

fyrir Hnífsdal.

I. KAFLI.

Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir kauptúnið Hnífsdal, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en

18 mánuður er liðinn frá því er byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5).
31. marz Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingaleyfi og hefir umsjón þess, að byggingasamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar eða byggingarnefndar getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingafulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingaleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingafulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingafulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingafulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingaleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingafulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingafulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

Þar til fullkominn skipulagsuppdráttur verður lagður fram, skal byggingarnefnd, eftir reglum er hún sjálf setur og hreppsnefnd samþykkir, ákveða hvernig byggingu skuli hagað, hvar auð svæði og götur skuli vera, breidd milli húsaraða, hvar staði skuli ætla opinberum byggingum, hvar hús skuli vera sambyggð o. s. frv.

II. KAFLI

Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skuli vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

18
31. marz

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis bygginganefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskot vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur bygginganefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna húsasniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis bygginganefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur bygginganefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Bygginganefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi bygginganefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstétt, nema með leyfi bygginganefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæðin miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður bygginganefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef bygginganefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Bygginganefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $^2/_5$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metrar. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sé í þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsið. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

18 31. marz

Bygginganefnd getur þá ákveðið þakhellu eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.), og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15.00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur bygginganefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafli og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur bygginganefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi bygginganefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef bygginganefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda þró.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef bygginganefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo að ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Bygginganefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum millibyggingum.

18
31. marz

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótinu en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og séu að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikuð að ofan, þegar steypan er orðin þurr. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði, nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.

3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því. **18** 31. marz
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárni, hellum, o. þ. h., sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður bygginganefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metra séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi bygginganefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlegan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
6. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigenda geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er bygginganefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fyrst upp að yztu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grenni vera en 10×10 sentimetrar ($4'' \times 4''$), þegar hafið er allt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

   Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.
2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentimetri (1″), og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt

18 31. marz

efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.

3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

   Þar sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6″) á hæð og 0,13 metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3,15 metra, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

   Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hér er ákveðið.

   Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sé skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
2. Séu hússveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentimetra (1¼″).

   Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

   Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾″), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfellt, skal gólfið vera tvö-

falt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem bygginganefnd tekur gilt. 18 31. marz

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi bygginganefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri séu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum, nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarrar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef bygginganefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Bygginganefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar.
2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur bygginganefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0,75

metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).

5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 úr metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þó stiginn sé breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórra vera en 0,21 metra, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 úr metra.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, sem ráðuneytið telur eldtraust.

   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.

b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni.

   Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré.

c. Að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu, þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra. 18 31. marz

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50 × 0,50 metra; bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema bygginganefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur bygginganefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi bygginganefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0,12 metra á þykkt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

18
31. marz

Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Bygginganefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.

5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu; skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo að innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður bygginganefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.
8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að bygginganefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem bygginganefnd ákveður. Ef bygginganefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun bygginganefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur bygginganefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metra sé á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0,21 metra séu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.

4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metra, skal setja minnst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur bygginganefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætið skal svo um búið, að bygginganefnd telji öruggt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gengnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0,21 metra.

Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur bygginganefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.

18 31. marz

3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingaefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingaefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingaefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingaefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingaefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingaefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingaefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingaefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en 0,80 $\times$ 0,70 metra.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal bygginganefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

   Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.
2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hér segir:
   a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

      Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

      Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

      Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.
   b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn

fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Bygginganefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur bygginganefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Bygginganefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður bygginganefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó að þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Bygginganefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi bygginganefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur bygginganefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 metra.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 merta, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a.-, b.- og d.-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Bygginganefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbending-

ur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem bygginganefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur. 18 31. marz

4. Bygginganefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er bygginganefnd telur þurfa. Bygginganefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og bygginganefnd telur vegginn fulltraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Bygginganefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef bygginganefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem bygginganefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Bygginganefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur bygginganefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi bygginganefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur bygginganefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar ($4 \times 4''$), á neðri hæð

18
31. marz

10 × 13 sentimetrar (4 × 5″) og hornstafir 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en 13 × 13 sentimetra (5 × 5″), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkur, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4 × 4″) á neðri hæð, og 8 × 10 sentimetra (3 × 4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema bygginganefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum“).
f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema bygginganefnd veiti sérstakt leyfi til.
g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrennalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metrar. Þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

18 31. marz

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur bygginganefnd leyft að þeir séu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er bygginganefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn, eða umhverfi þeirra.

Um byggingaaðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaaðferð eða byggingaefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjenda að geta þess, er hann sækir um byggingaleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem bygginganefnd álítur nauðsynlegar.

Bygginganefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingaefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágrannann; þá getur bygginganefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og

er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafneldtraustu. 18 31. marz

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingafulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI

Byggingaleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar (sbr. 3. gr.) til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingnefnd að leyfið sé veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingasamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim

18
31. marz

sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annarra orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulagi grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlazt er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingasamþykkt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingafulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingafulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingaleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingaleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.

7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við höndina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Bygg-

ingafulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.

8. Húseigandi skal tilkynna byggingafulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingaleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingaleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingaleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingaleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sézt ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingafulltrúa að húsið fullnægi byggingasamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingafulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að

18 31. marz

ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI

Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónum, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem bygginganefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi bygginganefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi bygginganefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlazt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. október 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast gildi 15. apríl 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 31. marz 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

19 31. marz

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skúla prófasts Skúlasonar", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Skúla prófasts Skúlasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um eiginmann minn, séra Skúla Skúlason, fyrrum sóknarprest í Odda og prófast í Rangárþingi, af vinum hans með minningargjöfum í sambandi við útför hans 7. marz 1933.

2. gr. 19

Höfuðstóllinn er 1200.00 kr.; geymist hann í Söfnunarsjóði Íslands og á- 31. marz
vaxtast þar samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. En auka má sjóðinn með minningargjöfum sem síðar kynnu að verða afhentar.

4. gr.

Unz höfuðstóllinn er orðinn 2400 kr. skal leggja alla vexti við höfuðstól, en upp frá því má verja helmingi vaxta til styrktar þurfandi sjúklingum í Oddaprestakalli í Rangárþingi. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 5000 kr. má verja $\frac{5}{6}$ vaxta ár hvert í sama tilgangi, en $\frac{1}{6}$ leggst upp frá því við höfuðstól til sjóðsaukningar.

Styrknum skal ár hvert úthlutað á fæðingardegi séra Skúla sál. 26. apríl.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn: sóknarpresturinn í Odda, héraðslæknirinn í Rangárvallahéraði og ein af konum safnaðarins, sem sóknarnefnd Oddasóknar tilnefnir.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal ár hvert birta í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 26. marz 1933.

Sigríður Helgadóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ 20

fyrir menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga. 31. marz

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningar- og framfarasjóður Súgfirðinga".

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna framlagi frá Suðureyrarhreppi.

20
31. marz

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Árlegt tillag frá Suðureyrarhreppi, 100 — eitt hundrað — krónur. Ennfremur gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 — fimmtíu þúsund — krónur, má í fyrsta sinn úthluta fjórum fimmtu hlutum af vöxtum sjóðsins það ár og síðan árlega sama vaxtahluta samkvæmt eftirfarandi ákvörðun, sbr. 8. gr., en einn fimmti hluti ársvaxta skal leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur stjórn og umsjón sjóðsins á hendi og sér um reikningshald hans.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur hans skal fullgerður í janúarmánuði og endurskoðaður af tveimur endurskoðunarmönnum, er kosnir séu á almennum hreppsfundi til eins árs í senn. Skulu þeir kynna sér rækilega hag sjóðsins og hvernig fé hans er tryggt.

7. gr.

Fé sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtað í Sparisjóði Súgfirðinga. Þegar sjóðurinn eykst má stjórnin ávaxta það annarsstaðar eða á annan hátt. Þó skal, ef unnt er, jafnan ávaxta fé hans innan Suðureyrarhrepps, ef það verður gert á jafn tryggan hátt fyrir sjóðinn.

8. gr.

Fé því, sem kemur til úthlutunar samkv. 4. gr., skal varið sem hér segir:

1. Helmingi úthlutunarfjárins skal varið til þess að verðlauna framúrskarandi atorku og framtakssemi, innan hrepps, í verklegum efnum, eða efla og styrkja verklega dáð og nytsemi innan hreppsins.
2. Hinum helmingi úthlutunarfjárins, skal varið til menningarbóta innan hreppsins, svo sem skólahalds fyrir nemendur eldri en 14 ára og námsstyrks við opinbera skóla, svo og til fyrirlestrahalds, lestrarstofu eða annars þess, er telja má hreppsbúum til menningarauka.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á almennum hreppsfundi, ef ¾ hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykkja, enda hafi breytingin verið auglýst í fundarboðinu.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi var samin og samþykkt á fundi hreppsnefndar Suður- **20**
eyrarhrepps hinn 24. nóvember 1930 og samþykkt óbreytt á almennum hrepps- 31. marz
fundi á Suðureyri hinn 3. maí 1931.

Örnólfur Valdimarsson (oddviti). *Kr. A. Kristjánsson* (ritari).

REGLUGERÐ **21**

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur. 3. apríl

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um á þann hest, er vinnur.
b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáist að fullu aftur.

21
3. apríl

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmur úr leik missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. maí næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45, 31. maí 1927 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

22
4. apríl

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 22. nóv. 1929.

3. grein samþykktarinnar orðist þannig:

Nefnd sú, sem kosin er samkvæmt 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er leyfilegt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðunum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara fyrr en merkið hefir verið gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láta sæmilega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér í ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgzt með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu. Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925 og lög nr. 29, 19. maí

1930, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. apríl 1933, og birtist til eftir- **22**
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 4. apríl

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Fræðasjóð Ljósavatnshrepps", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 6. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ **23**

6. apríl

fyrir Fræðasjóð Ljósavatnshrepps.

1. gr.

Sjóður þessi heitir „Fræðasjóður Ljósavatnshrepps". Hann er stofnaður með 2000 — tvö þúsund — króna gjöf frá frú Bjarnrúnu Jónsdóttur og Guðmundi hreppstjóra Árnasyni, búandi hjónum að Múla í Landmannahreppi, á 25 ára hjúskaparafmæli þeirra.

2. gr.

Hreppsnefnd Ljósavatnshrepps sér um geymslu fjárins og ábyrgist trygga og góða ávöxtun þess. Ber hreppsfélagið fulla ábyrgð þess að eigi glatist af sjóðnum höfuðstóll eða vextir.

Við höfuðstólinn leggjast vextir þeir sem eigi eru notaðir samkvæmt því er síðar segir, svo og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast. Höfuðstólinn, með því er við hann bætist, má aldrei skerða.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins má verja annaðhvort ár til þess að styrkja fræðimenn, búsetta í Ljósavatnshreppi, ef hæfir finnast, til þess að safna alþýðlegum fróðleik og verja frá glötun. Að öðru jöfnu situr fátækari maður fyrir ríkari, um styrk úr sjóðnum.

Tryggingar skulu settar fyrir því að það sem safnað er fyrir styrk úr sjóðnum, geymist og verjist frá glötun. Skulu handritin annað hvort prentuð eða geymd að minnsta kosti í tveimur eintökum, öðru í bókasafni alþýðuskólans á Laugum, en hinu í landsskjalasafninu í Reykjavík. Aldrei má flytja handritin út úr lestrarstofum safna þessara, en heimilt skal fræðimönnum að nota þau þar undir umsjá bókavarða.

23 6. apríl

4. gr.

Þegar vextir sjóðsins hafa náð þúsund krónum á ári, og ef eigi finnast styrkhæfir menn innan Ljósavatnshrepps, er heimilt að verja nokkru af vöxtunum til styrktar listamönnum í hreppnum, eða öðrum fræðimönnum en þeim, er þjóðleg fræði stunda.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir þrjú þúsund krónur og ef eigi finnast styrkhæfir menn innan hrepps, er heimilt að verja nokkru af vöxtunum til styrktar fátækum fræðimönnum úr öðrum hreppum í Suður- eða Norður-Þingeyjarsýslu. Þó skulu styrkþegar jafnan búsettir utan kaupstaða og kauptúna. Einnig má þá verja vöxtum sjóðsins til að verðlauna mikilsverð fræðirit samin af mönnum búsettum í sýslunni. — Heimilt er að stækka verðlaunasvæðið síðar, ef ástæða þykir til, þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir tíu þúsund krónur.

5. gr.

Styrk og verðlaunum úr sjóðnum úthluta þrír menn:

1. Prestur sá er hefir á hendi prestþjónustu í Þóroddsstaðarsókn.
2. Hreppstjórinn í Ljósavatnshreppi.
3. Einn maður sem hreppsnefnd Ljósavatnshrepps kýs, til þriggja ára í senn.

Fari svo að Ljósavatnshreppi verði skipt í tvö sveitarfélög og eigi náist samkomulag um úthlutunarnefnd sjóðsins, samkvæmt fyrnefndum reglum, skal heimilt að fjölga nefndarmönnum úr þremur upp í fimm, þannig, að úthlutunarnefndina skipi, auk þjónandi prests Þóroddsstaðarsóknar, hreppsstjórar beggja hreppa og tveir menn, kosnir sinn af hvorri hreppsnefnd.

Úthlutunarnefnd skal halda gjörðabók og rita í hana greinilega ástæður til styrks og verðlauna. Ef ágreiningur verður um úthlutun styrks skal það og bókað ásamt ágreiningsatriðum. Þó ræður meiri hluti úrslitum.

Þegar gerðabækur úthlutunarnefndar eru útskrifaðar, skal senda þær til geymslu í þjóðskjalasafninu í Reykjavík.

6. gr.

Um leið og hreppsfélagið er búið að taka við sjóðnum til umráða skal það taka að sér ábyrgð þess að stjórn sjóðsins og bókhald verði honum að kostnaðarlausu. — Oddviti Ljósavatnshrepps skal færa reikninga sjóðsins inn í gerðabók hreppsins og skulu þeir endurskoðaðir ásamt öðrum reikningum hreppsins. Falli kostnaður á sjóðinn, vegna stjórnar eða bókhalds, eða ef Ljósavatnshreppur hverfur inn í aðra hreppa, verður sjóðurinn eign Þingeyjarsýslu með sömu skilyrðum og hann var áður eign Ljósavatnshrepps. Vilji sýslan eigi taka við sjóðnum, verður hann eign allra landsmanna undir umráðum landstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

24
12. apríl

um viðauka við reglugerð, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

Aftan við 14. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Óheimilt er skipum á Siglufjarðarhöfn að taka vatn annarsstaðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

25
12. apríl

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn þriggja manna nefnd úr flokki sínum.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær séu nothæfar til eldvarna, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

3. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka, til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

Allar byggingar, sem engar íbúðir eru í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins	2‰
— næstu 10,000 kr. virðingarverðsins	1,7‰
— því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs	1,1‰

2. flokkur.

Hús, sem aðeins er 1 íbúð í:

25 Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2,2‰
12. apríl — næstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2‰
— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs ..... 1,5‰

3. flokkur.

Hús, sem 2 íbúðir eru í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2,4‰
— næstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2,1‰
— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs ..... 1,8‰

4. flokkur.

Hús, sem eru í 3 íbúðir eða fleiri:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2,7‰
— næstu 10,000 kr. virðingarverðs ..... 2,4‰
— því, sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðs ..... 2,1‰

4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða:

a. Fyrir vatn í síldar- og kjötpækil 5 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
b. Fyrir vatn til fiskþvottar 15 aura fyrir hvert skippund.
c. Fyrir hvern vatnshana utanhúss kr. 3.00 á ári.
d. Fyrir vatn til annarar notkunar eftir mati, þannig að kr. 2.00 greiðist fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10.000 hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað. Notandi skal hafa löggiltan vatnsmæli og greiðir fyrir hann kr. 12.00 í ársleigu.

Enginn má setja hreifivélar í samband við vatnsæðarnar, án leyfis bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 1,50 fyrir hverja smálest, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella 1,75. Þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 5,00 fyrir fiskiskip og kr. 10,00 fyrir öll önnur skip. Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn, eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

6. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þennan um allt að 20%.

7. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur vatnsskattsins á hvorum gjalddaga fyrir sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki ,og má byrja á að gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni

næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. 25 12. apríl

8. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. — Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. — Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

11. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

12. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

13. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar frá 31. marz 1928.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

26
12. apríl

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyrarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Flateyrarhöfn takmarkast sjávarmegin af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófæruklett innanverðan, og línu frá Flateyrarvita hornrétt á fyrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeininga við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til þriggja ára í senn, og hefir hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Höfnin og legur skipa.

3. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld til að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða

önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraleið. 26 12. apríl

4. gr.

Vélbátum þeim, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

5. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

6. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Hafnarnefnd getur bannað að kastað sé í höfnina fiskiúrgangi hverskonar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

IV. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

7. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram, neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má þó úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki skal halda því svo vel við að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10—200 kr. og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burtu án endurgjalds til eigandans.

8. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt. Þó skal bryggja síldarverksmiðjunnar á Sólbakka vera undanþegin þessu ákvæði um síldveiðitímann ár hvert.

9. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

26 12. apríl

10. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv. fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

V. KAFLI

Um hafnargjöld.

11. gr.

Öll skip, 12 smálesta og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld er þau koma á Flateyrarhöfn og hafa eitthvert samband við land til þess að taka eða skila farþegum, vörum o. ö. þ. h.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip sem leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip er leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðist af nettostærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

12. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þaðan og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 25 aura af smálest hverri, þó ekki minna en 10 krónur á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.
b. Fiskiskip greiði 4 aura af smálest hverri, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
c. Innlend strandferðaskip greiði í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma í Flateyrarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert, þó þau komi oftar á því ári.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiði 4 aura af smálest hverri, í hvert skipti er þau koma í Flateyrarhöfn.

13. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni greiði árlega fyrir það, sem hér segir:

a. Ef þau eru skrásett frá Flateyrarkauptúni og eru að öllu leyti eign manna búsettra við hafnarsvæðið greiði opnir bátar 5 krónur, vélbátar með þilfari 10 krónur, stærri skip 15 krónur með gjalddaga 1. október ár hvert.
b. um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VI. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

15. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefir haldrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ákveðnir gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VII. KAFLI

Ýms ákvæði.

17. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það frá því einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

18. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónur nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns.

26 12. apríl

20. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 15. apríl 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

---

27 18. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ólafs bónda Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1929 af afkomendum Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur búandi hjóna í Eyjarhólum frá 1829—1869 í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá því þau hjón bygðu nýbýlið Eyjarhóla í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1121,48 — ellefu hundruð tuttugu og ein og 48/100 —, sem þegar er lagt fram, og getur það aukizt með tillögum þeirra afkomenda nefndra hjóna, sem síðar kynnu að vilja styrkja hann. Auk þess leggjast við höfuðstól ársvextir samkv. 5. gr.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, né heldur það, sem við það er lagt, hvort heldur það er tillag eða vextir. Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur má verja helming (½) ársvaxtanna annað hvert ár til verðlauna handa einum manni innan Dyrhólahrepps, fyrir dugnað við:

1. Stofnun nýbýla eða fjölgun býla innan hreppsins (þar með talin endurreisn niðurlagðra býla). **27** 18. apríl
2. Jarðrækt og hverskonar framfarir í búnaði.

Við veitingu verðlaunanna skal jafnan taka tillit til efnalegrar aðstöðu manna, — þannig að hinir efnaminni, og þeir, sem erfiðara eiga aðstöðu í þessum efnum, sitji fyrir, að öðru jöfnu. (Búandi konur og ekkjur hafa sama rétt til verðlauna og karlmenn.)

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má verja ½ ársvaxtanna ár hvert til tveggja manna í sama tilgangi. Sá hluti ársvaxtanna, sem eigi er varið til verðlauna, skal jafnan leggjast við höfuðstól. En nái sjóðurinn einhverntíma að verða 50 þús. kr. eða þar yfir má verja vöxtum hans, í sama hlutfalli og áður, til meira en tveggja á ári, en þó aldrei fleiri en 10.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, formanni Búnaðarfélags Dyrhólahrepps, sýslumanni Vestur-Skaftafellssýslu og einum afkomanda Ólafs Högnasonar, sem hreppsnefnd Dyrhólahrepps tilnefnir, og er hann formaður stjórnar sjóðsins. Hætti Búnaðarfélag Dyrhólahrepps að starfa sem sérstakt félag, skal hreppstjóri þess hrepps koma í stað formanns búnaðarfélagsins í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald sjóðsins og sér um úthlutun verðlauna samkv. þessari skipulagsskrá, svo og um að fyrirmælum hennar sé fram fylgt í öllum greinum. Ársreikningar skulu gerðir þegar eftir árslok hver og endurskoðaðir af hreppsnefnd Dyrhólahrepps.

8. gr.

Sjóðurinn er ævarandi eign núverandi Dyrhólahrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, með þeim takmörkunum, sem settar eru með reglugerð þessari.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Eyjólfur Guðmundsson,
Hvoli.

Sveinbjörn Högnason,
Breiðabólsstað.

28 18. apríl **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasamlags- og styrktarsjóð Súðavíkurhrepps", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 18. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasamlags- og styrktarsjóð Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasamlags- og styrktarsjóður Súðavíkurhrepps.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1929 af Jóni V. Hermannssyni, bónda í Súðavík, og Grími, bónda í Súðavík, syni hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500,00 — fimmtán hundruð — krónur.

Skal sjóðurinn ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða annari jafntryggri peningastofnun.

Í næstu 25 árin frá stofnun sjóðsins skulu allir vextir lagðir við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum má verja allt að helmingi vaxtanna samkvæmt tilgangi sjóðsins, en hinn hluti þeirra leggst við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. að veita hjálp ungu og gömlu fólki búsettu í Súðavíkurhreppi, er verður fyrir veikindum, enda njóti það ekki slysabóta eða annarar slíkrar hjálpar úr opinberum sjóðum á sama tíma. Hjálpin skal fólgin í greiðslu upp í kostnað við læknisvitjanir, læknisaðgerðir, lyfjakaup og sjúkrahúsvist, og þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að fé er fyrir hendi.

b. að veita hjálp með dagpeningum, ef þurfa þykir, konu, börnum eða öldruðum foreldrum hinna sjúku, hafi þau verið á framfæri þeirra.

4. gr.

Sjóðurinn sé undir yfirumsjón sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, er fái árlega fyrir aðalfund sinn reikning sjóðsins til endurskoðunar og samþykkis; reikningunum skal fylgja sundurliðuð skrá yfir styrkveitingar úr sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal sóknarpresturinn vera sjálfkjörinn formaður. Hinir tveir skulu kosnir á almennum opinberum hreppsfundi til þriggja ára í senn.

Þegar almenn óstéttbundin sjúkra- og styrktarsjóðsstarfsemi hefst í Súðavíkurhreppi, getur sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ákveðið, að aðalfundur í

félagi því, sem heldur uppi þeirri starfsemi, kjósi tvo menn í stjórn sjóðsins í stað hreppsnefndar. 28 18. apríl

6. gr.

Stjórn sjóðsins ávaxtar fé hans, annast um úthlutun úr honum til styrkþega, hefir reikningshald hans á hendi og önnur almenn störf fyrir hann.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal færa í sérstaka bók.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Súðavík, 18. marz 1933.

Grímur Jónsson.

REGLUGERÐ

29 22. apríl

um beitarafnot og beitargjald í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Beitarsvæðið, sem reglugerð þessi hljóðar um, nær yfir:

1. Grundarhólsland frá syðri merkjum Hóls og Grundarhóls yfir Múrhús að nyrðri merkjum téðra jarða, allt svæðið frá girðingu sandgræðslunnar og býlisins „Skeiði“ til fjalls.
2. Ytribúðaland frá merkjum Traðar og Ytribúða norður á Grjótleiti á Stigahlíð, að merkjum Ytri-Búða og Hóls, allt svæðið frá hinum útmældu og girtu lóðum til fjalls.
3. Fjörubeitarsvæðið í landi Grundarhóls og Ytribúða.

Hreppsnefndinni er, eftir sem áður, heimil útmæling á beitarsvæðinu til ræktunar og bygginga.

2. gr.

Íbúum á verzlunarlóð Bolungarvíkur, svo og íbúum Skeiðis og annara slíkra býla, sem síðar kunna að verða reist í landi hreppsins utan takmarkalínu verzlunarlóðarinnar, er heimil beit á svæðinu fyrir skepnur þær, sem þeir hafa undir höndum. Stórgripum má þó ekki beita á Ytribúðaland, meðan núverandi ábúandi býr á jörðinni, nema samþykki hans komi til.

3. gr.

Fyrir allan pening, sem alinn er yfir veturinn á svæði því, er 2. gr. tilgreinir, skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð Hólshrepps sem hér segir:

a.	Fyrir nautgripi, veturgamla og eldri	kr. 8.00
b.	Fyrir hesta, veturgamla og eldri	— 16.00
c.	Fyrir geitfé	— 0.50
d.	Fyrir sauðfé	— 0.30

29 22. apríl

Gjaldið er skyldugjald, og ber eiganda eða þeim, sem hefir utansveitarfénað til fóðrunar, að standa skil á því. Tala penings við skoðun síðla vetrar, samkvæmt forðagæzlubók hreppsins, skal lögð til grundvallar.

Sá, sem sannar fyrir innheimtumanni að hann hafi algerlega haft sumarbeit fyrir pening sinn eða hluta af honum, utan beitarsvæðisins, getur krafizt endurgreiðslu á beitargjaldinu fyrir þann pening, að öllu leyti fyrir nautgripi, og að hálfu leyti fyrir hesta, geitfé og sauðfé.

4. gr.

Ef eigendur búpenings utan þess svæðis, sem 2. gr. tiltekur, óska að nota fjörubeitina, þá er það heimilt gegn 2 kr. árgjaldi fyrir hvern hest og 15 aura gjaldi fyrir sauðkind, án tillits til þess hvort beitin er mikið notuð eða lítið.

Við útreikning gjaldsins samkvæmt grein þessari skal einnig farið eftir skoðunarskýrslum síðla vetrar samkvæmt forðagæzlubókinni, nema viðkomandi sanni innheimtumanni að nokkur hluti fénaðar hans hafi alls ekkert notað beitina á árinu.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 4. gr. miðast við árið frá 1. október til 30. september næstan á eftir. Gjalddagi er sá sami og fyrri gjalddagi sveitarútsvaranna, og annast hreppsnefnd innheimtuna gegn 5% innheimtulaunum, í fyrsta sinn árið 1933. Gjöldin hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Öllum geitfjáreigendum í Hólshreppi er skylt að sjá um að geitfénaður þeirra gangi jafnan með klafa um háls, þegar hann er ekki á afréttum, tímabilið frá miðjum apríl til októberloka ár hvert, og séu klafarnir gerðir eftir fyrirmynd, er hreppsnefndin lætur búa til og hefir til sýnis.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 krónum. Sektir renna í sveitarsjóð Hólshrepps.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

3.	Tap á rekstri útibús	—	3278.01
4.	Til varasjóðs	—	42603.52
5.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	76986.64
		Kr.	315395.73

55 Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Víxlar	kr.	343059.50
2.	Ýmsir viðskiptamenn	—	56.00
3.	Innanstokksmunir	—	737.00
4.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	20503.75
		Kr.	364356.25

Skuldir:

1.	Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	315868.38
2.	Innstæðufé í sparisjóði	—	24272.29
3.	— gegn viðtökuskírteinum	—	15977.65
4.	— í hlaupareikningi	—	903.58
5.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	7334.35
		Kr.	364356.25

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1932.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr.	8158.44
2.	Forvextir af víxlum	—	26222.67
3.	Ýmislegar tekjur	—	449.11
4.	Tap	—	3278.01
		Kr.	38108.23

Gjöld:

1.	Vextir	kr.	17145.93
2.	Kostnaður	—	13627.95
3.	Flyzt til næsta árs:		
	Fyrir fram greiddir vextir	—	7334.35
		Kr.	38108.23

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1932. **55**

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum			kr. 1469759.55
2. Ógreiddir vextir og varasjóðstekjur:			
a. Fallið í gjalddaga	kr.	61402.73	
b. Ekki fallið í gjalddaga	—	19696.58	
			— 81099.31
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands			— 12684.27
			Kr. 1563543.13

Skuldir:

1. Bankavaxtabréf í umferð	kr. 1500000.00
2. Óinnleystir vaxtamiðar	— 45000.00
3. Eign varasjóðs	— 18543.13
	Kr. 1563543.13

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1932.

Tekjur:

1. Vextir	kr. 90003.95
2. Kostnaðartillag	— 7360.31
	Kr. 97364.26

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 5605.12
2. Vaxtamiðar	— 90000.00
3. Lagt við varasjóð	— 1759.14
	Kr. 97364.26

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1932.

1. Frá fyrra ári			kr. 2529992.88
2. Andvirði seldrar þjóðjarðar	kr.	2800.00	
3. Tekjur af þjóðjörðum 1931	—	18364.87	
4. Hluti af útflutningsgjaldi 1931	—	44615.14	
5. Viðlagðir 3½ % vextir	—	88549.75	
			— 154329.76
			Kr. 2684322.64

55 **Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1932.**

1. Frá fyrra ári			kr.	144806.91
2. Lántökugjald	kr.	1743.95		
3. Vextir	—	7318.68		
4. Tekjuafgangur	—	42120.51		
		kr. 51183.14		
Tap á lánum	÷	— 26096.49		
			—	25086.65
			Kr.	169893.56

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1932.

Eignir:

1. Skuldabrf fyrir lánum:				
4% þjóðjarðasölulán	kr.	376278.91		
4% jarðabótalán	—	221684.90		
4% jarðabótalán prestakalla	—	827.50		
4% jarðakaupalán	—	5862.90		
5½ % ný lán	—	4521072.12		
			kr.	5125726.33
2. Ógreiddir áfallnir vextir			—	224751.57
3. Ógreitt kostnaðartillag			—	18414.24
4. Ýmsir viðskiptamenn			—	5856.13
5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands			—	323120.91
			Kr.	5697869.18

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr.	2684322.64
2. Jarðræktarbréf í umferð	—	2921200.00
3. Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	—	80484.25
4. Ýmsir viðskiptamenn	—	250.00
5. Ógreitt tap á lánum	—	11612.29
	Kr.	5697869.18

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1932. 55

Tekjur:

1.	Vextir	kr.	276955.62
2.	Kostnaðartillag nýrra lána	—	21913.63
3.	Ríkissjóðsstyrkur 6000 kr., að frádregnum 2500 kr. áður bókuðum	—	3500.00
4.	Ýmislegar tekjur	—	1371.56
		Kr.	303740.81

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr.	22413.05
2.	Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	—	150657.50
3.	Lagt við höfuðstól 3½ % vextir	—	88549.75
4.	Lagt við varasjóð	—	42120.51
		Kr.	303740.81

Efnahagsreikningur Byggingar og landnámssjóðs 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Endurhýsingarlán	kr.	1546263.97	
	b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	—	162361.37	
	c. —— á óræktuðu landi	—	66000.00	
				kr. 1774625.34
2.	Skuldir ýmsra viðskiptamanna			— 424.30
				Kr. 1775049.64

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr.	600000.00
2.	— — Búnaðarbanka Íslands	—	556922.65
3.	Eign	—	618126.99
		Kr.	1775049.64

55 **Rekstrarreikningur Byggingar og landnámssjóðs 1932.**

Tekjur:

1.	Lántökugjald	kr.	1430.00
2.	Vextir	—	40642.71
3.	Ríkissjóðsstyrkur	—	200000.00
		Kr.	242072.71

Gjöld:

1.	Kostnaður við teiknistofu að frádregnum ríkissjóðsstyrk	kr.	11964.82
2.	Vextir	—	81200.45
3.	Rekstrarkostnaður	—	22053.00
4.	Kostnaður við iðnsýning	—	535.00
5.	Aukin eign	—	126319.44
		Kr.	242072.71

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr.	1945547.48
2.	Bankavaxtabréf	—	35900.00
3.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	137103.02
		Kr.	2118550.50

Skuldir:

1.	Höfuðstóll	kr.	2118550.50
		Kr.	2118550.50

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1932.

Tekjur:

1.	Innheimtir vextir af lánum	kr.	90473.10
2.	Vextir af verðbréfum og bankainnstæðu	—	7784.40
		Kr.	98257.50

55

Gjöld:

1.	Vextir af skuld við ríkissjóð og bjargráðasjóð	kr.	9678.56
2.	Kostnaður	—	8073.00
3.	Gengismunur á innstæðu erlendis	—	3915.52
4.	Lagt við höfuðstól	—	76590.42
		Kr.	98257.50

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1932.

1.	Frá fyrra ári	kr.	2041960.08
2.	Tekjuafgangur samkvæmt framangreindum reikningi	—	76590.42
		Kr.	2118550.50

Reykjavík, 16. janúar 1933.

Búnaðarbanki Íslands.

Tryggvi Þórhallsson. *Bjarni Ásgeirsson.* *Pétur Magnússon.*

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir 1932 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Pétur Þórðarson. *Valtýr Stefánsson.*

56

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1932.

Tekjur:

1.	Eignir frá fyrra ári:			
	a. 7 bankavaxtabréf @ kr. 500,00	kr.	3500.00	
	b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	376.08	
	c. Hjá gjaldkera	—	1.25	
				kr. 3877.33
2.	Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	162.50	
	Vextir af innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks ..	—	21.48	
				— 183.98
				Kr. 4061.31

Gjöld:

1.	Styrkur veittur 4 sjúklingum			kr. 115.00
2.	Eignir í árslok:			
	a. 7 bankavaxtabréf	kr.	3500.00	
	b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	445.06	
	c. Hjá gjaldkera	—	1.25	
				kr. 3946.31
				Kr. 4061.31

Sauðárkróki, 21. janúar 1933.

Álfheiður Blöndal. *Helga Guðjónsdóttir.* *Sigríður Sigtryggsdóttir.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1933.

Opið bréf um nýjar almennar kosningar til Alþingis, undirskrifuð af konungi 5. júní 1933 (nr. 15).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán erlendis, undirskrifuð af konungi 9. júní 1933 (nr. 16).

Ljósmæðralög, undirskrifuð af konungi 19. júní 1933 (nr. 17).

Lög um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 18).

Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 19).

Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 20).

Lög um samþykktir um mat á heyi til sölu, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 21).

Lög um viðauka við lög nr. 20 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 22).

Lög um afnám laga nr. 21 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 23).

Lög um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 24).

Lög um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 25).

Lög um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1932, um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 26).

Hjúkrunarkvennalög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 27).

Lög um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 28).

Lög um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 29).

Lög um sjúkrahús o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 30).

Lög um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 31).

Lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 32).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 33).

19. dag júnímánaðar 1933. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 (Bifreiðaskattur o. fl.), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 34).

Lög um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 35).

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum nr. 49 23. júní 1932, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 36).

Lög um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 37).

Lög um hafnargerð á Húsavík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 38).

Lög um kjötmat o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 39).

Lög um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 40).

Lög um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 41).

Lög um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 42).

Lög um stjórn vitamála og um vitabyggingar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 43).

Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 44).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 45).

Lög um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og um lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 46).

Lög um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 47).

Lög um leiðsögu skipa, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 48).

Lög um breyting á lögum um manntal í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 49).

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 50).

Lög um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 51).

Lög um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 52).

Lög um lántöku til vega- og brúargerða, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 53).

Fjáraukalög fyrir árið 1931, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 54).

Lög um samþykkt á landsreikningnum 1931, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 55).

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 56).

Lög um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 57).

Lög um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 58).

Lög um breyting á lögum nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 59).

Lög um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 60).

Lög um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 61).

Lög um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 62).

Lög um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 63).

Lög um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 64).

Lög um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 65).

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 66).

Lög um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 67).

Lög um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 68).

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 69).

Lög um útflutning saltaðrar síldar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 70).

Lög um innlánsvöxtu, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 71).

Lög um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 72).

Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 73).

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 74).

Lög um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 75).

Lög um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, undiskrifuð af konungi sama dag (nr. 76).

Fjárlög fyrir árið 1934, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 77).

Lög um Kreppulánasjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 78).

Lög um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 79).

Fjáraukalög fyrir árið 1932, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 80).

Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 81).

Lög um virkjun Sogsins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 82).

Lög um sérákvæði um verðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 83).

Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 84).

Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 85).

Lög um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 86).

Ábúðarlög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 87).

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 88).

Lög um breyting á lögum nr. 32 frá 1930, um menntaskóla á Akureyri, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 89).

Lög um útflutning á kjöti, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 90).

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 91).

Lög um lögreglumenn, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 92).

Víxillög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 93).

Lög um tékka, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 94).

Lög um mjólkurbúastyrk o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 95).

Lög um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 96).

Lög um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 97).

Lög um læknishéraða- og prestakallasjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 98).

Lög um veitingaskatt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 99).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald á síld o. fl.), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 100).

Vegalög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 101).

Lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 102).

Lög um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 103).

REIKNINGUR

57

yfir tekjur og gjöld Sjóðs Þóru Thoroddsens fyrir árið 1932.

Tekjur:

1.	a. Peningar í Landsbanka	kr.	6830.00
	b. Skuldabréf Reykjavíkurbæjar	—	11000.00
2.	Vextir af skuldabréfum f. ½ ár	—	345.73
3.	Vextir í Landsbanka f. 1932	—	173.35
		Kr.	18349.08

Gjöld:

1.	Til frú Cathincu Sigfússon fyrir 1931	kr.	400.00
2.	Til sömu. Styrkur fyrir 1932	—	400.00
3.	Til frú Aðalbjargar Sigurðardóttur f. 1932	—	400.00
4.	Plöntun á leiði Péturs biskups	—	40.00
5.	Sjóðbók	—	2.00
6.	Ávísanahefti	—	1.00
	Í sjóði til n. á.:		
	a. Í Landsbanka	—	6106.08
	b. Skuldabréf Reykjavíkurbæjar	—	11000.00
		Kr.	18349.08

Reykjavík, 31. des. 1932.

Jón Helgason. *Ásmundur Guðmundsson.* *Pálmi Hannesson.*

58

SNORRASJÓÐUR 1930

fyrir árið 1933.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt prentuðum reikningi	kr.	126910.45
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	—	1757.82
	Kr.	128668.27

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Jarðræktarbréf	kr.	126700.00
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 26 í Búnaðarbanka Íslands	—	1968.27
	Kr.	128668.27

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	6765.00	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	142.82	
			kr. 6907.82

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:		
Ólafur Hansson, stúdent, frá Grund í Skorradal	kr.	1000.00
Ásgeir Hjartarson, stúdent, frá Arnarholti	—	900.00
Geir Jónsson, stúdent, frá Akureyri	—	900.00
Allir til sagnfræðináms í háskólanum í Oslo.		
Ármann Halldórsson, stúdent, frá Bíldudal, til heimspekináms í sama háskóla	—	850.00
Barði Guðmundsson, magister, til sagnfræðirannsókna í Noregi	—	800.00
Sigrún Ingólfsdóttir, frá Fjósatungu, til undirbúningsnáms fyrir kennslustörf við húsmæðraskóla hér á landi ..	—	700.00
Lagt við höfuðstól	—	1757.82
	Kr.	6907.82

Reykjavík, 12. jan. 1933.

Búnaðarbanki Íslands.

Tryggvi Þórhallsson. *Þórður Sveinsson.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1933.

Konungleeg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 14. júní 1933 (nr. 104).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 18. júní 1933 (nr. 105).

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, undirskrifuð af forsætisráðherra 29. júní 1933 (nr. 106).

Lög um ullarmat, undirskrifuð af konungi 11. ágúst 1933 (nr. 107).

Lög um refaveiðar og loðdýrarækt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 108).

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kvennmenntunarsjóð Ytrieyjar- **59**
skólans", útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 30. maí
1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kvennmenntunarsjóð Ytrieyjarskólans.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elínu Briem forstöðukonu kvennaskólans á Ytriey, ásamt kennurum og nemendum skólans, árið 1894, og er upphæð hans við árslok 1932 kr. 5327.95.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungar stúlkur til náms við kvennaskólann á Blönduósi eða við þann kvennaskóla, er tekur við af honum.

3. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir skólanefnd að fengnum tillögum forstöðukonu kvennaskólans, og skal auk þarfar nemandans sérstaklega taka tillit til kostgæfni og framfara við námið.

4. gr.

Sjóðurinn er innistandandi í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 227, og ávaxtast hann þar eftirleiðis. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Hálfum ársvöxtum sjóðsins má verja til þess, er segir í 2. gr., en hinn helmingur vaxtanna leggst ávallt við höfuðstólinn.

11. dag ágústmánaðar 1933. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

59 5. gr.
30. maí Sjóðurinn er undir stjórn skólanefndar Kvennaskólans á Blönduósi, og skal reikningur sjóðsins fyrir umliðið reikningsár lagður fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ár hvert til endurskoðunar og samþykktar.

Reykjavík, 18. maí 1933.

Elín Briem Jónsson.

60 **REGLUGERÐ**
13. júní

um merking fiskpakka.

Merkingu fiskpakka, sem ætlaðir eru til útflutnings, skal fyrir komið þannig, að hver verkunarstöð hafi eitt eða fleiri merki, sem er samsett af þrem bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið pakkans eða kassans í línu yfir sendingarmerki, sem er samsett af tölustöfum.

Fyrsti stafur merkisins táknar yfirmatsumdæmi, annar veiðistöð, en þriðji verkunarstöð.

Matsumdæmi yfirfiskimatsmannsins í	Reykjavík	hefir	bókstafinn	F	(Faxi)
—	— á Ísafirði	—	—	O	(Oeste)
—	— – Akureyri	—	—	N	(Norte)
—	— – Seyðisfirði	—	—	E	(Este)
—	— í Vestm.eyj.	—	—	V	(Vestman)

Yfirfiskimatsmaður ákveður bókstaf einn eða fleiri fyrir veiðistöð, eða útflutningshöfn og verkunarstöð, sem einnig getur haft fleiri merki en eitt. Skal hyllst til að láta stærstu stöðvarnar fá stafi, sem hægt er að kveða að.

Ekki má nota stafina Á, Í, Ó, Ö, Æ, Þ, eða W og ekki X nema til að tákna afbrigði, svo sem að fiskur sé veiddur í öðru umdæmi en hann er verkaður. Skal síðan geta afbrigðisins á matsvottorði. X-ið skal sett sem fjórði stafur.

Önnur merki, sem félög eða einstaklingar óska eftir að setja á pakkana, mega ekki vera meira en 30 sm. á hvern veg.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt fundarsamþykkt yfirfiskimatsmanna, sbr. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 46, 8. september 1931, um fiskimat, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

61
14. júní

um raforkuvirki.

I. KAFLI

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Hver virki falla undir reglugerðina

Samkvæmt a-lið 7. greinar þeirra laga setur þessi reglugerð til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta skilyrði um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, svo og annara virkja og hluta úr virkjum, sem sett eru eða sett verða svo nálægt raforkuvirkjum, að hætta getur stafað af, og er því sérhver, er gerist valdur að því að raforkuvirki eða önnur virki brjóti í bága við reglugerðina, sekur gagnvart henni (sbr. 147. gr.).

Virki undanþegin reglugerðinni

Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru raforkuvirki í skipum og í farartækjum svo sem bifreiðum o. þvl. Enn fremur þau raforkuvirki Landssímans og Ríkisútvarpsins, sem eru beinlínis ætluð fyrir starfrækslu þessara stofnana, sbr. þó ákvæði 84.—95. gr. um þveranir.

2. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins

Eftirlitsmanni með raforkuvirkjum, er ráðherra skipar, og þeim, sem eftirlitsmaður veitir umboð til þess, skal jafnan frjálst að skoða og rannsaka öll raforkuvirki og þau önnur virki, er reglugerð þessi tekur yfir, og er eigendum og forstöðumönnum raforkuvirkja skylt að veita þeim til þess þá aðstoð, er þörf krefur og þeir kunna að óska.

Eftirlitsmaður ríkisins með raforkuvirkjum og þeir, sem fara með umboð hans, verða í reglugerð þessari nefndir „rafmagnseftirlitið“ eða „rafmagnseftirlit ríkisins“.

Skýrslur um raforkuvirki

Eigendum og umsjónarmönnum raforkuvirkja er ávallt skylt að láta rafmagnseftirlitinu í té allar upplýsingar, er það kann að óska eftir, um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja þeirra, einnig þær upplýsingar, sem óskað er vegna almennrar skýrslugerðar um raforkuvirki, framleiðslu og notkun raforku.

Tilkynning um slys og tjón af raforkuvirkjum

Eigendum og umsjónarmönnum raforkuvirkja er skylt að tilkynna rafmagnseftirlitinu tafarlaust um hvert það slys eða tjón (s. s. bruna), er kann að verða af völdum raforkuvirkjanna eða raflagna og tækja, sem notuð eru í sambandi við þau, og gera fulla grein fyrir öllum atriðum, sem þeim eru kunnug og geta skýrt orsök og upptök slyssins eða tjónsins.

61 14. júní

3. gr.

a) Raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, þegar reglugerð þessi gengur í gildi og eigi fullnægja ákvæðum hennar, mega standa óbreytt, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í reglugerðinni, enda sé gerð, tilhögun og ástand þeirra þannig, að viðunandi sé um öryggi gegn tjóni og hættu.

Raforkuvirki, sem fyrir hendi eru

Allar breytingar, endurbætur og viðauki við eldri virki skulu þó ávallt gerðar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Umbætur á eldri virkjum

b) Rafmagnseftirlitið getur, er það telur nauðsyn til þess, fyrirskipað umbætur og breytingar á raforkuvirkjum til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, og ber að framkvæma þær tafarlaust að fyrirsögn þess. Það getur bannað notkun virkjanna þar til fullnægjandi umbótum er lokið.

4. gr.

Ný virki bera kostnað af öryggisráðstöfunum

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru, eða vera þess valdandi, að hætta eða tjón geti stafað af þeim virkjum. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum eða í þessari reglugerð (sbr. 131. gr.), en eiganda hinna eldri virkja er skylt að þola, að gerðar séu á þeim þær öryggisráðstafanir, er nauðsynlegar teljast, enda séu þær gerðar honum að kostnaðarlausu og valdi ekki skemmdum á virkjum hans eða spilli notkæfi þeirra.

Þátttaka eldri virkja í kostnaði

Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullnægjandi eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Rafmagnseftirlitið sker úr öllum ágreiningi um það:

1. Hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja eða geti orðið þess valdandi, að hætta eða tjón stafi af þeim virkjum.
2. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra því.
3. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk.
4. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Rafmagnseftirlitið getur stöðvað notkun raforkuvirkja unz öryggisráðstafanir þær, er það áskilur, eru komnar í framkvæmd.

5. gr.

Skilgreining: Almenn raforkuvirki

a) Raforkuvirki greinast í almenn raforkuvirki og sérstæð raforkuvirki.

1. Almenn raforkuvirki eru raforkuvirki, sem eingöngu eru ætluð fyrir rakstraum eða riðstraum með eigi hærri tíðni en 50 rið á sek.

Lágspennu- og háspennuvirki

Sérstæð raforkuvirki

Þau greinast aftur í lágspennuvirki og háspennuvirki, og telst virkið til lágspennuvirkja, ef enginn spennuhafa hluti þess hefir hærri reksturs-spennu til jarðar en 250 volt, en til háspennuvirkja, ef einhver spennuhafa hluti þess hefir hærri reksturs-spennu til jarðar en 250 volt.

2. Sérstæð raforkuvirki eru raforkuvirki, sem einnig eru ætluð fyrir riðstraum með hærri tíðni en 50 rið á sek., svo sem síma- og útvarpsvirki, röntgentæki, ýms lækningatæki og önnur tæki af sérstakri gerð, bæði með lága spennu og háa.

Ráðstafanir gegn spennuhækkun

b) Fullnægjandi ráðstafanir skulu gerðar til öryggis gegn spennuhækkun. Séu slíkar öryggisráðstafanir ekki gerðar og því eigi fullnægjandi öryggi fyrir hendi gegn því, að spenna virkjanna geti orðið hærri en venjuleg reksturs-spenna þeirra, þá skal eigi miðað við reksturs-spennu þeirra heldur við mestu spennu, er þau geta hlotið.

Spenna rafgeymis miðast við afhleðsluspennu hans.

Rafmagnseftirlitið úrskurðar, hvaða öryggisráðstafanir gegn spennuhækkun eru nauðsynlegar eftir ástæðum á hverjum stað.

B. UM TILKYNNINGU RAFORKUVIRKJA

6. gr.

Tilkynningarskylda

Skylt er að tilkynna rafmagnseftirlitinu um öll raforkuvirki, er heyra undir ákvæði þessarar reglugerðar, eftir þeim reglum er segir í 7.—9. gr., og ber eigandi eða umráðamaður virkjanna ábyrgð á, að tilkynnt sé um þau réttilega og í tæka tíð. Um raflagnir, sem falla undir 10. gr., ber þó hlutaðeigandi rafvirkja eða rafvirkjum að tilkynna.

7. gr.

Hvenær tilkynna skuli

a) Þessi almenn raforkuvirki ber að tilkynna áður en setning virkjanna er hafin:

1. Raforkuver, tengi-, spenni- og riðilstöðvar o. þ. h. virki án tillits til málraunar og spennu þeirra.
2. Öll háspennuvirki.

b) Þessi almennu raforkuvirki ber að tilkynna áður en þau eru tekin í notkun:

1. Lágspennu-raforkuveitur, og
2. raflagnir, sem eftirlitsskyldar eru samkv. 10. gr.

c) Skýrslu um önnur almenn raforkuvirki svo sem almennar raflagnir, neyzlutæki o. s. frv. og um öll sérstæð raforkuvirki er skylt að láta rafmagnseftirlitinu í té, er það æskir þess.

d) Raforkuvirki, sem falla undir a- og b-liði þessarar greinar og fyrir hendi eru, þegar reglugerð þessi gengur í gildi, ber að tilkynna innan tveggja mánaða frá þeim tíma. Þau virki, er ráðuneytinu eða eftirlitsmanni þess hefir áður verið tilkynnt um skriflega, þarf þó ekki að tilkynna á ný.

61
14. júní

8. gr.

Tilkynningareyðublöð

Allar tilkynningar skulu, ef rafmagnseftirlitið óskar þess, gerðar á tilætluð eyðublöð, er það afhendir. Það getur sett ákvæði um stærð og lögun þeirra skjala og teikninga, sem því eru send með tilkynningum, og um notkun merkja.

Hvað tilgreina ber

Tilkynna skal nafn og heimili fyrirtækisins og eigenda þess og umráðamanna, straumtegund, málraun (kw, kva) og málspennu virkjanna, stærð rafgeyma í ampst.; orkuveitusvæði, og um raflagnir: hvaðan þær taka straum. Auk þess skulu í té látnar aðrar upplýsingar, ef óskað er.

1. Með tilkynningu um lágspennuvirki skulu fylgja lýsingar og teikningar af veitukerfi og raflögnum, ef óskað er.
2. Með tilkynningu um háspennuvirki skulu fylgja:

af orkuveri, háspennurúmum, spennistöðvum o. þ. k.: a. Yfirlitsteikningar bæði í lóðréttum og láréttum skurði, er sýni greinilega legu og innbyrðis afstöðu véla, spenna og rafgeyma og stærð þeirra. — b. afstöðuteikningar af öllum veitivirkjum versins. — c. tengimynd af öllu verinu, og d. lýsingar á einstökum atriðum, er ekki koma fram á teikningunni.

af raforkuveitu: a. Yfirlitsuppdráttur af allri veitunni á landkorti í ekki minni mælikvarða en 1:100000. — b. afstöðuuppdrættir í hæfilegum mælikvarða, er sýni legu orkutauga, orkuvers, spennistöðva o. s. frv., allar þveranir og afstöðu orkutauga til vega, annara orkutauga og síma, nema fjarlægð þeirra sé meiri en 75 m., ef um lofttaugar er að ræða, en 1 m. sé um jarðstrengi að ræða, og fjölda, gildleika og efni víra í lofttaugum. — c. Teikningar í eigi minni mælikvarða en 1:25 af loftlínustöngum með burðarjárnum, einangrurum og öllum búnaði.

Breytingar meðan á setningu stendur

Verði gerð eða tilhögun virkjanna breytt meðan á setningu virkjanna stendur frá því, er rafmagnseftirlitinu hafði verið tilkynnt, skal í tæka tíð senda því til samþykktar teikningar og lýsingu þeirra breytinga, er fyrirhugaðar eru.

Eigi síðar en 14 dögum áður en taka á virkin í notkun skal sækja til rafmagnseftirlitsins um leyfi til þess.

9. gr.

Leyfi til að hefja setningu virkja

a) Setningu þeirra raforkuvirkja, er tilkynna skal samkv. 7. gr. a., má ekki hefja fyrr en viðurkenning er fengin frá rafmagnseftirlitinu fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt, og ákvörðun hefir verið gerð um eftirlit með uppsetningu virkjanna.

Leyfi til að taka virki í notkun

b) Ekki má taka í notkun virki, sem tilkynna ber samkv. 7. gr. a. og b., fyrr en að fengnu leyfi rafmagseftirlitsins til þess.

Leyfið veitist að jafnaði ekki fyrr en verkinu er lokið til fulls eða að minnsta kosti þeim hluta verksins, er getur haft í för með sér hættu á snertingu spennuhafa virkja, — og skoðun hefir farið fram. Þetta gildir einnig um viðauka og breytingu eldri virkja.

Áður en virkin eru tekin í notkun skulu rafmagnseftirlitinu ennfremur

látnar í té upplýsingar um nafn þess, eða þeirra, er umsjón skulu hafa með starfrækslu virkjanna, um kunnáttu þeirra og hæfni. Þá er skiptir um umsjónarmann, skal rafmagnseftirlitinu tilkynnt um það. 61 14. júní

Um kunnáttu og hæfni umsjónarmanna raforkuvirkja sjá 11. gr.

c) Þótt rafmagnseftirlit ríkisins hafi skoðað raforkuvirki og leyft þau eða viðurkennt, ber það enga ábyrgð á virkjunum, en eigendur þeirra og umráðamenn og hlutaðeigandi rafvirkjar bera fulla ábyrgð á þeim eftir sem áður. **Um ábyrgð á raforkuvirkjum**

C. UM EFTIRLIT MEÐ RAFORKUVIRKJUM

10. gr.

a) Rafmagnseftirlitið hefir eftirlit með þeim raforkuvirkjum, sem eftirlitsskyld eru, enda hafi það ekki falið það öðrum samkv. 12. gr. **Eftirlitsskyld raforkuvirki**

b) Eftirlitsskyld eru þessi almenn raforkuvirki:

1. Öll háspennuvirki.
2. Eftirfarandi lágspennuvirki, nema rafmagnseftirlitið leysi þau undan eftirlitsskyldu:

   Raforkuvirki í húsrúmum, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka.

   Raforkuvirki, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti.

   Raforkuvirki í leikhúsum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum o. fl. þ. k.

Sem dæmi þeirra lágspenntra raforkuvirkja, er rafmagnseftirlitið hefir eftirlit með samkv. þessari grein, má nefna virki í:

baðhúsum, benzíngeymslum, efnagerðum, efnalaugum, fiskverkunar- og söltunarstöðum, fiskgeymslum, garnahreinsunarstöðvum, gasstöðvum, gosdrykkjaverksmiðjum, gærurotunarstöðvum, klæðaverksmiðjum, litunarstofum, leikhúsum, mjólkurbúum, olíugeymslum, peningshúsum, sápugerðum, sláturhúsum, smjörlíkisgerðum, trésmiðjum, málmsmiðjum, tóvinnuhúsum, þvottahúsum, ölgerðarhúsum.

Auk þess getur rafmagnseftirlitið sett undir eftirlit önnur almenn og sérstæð raforkuvirki, er falla undir d-lið 7. gr. laga nr. 83, 23. júní 1932, um raforkuvirki.

11. gr.

Eftirlitið er fólgið í:

a) Eftirliti með gerð, tilhögun og uppsetningu virkja, samþykkt teikninga að þeim og efnis í þau, og prófun þeirra áður en þau eru tekin í notkun, og **Eftirlit með setningu virkja**

b) eftirliti með starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæzlu eftir að þau eru tekin í notkun. **Eftirlit með starfrækslu virkja**

Rafmagnseftirlitið getur, ef það álítur nauðsyn bera til þess vegna öryggis, krafizt þess, að þeir, er gæta raforkuvirkja, fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru um löggildingu við þau virki. Gæzla háspennu- og lágspennuraforkuveitna **Gæzlumenn raforkuvirkja**

61 14. júní

skal þó ávallt vera undir forsjá rafvirkja, er löggiltur er við þær veitur. Undanþágur má veita minni háttar rafveitum.

Rafmagnseftirlitið setur nánari reglur um eftirlitið.

Skylt er að hlíta fyrirsögn rafmagnseftirlitsins tafarlaust og án undandráttar (sbr. 3., 147. og 148. gr.).

12. gr.

Að fela rafveitustjórnum eftirlitið

Eftirlit með virkjum, er getur í 10. gr., getur rafmagnseftirlitið falið hlutaðeigandi rafveitustjórn, sem þá er skylt að hlíta fyrirmælum þess um tilhögun og framkvæmd eftirlitsins.

13. gr.

Fast gjald af raforkuvirkjum

a) Eigendur raforkuvers greiða fast, árlegt gjald til rafmagnseftirlitsins, er miðast við stærð rafala í orkuverki, samkv. 10. gr. laga nr. 83, 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Skoðunargjald

b) Eigendur raforkuvirkja, er eftirlitsskyld eru og sett verða undir eftirlit samkv. 10. gr. þessarar reglugerðar, greiða rafmagnseftirlitinu gjald fyrir skoðun á virkjunum fyrir kostnað þann, er það hefir af eftirliti með þeim (sbr. d-lið 7. gr. sömu laga).

Gjaldskrá

c) Ráðherra setur í gjaldskrá ákvæði um upphæð þeirra gjalda, er greiða ber samkv. a- og b-liðum þessarar greinar og nánari reglur um greiðslu þeirra.

14. gr.

Eftirlit rafveitustjórna með raflögnum og tækjum

a) Skylt er rafveitustjórn og eiganda raforkuveitufyrirtækis að hafa eftirlit með því, að raflagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveituna, brjóti eigi í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Rafmagnseftirlitið getur sett nánari reglur um tilhögun og framkvæmd þess eftirlits. Það hefir gát á því, að hlutaðeigendur framkvæmi eftirlitið svo sem þeim ber.

Til hlutaðeigandi rafveitustjórnar skal sækja um leyfi um einstök atriði í gerð og frágangi raforkuvirkja, sem í reglugerð þessari eru bundin því skilyrði, að leyfi sé fengið, nema sérstaklega sé tekið fram í reglugerðinni, að leyfi rafmagnseftirlitsins skuli koma til. Rafveitustjórn má þó aldrei veita slíkt leyfi, fyrr en hún hefir gengið úr skugga um, að tryggt sé fullnægjandi öryggi gegn tjóni og hættu.

Skaðabótaskylda

b) Skylda rafveitustjórnar og eiganda rafveitufyrirtækis til eftirlits með virkjum, sem ekki eru þeirra eign, leiðir eigi af sér skaðabótaskyldu fyrir skemmdir, er stafa frá þeim virkjum, nema sannanlega sé um vanrækslu á eftirlitinu að ræða.

II. KAFLI

61
14. júní

Reglur um gerð, tilhögun og starfrækslu raforkuvirkja.

A. LÁGSPENNUVIRKI

Skilgreining: Lágspennuvirki eru þau almenn raforkuvirki, er engan hluta hafa með hærri virkri rekstursspennu en 250 voltum til jarðar.

Rakstraumsvirki teljast til lágspennuvirkja, þótt spenna milli tveggja spennuhafa tauga þeirra sé 250—500 volt, og riðstraumsvirki, þótt spenna milli tveggja spennuhafa tauga þeirra sé 250—430 volt, ef þau hafa grunntengda spennumiðju.

I. Raflagnir.

a. Almennar reglur.

1. Almenn ákvæði.

15. gr.

Varnir gegn snertingarhættu

Hvarvetna, þar sem eru spennuhafa hlutar, sem ekki eru klæddir einangrunarhulu (efni), skal gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að komið verði við þá í ógáti.

16. gr.

Einangrun raflagna

a) Allir spennuhafa hlutar raflagnar skulu ávallt hafa fullnægjandi einangrun gagnvart jörðu svo og hver gagnvart öðrum.

Einangrunarmæling

b) Einangrunarmæling skal gerð með 200 volta spennu að minnsta kosti, en aldrei með lægri spennu en rekstursspennunni.

Einangrunarviðnám

Einangrunarviðnám hverrar greinar, kvíslar eða stofns fyrir sig skal vera að óhmatölu að minnsta kosti 1000 sinnum rekstursspennan í voltum (sé rekstursspennan t. d. 220 volt, þá skal einangrunarviðnámið vera að minnsta kosti 220.000 óhm).

Á mjög rökum stöðum svo og utan húss í röku veðri má þó leyfa minni einangrun, en aldrei minna en helming ofangreinds lágmarks.

c) Nýja raflögn má ekki tengja við raforkuveitu og eldri raflögn eða hluta hennar, er breytt hefir verið, aukið, eða gert við, má ekki taka í notkun á ný, nema einangrun hafi verið mæld og reynst fullnægjandi.

2. Greining raflagna.

17. gr.

Greining í stofn, kvíslar og greinar

a) Raflögn (húsveita eða önnur neyzluveita) skal greind þannig, að frá stofni (stofntaugum) hennar liggi kvíslar (kvísltaugar) fram til greinspjalda, en öll straumfara neyzlutæki séu á greinum út frá greinspjaldi, og má ekki taka straum beint til tækja úr stofni eða kvíslum. Ekki má liggja nema ein kvísl að

61 hverju spjaldi. Frá greinspjaldi má leggja kvíslar fram til undirgreinspjalda, ef
14. júní með þarf.

Greinspjöld Bræðivör skulu vera á greinspjaldi fyrir hverri grein (sbr. þó 39. og 55. gr. um núlltaugar). Séu rofar fyrir greinum skulu þeir einnig settir á greinspjald. Í stað greinvara og greinrofa má setja samsvarandi mestastraumsrofa, sbr. 18. gr. og 21. gr. a.

Greinrofar skulu gerðir fyrir 10 amp. að minnsta kosti.

Merking greina b) Ef fleiri en 3 greinar eru á greinspjaldi, skal merkja hverja þeirra svo séð verði, hvaða hluta lagnarinnar þær tilheyra. Greinar, er liggja að rökum stöðum, eða þar sem brunahætta er (sbr. 64.—69. gr.) skulu þó ávallt vera auðkenndar sérstaklega. Fyrir þeim skulu ávalt vera rofar, sem rjúfa alla póla greinarinnar.

c) Greintaugar tveggja greina má hvergi tengja saman.

d) Fyrir hverju straumfara tæki skal vera sérstakur rofi (sbr. þó 41. gr. a.). Þó má vera einn sameiginlegur rofi fyrir lömpum, sem ávallt er kveikt eða slökkt á samtímis.

18. gr.

Ljósagreinar a) Á greinum, sem lampar eru á, mega lampar og önnur tæki eða lampar eingöngu ekki vera fleiri en tuttugu saman á grein. Hver tengill á þeim greinum skal talinn sem einn lampi, en hvert ljósakrónustæði sem fjórir lampar. Þar sem sérstaklega stendur á, t. d. í samkomusölum, eða þar sem kveikt er og slökkt á mörgum lömpum í senn, má hafa fleiri en tuttugu lampa á grein, en þó því aðeins að leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

Lampafjöldi á grein

Vör ljósagreina Vör þeirra greina skulu svara til straumeyðslu greinanna en mega aldrei vera stærri en 10 amp., ef spenna veitunnar er hærri en 130 volt, og ekki stærri en 15 amper, ef spenna veitunnar er 130 volt eða lægri.

Önnur tæki á ljósagrein Ekkert tæki stærra en 1,5 kw. má vera á grein, sem lampar eru á.

Aðrar greinar b) Fyrir öðrum greinum má ekki vera stærra var en 25 amp. ef fleiri en eitt tæki eða tengill er á greininni, og sé stærsta leyfilegt var þeirrar greinar stærra en 10 amp. mega föst tæki og tenglar ekki vera fleiri en fjögur alls saman á greininni, nema um fá tæki sé að ræða, er nota þarf víða og leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

Tækjafjöldi á grein

Tenglastærð Tenglar skulu sýna sömu ástimpluðu ampertölu, sem mesta leyfilegt var greinarinnar (sbr. ákvæði þessarar greinar og 21. gr. a). Á greinum fyrir stærri tengla en 10 amp. má ekki nota minni einstök tæki en 150 watta, og ekki grennri lausataugar en 1,5 mm^2 (sbr. 21. gr. a).

Lampa má ekki nota á öðrum greinum en þeim, er fullnægja ákvæðum a-liðs þessarar greinar.

Greinrofar c) Sé var greinarinnar stærra en 25 amp. skal vera greinrofi á spjaldi. Hann skal vera gerður fyrir sama straum og var greinarinnar að minnsta kosti,

61
14. júní

3. *Gildleiki raftauga.*

19. gr.

Styrkleiki og upphitun tauga

Raftaugar skulu vera nægilega gildar, svo þær þoli mesta áraun, sem búast má við að þær verði fyrir eftir ástæðum á hverjum stað, og þær skulu vera varaðar með bræðivari eða sjálfvirkum rofa, svo straumraun geti ekki valdið skaðlegri upphitun þeirra.

20. gr.

Minnsti vírgildleiki

Minnsti gildleiki eirvírs í taugum skal þó vera sem hér segir:

1. Inntaugar (lampa)	0,75	mm²
2. Lausataugar	0,75	—
3. Fastar taugar í pípum eða blýstreng	1,50	—
4. Fastar taugar á völum eða hjálmvölum sé haf þeirra minna en 0,8 m.	1,50	—
en sé haf þeirra 0,8—1,5 m.	2,50	—
5. Taugar lagðar á tvíklukkueinangrara innan húss eða utan: Sé haf þeirra skemmra en 5 m.	4	—
utan húss, sé haf þeirra 5—30 m.	6	—
ella	10	—

21. gr.

Straumraun og vör tauga

a) Sökum upphitunar má straumraun einangraðra eirtauga ekki vera meiri og var þeirra ekki vera stærra en segir í eftirfarandi töflu:

		Bræðivar.	
Gildleiki vírs í mm²	Mesta straumraun í amp.	Ástimplaður málstr. í amp.	Bræðistraumur í amp.
0,75	9	6[1]	12,6
1	11	6[1]	12,6
1,5	14	10[2]	21
2,5	20	15[3]	26
4	25	20	35
6	31	25	43
10	43	35	56
16	75	60	96
25	100	80	120
35	125	100	150
50	160	125	187
70	200	160	240
95	240	190	285
120	280	225	337
150	325	260	390

1) Fyrir inntaugum lampa og lausataugum mega þó vera stærri vör, allt að 10 amp. (sbr. 18. gr.).
2) Fyrir inntaugum lampa og lausataugum mega þó vera stærri vör, allt að 15 amp. (sbr. 18. gr.).
3) Fyrir lausataugum mega þó vera stærri vör, allt að 20 amp.

61 14. júní

Þessi tafla gildir einnig fyrir berar eirtaugar upp að 50 mm. Berum eirtaugum gildari en 50 mm og vörðum blýstreng í jörðu má ætla meiri straumraun, ef hún veldur eigi skaðlegri upphitun þeirra, að fengnu leyfi rafmagnseftirlitsins í hvert sinn.

Slitrótt straumraun

b) Slitrótt straumraun raftauga má vera meiri og var þeirra stærra en segir í töflunni, ef upphitun verður eigi meiri en af óslitinni straumraun, er taflan leyfir, en þó því aðeins að leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

4. Tegundir raftauga.

22. gr.

Val réttrar tegundar tauga

Til raflagningar skal ávallt velja rétta tegund raftauga, svo gerð og einangrun þeirra séu í fullu samræmi við þá notkun, sem þær eru ætlaðar fyrir.

23. gr.

Efni og viðnám vírs

Eirvír, sem notaður er í raftaugar, skal hafa í mesta lagi 17,5 óhma viðnám á 1 km. og 1mm² gildleika, miðað við 15° C. Hann skal ávallt vera tinaður undir gúmeinangrun.

Ekki má nota önnur efni í stað eirs, nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

24. gr.

Samsetning gúmeinangrunar

a) Í gúmhulu einangraðra raftauga skulu vera að minnsta kosti 33,3% af harðgúmi, en mest 66,7% annara efna til uppfyllingar, þar í talinn brennisteinn. Harðgúmið sjálft skal eigi innihalda meira en 6% harpeiskendra efna. Af lífrænum efnum til uppfyllingar má eigi vera meira en 3% hreinsað jarðvax (Ceresin). Eðlisþyngd allrar blöndunar (gúmhulunnar) skal vera að minnsta kosti 1,5.

Gúmhulan skal hafa ofangreinda samsetningu þegar ávafið er tekið af, enda þótt börkun ávafsins kunni að hafa breytt efnasamsetningunni.

Þykkt gúmeinangrunar

b) Eftir gildleika eirvírs í raftaug skal gúmhula hennar vera að minnsta kosti svo þykk sem segir í eftirfarandi töflu:

Gildleiki vírs í mm²	Þykkt gúmhulu í mm.	Gildleiki vírs í mm²	Þykkt gúmhulu í mm.
0,75	0,8[1]	25	1,4
1	0,8	35	1,4
1,5	0,8	50	1,6
2,5	0,9	70	1,6
4	1,0	95	1,8
6	1,0	120	1,8
10	1,2	150	2,0
16	1,2		

c) Gúmhulan skal vera skrepp og vel sterk og liggja þétt að.

1) Gúmhula inntauga má þó vera 0,6 mm.

25. gr. 61

14. júní

Þessar tegundir einangraðra tauga má nota:

a) Sem fastar taugar:

Tegundir fastra tauga

1. **Gúmaðar taugar** (GT). Um hinn tinaða eirvír skal vera vatnshelt harðgúmslag (gúmhulan); þar utan um skal vera gúmað band og utan á því barkað ávaf úr baðmull, hampi o. þk. Einþættar taugar geta verið 1,5 til 16 mm² að gildleika, en margþættar 1,5—1000 mm².

   Taugin skal þola þá prófun, að 2000 volta riðspenna sé sett milli vírs og vatns í hálfa klst., er taugin hefir legið í vatninu í 24 klst., og sé það eigi heitara en 25° C.
2. **Píputaugar** (PT) eru gúmaðar taugar, klæddar málmpípu, sem fellur þétt að. Þær má þó því aðeins nota, að leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.
3. **Ber blýstrengur** (BB) er ein eða fleiri taugar með þykku lagi einangrunarefnis og vatnsheldri kápu úr blýi, einfaldri eða tvöfaldri. Hann má einungis nota þar sem engin hætta er á efnabreytingum eða áverkum.
4. **Jarðbikaður blýstrengur** (JB) er eins og BB, nema auk þess vafinn jarðbikuðu trefjaefni.
5. **Varinn jarðbikaður blýstrengur** (VJB) er eins og JB en er að auki vafinn járnbandi.

b) Sem lausar taugar (hreyfanlegar, færanlegar taugar):

Tegundir lausra tauga

1. **Venjulegur lausastrengur** (LS) er ætlaður til notkunar í þurrum íbúðarrúmum, þar sem honum er ekki hætt við áverkum. Eirvírinn skal vera margþættur og má vera 0,75 til 6 mm² að gildleika. Utan um hann skal vera vatnshelt harðgúmslag (sbr. 24. gr.). Tvær taugar eða fleiri skulu vera snúnar saman og utan um þær skal vera ávaf úr baðmull, hampi, sliki o. þk., annaðhvort um hverja taug fyrir sig eða sameiginlegt ávaf um þær allar, og skal þá vera fyllt upp með baðmullarþræði o. þk. milli tauganna þannig að lausastrengurinn sé sívalur. Strengur með tveimur taugum má þó vera flatur. Í stað sameiginlegs ávafs má vera gúmkápa, er liggur þétt að og skal gúmið fylla upp á milli tauganna.

   Lausastrengur skal þola sömu prófraun sem gúmaðar taugar (GT).
2. **Lausastrengur með slithlíf** (LSS). Eirvírinn skal vera margþættur og vera að minnsta kosti 1 mm² að gildleika. Utan um hann skal vera harðgúmseinangrun (sbr. 24. gr.) en þar utanum gúmað band. Tvær eða fleiri taugar skulu vera snúnar saman og fyllt upp á milli þeirra þannig að lausastrengurinn verði sívalur, og utan um þær fyrst vafið gúmuðu bandi og síðan haldgóðu börkuðu ávafi úr baðmull, hampi o. þk.

   Hann skal þola sömu prófraun sem venjulegur lausastrengur.
3. **Lausastrengur með sterkri slithlíf** (LSSS) er lausastrengur með tveimur sterkum slitlögum, t. d. gúmi og haldgóðu börkuðu ávafi úr hampi o. þk.
4. **Gúmstrengur** (GS). Taugar gúmstrengsins eru margþættur eirvír með harðgúmseinangrun (sbr. 24. gr.), en utan um þær er þrýst sameiginlegri gúm-

61
14. júní

kápu þannig, að gúmið fellur þétt að taugum á alla vegu, en strengurinn er að utan sívalur. Sé eirvírinn 4 mm² eða gildari skal kápan vera tvöföld, og skal vera ávaf úr baðmull o. þk. um innra lagið. Þykkt gúmkápunnar má hvergi vera minni en segir í eftirfarandi töflu:

Gildleiki vírs í mm²	Þykkt gúmkápu í mm.	Gildleiki vírs í mm²	Þykkt gúmkápu í mm.
1	1,0	6	1,2 + 2,0
1,5	1,2	10	1,4 + 2,2
2,5	1,5	16	1,5 + 2,5
4	1,2 + 2,0		

Gúmstrengur skal þola sömu prófraun sem venjulegur lausastrengur.

Inntaugar og hengiltaugar

c) Sem inntaugar lampa og hengiltaugar:

1. **Inntaugar** (IT) séu margþættar og að minnsta kosti 0,75 mm² að gildleika. Utan um vírinn liggur 0,6 mm. þykk harðgúmseinangrun og um hana ávaf úr baðmull, hampi, silki o. þk.

   Inntaugar skulu þola 1000 volta riðspennu í ½ klst., er þær hafa legið í vatni í eina klukkustund.

2. **Hengiltaugar** (HT) eru sem inntaugar, en tvær taugar skulu vera snúnar saman og sérstakur burðarþáttur saman við þær.

   Þær skulu þola sömu prófraun sem inntaugar.

26. gr.

Berar taugar

Berar taugar skulu vera úr eir, nema sérstök undanþága veitist, Taugar, sem eigi eru varðar gegn öðru en efnabreytingum einum, skulu taldar sem berar taugar.

5. Lagning raftauga.

27. gr.

Berar taugar

a) Berar taugar skulu lagðar þannig, að þeim sé ekki hætt við áverka né efnabreytingu, eða að öðrum kosti vera varðar gegn þeim.

b) Berar taugar, einnig þótt um grunntengdar taugar eða grunntaugar sé að ræða, má aðeins leggja utan húss eða í rúmum, þar sem einungis sérstakt starfsfólk hefir aðgang. Þær skulu lagðar á tvíklukkueinangrara o. þk. úr postulíni eða öðru efni, er ekki einangrar ver en það, og eigi í minni hæð frá jörð, gólfi eða gangvegi en 2,5 m.

28. gr.

Fastar einangraðar taugar

a) Fastar einangraðar taugar skulu lagðar á tvíklukkueinangrurum, hjálmvölum, völum eða klemmum úr postulíni eða öðru efni, sem ekki einangrar ver en það, eða í stálpípu eða blýstreng.

Taugar sömu straumrásar í pípum

b) Þar sem fastar taugar fyrir riðstraum liggja í stálpípum eða vörðum blýstreng, skulu allar taugar sömu straumrásar liggja í sömu pípu eða innan sama járnvars. Undanþágu má þó veita frá þessu ákvæði, ef fyrir greininni eru eigi vör fyrir meiri straum en 25 amp.

c) Taugar, sem liggja á einangrurum, völum eða klemmum, mega hvergi snerta aðrar raftaugar, hús, vatnsrör o. þk. né aðra fasta eða lausa muni, og skulu ávallt vera lagðar þannig að fullnægt sé ákvæðum 29. og 36. gr. um fjarlægð milli tauga innbyrðis og milli þeirra og annara hluta. **61** 14. júní

29. gr.

a) Tvíklukkueinangrarar skulu settir þannig, að ekki geti safnast vatn í þá. **Klukkulagnir**

Liggi taugar á tvíklukkueinangrurum innanhúss má haf þeirra eigi vera lengra en 5 m. og bil milli tauga innbyrðis og milli taugar og veggjar eða annara hluta (nema einangraranna) hvergi minna en 50 mm.

b) Hjálmvölur og völur skulu vera svo stórar og þannig settar, að bil milli tauga sé hvergi minna en 25 mm og milli taugar og veggjar eða annara hluta hvergi minna en 15 mm. (Um taugar á hjálmvölum á rökum stað sjá 64. gr.). **Völulagnir**

Fjarlægð valnanna skal vera í mesta lagi 800 mm, nema sérstaklega standi á, ef lagt er neðan á bitum o. þvl.; þá má vera allt að 1,5 m milli valnanna, enda sé þá fjarlægðin milli tauganna aukin að sama skapi og gildleiki þeirra sé að minnsta kosti 2,5 mm^2.

c) Hjálmvölur skulu settar réttar neðan á loft, bita o. þvl. Þar sem taug liggur niður að rofa má þó setja hjálmvölur á vegg, stoð o. þvl.

d) Klemmulagnir skulu ávalt vera í stokkum, sem lokaðir séu með þéttu loki. **Klemmulagnir**

Klemmurnar skulu festar í tré með 250 mm millibili í mesta lagi, og þær skulu vera svo stórar að bil milli tauga sé hvergi minna en 20 mm og fjarlægð tauga frá botni kassans að minnsta kosti 6 mm.

e) Til að festa einangraðar taugar á tvíklukkueinangrara, hjálmvölur og völur má ekki nota vír.

30. gr.

a) Pípur skulu vera lokaðar stálpípur. Þær geta verið heildregnar eða valsaðar, en einnig kveiktar eða soðnar saman. Þær skulu vera vel sléttar innan og alveg sívalar. Þær skulu vera gljábrenndar eða sínkaðar eða á annan hátt varðar gegn efnabreytingum. **Pípulagnir**

b) Pípur skulu eigi vera þynnri en segir í eftirfarandi töflu og aldrei þynnri en 1,25 mm.: **Þykkt pípna**

Gildleiki (utanmáls) í enskum þuml.	í mm.	Minnsta þykkt í mm.
5/8″	16	1,25
3/4″	19	1,5
1″	25	1,8
1 1/4″	32	1,8
1 1/2″	38	2,0
2″	51	2,3

c) Vídd pípna skal fara eftir gildleika og tölu tauga og má eigi vera minni en 12,5 mm., ef fleiri taugar en ein eru lagðar í pípuna. **Vídd pípna**

d) Inni í steinveggjum og hvarvetna þar sem raka má vænta skulu pípur **Smanskrúfaðar pípur**

61 14. júní

vera vatnsþétt samanskrúfaðar. Vatn má hvergi geta staðið í pípum. Varast skal að loftrás, er getur haft þéttingu vatnsgufu í för með sér, geti orðið í pípum.

Bugður á pípum

e) Liggi pípur ekki utan á veggjum eða loftum eða vel aðgengar, skulu bugður ekki vera fleiri né krappari en svo, að auðvelt sé að draga hverja taug

Margþættar taugar

út eða inn um pípurnar og skulu taugarnar vera margþættar, ef gildleiki þeirra er 4 mm.^{2} eða meir. Þar sem ekki verður hjá því komizt, skulu dósir settar þannig, að taugarnar verði dregnar út eða inn um þær.

Pípuendar

Skarpar brúnir mega engar vera á pípuendum, og þar sem taugar liggja út úr pípuendum skulu vera hlífðarkragar.

Taugar tveggja straumrása

f) Ekki mega taugar tveggja straumrása liggja saman í pípu. Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

Samskeyti tauga

g) Hvergi má skeyta saman eða greina taugar inni í pípum, heldur skulu samskeytin eða greiningin gerð í sérstökum dósum. Samskeyti tauga í dósum skulu vera skrúfuð í postulínsplötu, kveikt eða gerð í traustum einangruðum skrúfklemmum.

Í vatnsþéttri lokaðri pípulögn skulu dósir og samskeyti þeirra og pípnanna vera vel vatnsþétt.

Festing pípna

h) Pípur skulu festar með þar til gerðum spennslum eða kengjum (en eigi með beygðum nöglum o. þk.). Liggi þær um bita eða stoðir þverar, skulu þær lagðar á nægilega stinnar fjalir. Pípubúnaður allur skal vera traustur og haganlegur, og gerð hans skal svara til pípnanna.

Fjarlægð frá vatnspípum o. þh.

i) Pípur ógrunntengdra raflagna mega ekki liggja nær miðstöðvarpípum, vatnsæðum, stálpípum, gaspípum o. þk. en 15 mm., nema tryggilega sé einangrað á milli, bæði gegn hita, raka og rafstraum.

31. gr.

Blýstrengjalagnir

a) Óvarinn blýstrengur skal liggja þannig, að honum sé ekki hætt við áverkum né efnabreytingum. Beran blýstreng má aðeins nota í vel þurrum íbúðarhúsum o. þ. k. Óvarinn blýstreng má ekki leggja í steypu og járnvarinn streng því aðeins, að auðvelt sé að skipta um streng og setja nýjan í staðinn án þess að sá strengur skaddist. Á blýstreng má hvergi koma kröpp beygja.

b) Blýstreng skal festa með þar til gerðum flötum spöngum og fjarlægð spanganna má ekki vera meiri en 300 mm., nema eirvír strengsins sé að minnsta kosti 10 mm.^{2} að gildleika.

c) Samskeyti og greining blýstrengs skulu gerð í sérstökum þar til gerðum dósum og skulu samskeytin vera skrúfuð á einangrandi plötu eða fest á annan jafntryggan hátt.

32. gr.

Lausataugar

a) Lausataugar eru milliliður milli hinna föstu lagna og lausra tækja. Þær má ekki tengja við fastar lagnir nema í tengli. Endar lausataugar skulu þannig tengdir við búnað og tæki, að ekki geti strikkað á tengslum sjálfra raftauganna.

Sé lausataug ekki fast tengd við tæki, skal hún hafa tengilkvísl á öðrum enda og tengilfal á hinum og skulu í hvoru um sig vera sambyggðir allir pólar.

Allir spennuhafa hlutar tengilbúnaðar skulu ávallt vel varðir gegn snertingu, og má eigi tengja tengilkvísl þannig, að spenna sé á henni þegar hún hefir verið dregin út úr tengilfalnum. **61** 14. júní

b) Lausataugar má ekki setja þannig, að þeim sé hætt við áverka og ekki hengja þær á eða vefja þeim um nagla, króka o. þvl.

c) Í lausataug mega engin samskeyti vera utan tengilbúnaðar (sbr. 34. gr. a.).

d) Vírgildleiki lausataugar skal svara til straumeyðslu þess tækis, sem hún er notuð við. Hann má þó aldrei vera minni en 0,75 mm² og á greinum með stærra vari en 10 amp. má ekki nota grennri lausataug en 1,5 mm.²

e) Við lausatæki til suðu og hitunar skal nota lausastrengi með slithlíf (LSS) eða gúmstreng (GS), ef tækið er stærra en 200 watt. Sé tækið stærra en 1,5 kw., skal gildleiki lausataugar vera að minnsta kosti 1,5 mm.² **Lausataugar suðu- og hitunartækja**

f) Varast skal langar eða auknar lausataugar. **Lengd lausatauga**

Lausataug úr venjulegum lausastreng (LS) má ekki vera lengri en 2 m., nema strengurinn hafi sameiginlega gúmkápu um taugarnar í stað ávafs eða undir því (sbr. 25. gr. b.).

Lausastrengir með slithlíf (LSS, LSSS) og gúmstrengir (GS) mega vera lengri, ef með þarf, en ekki má nota lausataugar í stað fastra lagna, þar sem þeim verður við komið.

Lausataugar að eldunartækjum skulu þó aldrei vera lengri en 2 m.

33. gr.

a) Hengiltaugar eru milliliðir milli hinna föstu lagna og hangandi glólampa eða aðtaugar hangandi straumrofa fyrir einstaka lampa. Tenging hengiltauga við hinar föstu lagnir skal gerð í kúpu eða lás. **Hengiltaugar**

Hengiltaug skal ekki vera lengri en 5 m., skal hún lögð upp undir loftið og hvergi fest nema við lampakrókinn og við kúpuna. Til að halda henni uppi milli kúpu og lampakróks skulu settir postulínshringir með 800 mm. millibili í mesta lagi. Þar sem lampinn hangir í tauginni skal vera burðarþáttur í henni svo ekki stríkki á sjálfar raftaugarnar. Einstakir léttir lampar mega þó hanga á hengiltaugum án burðarþáttar, ef svo er um búið, að ekki geti stríkkað á skeytum víranna til endanna.

b) Sem aðtaugar færanlegra lampa við vinnuvélar á verkstæðum o. þvl. stöðum skal nota lausastrengi af sömu gerð sem lausataugar á þeim stöðum (sbr. 35. gr. d.) þótt þær séu tengdar við hina föstu lögn í kúpu eða lás. Svo skal búið um skeyti strengsins á báðum endum, að ekki geti stríkkað á þeim. **Aðtaugar vinnuljósa á verkstæðum**

34. gr.

a) Fastar taugar má ekki skeyta saman utan búnaðarins, nema með kveikingu eða skrúfum í traustum skrúfklemmum eða í sérstökum samskeytadósum. Lausataugar má ekki skeyta saman utan búnaðarins. Þurfi að lengja lausataug má auka hana á þann hátt, að partar hennar séu tengdir saman með þar til gerð- **Samskeyti og greining tauga**

61 14. júní

um lengitengli, fal og kvísl (sbr. þó 32. gr. f-lið); en að öðrum kosti skal settur nýr lausastrengur nægilega langur.

b) Samskeyti og greining einangraðra tauga skulu vera einangruð og varin eins vel og tryggilega og taugarnar sjálfar og aðrir hlutir raflagnarinnar, að svo miklu leyti sem unnt er.

c) Um samskeyti og greining tauga á einangrurum, völum o. þvl. skal þannig búið, að ekki geti stríkkað á sjálfum samskeytunum.

d) Samskeyti og greining blýstrengja skulu ávallt gerð í rakaþéttum hólkum eða dósum. Undanþágu má þó veita um skeytingu gúm-blýstrengja á þurrum stöðum. Þar sem gúmaðar taugar eru tengdar við blýstreng í hólk eða dós, skal vera hlífðarstútur úr postulíni eða ö. þk. einangrandi efni um hverja taug, þar sem taugin liggur inn í dósina.

e) Séu margþættar taugar gildari en 6 mm.^{2} og einþættar taugar gildari en 16 mm.^{2}, skulu þær tengdar á endum með strengskóm eða þvl. Á öllum margþættum taugum skulu þáttaendar hverrar taugar kveiktir saman, sé ekki hólkskeyti eða þvl. notað.

6. Hlífar raftauga.

35. gr.

Varnir gegn snertingu, áverka og efnabreytingum

a) Allar taugar, sem liggja neðar en 2,2 m. frá gólfi eða annarsstaðar, þar sem umgangur er, skulu vel varðar gegn snertingu og skemmdum. Þó má leggja einangraðar taugar niður vegg, stoð o. þvl. að rofa, ef hann er ekki settur lægra en 1,9 m. frá gólfi, án þess að sérstakar hlífar séu settar.

b) Fullnægjandi hlífar gegn áverkum eru að jafnaði stálpípur eða tréstokkar um venjulegar gúmeinangraðar taugar og járnvar eða tréstokkur um blýstreng.

c) Liggi pípur, járnvarinn blýstrengur, greinidósir o. þ. h. á gólfi, þar sem umgangur er, skulu settir trélistar eða þk. með þeim til hlífðar.

d) Allsstaðar þar sem lausataugum er hætt við sliti eða slæmri meðferð, skulu notaðir lausastrengir með slithlíf eða gúmstrengir.

e) Allsstaðar, þar sem taugum er hætt við efnabreytingum, skulu þær sérstaklega varðar gegn þeim.

7. Gegntök um veggi, loft, útveggi o. s. frv.

36. gr.

a) Þar sem raftaugar eru teknar í gegnum veggi, gólf o. s. frv. skulu þær lagðar þannig, að þær séu vel varðar gegn raka, áverkum og efnabreytingum, og að eigi geti á neinn hátt leitt rafstraum frá þeim til veggjar eða annara hluta.

Berar taugar

b) Berar taugar má leggja um göt gegnum vegg, loft eða gólf þannig, að bil milli taugar og veggjar eða annara hluta sé hvergi minna en 50 mm., eða í pípum úr postulíni eða þvl. Lögun pípnanna skal vera þannig, að yfirborð þeirra leiði eigi rafstraum til veggjar.

c) Þar sem einangraðar taugar (gúmaðar taugar, blýstrengur) eru teknar í gegnum vegg, gólf o. s. frv. innanhúss, skulu þær lagðar í sterkar pípur, er standi að minnsta kosti 10 mm. fram úr vegg og lofti, en 100 mm. upp úr gólfi (sbr. ennfremur 35. gr.). **Einangraðar taugar innanhúss**

d) Þar sem einangraðar taugar (gúmaðar taugar) eru teknar í gegnum útvegg, t. d. frá lofttaugum utanhúss („inntak"), skulu þær lagðar í sinkaða stálpípu eða trausta postulínspípu. Ekki má vatn geta komizt inn í pípuna að utanverðu frá, og sé hætt við þéttingu vatnsgufu í henni skal vatn hafa greiða útrás úr henni. **Einangraðar taugar um útvegg (inntak)**

Endi stálpípa eigi í sérstökum vatnsþéttum inntakshólk eða -dós utan á veggnum, skal vera um taugarnar sterkur hlífðarstútur eða lúður úr postulíni, er sé vel og traustlega festur á enda pípunnar.

Liggi pípu- eða blýstrengslögn að inntakinu að innanverðu, skal lögnin enda vatnsþétt eða sjálft inntakið vera vatnsþétt.

Í öllum timburhúsum skal inntakið annaðhvort vera lokað með vatnsþéttri dós að utan, eða vera gert öruggt gegn skammhlaupi og jarðsambandi með því að taugarnar liggi hver út af fyrir sig í postulínspípu eða á annan hátt, sem tryggi einangrun þeirra hverrar frá annari innbyrðis og frá húsi.

Stofnvör húsveitu skulu ávallt sett sem næst inntaki hennar. **Stofnvör**

e) Forðast skal, ef unnt er, að taka taugar í gegnum þak, en sé það gert, skulu þær lagðar í sterka sinkaða stálpípu. Um þakinntak gilda að öðru leyti ákvæði d-liðs. **Inntak um þak**

f) Þar sem blýstrengur er tekinn í gegnum útvegg skal hann vera vel varinn áverkum og efnabreytingum (sbr. 35. gr., b- og c-liði) og enda utanhúss í loft- og rakaþéttri dós. **Blýstrengsgegntak**

g) Um gegntök um veggi á rökum stöðum sjá 66. gr.

8. Spjöld.

37. gr.

a) Spjöld undir vörum, rofum, mælum o. þk. skulu vera gerð úr eldtraustu og einangrandi efni eða úr eik eða annari jafngóðri trétegund (ekki furu eða greni). Sé spjaldið úr tré skulu allir spennuhafa hlutar tækja, búnaðar og tauga vera vel einangraðir frá því. **Rafspjöld**

Varhús og rofar á tréspjaldi mega því ekki hafa bera straumfara teina í gegnum spjaldið.

b) Millibil milli spjalds og veggjar skal vera að minnsta kosti 30 mm., ef engir berir spennuhafa hlutir eru að baki spjaldsins, en annars 100 mm. a. m. k. Þess skal þó ávallt gætt, að nægilega rúmgott sé að baki spjaldsins. Rúmið að baki spjaldsins skal vera byrgt á alla vegu, svo að eigi safnist þar ryk. Sé veggur að baki spjalds og umhverfis það ekki eldtraustur skal hann varinn með eldtraustu efni eða spjaldið sett í þéttan eldvarinn skáp.

c) Taugar að baki spjalds skulu gerðar hæfilega langar og lagðar skipulega,

61 14. júní og eftir því sem unnt er skal varast að taugar þverist og hver taug vera fest svo hún haggist ekki.

Séu endar tauga festir með róm skulu notaðar tvöfaldar ræ̈r eða á annan hátt stutt að þeim svo þær geti ekki losnað.

Skífur skulu vera undir rónum.

d) Stuttar einangraðar taugar milli búnaðar má leggja á framhlið spjalds án sérstakra hlífa (sbr. 35. gr.).

Greinvör á spjaldi skal merkja samkvæmt 17. gr. b.

9. Búnaður raflagna.

38. gr.

Búnaður raflagna almennt

a) Búnaður raflagna skal vera traustur og þannig gerður, að ekki geti stafað frá honum slysa- eða eldhætta af straumleka, neistum, málmbráð eða þh.

b) Allir spennuhafa hlutar búnaðar skulu vera vel varðir gegn snertingu.

c) Búnaður skal vera þannig gerður, að eigi valdi skemmdum á einangrun aðtauga hans, og að viðtenging þeirra brjóti eigi í bága við ákvæði um gerð og lagningu raftauga. Tengiklemmur búnaðar skulu vera traustar skrúfklemmur. Tengiskrúfur skulu vera skrúfaðar í málm.

d) Málstraumur og spenna skulu vera stimpluð á allan búnað greinilegri og haldgóðri ástimplun og má aldrei nota hann við meiri straum né hærri spennu.

e) Búnaður allur skal gerður fyrir 250 volt að minnsta kosti.

f) Við málraun má búnaður ekki hitna skaðlega.

g) Straumfara og spennuhafa hlutar búnaðar skulu settir á postulín eða annað jafngott einangrunarefni.

39. gr.

Vör

a) Vör skulu vera í hverri taug:

Hvar vör skulu sett

1. Fyrir stofni (stofnvör).
2. Fyrir kvíslum húsveitu (kvíslvör), ef taugar kvíslarinnar eru grennri en taugar stofnsins.
3. Á greinspjaldi fyrir hverri grein. Sé veita aðeins ein grein þarf þó ekki sérstök greinvör.
4. Á greinspjaldi fyrir öllum greinum saman (höfuðvör), ef næstu kvísl- eða stofnvör eru 50 amp. eða stærri og höfuðvörin þurfa eigi að vera nema helmingur þeirra að stærð.
5. Annarsstaðar, þar sem þess þarf með, svo fullnægt sé ákvæðum 21. gr.

b) Var má þó ekki vera í grunntengdri taug eða núllspennutaug, nema í tvítauga húsveitum og greinum, og ekki í grunntaug.

40. gr.

Um vör í raftaugum

a) Öll vör skulu vera gerð fyrir 500 volta spennu.

b) Fyrir straum upp að 60 amp. skulu aðeins notuð tappavör. Tappavör skulu vera þannig gerð, að eigi verði í ógáti settur í varið tappi fyrir meiri

straum, en varið er ætlað fyrir, að allir spennuhafa hlutar varsins séu vel varðir gegn snertingu, þá er tappinn hefir verið settur í varhúsið, og að ekki sé hætt við að snert verði í ógáti á spennuhafa hlutum varsins, þá er skift er um tappa í því. **61** 14. júní

c) Vör má ekki setja beint á vegg, heldur skulu þau vera á spjaldi eða í sérstökum varkassa, og að svo miklu leyti sem því verður við komið skulu vör hverrar raflagnar vera saman á einum stað (eitt eða fá greinispjöld), sem greiður aðgangur er að.

d) Aðtaug tappavars skal tengja við botn þess, svo að skrúf þess sé eigi spennuhafa, þegar vartappi er ekki í því.

e) Ekki má gera við vartappa né setja neitt annað í varhúsið í stað vartappa.

f) Um bræðivíra fyrir meiri straum en 60 amp. skulu einnig vera hlífar.

g) Við prófun skulu bræðivör (tappavör) fyrir straum upp að 60 amp. þola minnstu prófraun (sbr. eftirfarandi töflu) að minnsta kosti í eina klst., en vör fyrir 60—200 amp. í tvær klst. Hinsvegar skulu þau hafa rofið mestu straumraun (sbr. töfluna) innan jafnlangs tíma:

Málraun vars í amp.	Minnsta prófraun í amp.	Mesta prófraun í amp.
6—10	1,5 x málraun	2,10 x málraun
15—25	1,4 x —	1,75 x —
35—200	1,3 x —	1,60 x —

h) Í stað bræðivars má einnig nota tilsvarandi mestastraumsrofa (sbr. 17. gr.). **Endurnýjun vars**

i) Þá er var raflagnar rýfur straum, má endurnýja það einu sinni. Rjúfi varið aftur straum þá þegar, má eigi endurnýja það á ný fyrr en galli sá á raflögninni, er orsakaði straumrof varsins, er fundinn og bót ráðin á honum.

Vör þeirra lagna, er að rökum stöðum liggja eða þar sem brunahætta er, má þó aldrei endurnýja, nema gengið hafi verið úr skugga um, að ekki geti hætta stafað af því.

41. gr.

a) Rofar skulu vera: **Rofar**

1. fyrir hverri grein eða höfuðrofi fyrir allar greinar á sama spjaldi, ef ekki eru höfuðvör á spjaldinu (sbr. 39. gr. a.), **Hvar rofar skulu settar**
2. fyrir greinum, ef vör þeirra eru stærri en 25 amp.,
3. fyrir öllum greinum, er liggja um raka staði eða þar sem brunahætta er og utanhúss (sbr. 17. gr. b.),
4. fyrir hverju föstu neyzlutæki, annaðhvort í lögninni eða á tækinu sjálfu,
5. fyrir hverju lausu neyzlutæki stærra en 500 watta, annaðhvort í hinni föstu lögn eða á tækinu sjálfu, og
6. fyrir hverjum tengli stærri en 25 amp.

b) Í grunntengdum taugum og núllspennutaugum má eigi vera rofi, nema hann sé þannig gerður, að hann rjúfi allar spennuhafa taugar viðkomandi greinar eða straumrásar samtímis núllspennutauginni.

61
14. júní

Rofa má eigi hafa í baðherbergi nema hann sé svo fjarri baðkeri, að ekki verði seilst til hans úr því, og hann sé af vatnsþéttri gerð og allur klæddur traustu einangrunarefni að utan svo hvergi verði snert á málmhlutum hans.

Um gerð rofa

c) Rofar skulu gerðir fyrir 6 amp. að minnsta kosti. Innbygðir rofar í neyzlutækjum, er nota upp í 4 amp., mega þó vera fyrir 4 amp. og rofar í lömpum vera fyrir 2 amp.

Rofi tengils skal gerður fyrir sama straum og tengilfalurinn.

Greinrofi má eigi vera gerður fyrir minni straum en mesta leyfilegt var greinarinnar og ekki minna en 10 amp.

Allir aðrir rofar skulu gerðir fyrir mesta rekstursstraum að minnsta kosti.

d) Rofar skulu geta rofið straum, sem er 25% meiri en málraun þeirra, án þess að varanlegur ljósbogi komi fram.

e) Allir rofar skulu vera snöggrofar, þ. e. þeir skulu rjúfa strauminn í einni svipan og jafnsnögglega hvort heldur handfang rofans er hreyft hægt eða hratt.

Þrífasa riðstraumrofar eru þó undanþegnir þessu ákvæði, ef málstraumur þeirra er meiri en 10 amp.

f) Greinrofar, höfuðrofar og rofar fyrir 25 amp. straum eða meiri, skulu vera þannig gerðir, að þeir rjúfi allar taugar samtímis.

g) Handföng og lok rofa skulu vera úr einangrunarefni. Lok og hlífar hnífrofa nægir þó að fóðra með einangrunarefni; í þeim má ekki vera rauf fyrir handfangið.

42. gr.

Tenglar, gerð og notkun

a) Tenglar skulu gerðir fyrir 6 amp. að minnsta kosti. Málstraumur og spenna skulu vera stimpluð bæði á tengilfal og tengilkvísl.

Tenglar hverrar greinar skulu sýna sömu ástimpluðu ampertölu og mesta leyfilegt var greinarinnar. Þó mega vera 6 amp. tenglar á lampagreinum (sbr. 18. gr. a).

b) Fyrir hverjum tengli, sem stærri er en 25 amp. og hverjum tengli í vatnsþéttri lögn skal vera rofi í hinni föstu lögn.

c) Tengilfal skal setja í fasta lögn, en skeyta lausastreng við tengikvísl (sbr. þó 32. gr. a. og 34. gr. a.). Tengilkvísl má aldrei setja þannig, né tengill vera þannig gerður, að spenna geti verið á kvíslinni, þótt hún hafi verið dregin út úr falnum.

d) Við tengilkvísl eða lausan tengilfal má aldrei skeyta nema einn lausastreng.

e) Tenglar skulu vera þannig gerðir:

1. að kvísl komist ekki í fal fyrir meiri straum en hún er gerð fyrir.
2. að í tengilkvísl og í tengilfal séu sambyggðir allir pólar sömu lausataugar, þar með talin grunntaug, ef hún er í lausataug.
3. að unnt sé að tengja lausastrenginn þannig við kvíslina eða falinn, að ekki sé hætt við að stríkki á skeytum sjálfra raftauganna og ganga svo frá endum strengsins, að ávaf hans eða slithlíf trosni ekki.

4. að tindar og stúkur tengilkvísla og tengilfala séu traustlega festar og geti eigi snúizt til í kvíslinni eða falnum. Viðtenging tauga má ekki vera þannig, að taugaendar séu skrúfaðir fastir með sjálfum tindunum eða stúkunum. **61** 14. júní

f) Tenglar með grunntengingarpól skulu þannig gerðir, að grunntengingarpólarnir snertist fyrr en hinir pólar tengilsins, er kvíslinni er stungið inn í falinn, og eigi sé hægt að nota við þá tengilkvíslar án grunnpóls.

Tenglar í baðherbergi o. þh.

g) Tengil má ekki setja í baðherbergi, nema sú grein hafi hættulausa spennu (65 volta rakspennu eða 32 volta riðspennu í mesta lagi). Sé greinin tengd við raflögn með hærri spennu, skal ákvæðum c-liðs 53. gr. vera fullnægt og spennir, riðill o. þk., sem notaður er til að lækka spennuna, skal vera utan baðherbergisins.

Í rúmgóðum búningsherbergjum, sem jafnframt eru notuð sem baðherbergi, má þó leyfa tengla, ef notaðir eru eingöngu tenglar og lausataugar með grunntaug og með öruggu grunnsambandi, sem jafnframt er tengt við baðker, vatnslögn, miðstöðvarlögn og aðra þesskonar málmhluta, sem inni eru í baðherberginu.

43. gr.

Lampahöldur

a) Lampahöldur skulu vera þannig gerðar, að spennuhafa hlutar lampa séu vandlega varðir með postulínskraga eða þesskonar, þannig að ógerningur sé að ná til skrúfs eða hólks lampans, hvort sem lampinn er fullfestur í eða ekki.

b) Sé rofi í lampahöldu skal rofinn gerður fyrir 2 amp. að minnsta kosti og vera snöggrofi. Handfang rofans skal vera úr einangrunarefni og ás rofans vera einangraður frá málmhúsi höldunnar og frá öllum spennuhafa hlutum. Haldan skal vera þannig gerð, að aðtaugar hennar geti aldrei snert hreyfanlega hluti rofans.

44. gr.

Kúpur, bólur, dósir o. fl.

Loft- og veggkúpur, bólur, lásar og höldur, samskeytadósir o. s. frv. skulu fullnægja ákvæðum 38. gr.

45. gr.

Þéttar

Þéttar, sem settir eru við raftaugar, rafala, hreyfla, eða önnur tæki, t. d. til þess að deyfa útvarpstruflanir frá þeim tækjum (sbr. 129. gr.), skulu við prófun þola 1000 volta riðspennu eða 1400 volta rakspennu, bæði á milli póla þéttisins (þéttiblaðanna) og á milli þeirra og þéttishússins.

Rýmd og prófspenna þéttis skulu vera stimplaðar á hann og enn fremur heiti eða merki verksmiðju eða verzlunar.

10. Neyzlutæki.

46. gr.

Neyzlutæki almennt

a) Neyzlutæki öll skulu vera vel traust og þannig gerð, að eigi geti stafað frá þeim slysa eða eldhætta af straumleka, neistum, málmbráð o. þh.

b) Allir spennuhafa hlutar skulu vera vel varðir gegn snertingu og vera vandlega einangraðir frá umgerðum eða búnaði tækja.

61 14. júní

c) Málstraumur (eða -afl) og spenna skulu vera stimpluð á hvert tæki, og skal ástimplunin vera greinileg og haldgóð. Heiti eða merki tækjasmiðju eða verzlunar skal einnig vera á tækinu.

d) Tæki mega ekki hitna skaðlega við málraun (og málspennu).

e) Tengiklemmur neyzlutækja skulu vera sterkar skrúfklemmur. Tengiskrúfur skulu skrúfaðar í málm.

f) Neyzlutæki skulu vera þannig gerð, að eigi valdi skemmdum á einangrun aðtauga þeirra, og að viðtenging aðtauga við tæki brjóti eigi í bága við ákvæði um gerð og lagningu raftauga.

g) Aðtaugar tækja skulu vera þannig tengdar við þau, að ekki geti stríkkað á sjálfum raftaugunum um tengslin.

Föst tæki mega vera hreyfanleg, þar sem þess þarf með, og skulu þá hreyfanlegar aðtaugar þeirra vera festar við hina föstu lögn í kúpu eða dós. Hreyfanlegar aðtaugar þeirra tækja skulu að öðru leyti fullnægja ákvæðum um lausataugar, um gerð, lengd o. a. (sbr. 32. gr.). Þær mega ekki vera auknar.

h) Hafi laust neyzlutæki eigi fasttengda lausataug skulu vera tengiltindar á tækinu en falur á lausatauginni. Um tindana skal vera kragi svo þeir komist ekki í falinn nema allir samtímis. Á stærri tækjum en 750 watta skal þó lausataugin vera fasttengd við tækið.

i) Milliliðir milli lausra tækja og hinna föstu lagna eru lausataugar. Þær má ekki tengja við fastar taugar nema í tengli (sbr. 32. gr., 42. gr.).

j) Þar sem sérstakir rofar og vör eru í hinni föstu lögn fyrir neyzlutækjum, skulu rofar og vör haganlega sett, þannig að greiður aðgangur sé að þeim, og rofinn skal að jafnaði settur svo nærri tækinu sem unnt er.

47. gr.

Lampar

a) Búnaður fastra lampa skal vera einangraður frá húsi.

b) Svo rúmt skal vera um inntaugar lampa, að auðvelt sé að endurnýja þær. Liggi taugar utan á lampabúnaði, skal þeim fest. Á borð- og gólflömpum skulu taugarnar teknar inn um einangrunarhólk, sem skal vera vel festur í búnað lampans.

c) Spennuhafa hlutar lampans skulu vandlega varðir gegn snertingu og skal vera postulínskragi eða hjálmur á lampahöldunni svo ógerningur sé að ná til skrúfs eða hólks lampans, hvort sem lampinn er fullfestur í hölduna eða ekki.

Draglampar

d) Draglampar skulu hanga í burðarþætti, sem snúinn er saman við taugina. Burðarþátturinn skal ekki vera lengri en svo, að lampinn sé að minnsta kosti 1 m. frá gólfi, þegar hann er dreginn alveg niður.

Rofar í lömpum

e) Rofar mega ekki vera á lampahöldu í baðherbergi. Í verkstæðum og vinnustofum, þar sem eru vélar, má því aðeins vera rofi á lampahöldu, að haldan sé öll klædd einangrunarefni að utan og handfang rofans sé úr einangrunarefni.

f) Varast skal að lampar séu í námunda við eldfim efni.

Lampar í baðherbergi

g) Í baðherbergi skulu lampar vera vatnsheldir og með glerhjálmum og þannig settir, ef unnt er, að ekki náist til þeirra úr baðkeri.

48. gr.

a) Handlampar skulu allir vera vel einangraðir utan; skal um sjálfan lampann vera glerhjálmur og vírnet eða grind til hlífðar.

b) Aðtaug lampans skal vera lausastrengur með slithlíf (LSS, LSSS) eða gúmstrengur (GS). Hlífar tauganna skulu liggja heilar inn í handfang lampans, og þannig búið um viðtenging aðtaugarinnar, að ekki geti reynt á tengsl sjálfra raftauganna.

49. gr. Boglampar

a) Sérhver boglampi skal hafa skál eða annað, sem ver glóandi kolaögnum að falla úr lampanum. Vírnet skulu vera um stórar skálar.

b) Umgerð boglampa og búnaður skal vera vel einangraður frá jörðu og lampa. Svo skal vera búið um inntök aðtauganna, að einangrun þeirra geti ekki skaddazt, né raki komizt inn í lampann.

c) Boglampa má ekki hengja í raftaugarnar.

50. gr. Handáhöld

a) Hand-áhöld, svo sem ryksugur, loftræsta, nuddtæki, handbora o. s. frv. má ekki nota við hærri spennu en 250 volt.

b) Hlífar um spennuhafa hluta skulu vera vel traustar og rækilega festar. Handföng skulu vera klædd einangrunarefni að utan og vera svo stór eða þannig gerð, að eigi þurfi að óttast, að höndin renni yfir á málmhluta tækisins.

51. gr. Hreyflar og ræsar

a) Á hreyflum skal standa nafn hreyflasmiðjunnar, smíðistala, málstraumur, málspenna og snúningshraði og ennfremur tala riða á sek. og tala fasa, þegar það á við.

b) Hreyflar og ræsar þeirra skulu settir þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þeir skulu vera þannig settir eða svo um þá búið, að eigi geti stafað eldhætta af þeim.

c) Hreyflar og ræsar þeirra skulu hafa hlífar um alla spennuhafa hluta, svo hvergi verði við þá komið. Yfir tengiklemmum aðtauga og yfir snerturöðum ræsa skulu vera traust lok, sem hægt er að taka af.

d) Í ræsum má eigi geta myndazt ljósbogi við rétta notkun þeirra.

Viðnámsvírar skulu festir á eldtraust efni og svo um þá búið, að þeir geti hvorki snert hvern annan eða aðra málmhluta ræsis.

Ásar ræsa mega ekki vera spennuhafa.

e) Á ræsum skal standa málraun þeirra.

f) Þar sem ekki er hægt að rjúfa allar spennuhafa aðtaugar hreyfils með ræsinum, skal vera sérstakur rofi fyrir honum, er rýfur allar aðtaugar.

Snúðræsar einfasa- og hverfistraumshreyfla mega ekki vera þannig gerðir, að þeir geti rofið straumrás snúðsins.

Á ræsi skulu hvíldar- og vinnustaða hans greinilega auðkenndar.

61
14. júní

52. gr.

Suðu- og hitunartæki o. þh.

a) Áhöld til suðu, hitunar o. þk. skulu þannig úr garði gerð, að brunahætta geti ekki stafað af þeim. Viðnámsvírar skulu vera festir á eldtraust efni.

Þau skulu vera traustlega gerð og eldunartæki þannig gerð, að raki komist ekki að spennuhafa hlutum þeirra.

b) Lausatæki til suðu, hitunar o. þh. skulu ávallt höfð á tilætluðu undirlagi, sem ekki hitar frá sér.

Aðtaugar að lausatækjum, sem stærri eru en 150 watta skulu vera lausastrengir með sameiginlegu ávafi um allar taugar og eigi grennri en 1 mm.^{2} eða með gúmkápu.

c) Minni tæki en 1,5 kw. mega eigi vera gerð fyrir hærri spennu en 250 volt.

Varanleg hárliðun

Áhöld til varanlegrar hárliðunar mega þó eigi vera gerð fyrir hærri spennu en 65 volta rakspennu eða 32 volta riðspennu, nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

53. gr.

Leikföng

a) Rafmagnsleikföng má ekki nota við hærri spennu en 32 volt.

Hringingarspennir

b) Spennar fyrir hringingarlagnir o. þh. mega aldrei hafa hærri eftirspennu en 32 volt. Forvaf og eftirvaf skulu vera vandlega einangruð hvort frá öðru.

Tengiklemmur skulu vera á postulínsplötu eða þk. og spenna þeirra greinilega auðkennd.

Spennirinn skal með skammhleyptu eftirvafi þola málspennu sína í forvafi í 2 klst. og má hann þá ekki vera orðinn heitari að utan en 85° C. Hann skal við prófun þola 1000 volta riðspennu milli forvafs og eftirvafs í eina mínútu.

Hættulaus spenna

c) Þá er lækka skal spennu rafstraums ofan í hættulausa spennu (65 volta rakspennu eða 32 volta riðspennu í mesta lagi) skal það gert á þann hátt, að straumrásin með lægri spennunni sé vandlega einangruð frá hinni og sé hvergi leiðið samband á milli þeirra.

54. gr.

Útvarpstæki o. ö. sérstæð tæki

Útvarpstæki og önnur slík tæki, er teljast til sérstæðra raforkuvirkja, sbr. 5. gr., þótt þau séu tengd við venjulega lágspennuveitu, skulu fullnægja skilyrðum um slík tæki, sbr. 103.—127. gr.

11. Núlltaugar og grunntengdar taugar veitukerfis. Grunntenging.

55. gr.

Rofar í núlltaugum o. þh.

a) Núlltaugar og grunntengdar taugar veitukerfis má ekki vera unnt að rjúfa með öðru móti en að rjúfa allar tilheyrandi spennuhafa taugar samtímis þeim.

Vör í núlltaugum o. þh.

Vör mega því ekki vera í þeim. Í tvítauga húsveitum og greinum húsveitu skulu þó alltaf vera vör í báðum taugum, þótt önnur þeirra sé greind frá núlltaug veitukerfisins (sbr. 39. gr. og 41. gr. b.).

b) Jarðveginn sjálfan má ekki nota í stað núlltauga eða grunntengdra tauga eða hluta þeirra. **61** 14. júní

56. gr.

a) Þar sem einangrunargallar og aðrar bilanir, sem gera málmhluta og hlífar búnaðar, tækja eða tauga spennuhafa, geta haft í för með sér hættu fyrir menn og skepnur, er koma við þessa hluti, skulu þeir hlutir allir vera vandlega grunntengdir eða aðrar fullgildar varúðarráðstafanir gerðar. **Grunntenging til varnar gegn snertingarhættu**

b) Hættu af raforkuvirkjum, sbr. a-lið, getur verið um að ræða t. d. á rökum stöðum, utanhúss o. s. frv. og hvarvetna þar sem vírkin eru svo nærri vatns- og gaspípum eða öðrum grunntengdum munum, að hæglega er unnt að koma við virkin og hina grunntengdu muni samtímis.

c) Í samanskrúfuðum pípulögnum skal pípukerfið vera grunntengt og skal vera gott leiðið samband um allt kerfið. **Grunntenging pípulagna**

Pípulögn í timburhúsum má ekki grunntengja, nema öruggt leiðið samband sé um allt kerfið eða allir hlutar þess grunntengdir.

Þá er grunntengdur er hluti pípukerfis, svo sem í baðherbergi, vegna snertingarhættu, og sá hluti er ekki í öruggu leiðnu sambandi við hina hluti kerfisins og þeir eru ekki grunntengdir, skal hann vera vandlega einangraður frá þeim.

Blýkápa og járnvaf blýstrengja skulu á rökum stöðum vera grunntengd og gilda um grunntengingu þeirra sömu ákvæði, sem um grunntengingu pípulagnar svo sem við á (sjá ennfremur 64. gr. d.). **Grunntenging blýstrengjalagna**

57. gr.

a) Grunntengja má við vatnspípukerfi í jörð. Ef grunntaug er fest við vatnsæð innanhúss, skal hún fest við æðina með traustri klemmu utan við fyrstu samskeyti vatnslagnarinnar þar sem hún kemur inn í húsið. Sé vatnspípukerfi ekki fyrir hendi, skal nota sérstök grunnskaut, sem grafin skulu í raka jörðu að minnsta kosti 125 cm. niður. Grunnskautin skulu vera gerð úr eir eða sínkuðu járni. Yfirborð þeirra, er að jarðvegi liggur, má eigi vera minna en ½ m.² og plötulaga skaut mega eigi vera þynnri en 1,5 mm. og eigi minni en ½ m.². **Grunntengja má við vatnspípur í jörð** **Sérstök grunnskaut**

Viðnám grunntengingar til jarðar skal jafnan gert svo lítið sem unnt er og jarðvegshættir leyfa á hverjum stað. Þar sem erfitt reynist að fá lítið viðnám með einu grunnskauti skulu sett fleiri.

b) Grunnskautsvírinn er liggur í jörð og tengir saman grunnskautið og grunntaugina, skal vera úr sama efni sem grunnskautið sjálft. Hann skal vera tengdur við grunntaugina ofanjarðar með traustum klemmu- eða skrúftengslum, sem auðvelt er að leysa í sundur, er mæla skal jarðviðnám grunnskautsins. **Grunnskautsvír**

c) Grunntaugar skulu vera einangraðar taugar og skal gildleiki grunntaugar vera jafn gildleika straumfara aðtaugar tækis upp að 10 mm², en úr því að minnsta kosti ⅓ af samanlögðum gildleika allra aðtauga tækisins, þó aldrei minna en 10 mm.² Hún skal hafa svo fá samskeyti sem unnt er og þau mega ekki hafa minni leiðni en sjálf grunntaugin. **Grunntaugar**

Tenging grunntauga við tæki o. s. frv. skal vera vel traust.

61
14. júní

b. Sérstakar raflagnir.

Auk hinna almennu reglna gilda eftirfarandi ákvæði um hinar sérstöku raflagnir, er hér verða nefndar.

1. Raflagning utan húss.

58. gr.

Lagnir í jörð

a) Lagnir í jörðu mega vera þannig:

1. Varinn, jarðbikaður blýstrengur (jarðstrengur).
2. Gúmaðar taugar í samanskrúfuðum, sinkuðum heildregnum stálpípum.

Blýstrengslögn

b) Strengir skulu skeyttir saman og enda í sérstökum þar til gerðum vatns- og loftheldum búnaði.

Pípulögn

c) Pípur í jörð skulu vera 25 mm. víðar að minnsta kosti. Þykkt þeirra má ekki vera minni en hér segir:

Nafnvídd í þuml.	Gildleiki í mm.	Minnsta þykkt í mm.
1″	33,5	3,3
1¼″	42	3,3
1½″	48	3,5
2″	60	3,8

Pípurnar skulu fullnægja viðurkenndum reglum um gas- og vatnspípur.

Pípurnar skal jarðbika áður en þær eru lagðar og eftir að lagningu þeirra er lokið.

Í súrum eða rökum jarðvegi skal borinn sandur að pípunum.

Öll lögnin skal vera skrúfuð saman og algerlega vatnsþétt.

59. gr.

Lagnir ofanjarðar

a) Lagnir ofanjarðar mega vera þannig:

1. Lagnir á tvíklukkueinangrurum.
2. Gúmaðar taugar í sinkuðum, samanskrúfuðum stálpípum.
3. Gúmblýstrengjalagnir.

Klukkulögn

b) Lagnir á tvíklukkueinangrurum skulu hafa einangraðar útitaugar svo sem gúmaðar eða pappírseinangraðar menjutaugar (Hackethal-taugar), ef þær eru nær húsum eða öðrum byggingum en 1,5 m.

Þær megá ekki liggja yfir heyum og ámóta eldfimum efnum og ekki nær þeim en 1,5 m. Hey o. s. frv. má því heldur ekki setja undir þær eða nær þeim en 1,5 m. (sbr. 1. gr.).

Einangrarar skulu vera 80 mm. háir að minnsta kosti. Þeir skulu festir uppréttir og þannig að miðja þeirra sé í 100 mm. fjarlægð að minnsta kosti frá veggjum, stólpum o. s. frv.

Einangrara og stög má ekki festa á ótrausta hluti, svo sem reykháfa, rið o. þk., nema sérstaklega sé umbúið svo fulltraust sé. Ef fest er á steinveggi skal

séð um að veggurinn þoli átak og þunga tauganna og að burðarjárnin séu rækilega fest í vegginn. 61 14. júní

Taugarnar mega ekki hanga á meira hafi en 30 m. (Um taugar á meira hafi en 30 m. sjá 74. gr. til 96. gr. um lágspennu lofttaugar). Millibil milli tauga skal vera að minnsta kosti sem hér segir:

Þegar hafið er:	Minnsta bil milli tauga eða milli taugar og annara hluta:
meira en 15 m.	350 mm.
milli 15 og 6 m.	250 mm.
minna en 6 m.	200 mm.

Taugarnar mega hvergi liggja lægra en 2,5 m frá jörð, berar taugar þó ekki lægra en 3,5 m. Meðfram vegum og götum og yfir svæðum, þar sem um umferð vagna getur verið að ræða, mega þær ekki vera lægra en 4,5 m frá jörð, en yfir vegum og götum eigi lægra en 5,5 m.

Varast skal að setja lagnir á tvíklukkueinangrurum eða nokkurn búnað þeirra svo nærri gluggum, flötum þökum, svölum og öðrum stöðum, þar sem búast má við umferð manna, að unnt sé að teygja sig í þær frá þeim stöðum.

c) Pípulögn skal vera samanskrúfuð og vel vatns- og loftheld; ennfremur skal öðrum (efri) enda pípnanna lokað. Pípurnar skulu vera vel olíumálaðar. **Pípulögn**

d) Í blýstrengjalögn má aðeins nota varinn jarðbikaðan blýstreng (sbr. 25. gr. a). Allur búnaður skal vera vatnsheldur, skrúfaður eða fylltur bræddu einangrunarlakki, svo að hvergi komist raki að. **Blýstrengslögn**

e) Sem lausataugar má aðeins nota lausastrengi með sterkri slithlíf eða gúmstrengi. **Lausataugar**

f) Allur búnaður raflagna, svo sem straumrofar, vör og tenglar skulu vera vatnsheld eða í lokuðum vatnsheldum skápum. Tæki og búnaður tauga skulu fullnægja reglum um raflagnir á rökum stöðum (sbr. 67. gr.). **Búnaður**

2. Raflagning í stöðvarrúmum.

Þ. e. í rafstöðvum, spenni- og skiftistöðvum o. ö. slíkum rúmum, sem eru í gæzlu sérstakra rafmagnsfróðra manna. **Stöðvarrúm**

60. gr.

a) Berar taugar má nota og þær mega vera lægra en 2,5 m. frá gólfi. Liggi þær yfir eða nærri gangvegi skulu þær þó varðar svo að ekki verði komið við þær í ógáti. **Berar taugar**

b) Í stýri- og merkjaveitum mega taugar tveggja eða fleiri straumrása liggja saman í pípu. **Stýri- og merkjaveitur**

c) Yfir tengiklemmum og snerturöðum ræsa, rofum og snörum þurfa ekki að vera hlífar. **Ræsar og rofar**

d) Rofar þurfa eigi að vera snöggrofar og þeir þurfa einungis að vera gerðir fyrir þann straum, sem þeim er ætlað að rjúfa.

Í núlltaugum og grunntengdum taugum mega vera rofar.

61 14. júní

c) Nota má önnur bræðivör en tappavör, en þó skulu vera hlífar um bræðivíra.

Vör Grunntaugar

f) Grunntaugar mega vera berar taugar. Sé grunntaug grennri en 50 mm² skal hún þó vera varin gegn áverkum, þar sem hætt er við þeim.

61. gr.

Greinispjöld

a) Greinispjöld skulu vera úr eldtraustu efni; í umgerðum um spjöldin o. þh. má þó vera tré.

b) Þar sem gangur er að baki spjalda skal gangsvæðið vera að minnsta kosti 1 m. að breidd. Þar sem ekki er gangur að baki spjalds skal þó vera svo um búið, að ávallt sé hægt að athuga tengsl tauga og tækja á spjaldinu. Í göngum og rúmum að baki spjalda má ekki geyma óviðkomandi hluti.

c) Vör, rofar og snarar skulu auðkend svo sjáist, hvaða straumrás þau tilheyra. Taugar að baki töflu skulu auðkenndar svo greina megi, hvaða pól eða fasa þær tilheyra.

62. gr.

Rafvélar, spennar o. þh.

Rafvélar, spennar o. þh. skulu sett þannig, að eldur breiðist ekki frá þeim til annara hluta þótt kvikni í þeim sjálfum.

Á þeim skal standa heiti smiðju og smiðistala og ennfremur öll helstu rafmagnseinkenni þeirra.

63. gr.

Rafgeymar

a) Ker rafgeyma skulu vera vandlega einangruð frá jörðu. Séu kerin sett á pall, bekk eða þh. skulu þau vera einangruð frá honum, en hann aftur frá gólfi.

b) Geymar skulu þannig settir, að ekki verði komið samtímis við tvo spennuhafa hluta, er hafa meiri spennumun en 250 volt.

c) Celluloid má ekki nota í ker í geymi fyrir hærri spennu en 16 volt.

d) Í rafgeymarúmum skal vera góð loftræsting.

e) Raflagnir í rafgeymarúmum skulu gerðar sem raflagnir á rökum stöðum. Skulu alltaf vera þéttir glerhjálmar um alla lampa (einnig handlampa), en um handlampa má ekki vera grind eða net úr málmi.

3. Raflagning á rökum stöðum o. þvl.

Þ. e. á þeim stöðum, þar sem vænta má raka og vatns, svo sem í mörgum eldhúsum og kjöllurum, baðherbergjum, þvottarúmum, útihúsum, ölgerðarhúsum, slátrunarhúsum o. s. frv. Enn fremur á þeim stöðum, þar sem eimur ýmissa efna getur grandað einangrun rafmagnstauga, svo sem í fjósum og öðrum peningshúsum, salernum, saltfisks- og saltkjötsgeymslum o. fl.

64. gr.

Lagnir á rökum stöðum

a) Þar má nota þessar lagnir:

1. Gúmaðar taugar (einnig gúmaðar Hackethal-taugar) á tvíklukkueinangrurum eða á hjálmvölum.

2. Gúmaðar taugar í sínkuðum, samanskrúfuðum stálpípum (sbr. þó c-lið). **61**
3. Gúm-blýstrengjalagnir. 14. júní

b) Tvíklukkueinangrarar skulu vera 80 mm. og hjálmvölur 60 mm. háar að minnsta kosti. Bil milli tauganna eða milli taugar og veggjar eða annara hluta má hvergi vera minna en 50 mm. Taugar á tvíklukkueinangrurum eða hjálmvölum má ekki leggja í minni hæð frá gólfi en 2,5 m. (Sjá einnig 29. gr.). **Klukkulögn**

c) Pípulögn skal vera samanskrúfuð og vel vatnsþétt og loftþétt; ennfremur skal öðrum (efri) enda pípnanna lokað. Pípurnar skulu vera vel olíumálaðar. **Pípulögn**

Pípulögn má þó ekki nota á þeim stöðum, þar sem eimur ýmissa efna getur grandað einangrun tauganna (fjós og önnur peningshús, saltfiskgeymslur o. s. frv.).

d) Í blýstrengjalögn má eigi nota annað en gúmaðan blýstreng. Samskeyti og greining skulu gerð í vatnsþéttum dósum eða hólkum, skrúfuðum eða fylltum bræddu einangrunarlakki. Óvarinn blýstreng má aðeins festa með blýuðum spöngum eða spöngum úr dreyptu tré. **Blýstrengslögn**

Blýstrengslögnin skal vera grunntengd, og skal blýstrengur, sem notaður er í þeim lögnum, upp að 4 mm² vírgildleika hafa grunntengingarvír, sem tengdur skal saman í tengidósum og grunntengt við. Hafi blýstrengurinn 4 mm² vírgildleika eða meira, má nota blýkápuna í stað grunntengingarvírs, og skal blýið þá vandlega samtengt í tengi- og greinidósum. Sjá ennfremur 56. gr. c-lið.

e) Lausataugar skulu vera lausastrengir með slithlíf, sem ekki dregur raka. Lausataug má ekki vera aukin. **Lausataugar**

65. gr.

Þar sem hætt er við efnabreytingum skulu lagnir sérstaklega varðar gegn þeim, annaðhvort með sýrutraustri einangrun tauga eða sýrutraustri málningu, biklakki o. þk. Á slíkum stöðum skulu blýstrengir lagðir á gegndreypta trélista eða á slétta tréveggi, tréloft o. s. frv. Jarðbikaður, járnvarinn blýstrengur er þó undanþeginn því ákvæði. **Varnir gegn efnabreytingum**

Lausataugar skulu hafa sýrutrausta slithlíf.

66. gr.

a) Taugar á tvíklukkueinangrurum eða hjálmvölum má taka í gegnum vegg, loft o. s. frv. milli tveggja rakra rúma um op í vegginn, gólfið o. s. frv., enda sé bil milli tauga eða taugar og veggjar o. s. frv. hvergi minna en 50 mm., eða leggja þær í traustar postulínspípur; endar pípnanna skulu vera þannig í lögun, að vatn renni ekki inn í þær og fjarlægð taugar frá vegg við pípuinntakið má eigi vera minna en 50 mm. **Gegntök**

Í gegnum vegg, loft o. s. frv. milli raks og þurrs rúms eða milli tveggja rakra rúma ef í öðru þeirra eru eimar, sem geta grandað einangrun tauga, skulu taugarnar liggja í sínkaðri stálpípu og skal vera vatnsþétt inntaksdós á enda pípunnar, er að röku rúmi veit. Í stað gúmaðra tauga í sínkaðri stálpípu má einnig nota jarðbikaðan, járnvarinn blýstreng, sem tengdur er við lagnirnar beggja megin gegntaksins í vatnsþéttri dós.

61 14. júní

Þar sem taugarnar liggja inn í vatnsþétta dós (hólk o. s. frv.), skulu vera um þær hlífðarstútar o. þh. úr postulíni og mega taugarnar hvergi utan stútsins liggja nær veggnum (loftinu o. s. frv.) en 50 mm.

b) Vatnsþéttar pípulagnir og blýstrengslagnir má leggja í gegnum vegg, loft o. s. frv. frá röku rúmi til þurrs rúms og skeyta þær við aðrar lagnir í þurra rúminu. Þó skal pípum vera lokað við gegntakið annaðhvort með vatnsþéttri dós, fylltri einangrunarlakki, eða á annan jafntryggan hátt. Pípur og strengir skulu í gegntakinu vandlega varin gegn áverkum og efnabreytingum.

67. gr.

Lampar

a) Lampahöldur skulu vera úr rakatraustu einangrunarefni að utan.

Lampar skulu hafa lokaðan glerhjálm. Þar sem lampa er hætt við áverka skal vera um hann hlífðargrind úr málmi e. þvl.

Um handlampa skal vera glerhjálmur og hlífðargrind (sbr. þó 63. gr. e-lið).

Á lömpum mega ekki vera rofar.

Rofar og tenglar

b) Rofar og tenglar skulu vera vatnsþéttir og skulu inntök aðtauga þeirra vera vatnsþétt.

Spjöld, vör og tæki

c) Greinspjöld, vör, neyzlutæki, áhöld o. þh. skal ekki setja á raka staði, nema ekki verði komizt hjá því, en þá skulu vera um þau vatnsþéttar, rakatraustar hlífar (kassar, skápar o. þh.) og inntök aðtauga þeirra skulu vera vatnsþétt. Um vélar, áhöld o. s. frv., sem eru sérstaklega gerð til notkunar á rökum stöðum, þarf þó ekki að setja slíkar hlífar.

Á hreyflum, ræsum þeirra og öðrum neyzlutækjum skal ekki vera spenna, þá er þau eru ekki í notkun.

Eimfylltir staðir

d) Á eimfylltum stöðum skal allur búnaður raflagna, lampa og tækja vera bæði vatns- og loftheldur og einnig falla lofthelt að lögnum.

Baðherbergi

e) Í baðherbergi má ekki setja rofa, né tengla, nema fullnægt sé skilyrðum b-liðs 41. greinar og g-liðs 42. greinar.

68. gr.

Eimkatlar o. a. hættulegir staðir

Við hreinsun eimkatla og á slíkum stöðum, þar sem sérstök hætta getur stafað af einangrunargalla, má eigi nota hærri spennu fyrir handlampa, hreyfla og önnur áhöld en 65 volta rakspennu eða 32 volta riðspennu. Straumrásir tækjanna skulu vera vandlega einangraðar frá öllum spennuhafa hlutum, er hærri spennu hafa, og spennir, riðill o. þh., sem notaðir eru til að lækka spennuna, skulu vera utan ketilsins eða hins hættulega staðar (sbr. 53. gr. c).

4. Raflagning þar sem brunahætta er.

Þ. e. á þeim stöðum, þar sem eldfim efni eru geymd eða safnast fyrir, svo veruleg brunahætta getur af þeim stafað, svo sem í sumum geymslum verzlana, tóvinnuhúsum, sápugerðum, heyhlöðum, steinolíugeymslum, bensíngeymslum, bílskúrum, gasstöðvum o. fl.

69. gr.

a) Þar má nota þessar lagnir:

1. Gúmaðar taugar í lokuðum samanskrúfuðum stálpípum.
2. Gúm-blýstrengjalagnir.

Lagnir þar sem er brunahætta

b) Samskeyti og greining blýstrengja skulu gerð í vatnsþéttum dósum eða hólkum, skrúfuðum eða fylltum bræddu einangrunarlakki, og inntök aðtauga í búnað o. s. frv. skulu vera vatnsþétt.

Blýstrengslögn

c) Lausataugar skulu vera lausastrengir með slithlíf og skal vera þannig um þær búið, að á þær geti ekki komið krappar bugður, síst við endana. Ekki má auka lausataug.

Lausataugar

d) Rofar, tenglar, vör, annar búnaður og tæki, er rafmagnsneista geta gert, skulu lokuð í sterkum rykheldum skápum, fjarri eldfimum efnum.

Neistahætta

e) Um lampa skulu vera glerhjálmar, er falla þétt að.

Lampar

Rofar mega ekki vera á lömpum.

Um handlampa skulu vera glerkúpur og hlífðargrindur, net e. þvl.

f) Hreyflar og ræsar skulu vera lokaðir, eða settir í sterka, rúmgóða og þétta kassa úr eldtraustu efni.

Hreyflar og ræsar

g) Í rúmum þar sem sprengingarhætta er, skal allur búnaður raflagna, lampa og tækja vera algerlega loftþéttur, hreyflar og ræsar þannig lokaðir, að sprengingarhætta geti ekki stafað af þeim.

Sprengingarhætta

Tenglar skulu þannig gerðir, að eigi sé hægt að draga kvíslina út, meðan spenna er á henni. Þá er kvíslin hefir verið dregin út, skulu allir spennuhafa hlutar tengils vera huldir, svo ekki verði komið við þá.

Á hreyflum, ræsum og öðrum neyzlutækjum má ekki vera spenna þá er þau eru ekki í notkun.

h) Í bílskúrum skulu fastir lampar, rofar, tenglar og tæki sett í 1,5 m. hæð frá gólfi að minnsta kosti.

Bílskúrar

5. Raflagning í leikhúsum, kvikmyndahúsum o. þk.

70. gr.

Raflagnir í leikhúsum, kvikmyndahúsum og öðrum almennum samkomuhúsum skulu gerðar eftir þeim reglum, sem rafmagnseftirlitið setur um raforkuvirki á slíkum stöðum.

Samkomuhús

Þær má ekki taka í notkun að lokinni lagningu, nema að fengnu leyfi rafmagnseftirlitsins til þess.

c. Bráðabirgðaraflagnir.

71. gr.

Með bráðabirgðaraflögnum er að jafnaði átt við lagnir, sem eigi eru notaðar lengur en 4 mánuði.

Bráðabirgða raflögn

61
14. júní

72. gr.

Við uppsetningu bráðabirgðalagna má víkja nokkuð frá reglunum að því er snertir fjarlægð milli festipunkta tauga á völum eða einangrurum, einnig frágang á spjöldum undir vör og mæla, en ávallt verður að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar um öryggi gegn íkveikju, jarðsambandi, snertingu og skemmdum. Þannig verða allar samsetningar að gerast eftir ákvæðum hennar og eigi má nota annað efni í þær en leyft er samkvæmt reglugerðinni.

73. gr.

Vinnulögn við húsasmíði o. þh.

a) Í vinnulögnum við húsasmíði o. þk. skulu allar hreyfanlegar taugar vera vandaðir, slitþolnir gúmstrengir og lampar skulu vera vandaðir handlampar með hlífðargleri, er fullnægja ákvæðum reglugerðarinnar.

b) Rafvirki sá, er leggur raflagnir í byggingu, skal eftirlíta vinnulagnir að minnsta kosti einu sinni í viku og endurbæta þær, ef þær eru gengnar úr lagi.

c) Í hvert sinn, þegar vinnu er hætt, skal taka vinnulagnir alveg úr sambandi svo ekki sé spenna á þeim.

II. Loftlínur.

1. Lega loftlína.

74. gr.

Leið loftlínu

a) Leið loftlínu skal valin þannig, að þveranir vega, síma eða annara loftlína verði sem fæstar og að þverunarhorn séu sem stærst og hvergi minni en 60°.

Taugar nærri húsum

b) Á þeim köflum, sem liggja nær húsum eða öðrum byggingum en 1,5 m. skulu loftlínur hafa einangraðar útitaugar svo sem gúmaðar eða pappírseinangraðar menjutaugar (Hackethal-taugar). Þær mega ekki liggja yfir heyjum eða ámóta eldfimum efnum og ekki nær þeim en 1,5 m.

c) Lofttaugar skulu vera svo fjarri gluggum, flötum þökum, svölum og öðrum stöðum, þar sem búast má við umferð manna, að ekki verði komið við þær.

2. Gerð og útreikningur lofttauga.

75. gr.

Minnsti gildleiki

a) Minnsti gildleiki eirvírs í lofttaugum skal vera 10 mm² (sbr. þó 20. og 59. gr. b). Sé notað annað efni í taugar en harðdreginn eir, skal leita samþykkis rafmagnseftirlitsins til þess og setur það þá ákvæði um minnsta gildleika vírsins o. a.

Útreikningur lofttauga

b) Við útreikning lofttauga skal þessa gætt: Taugar skulu hafa nægan styrkleika til að þola:

1. í 20° frosti (C) áraun af þunga taugarinnar sjálfrar, og
2. í 5° frosti (C) áraun af þunga taugarinnar sjálfrar að viðbættum aukaþunga vegna ísingar og vinda. Ekki má reikna með minni aukaþunga en $200 \sqrt{d}$ grömm á hverjum lengdarmeter taugarinnar, og er þá d = þvermál

taugarinnar í mm. (Ef taugin er einangruð þá er d = allt þvermál taugarinnar). **61** 14. júní

c) Við útreikning tauga má ekki ætla þeim meira teygjuþol en þetta:

1. margþættum eirvír 16 kg/mm²
2. einþættum eirvír 12 kg/mm²

76. gr.

a) Samskeyti og greiningar tauga skulu vera lóðuð eða skrúfuð eða gerð á annan hátt, er veitir fulltryggt, leiðið samband. **Samskeyti tauga**

b) Samskeyti tauga skulu vera svo sterk, að þau þoli að minnsta kosti 9/10 þeirrar áraunar, er taugin sjálf þolir.

3. Stengur og stangabúnaður.

77. gr.

a) Tréstólpar skulu vera heilir, beinir og vandlega gegndreyptir eftir viðurkenndri dreypingaraðferð.

b) Við útreikning tréstólpa (furu, greni) má ekki ætla þeim meira beygjuþol en 145 kg/cm². Vindþunga skal reikna 125 kg. að minnsta kosti á hvern ferm. vindflatar. Vindflötur stanga, sláa o. s. frv. reiknast sem fallmynd þeirra á sléttan flöt, er liggur hornrétt á vindátt. Vindflöt sívalla stólpa og tauga má þó reikna helmingi minni (þ. e. $= \frac{\text{lengd} \times \text{þvermál}}{2}$). **Útreikningur tréstólpa**

Einnig má reikna út þvermál tréstólpa eftir þessari reglu:

$$d = 12 \sqrt{D \times H}$$

þar sem d. er: þvermál grennri (efri) enda stólpans í mm., D er: samanlögð þvermál allra tauga, er hvíla á stólpanum, í mm. og H er: meðalhæð tauganna frá jörð í m., enda hangi taugarnar ekki á lengra hafi en hér segir:

Samanlögð þvermál allra tauga:	Hafið í mesta lagi:
minna en 110 mm.	80 m.
110—160 mm.	70 —
160—210 —	60 —
210—300 —	50 —
yfir 300 —	40 —

Þvermál grennri enda tréstólpa má þó eigi vera minna en 150 cm., en tveggja sambyggðra stólpa, hvors um sig ekki minna en 120 cm.

c) Tréstólpar skulu vera í jörð að ⅕ hluta að minnsta kosti. Tréstólpa má einnig setja á stöpla úr steypu eða járni, sem skulu vera traustir og rækilega festir. **Setning tréstólpa**

d) Topphettur skulu vera á tréstólpum til hlífðar gegn regni. **Topphettur**

78. gr.

a) Stöngum úr járni má eigi ætla meira beygjuþol en 1500 kg/cm². Þær skulu vera málaðar, sínkaðar eða varðar á annan jafntryggan hátt. **Járnstengur**

61 14. júní

Járnbentir steinsteypustólpar

Ódreyptir tréstólpar

b) Í stólpum úr járnbentri steinsteypu má eigi ætla járninu meira teygjuþol en 1000 kg/ cm² og eigi steypu meira þrýstingsþol en 35 kg/cm². Þeir skulu vera úr vönduðu og góðu steypuefni, hæfilega blönduðu, og sérstaklega gerðir öruggir gegn skemmdum af vatni og frostum.

c) Ódreypta tréstólpa má ekki nota nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn.

79. gr.

Bugður á loftlínu

a) Í bugðum og hornpunktum línu og á endum hennar skulu stengur vera svo rækilega festar í jörðu, að þær geti ekki fallið um koll, eða séu þær vandlega skorðaðar eða stagaðar. Einangrarar skulu festir svo rækilega, að þeir geti ekki dregist út eða losnað.

Stög

b) Stög skulu þannig fest á stengurnar, að þau renni ekki til á þeim og geti ekki snert króka, lampabúnað eða aðra hluti úr járni, er á stönginni kunna að vera. Þar sem stög eru mjög nærri umferð skulu þau vera auðkennd og varin gegn árekstri.

80. gr.

Krókar, þverslár o. fl.

a) Krókar, þverslár, grindur o. s. frv. skulu vera nægilega sterk og rækilega fest. Við útreikning þeirra má ætla þeim sömu áraun sem stöngum úr sama efni.

b) Allir hlutir úr járni eða stáli skulu vera sinkaðir eða á annan hátt varðir gegn ryði.

4. Lagning lofttauga.

81. gr.

Einangrarar

a) Lofttaugar skulu lagðar á tvíklukkueinangrara úr postulíni eða álíka traustu einangrandi efni. Einangrarar skulu vera vandlega festir og þannig settir, að vatn geti ekki safnast í þá. Taugar skulu festar þannig á einangrara, að þær ekki losni eða renni til á þeim í vindi eða vegna ísþunga.

Bil milli tauga

b) Taugar skulu lagðar að minnsta kosti í 0,45 m. fjarlægð hver frá annari (sbr. 59. gr. b). Þær skulu vera þannig lagðar og strengdar, að þeim slái hvorki saman né geti snert neitt annað í vindi eða vegna ísingar, og skal bil milli þeirra innbyrðis og milli þeirra og stanga, burðarjárna, húsa eða annara hluta ekki geta orðið minna en 100 mm.

Hæð tauga frá jörð

c) Lofttaugar skulu vera að minnsta kosti 4,5 m. frá jörð þegar slaki þeirra er mestur, en yfir akvegum þó eigi lægra en 5,5 m. Heimtaugar að lágum húsum má þó festa í þau í minni hæð, allt að 2,5 m, þar sem ekki er umferð, ef þær eru útieinangraðar, svo sem gúmaðar eða pappírseinangraðar menjutaugar, á þeim kafla, sem nær er jörð en 3,5 m. (Sbr. 74. gr.).

Festur í veggjum o. þh.

d) Einangrara, stög o. þk. má ekki festa á ótrausta hluti, svo sem reykháfa, rið o. þh., nema sérstaklega sé umbúið svo fulltraust sé. Ef fest er í veggi, skal sjá um, að veggurinn þoli átak og þunga tauganna og burðarjárnin séu rækilega fest í vegginn.

61
14. júní

5. Vör í loftlaugum.

82. gr.

Hvar vör skulu sett

a) Vör þarf ekki að setja í heimtaugar, ef þær eru útieinangraðar og þvera ekki síma, loftnet eða aðrar raftaugar og:

1. aðalvör (stofnvör) eru utan húss við inntakið, eða
2. inntakið er stálpípuinntak, vatnsþétt að utan (sbr. 36. gr. d.), eða
3. inntakið er gert öruggt gegn skammhlaupi og jarðsambandi, með því að vírarnir liggi hver út af fyrir sig í postulínspípu eða á annan hátt, sem tryggi einangrun þeirra hvers frá öðrum innbyrðis og frá húsi, enda séu aðalvör við inntakið að innanverðu.

Ella skulu vör vera í öllum spennuhafa heimtaugum, þar sem þær greinast frá veitukerfinu. Skal stærð þeirra fara eftir virgildleika þeirra einangraðra tauga, er liggja í inntakinu eða innanhúss, utan við stofnvör, sbr. 21. gr. a. Virgildleika þeirra tauga ber jafnan að gera meiri en gildleika stofntauga og heimtaugavör stærri en stofnvör.

b) Í núlltaugum og grunntengdum taugum mega ekki vera vör.

Bræðivírar

c) Bræðivírar í lofttaugavörum (eggvörum o. þh.) skulu vera úr hreinu silfri og þeir skulu vera að þvermáli sem hér segir:

í	4	amp. vari	0,17	mm.
-	10	— —	0,4	—
-	15	— —	0,5	—
-	20	— —	0,6	—
-	25	— —	0,7	—
-	35	— —	0,9	—
-	50	— —	1,1	—
-	60	— —	1,2	—
-	80	— —	1,4	—
-	100	— —	1,6	—

Bræðivírar, sem eru meira en 1 mm. að þvermáli, skulu hafa strengskó á báðum endum og skal kveikingin við skóinn vera þannig gerð, að vírinn bráðni fyrr en kveikingin.

Lengd bræðivírs skal vera um 80 mm.

6. Um grunntengingu o. fl.

83. gr.

Grunntenging

Um núlltaugar og grunntengdar taugar og um grunntengingu fer eftir ákvæðum 55.—57. gr.

61
14. júní

7. Um þveranir lofttauga.

84. gr.

Þverun vega, gatna o. fl.

Þar sem lágspennuloftlína þverar þjóðveg, götur í bæjum eða aðra vegi, sem almenn umferð er um, skulu taugar hennar vera í 5,5 m. hæð að minnsta kosti yfir brautinni.

Sé bugða á línunni við veginn skulu settir á stengurnar í bugðunni gripsveigar um taugarnar þeim megin, er inn í bugðuna veit. Burðarjárn einangraranna mega koma í stað gripsveiga, ef þau eru sérstaklega til þess gerð og svo vel fest við stengurnar, að þau geti eigi losnað.

85. gr.

Lofttaugar þvera yfir síma

Þar sem lágspennuloftlína þverar símalínur skal hún að jafnaði liggja yfir símalínunum og skal þá gæta eftirfarandi ákvæða auk ákvæða 74. gr. a. og 81. gr. c.:

a) Taugar þeirra lína, er þverast, mega ekki vera festar á sömu stöng nema sérstaklega standi á, og skal þá vera gripgrind undir efri línunni (sbr. e. 4.) Stöngin má ekki vera aukin.

b) Samskeyti mega engin vera á lágspennulofttaugum á þverunarhafinu.

c) Forðast skal bugður á lágspennuloftlínu við þverun ef unnt er. Ella skulu settir á stengurnar gripsveigar um taugarnar þeim megin, er inn í bugðuna veit. Burðarjárn einangraranna mega þó koma í stað gripsveiga, ef þau eru sérstaklega til þess gerð og svo rækilega fest við stengurnar, að þau geta eigi losnað.

d) Fjarlægð milli stangar lágspennulínunnar og næstu stangar símalínunnar skal vera svo lítil sem við verður komið, þó eigi minni en 1,5 m.

Fjarlægð milli festu efsta símavírs og næstu lágspennutaugar skal vera 1,5 m. að minnsta kosti.

e) Þar sem línurnar þverast skulu gerðar á lágspennulínunni eftirfarandi varúðarráðstafanir eftir því sem við á eða henta þykir til hlífðar símalínunum:

1. Gripnet (sbr. 92. gr.) sett undir lágspennutaugarnar, fest á stengur lágspennulínunnar eða á sérstakar stengur.
2. Lágspennulínan þveri á stuttu hafi (sbr. 93. gr.).
3. Lágspennulínan sé lögð falltraustri lagningu (sbr. 94. gr.) á þverunarhafi.
4. Tvöföld gripgrind (sbr. 95. gr.) sett undir lágspennutaugarnar og fest á stöng lágspennulínunnar, enda sé fjarlægð þeirrar stangar frá næstu stöng símalínunnar skemmri en 3 m. og símavírarnir lagðir hver yfir öðrum í einum eða tveimur lóðréttum flötum.

f) Þar sem taugarnar þverast má lóðrétt fjarlægð milli símavírs og lágspennutaugar hvergi vera minni en hér segir:

1. Sé notað gripnet: 0,7 m. að viðbættum $\frac{1}{25}$ fjarlægðarinnar frá þverunarstað til næstu stangar lágspennulínunnar. Hún þarf þó eigi að vera meiri en ..... 1,5 m.

2. Sé notað stutt þverunarhaf ..... 2 m.
3. — — falltraust lagning ..... 2 —
4. — — tvöföld gripgrind ..... 0,7 —

g) Skemmsta lárétt fjarlægð frá stöng lágspennulínunnar, stagi og þesskonar til símavírs skal vera að minnsta kosti $^1/_{12}$ hluti bilsins á milli stangarinnar og næstu stangar símalínunnar. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og þarf eigi að vera meiri en 1,5 m. Sé notuð tvöföld gripgrind (e. 4.) má þó fjarlægðin vera 0,25 m.

86. gr.

Lofttaugar þvera undir síma

Þar sem lágspennuloftlína þverar símalínur og liggur undir símalínunum skal gæta eftirfarandi ákvæða auk ákvæða 74. gr. a. og 81. gr. c.:

a) Taugar þeirra lína, er þverast, mega ekki vera festar á sömu stöng.

b) Bil milli símavírs og lágspennutaugar má hvergi vera minna en 0,7 m. að viðbættum $^1/_{25}$ hluta fjarlægðarinnar frá þverunarstað til næstu stangar símalínunnar (festu vírsins). Það þarf þó eigi að vera lengra en 1,5 m.

c) Lárétt fjarlægð frá stöng símalínunnar (festu vírs) til næstu stangar lágspennulínunnar skal vera svo lítil sem við verður komið, þó eigi minni en 1,5 m.

d) Skemmsta lárétt fjarlægð frá stöng lágspennulínunnar, stagi og þesskonar til símavírs skal vera að minnsta kosti $^1/_{12}$ hluti bilsins á milli stangarinnar og næstu stangar símalínunnar. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og þarf ekki að vera meiri en 1,5 m.

Ef hæð neðsta símavírs frá jörðu er meiri en hæð stangar lágspennulínunnar þarf ekki að gæta ákvæða þessa liðs.

e) Það telst nægileg ráðstöfun til varnar gegn hættu af því, að línurnar snerti hver aðra, ef lágspennutaugarnar liggja hver upp af annari í einum lóðréttum fleti: að efsta taugin sé ber grunntengd taug, en ef spennuhafa taugar liggja í fleiri en einum lóðréttum fleti: að berar grunntengdar taugar liggi yfir tveimur þeim yztu hinna spennuhafa tauga.

Séu grunntengdar taugar fleiri en ein, skulu þær vera tengdar saman beggja vegna þverunarhafsins.

Hinar grunntengdu taugar skulu hafa sama gildleika sem spennuhafa taugar línunnar, allt að 25 mm.[2]

f) Ef sérstaklega stendur á og mjög erfitt er að koma þverun loftlínu og síma fyrir á annan hátt, má leyfa, að lágspennutaugarnar liggi í minni hæð frá jörð en ákveðið er (sbr. 81. gr. c.) allt að 3,5 m. og á stöðum, þar sem ekki getur verið um umferð að ræða undir línunni, allt að 2,5 m., enda hafi þá lágspennulínan útieinangraðar taugar á þverunarhafinu.

87. gr.

Loftlínur þvera hver aðra

a) Þar sem lágspennuloftlínur þvera hver aðra má skemmsta bil milli línanna (tveggja spennuhafa tauga) ekki vera minna en 0,7 m. að viðbættum $^1/_{25}$

61 14. júní

hluta fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næstu stangar þeirrar línu, er hærra liggur frá jörð. Það þarf þó ekki að vera lengra en 1,5 m.

b) Ef efsta taug neðri línunnar er ekki ber grunntengd taug skal gera eftirgreindar varúðarráðstafanir:

Séu eigi taugar beggja lína festar á sömu stöng, skal

1. gripnet (sbr. 92. gr.) sett undir efri línuna, eða
2. taugar efri línunnar hanga á stuttu hafi (sbr. 93. gr.), eða
3. taugar efri línunnar lagðar falltraustri lagningu (sbr. 94. gr.) á þverunarhafi.

Séu taugar beggja lína festar á sömu stöng, skal

4. tvöföld gripgrind (sbr. 95. gr.) sett undir taugar efri línunnar.

8. Um lágspennuloftlínur, er liggja meðfram vegum, símalínum eða öðrum loftlínum.

88. gr.

Loftlínur meðfram vegum og götum

Þar sem lágspennuloftlínur liggja meðfram þjóðvegum, götum í bæjum eða öðrum vegum, þar sem almenn umferð er um, mega taugar þeirra hvergi vera nær jörðu en 4,5 m.

Séu bugður á línunni, skulu settir á stengurnar í bugðunni gripsveigar um taugarnar þeim megin, er inn í bugðuna veit. Burðarjárn einangrara mega koma í stað gripsveiga, ef þau eru sérstaklega til þess gerð og svo rækilega fest við stöngina að þau geti ekki losnað.

89. gr.

Loftlínur og sími samhliða

a) Lágspennutaugar og símataugar mega ekki liggja samhliða á sömu stöngum. Sérstakur sími, sem eingöngu er notaður af starfsfólki við hlutaðeigandi rafveitu, er þó undanþeginn þessu ákvæði, enda sé þá allur búnaður síma og tækja þannig gerður, að engin hætta geti stafað af þótt spennuhafa taugar og símataugar snertist.

b) Milli lágspennuloftlína og símalína, sem liggja samhliða hvor annari, skal vera nægilega langt bil, svo taugar hvorugrar línu geti snert hina, þótt stengur annarar þeirra falli alveg um koll. Þó má setja línurnar nær hvor annari allt að 3 m., ef stengur þeirra eru nægilega traustar og svo rækilega festar í jörð eða studdar að þær geti eigi fallið um koll. Séu ennfremur allar taugar lágspennuloftlínunnar festar þeim megin í stengurnar, er frá símalínum veit, má minnka bilið niður í 2 m.

90. gr.

Tvær loftlínur samhliða

a) Taugar tveggja lágspennulína, er ekki tilheyra sama veitukerfi, má eigi leggja samhliða á sömu stengur, nema skemmsta bil milli þeirra sé 1,5 m. að minnsta kosti.

b) Milli tveggja lágspennuloftlína, er liggja samhliða, en ekki á sömu stöng-

um og tilheyra ekki sama veitukerfi, skal vera 1,5 m. bil að minnsta kosti og stengur þeirra skulu vera nægilega traustar og rækilega festar í jörð eða studdar, svo þær geti eigi fallið um koll. 61 14. júní

9. Um varúðarráðstafanir við þveranir o. þk.

91. gr.

Gripsveigar um lágspennulofttaugar skulu vera úr sinkuðu járni og þannig gerðir, að öruggt sé, að þeir grípi taugarnar, ef einangrarar brotna eða taugar losna á annan hátt. **Gripsveigar**

92. gr.

Gripnet undir lágspennulofttaugum:

a) Netið skal vera svo breitt, að það nái út fyrir lágspennutaugarnar beggja vegna, og má eigi lárétt fjarlægð neinnar spennuhafa taugar frá brún netsins vera minni en hálf hæð taugarinnar frá netinu. **Gripnet**

b) Bil milli netsins og neðstu lágspennutaugar skal vera 0,35 m. að minnsta kosti, en milli þess og næstu taugar í öðru raftaugakerfi (eða símakerfi) að minnsta kosti 0,35 m. að viðbættum $\frac{1}{25}$ hluta fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næstu stangar lágspennulínunnar. Það þarf þó ekki að vera lengra en 1,5 m.

c) Við útreikning netsins skal taka tillit til vindþunga, ís- og snjóþunga og þunga þeirra tauga, er geta fallið á netið og má ekki ætla vírum né festum netsins meiri áraun en $\frac{1}{5}$ hluta brotþols þeirra. Vírarnir mega þó aldrei vera grennri en 4 mm. Þeir skulu þola mesta straum, er þeir geta orðið fyrir til jarðar, ef taugar slitna, án þess að verða glóðheitir.

d) Lengdarvírar netsins skulu vera tveir að tölu að minnsta kosti, bil milli þvervíra eigi meira en 0.5 m. Yztu þvervírar netsins skulu vera að minnsta kosti 1 m. utan við yztu taugar þeirrar línu, er undir því liggur. Þvervírar skulu vera þannig festir, að þeir geti ekki runnið til.

e) Lárétt burðarjárn netsins skulu fest þeim megin á stengurnar er burtu veit frá þverunarhafi.

f) Netið skal tengt við núlltaug eða grunntengda taug línunnar beggja megin þverunarhafsins, eða vera vandlega grunntengt við sérstök grunnskaut.

g) Báðar stengur við þverunarhafið skulu vera vel traustar og rækilega festar eða studdar, svo þær geti ekki fallið um koll eða slaknað á netinu.

93. gr.

Lágspennulína þverar á stuttu hafi, ef haf hennar er ekki lengra en hæð neðstu taugar hennar yfir efstu taug neðri línunnar. **Þverun á stuttu hafi**

94. gr.

Lagning lágspennulínu á þverunarhafi telst falltraust ef fullnægt er eftirfarandi ákvæðum: **Falltraust lagning**

61 14. júní

a) Taugar hennar eru úr margþættum eir-, brons- eða járnvír, 16 mm.² gildum að minnsta kosti. Teygjuþol þeirra skal vera 40 kg/mm.² að minnsta kosti og má eigi ætla þeim meiri raun en ⅕ hluta af brotþoli þeirra.

b) Hver taug skal á báðum stöngum þverunarhafsins fest á tvo einangrara að minnsta kosti. Hún skal traustlega fest við aukaeinangrarana með sérstökum taugastögum, jafngildum henni, sem ekki eru straumfara. Aukaeinangrarar skulu vera vel og traustlega festir við stengurnar. Samskeyti eða greiningar mega engar vera á þverunarhafi fjær einangrurum en festur taugastaga við taugar.

c) Séu stengurnar ekki svo traustar og ekki svo vel festar í jörð, að þær geti ekki fallið um koll, skulu þær studdar gegn falli eftir stefnu lágspennulínunnar, og sú lágspennustöng, sem næst er þverunarstaðnum, skal auk þess vera studd gegn falli þvert á stefnu línunnar.

95. gr.

Gripgrindur

Gripgrindur á lágspennuloftlínu:

a) Gripgrindin skal vera úr járni eða stáli og vera vel traust.

b) Grindin skal vera svo breið, að hún nái út fyrir lágspennutaugar beggja vegna og má eigi lárétt fjarlægð neinnar spennuhafa taugar frá yztu brún grindarinnar vera minni en hálf hæð þeirrar taugar frá sömu brún.

c) Grindin skal vera 0,35 m undir neðstu lágspennutaug.

d) Lengd grindarinnar talin frá miðri stöng, skal vera að minnsta kosti ⅔ hlutar af hæð efstu taugar yfir grindinni, en þó aldrei minni en 1,2 m.

e) Grindin skal ná 0,7 m að minnsta kosti út fyrir yztu taug þeirrar loftlínu (síma), sem undir liggur.

f) Gripgrindin skal vera tengd við núlltaug eða grunntengda taug línunnar, ef þær eru til, en ella rækilega grunntengd við sérstök grunnskaut.

g) Þar sem lágspennulínan þverar símalínu og tvöföld gripgrind er notuð, skulu vera vírar eða járnslár á milli endajárna grindarinnar samhliða lágspennulínunni og 0,30 m að minnsta kosti utan við yztu taugar hennar beggja vegna.

Bil milli gripgrindar og símavírs skal vera 0,35 m að minnsta kosti.

10. Um þverun lágspennutauga og háspennutauga.

96. gr.

Þverun lágspennu- og háspennutauga

Um þverun lágspennutauga og háspennutauga fer eftir reglum um háspennuvirki (100.—102. gr.).

III. Jarðstrengir.

97. gr.

a) Lágspennujarðstrengir skulu fullnægja ákvæðum a- og b-liðs 58. gr. Þeir skulu varðir gegn áverkum og efnabreytingum þar sem þeirra er von.

b) Um þverun lágspennustrengja og háspennustrengja fer eftir reglum um háspennuvirki (100.—102. gr.). 61 14. júní

IV. Raforkuvirki með 24 volta spennu eða lægri.

98. gr.

a) Almenn raforkuvirki með 24 volta spennu eða lægri þurfa ekki að fullnægja reglunum um almenn lágspennuvirki (15.—96. gr.), ef þau eru hvergi tengd við virki með hærri spennu en 24 volt og liggja hvergi svo nærri þeim, að þau geti snertst eða leitt á milli þeirra.

Tenging við virki með hærri spennu

b) Þótt almenn raforkuvirki með 24 volta spennu eða lægri séu notuð í sambandi við lágspennuvirki með hærri spennu, má skoða sem þau séu ekki tengd við virki með hærri spennu, ef sambandið milli virkjanna fullnægir ákvæðum c-liðs 53. greinar.

Tæki, sem virkin eru tengd um, svo sem spennir, riðill o. þk., skal þó allt teljast til virkjanna með hærri spennunni.

Séu virkin tengd gegnum spenni, skal hann með skammhleyptu eftirvafi þola málspennu sína í forvafi í 2 klst., og má hann þá ekki vera orðinn heitari utan en 85° C. Hann skal við prófun þola 1000 volta riðspennu milli forvafs og eftirvafs í eina mínútu.

99. gr.

Reglur um virki undir 24 voltum

Séu þessi virki ekki gerð samkvæmt reglunum um lágspennuvirki (15.—96. gr.), skulu þau þó ávallt fullnægja ákvæðum a-liðs 16. gr. og ákvæðum 19. og 22. greinar svo og eftirfarandi ákvæðum:

a) Virkin skulu vera þannig auðkend eða þannig gerð og uppsett, að ekki sé hætta á að villast á þeim og virkjum með hærri spennu þannig, að tjón geti hlotist af.

b) Séu raftaugar þeirra virkja innanhúss eigi lagðar sem venjulegar lágspennutaugar, má ekki leggja þær nær raftaugum með hærri spennu en 24 volt en 2,5 cm., og þar sem þær þvera taugar með hærri spennu í lítilli fjarlægð, svo hætta geti verið á snertingu, þá skal festa lag af haldgóðu, föstu, einangrandi efni á milli.

c) Taugar þessara raforkuvirkja skulu, ef þær eru utanhús og ofanjarðar, ekki vera neðar en 3,5 m frá jörð. Þó má setja þær neðar, allt að 2,5 m frá jörð þar sem engrar umferðar er að vænta, ef þær eru klæddar haldgóðri útieinangrun. Þar sem þær liggja yfir akvegi, skulu þær vera að minnsta kosti 5,5 m. yfir brautinni.

Þar sem lofttaugar þessara virkja þvera lágspennulínur með hærri spennu en 24 volt, skulu þær fullnægja ákvæðum 85. og 86. gr. sem símalínur. Þar sem lofttaugar þessara virkja liggja meðfram lágspennulofttaugum með hærri spennu en 24 volt, skulu þær fullnægja ákvæðum 89. greinar sem símalínur.

61 14. júní

d) Lofttaugar þessara virkja mega ekki þvera háspennulínur eða liggja nær þeim en 20 m. nema að fengnu leyfi rafmagnseftirlitsins.

e) Jarðstrengir þessara virkja skulu vera járnvarðir eða í pípum eða öðrum hlífum. Þeir mega ekki vera nær öðrum jarðstrengjum, er hafa yfir 24 volta spennu, en 50 cm., nema haldgott og öruggt hlífðarefni, t. d. múrsteinn eða þk., sé sett á milli, en þó aldrei í minni fjarlægð en 15 cm.

B. HÁSPENNUVIRKI

Skilgreining: Háspennuvirki eru þau almenn raforkuvirki (sbr. 4. gr.), er einhvern hluta hafa með hærri virkri rekstursspennu en 250 voltum til jarðar.

Rakstraumsvirki teljast því til háspennuvirkja, ef spenna milli tveggja spennuhafa tauga þeirra er 250—500 volt, og almenn riðstraumsvirki, ef spenna milli tveggja spennuhafa tauga þeirra er 250—430 volt — hafi þau ekki grunntengda spennumiðju.

100. gr.

Ný háspennuvirki og breyting eldri virkja

a) Ný háspennuvirki má ekki setja upp og eldri virkjum má ekki breyta né auka við þau, nema rafmagnseftirlitinu hafi verið send tilkynning um verkið ásamt teikningum og lýsingu á því samkv. 6.—8. gr. og það hafi samþykkt tilhögun og gerð virkjanna og tekið ákvörðun um eftirlit með uppsetningu þeirra.

b) Rafmagnseftirlitið bindur samþykki sitt þeim skilyrðum um gerð, uppsetningu og starfrækslu virkjanna, er það telur nauðsynlegt til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, og er skylt að hlíta fyrirmælum þess þar að lútandi í hvívetna.

101. gr.

Engin önnur virki nærri háspennuvirkjum

a) Ekkert mannvirki, svo sem t. d. hús, veg, síma, önnur raforkuvirki o. s. frv. né nein virki utan húss eða innan má setja svo nærri háspennuvirkjum að hætta geti stafað af, nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til í hvert sinn og fullnægt sé öllum skilyrðum, er það setur, um gerð, uppsetningu og starfrækslu virkjanna til öryggis gegn hættu og tjóni.

b) Hlutir teljast ekki svo nærri háspennuvirkjum að hætta geti stafað af, ef þeir eru

1. utan þeirra rúma og afgirtra svæða þar sem eru háspennuvirki,
2. svo fjarri háspennuloftlínum, að taugar nái ekki til þeirra þótt þær slitni niður og fjúki til eða stengur falli alveg um koll, þó ekki nær en 20 m., og
3. fjær háspennu-jarðstreng en 300 mm.

Leiki efi á, hvort um hættu getur verið að ræða, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlitsins um það.

102. gr.

Aðvörunarskilti

Á dyrum að rúmum eða afgirtum svæðum, þar sem eru háspennuvirki, á öllum stöngum háspennuloftlínu og annarsstaðar, þar sem óviðkomandi kunna að geta nálgast háspennuvirkin, skulu sett aðvörunarskilti. Á þeim skulu standa

orðin „Háspenna“ og „Lífshætta“ og auk þess skal táknaður á þeim tvíbrotinn fleigur (ϟ) og skal hann vera rauður á ljósum grunni. Skiltin skulu vera úr járni eða öðru haldgóðu efni og áletrunin vera gljábrennd á þau eða vera af annari jafn-haldgóðri gerð. Þau skulu vera svo stór (300—500 cm.²) og þannig sett, að auðsæ séu og auðlesið á þau. **61** 14. júní

C. SÉRSTÆÐ RAFORKUVIRKI

Skilgreining: Til sérstæðra raforkuvirkja teljast þau virki, sem einnig eru ætluð fyrir rafstraum með hærri tíðni en 50 rið/sek., svo sem síma- og útvarpsvirki, röntgentæki, ýms lækningatæki og önnur tæki af sérstakri gerð, bæði með lága spennu og háa.

I. Almenn ákvæði.

103. gr.

Sérstæð raforkuvirki skulu vera þannig auðkennd eða þannig gerð og uppsett, að ekki sé hætta á að villast á þeim og öðrum raforkuvirkjum þannig, að tjón gæti hlotizt af. **Auðkenning**

104. gr.

a) Raflagnir þessara virkja skulu ávallt hafa fullnægjandi einangrun gagnvart jörðu svo og straumfara taugar hver gagnvart annari. **Einangrun**

b) Raftaugar skulu vera nægilega gildar, svo þær þoli mestu áraun, sem búast má við að þær verði fyrir eftir ástæðum á hverjum stað, og skulu þær vera varaðar með bræðivörum eða sjálfvirkum rofum eða með öðrum jafntryggum ráðstöfunum til varnar skaðlegri upphitun þeirra. **Straumraun**

c) Til raflagningar skal ávallt velja rétta tegund raftauga, svo að gerð og einangrun þeirra sé í fullu samræmi við þá notkun, sem þær eru ætlaðar fyrir. **Tegund raftauga**

105. gr.

Sérstæð virki, er hærri spennu hafa en 24 volt, skulu vera þannig gerð, að ekki sé hætta á að menn í ógáti komi svo nálægt spennuhafa hlutum, að lífshætta sé að. **Snertingarhætta**

106. gr.

Þeir hlutar sérstæðra raforkuvirkja, er aðeins hafa rakspennu eða riðspennu allt að 50 riðum á sek. 250 volt eða lægri til jarðar, skulu fullnægja reglum um lágspennuvirki (15.—96. gr.). **Hlutar sem lágspennuvirki**

Séu jafnframt riðstraumar með hærri tíðni á sömu hlutum, skulu þeir hlutar fullnægja sömu ákvæðum, ef það er samrímanlegt við tilgang og notkun virkjanna og ekki til hindrunar því, að þau komi að tilætluðu gagni.

61
14. júní

107. gr.

Tengd við lágspennuveitu um spenni

Sérstæð raforkuvirki, sem tengd eru við lágspennuveitu aðeins gegnum spenni, skulu hvað snertir þann hluta þeirra, sem stendur í beinu leiðnu sambandi við lágspennuveituna, hlíta reglum um lágspennuvirki. Sé umræddur spennir þannig gerður, að hann þolir skammhlaup í eftirvafi án þess að hitna að utan yfir 85° C., hvort sem það er tryggt með gerð spennisins eða með sérstökum bræðivörum framan við forvaf hans, þá skal virkið að öðru leyti skoðað sem raforkuvirki, sem ekki er tengt við lágspennuveituna.

108. gr.

Beint leiðið samband

Sérstæð raforkuvirki, sem eru tengd við lágspennuveitu með beinu leiðnu sambandi, skulu hlíta ákvæðum reglugerðarinnar um lágspennuvirki (15.—96. gr.) um þann hluta þeirra, sem aðeins hefir rakspennu eða riðspennu með allt að 50 riðum á sek., og fyrir aðra hluti, er jafnframt bera tíðari riðstrauma, skal sömu ákvæðum fylgt, að svo miklu leyti sem það veldur ekki óþægindum fyrir notkun virkisins (sbr. 106. gr.). Í slíkum virkjum má ekki grunntengja víra eða hluti, sem standa í beinu leiðnu sambandi við lágspennuveituna; grunntengiklemma útvarpstækja fyrir rakstraum má því ekki vera í leiðnu sambandi við víra þá í tækjunum, sem standa í leiðnu sambandi við veituna, heldur á að vera þéttir á milli, sem við prófun á að þola 1000 volta riðspennu eða 1400 volta rakspennu samkv. 45. gr.

109. gr.

Tengd við lágspennuveitu um þétti

Sérstæð raforkuvirki, sem eru tengd við lágspennuveitu gegnum þétti, sem er minni en 0,01 mikrofarad að rýmd, og fullnægir ákvæðum 45. gr., skulu að öðru leyti skoðuð sem virki, er ekki eru tengd við lágspennuveitu.

Sé þéttirinn hinsvegar stærri (hafi yfir 0,01 mfd. rýmd) og tengt við riðstraumsveitu, skal raforkuvirkið hlíta sömu ákvæðum og virki, sem eru tengd við veituna með beinu leiðnu sambandi. Ef um rakstraumsveitu er að ræða, gilda sömu ákvæði og um þétti minni en 0,01 mfd.

110. gr.

Háspennuvirki

Sérstæð raforkuvirki má ekki tengja við háspennuvirki né setja svo nærri þeim, að hætta geti stafað af (sbr. 101. gr.), nema að fengnu leyfi rafmagnseftirlitsins.

II. Um loftnet fyrir útvarpstæki.

111. gr.

Inniloftnet fullnægjandi

Í kaupstöðum skal forðast að setja útiloftnet þar sem inniloftnet gerir fullnægjandi gagn.

112. gr.

Útiloftnet ber að strengja þannig, að þau spilli sem minnst útliti húsa og umhverfi þeirra, og á að jafnaði að leggja þau að bakhlið hússins.

113. gr.

a) Útiloftnet má ekki strengja þannig, að valdið geti truflunum á símalínum eða raftaugum. Þau má ekki festa á rafveitustengur og ekki á símastólpa, nema skriflegt leyfi hlutaðeigandi rafveitustjórnar eða landssímastjóra sé fengið.

Útiloftnet nálægt síma eða raftaugum

Við uppsetningu loftnetsins skal þess vandlega gætt, að vírar þess snerti ekki berar síma- eða raftaugar.

b) Útiloftnet má aldrei strengja bæði yfir raftaugar og símalínur og ekki svo nærri báðum, að það geti snert hvorutveggja, ef það fellur niður.

c) Þverunarhorn loftnets og símalína má aldrei vera minna en 60° og fjarlægð milli þeirra hvergi minni en 1 m.

Loftnet má ekki liggja samhliða símalínu í minni fjarlægð frá henni en 5 m.

Liggi loftnet þannig, að taugar þess geti snert símalínu, ef þær slitna, skal annaðhvort loftnetið eða símalínan vera gert úr vír með haldgóðri útieinangrun (gúmaðar eða pappírseinangraðar menjutaugar).

d) Útiloftnet mega ekki liggja undir lágspennuloftlínum og ekki yfir þeim, ef þær liggja meðfram þjóðvegi, götu, torgi o. þvl. Útiloftnet mega því aðeins liggja yfir lágspennuloftlínum eða nær þeim en 5 m., að taugar loftnetsins eða taugar lágspennulínunnar séu klæddar haldgóðri útieinangrun, eða eftirfarandi reglum um þverun sé fullnægt:

1. Þverunarhorn loftnets og lágspennutauga sé ekki minna en 60°.
2. Bil milli loftnets og lágspennutauga sé hvergi minna en 3 m.
3. Allar taugar lágspennulínunnar liggi í sama lóðréttum fleti og efsta taugin sé vandlega grunntengd (grunntengd núlltaug eða hlífitaug).
4. Vír loftnetsins sé að gildleika 4 mm.^{2} að minnsta kosti, og hver þáttur hans eigi mjórri en 0,7 mm., ef hann er úr eir, en 0,35 mm., ef hann er úr fosfórbronsi.
5. Mesta haf milli festipunkta loftnetsins sé eigi yfir 30 m.

e) Útiloftnet mega ekki þvera háspennulínur og hvergi liggja nær þeim en 20 m.

114. gr.

a) Forðast skal að leggja loftnet yfir veg, götu, torg eða þvl., ef þess er kostur, og geta hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppsnefndir bannað það þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Loftnet yfir vegum, götum o. þh.

Loftnet skal vera í 5,5 m hæð að minnsta kosti yfir brautinni eða torginu.

b) Vilji maður láta festa loftnet í hús eða mannvirki annars manns, skal fá leyfi eiganda þess.

Fest í hús annars

115. gr.

Sé bannað að strengja loftnet yfir veg, götu, torg, eða synjað leyfis að festa loftnet í hús eða mannvirki (sbr. 114. gr.), má, ef óframkvæmanlegt þykir sökum kostnaðar eða annars að koma loftnetinu fyrir á annan hátt, biðja rafmagnseftirlitið að sjá um, að loftnetið verði sett upp, eftir því sem því þykir réttast, og eru allir aðilar skyldir að hlíta því, sem það ákveður.

Synjað leyfis að festa upp loftnet

61
14. júní

116. gr.

Tenging útvarpstækja við síma eða raftaugar

Ekki má tengja útvarpstæki við taugar landssímans eða við brunasíma, hvorki beint né óbeint, og heldur ekki beint við raftaugar. En nota má raflögn í húsi sem loftnet fyrir útvarpstæki, ef viðtækið er tengt við hana gegnum þétti, sem fullnægir ákvæðum 45. gr., enda sé hann ekki stærri en 0,01 mfd.

117. gr.

Inniloftnet

Þar sem inniloftnet liggur yfir eða undir síma eða raftaugum, skal svo um búið, að ekki geti hlotizt tjón eða hætta af (sbr. 99. gr. b.).

118. gr.

Styrkleiki útiloftnets

Útiloftnet verða að vera svo traust og endingargóð, og þannig uppsett, að þau þoli áraun, er stafar af ísingu, snjóþyngslum eða hvassviðri. Skrúfur og festar úr járni verða að vera sínkaðar eða á annan hátt jafntryggan varðar gegn ryði.

119. gr.

Loftnetsvírar

Útiloftnet skulu vera gerð úr bronsi eða harðdregnum eir með að minnsta kosti 40 kg. þoli á hvern fermm. Ber loftnetsvír skal vera margþættur. Gildleiki strengsins skal vera að minnsta kosti sem hér segir:

	Haf milli festipunkta.	Gildleiki.
Berir vírar:	0—30 m.	2,4 mm.²
	30—40 —	3,5 —
	40—60 —	4,7 —
Einangraðir vírar:	0—40 —	4 —
	40—60 —	6 —

Sé burðarþol strengsins meira en 40 kg/mm.² (t. d. fosforbronsi) má gildleiki hans vera tilsvarandi minni.

Haf

Mesta haf milli festipunkta má ekki vera yfir 60 m. nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til.

Loftnetið skal vera vel einangrað frá festum og ekki vera nein samskeyti á því sjálfu þar sem á reynir.

120. gr.

Festur og stengur

Ekki má festa loftnet í reykháfa, turna, flaggstengur eða aðra hluta bygginga, nema þeir séu svo traustir, að þeir þoli vel þá áraun, sem mest má búast við frá loftnetinu. Þetta gildir einnig um stengur, sem sérstaklega eru settar upp fyrir útvarpsloftnet, og sömuleiðis stög, stagfestar, samskeyti, einangrara í loftneti og stögum, og vírinn, sem bindur einangrarana við loftnet og við festur.

Sérstaklega skal vera svo um búið, að hversu mikið sem reynir á loftnetið þá geti ekki þungir hlutir, sem það er fest í, dottið niður og orðið að tjóni.

Vinna á þaki

Útiloftnetum skal þannig fyrir komið, að þau valdi ekki óhagræði fyrir vinnu á þaki, sérstaklega sóthreinsun.

121. gr.

Stálpípustengur

Ef stálpípur eru notaðar sem loftnetsstengur, má innanmál þeirra ekki vera undir 25 mm., ef þær eru stagaðar, en ekki undir 38 mm., ef þær eru óstagaðar. Slíkar pípur skulu, áður en þær eru settar upp, vera lokaðar í efri endann og vel ryðvarðar. Óstagaðar stengur skulu vera svo sterkar, að þær haldist lóðréttar við mestu áraun, sem hægt er að búast við.

Grunntenging stanga

Járnstengur á þaki skal grunntengja, og háar tréstengur á húsum skal útbúa með eldingarvara; nægir að grunntengja með 20 fermm. eirvír við aðra málmhluti hússins, sem grunntengdir eru. Á þeim stöðum þar sem ekki er hætt við að elding geti valdið tjóni þarf þó eigi að grunntengja stengur.

122. gr.

Fjarlægð milli loftnetja

Forðast skal að leggja útiloftnet samhliða eða nærri járnþaki eða járnvegg, og ekki má leggja það nær öðru loftneti, er fyrir er, en 2 metra frá því og ekki samhliða því í minni fjarlægð en 5 m., nema eigandi hins loftnetsins samþykki það. Sbr. ennfremur 4. gr.

123. gr.

Inntaug úr loftneti

Inntaugin úr útiloftneti skal vera úr að minnsta kosti jafnþykkum vír og hinn hluti loftnetsins og úr sama efni. Sé inntaugin skeytt við loftnetið, skulu samskeytin gerð með öruggum skrúfklemmum eða skrúfhólkum. Klemmur með aðeins einni skrúfu, er þrýstir á vírinn, má ekki nota. Kveiking eingöngu er ekki nægileg. Inntaugin skal liggja eins beint og unnt er að útvarpstækinu, og má ekki leggja hana í námunda við mjög eldfim efni. Inntaugin verður að vera í að minnsta kosti 20 cm. fjarlægð frá raftaugum hússins.

124. gr.

Grunntenging loftnets

Það skal vera auðvelt að grunntengja útiloftnetið með grunntengingarsnara, sem er hjá inntakinu, og skal þessi snari vera útbúinn með neistabili til verndunar gegn of hárri spennu (yfir 350 volt) í loftnetinu. Þegar útiloftnetið er ekki notað, skal það að jafnaði grunntengt, sérstaklega ef það liggur hátt. Í þrumuveðri skal forðast útvarpsviðtöku með útiloftneti, og ber þá að grunntengja það.

125. gr.

Einangrað mótnet

Sé í stað grunntengingar notað einangrað mótnet utanhúss skal ætíð hafður grunntengingarsnari þannig, að unnt sé að grunntengja bæði loftnet og mótnet.

126. gr.

Viðhald loftnets

Eiganda loftnets ber að halda því vel við, svo það fullnægi ávallt þeim kröfum, sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, og skal tafarlaust gert við bilanir, sem fram kunna að koma.

127. gr.

Heimild að taka niður loftnet

a) Sé loftnet lagt þannig, að það komi í bága við reglugerð þessa, getur rafmagnseftirlitið látið taka það niður á kostnað eiganda.

61 14. júní

b) Ákvæði 111.—127. gr. þessarar reglugerðar gilda einnig fyrir þau loftnet, sem hafa verið sett upp, áður en reglugerð þessi er gefin út.

D. UM VARNIR GEGN ÚTVARPSTRUFLUNUM

128. gr.

Raforkuvirki mega ekki trufla útvarp

Raforkuvirki mega ekki valda tilfinnanlegum truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, og má ekki setja upp eða nota slík virki nema fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar til varnar truflunum frá þeim (sbr. eftirfarandi).

129. gr.

a) Raforkuvirki, svo sem raforkuveitur, raflagnir og rafmagnsbúnaður, skulu ávallt vera í góðu standi, svo þau eigi vegna bilana eða vanhirðu valdi verulegum truflunum á viðtöku útvarps.

Raftæki, sem deyfa skal

b) Raftæki og aðrir hlutar raforkuvirkja, sem geta valdið verulegum truflunum, svo sem t. d. ýmsir rafhreyflar, rafalar, lyftur, ryksugur, bónvélar, þvottavélar, loftdælur, hárþurrkunartæki, rafmagnshárklippur, kælitæki, ljósaauglýsingatæki og önnur sjálfvirk tæki, er í sífellu kveikja og slökkva á ljósum, hitastillar og hitatæki með hitastilli í (svo sem hitakoddar, sumar tegundir strokjárna, olíumiðstöðvar o. fl.), ozontæki, reykeyðarar, hleðslutæki, afriðlar, logsuðutæki, bogaljós, lækningatæki (svo sem teslatæki, röntgentæki o. fl.) og yfirleitt öll tæki, þar sem neistar geta myndazt og truflandi raföldur kviknað á annan hátt og borizt út eftir raftaugum, símalínum eða þvíl., eða beint gegnum loftið, með svo miklum styrk, að þær valdi óþægindum hjá öðrum, skulu hafa sérstakan útbúnað, deyfingarvirki, er deyfi truflanir frá þeim, og hindri þær í að berast út, að svo miklu leyti sem rafmagnseftirlitið telur fullnægjandi (sbr. c-lið 131. gr.).

Undanþága frá deyfingu

c) Þar sem er sérstaklega örðugt eða kostnaðarsamt að deyfa truflanir getur rafmagnseftirlitið veitt undanþágu frá því, að deyfing fari fram, með því að setja ákveðinn afnotatíma fyrir raforkuvirkið eða raftækið, og má þá eigi nota það utan hans.

130. gr.

Deyfingarvirki

Deyfingarvirki, sem sett eru við raforkuvirki, teljast til raforkuvirkja og hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar sem önnur raforkuvirki, að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega ákveðið í reglugerðinni.

131. gr.

Ákvæðin gilda einnig um eldri virki

a) Ákvæði þessarar reglugerðar um varnir gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta gilda einnig um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, þegar reglugerðin gengur í gildi.

b) Eiganda raforkuvirkis, sem veldur tilfinnanlegum truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, er skylt að láta þegar í stað deyfa truflanir þess á sinn kostnað.

61
14. júní

c) Tilfinnanlegar teljast þær truflanir, sem spillt geta viðtöku útvarps frá útvarpsstöð Ríkisútvarpsins, svo og þær, er hindra opinberar og aðrar mikilsvarðandi stofnanir í að taka við skeytum eða fréttum frá innlendum eða erlendum stöðvum.

Tilfinnanlegar truflanir, skilgreining

d) Nú veldur raforkuvirki eða hluti þess truflunum á viðtöku útvarps eða loftskeyta, þótt ekki séu þær svo miklar að tilfinnanlegar teljist samkv. c-lið, og eigandi viðtækis, er fyrir truflunum verður, æskir að mega láta deyfa þær, þá skal eigandi raforkuvirkisins skyldur að leyfa að það verði gert, enda sé það gert honum að kostnaðarlausu og valdi ekki skemmdum á virkjum hans eða spilli nothæfi þeirra.

Deyfing á kostnað útvarpsnotanda

III. KAFLI

Um innflutning, sölu og afhendingu raforkuvirkja og hluta raforkuvirkja.

A. ALMENN ÁKVÆÐI

132. gr.

a) Hér eftir má ekki flytja inn í landið önnur raforkuvirki eða hluta raforkuvirkja en þau, sem fullnægja skilyrðum þessarar reglugerðar um gerð og frágang, nema leyfi rafmagnseftirlitsins komi til. Skal hver sá, er flytur inn raforkuvirki, sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, sækja til rafmagnseftirlitsins um viðurkenningu þess, að þau fullnægi skilyrðum hennar, eða um leyfi til innflutnings á þeim.

Viðurkenning raforkuvirkja

Innflutningsleyfi

Rafmagnseftirlitið setur nánari reglur um viðurkenningarbeiðnir, leyfisbeiðnir, leyfisskilyrði o. þvl.

b) Rafmagnseftirlitið getur krafizt þess, að rafvirkjar og aðrir, er verzla með raftæki eða efni til raforkuvirkja, láti því í té skýrslu um þær vörubirgðir af raforkuvirkjum, sem fyrir hendi eru hjá þeim, þegar reglugerðin gengur í gildi, og falla undir ákvæði hennar.

Skýrsla um vörubirgðir

133. gr.

Rafmagnseftirlitið getur krafizt þess, að því séu send til prófunar sýnishorn af þeim raftækjum og hlutum raforkuvirkja eða efni í þau, er innflutt eru eða eru í vörubirgðum þeirra, er verzla með þau, ef þau falla undir ákvæði reglugerðar þessarar.

Sýnishorn Prófun

Rafmagnseftirlitið ber enga ábyrgð á skemmdum þeirra sýnishorna, er eigi standast prófun og er ekki skylt að endursenda sýnishorn að lokinni prófun, nema þess sé sérstaklega óskað og eigandi þess greiði kostnað af sendingu þess.

Ef um hluti er að ræða, sem erfitt eða kostnaðarsamt er að senda, þarf eigi að senda þá, en rafmagnseftirlitinu er heimill aðgangur að þeim, til prófunar.

61
14. júní

B. RÁÐSTAFANIR GEGN ÚTVARPSTRUFLUNUM

134. gr.

Innflutningur truflandi tækja

Hér eftir má ekki flytja til landsins né selja eða afhenda innanlands raftæki eða hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja ákvæðum b-liðs 129. gr., nema sérstakt leyfi rafmagnseftirlitsins komi til.

135. gr.

Leyfi til innflutnings eða til sölu og afhendingar innanlands skv. 134. gr. getur rafmagnseftirlitið veitt, ef sérstaklega örðugt eða kostnaðarsamt er að deyfa truflanir virkisins (sbr. 129. gr. c.) eða aðrar sérstakar ástæður eru til þess, að dómi þess, enda sé leyfið bundið þeim skilyrðum, er rafmagnseftirlitið telur fullnægjandi til varnar því, að raforkuvirkið valdi tilfinnanlegum truflunum á viðtöku útvarps eða loftskeyta.

IV. KAFLI

Um löggildingu rafvirkja.

136. gr.

Löggilding

a) Ekki mega aðrir takast á hendur neinskonar rafvirkjun á eigin ábyrgð en þeir, er sakir kunnáttu sinnar og verklegrar reynslu eru hæfir til þess, og hafa til þess hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins.

b) Á þeim stöðum þar sem engin raforkuveita eða almenn raforkuvirki með hærri spennu en 24 voltum eru fyrir hendi, er þeim, er eigi hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlitsins, heimilt að setja upp og viðhalda eftirtöldum virkjum til eigin afnota:

1. Almenn raforkuvirki með 24 volta spennu eða lægri.
2. Útvarpsviðtæki fyrir þurrar rafhlöður allt að 150 volta spennu.
3. Loftnet fyrir útvarpstæki.

137. gr.

Löggilding til rafvirkjastarfs er þrennskonar:

1. Löggilding rafvirkja við lágspennuveitur.
2. Löggilding rafvirkja við háspennuveitur.
3. Löggilding rafvirkja við sérstæð raforkuvirki. Þá löggildingu getur rafmagnseftirlitið bundið við ákveðna tegund eða ákveðnar tegundir sérstæðra raforkuvirkja.

138. gr.

Löggildingarskilyrði við lágspennuveitur

Sá er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við lágspennuveitur verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild verkfræðaháskóla, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík,

þegar hún hefir tekið til starfa, enda hafi hann hlotið skírteini um að hafa unnið 3 ár hjá rafvirkjameistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum, eða frá öðrum skóla, er rafmagnseftirlitið tekur gildan og eigi krefst minni kunnáttu né verklegrar reynslu í rafvirkjun, — og hafa að minnsta kosti eins árs verklega reynslu að auki, eða

3. hafa sveinsbréf í raflagnavirkjun eða rafvélavirkjun og auk þess í fjögur ár að minnsta kosti unnið við rafvirkjun hjá hæfum rafvirkjameistara við góðan orðstír, enda gangi hann undir próf, sem rafmagnseftirlitið lætur halda um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild.

139 .gr.

Löggildingarskilyrði við háspennuveitur

Sá er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við háspennuveitur verður að:

1. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. lið 138. greinar, enda hafi hann auk þess að minnsta kosti 6 mánaða verklega reynslu við háspennuvirki, eða
2. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. lið 138. greinar enda hafi hann auk þess að minnsta kosti eins árs reynslu við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans um háspennuvirki, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild. Eða
3. hafa fengið sveinsbréf í rafvélavirkjun, enda hafi hann að prófefni haft verk við háspennuvirki, og hafa auk þess unnið að minnsta kosti í 4 ár við raflagnavirkjun og rafvélavirkjun við góðan orðstír. Af þeim tíma hafi hann verið eigi skemur en 2 ár við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, er það tekur gild.

140. gr.

Löggildingarskilyrði við sérstæð raforkuvirki

Sá er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við sérstæð raforkuvirki svo sem útvarpsvirki o. s. frv., verður að fullnægja þeim skilyrðum, sem rafmagnseftirlitið krefst við hverja tegund virkja samkv. nánari reglum, er það setur.

141. gr.

Umsókn um löggildingu

Umsókn um löggildingu skal send rafmagnseftirlitinu. Skal í umsókninni getið:

a) Nafns og heimilis umsækjanda.
b) Hvort umsækjandi óski löggildingu við lágspennuvirki, háspennuvirki eða við sérstæð raforkuvirki. Fylgja skal:
c) fæðingarvottorð og skírteini fyrir því, að umsækjandi fullnægi skilyrðum 138.—140. gr.

142. gr.

Leyfisbréf

Öðlist umsækjandi löggildingu, veitir rafmagnseftirlitið honum leyfisbréf sem löggiltum rafvirkja,

a) við lágspennuvirki, og veitir það honum aðeins rétt til að taka að sér rafvirkjun við lágspennuvirki, eða

61 14. júní

b) við háspennuvirki, og veitir það honum rétt til að takast á hendur rafvirkjun á eigin ábyrgð, hvort heldur er við lágspennu- eða háspennuvirki, eða

c) við sérstæð virki, og veitir það honum rétt til að takast á hendur rafvirkjun á eigin ábyrgð við þau virki, er greind eru í leyfisbréfinu.

143. gr.

Réttindi löggiltra rafvirkja

a) Löggildingin veitir rétt til að takast á hendur á eigin ábyrgð rafvirkjun við þau virki hvar sem er á landinu, enda uppfylli rafvirki jafnframt þau skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða með ákvæðum laga um iðju og iðnað.

Löggildingin veitir þó ekki rétt til að taka að sér rafvirkjun á þeim stöðum, þar sem héraðsstjórn eða rafveitustjórn setur sérstök löggildingarskilyrði í reglugerð, er ráðherra staðfestir, sbr. vatnalögin og lög nr. 83, 23. júní 1932, um raforkuvirki, nema rafvirki uppfylli jafnframt þau skilyrði og hafi hlotið löggildingu á þeim stað.

b) Ekki mega héraðsstjórn eða rafveitustjórn leyfa öðrum að annast rafvirkjun innan takmarka orkuveitunnar en þeim, sem hafa löggildingu rafmagnseftirlitsins, né heldur setja kröfuminni löggildingarskilyrði en þau, er rafmagnseftirlitið setur.

144. gr.

Ábyrgð löggiltra rafvirkja

Löggiltur rafvirki ber ábyrgð á að þau verk, er hann tekst á hendur, séu vel af hendi leyst og fullnægi í öllu þeim kröfum, sem gerðar eru í gildandi lögum, reglugerðum og reglum um raforkuvirki á hverjum tíma. Honum er skylt að þekkja þau lög og reglugerðir og fylgja þeim í hvívetna, svo og að hlíta öðrum fyrirmælum rafmagnseftirlitsins um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja (sbr. 149. gr.). Hann ber ábyrgð á hæfni og vandvirkni aðstoðarmanna sinna.

145. gr.

Svifting og ógilding löggildingar

Rafmagnseftirlitinu er ávallt heimilt að rannsaka, hvernig rafvirki leysir af hendi þau verk, er hann hefir fengið í hendur. Ef svo reynist, að rafvirki leysir eigi verk sín svo vel af hendi, að viðunandi sé, getur rafmagnseftirlitið kært hann til sekta og svift hann löggildingu um lengri eða skemmri tíma, þó ekki lengur en 3 mánuði. Ef rafvirki gerist hvað eftir annað sekur um vanrækslu á þeim skyldum sínum, er hann hefir undirgengist við löggildingu eða um verulega vanrækslu er að ræða, þá getur rafmagnseftirlitið ógilt löggildingu hans fyrir fullt og allt.

146. gr.

Um löggildingu rafvirkja gilda ennfremur þessi undanþágu- og bráðabirgðaákvæði:

Undanþágur frá löggildingarskilyrðum

a) Heimilt er rafmagnseftirlitinu að veita undanþágur frá:

1. Skilyrðum 138. gr.; þeim, sem ekki hefir rafvirkjasveinsbréf en hefir unnið að rafvirkjun í 8 ár eða lengur við góðan orðstír, enda gangi hann undir próf, sem rafmagnseftirlitið lætur halda um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild.

2. Skilyrðum 139. greinar; þeim, er hefir fengið sveinsbréf í raflagnavirkjun eða rafvélavirkjun og auk þess unnið að minnsta kosti í 6 ár við rafvirkjun við góðan orðstír eða ekki gengið undir sveinspróf, en unnið í 10 ár að minnsta kosti við rafvirkjun við góðan orðstír, — enda hafi hann af þeim tíma unnið eigi skemur en 1 ár við rafvélavirkjun og eigi skemur en 2 ár við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, er það tekur gild. **61** 14. júní

b) Heimilt er rafmagnseftirlitinu enn fremur að gera eftirfarandi bráðabirgðaráðstafanir, ef sérstök ástæða er til: **Bráðabirgðaleyfi til rafvirkjunar**

1. að leyfa, að sá eða þeir, er ekki uppfylla skilyrði til löggildingar sem rafvirkjar við lágspennuvirki megi annast rafvirkjun við lágspennuvirki við tiltekna orkuveitu, sem fyrir hendi er þegar þessi reglugerð gengur í gildi, og við nýja orkuveitu ef hún er eigi stærri en 20 kw. og tekur eigi yfir nema 10 húsveitur eða færri. Leyfið getur rafmagnseftirlitið takmarkað þannig, að það veiti aðeins rétt til að annast viðhald, viðgerðir og minni háttar breytingar á raflögn en eigi rétt til nývirkjunar. Og
2. að leyfa, að sá eða þeir, er ekki uppfylla skilyrði til löggildingar sem rafvirkjar við háspennuvirki, megi annast viðhald, viðgerðir og minni háttar breytingar á háspennuvirkjum við tilekna orkuveitu. Og
3. að leyfa, að sá eða þeir, er ekki uppfylla venjuleg skilyrði til löggildingar við sérstæð raforkuvirki, megi annast viðhald og viðgerðir í tilteknu héraði.

Sá, er fær leyfi samkv. þessum (b) lið 1., 2. og 3. til rafvirkjastarfa, skal hljóta leyfisbréf, er rafmagnseftirlitið gefur út til eins árs eða skemmri tíma í senn, og getur rafmagnseftirlitið tekið leyfið af leyfishafa hvenær sem er, ef hæfni hans og vandvirkni reynast ófullnægjandi að dómi þess.

V. KAFLI

Um sektir, undanþágur o. fl.

147. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum allt að 1000 krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. **Sektir**

Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara sem almenn lögreglumál.

148. gr.

a) Rafmagnseftirlitinu er heimilt að setja ítarlegri reglur um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, er falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, til nánari skilgreiningar á ákvæðum reglugerðarinnar um þau. **Ítarlegri reglur**

b) Rafmagnseftirlitinu er heimilt að veita leyfi til að víkja frá reglum II. kafla um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi og á annan fullnægjandi hátt er tryggt öryggi gegn hættu og tjóni að dómi þess. **Undanþágur frá reglum**

61 14. júní

149. gr.

a) Reglum þeim, er rafmagnseftirlitið setur samkv. 148. gr. a, og fyrirmælum þess samkv. ákvæðum þessarar reglugerðar, er öllum hlutaðeigendum skylt að hlíta og liggur sama refsing við, ef út af er brugðið, sem við broti gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

Heimild að skjóta undir úrskurð ráðherra

b) Fyrirmælum rafmagnseftirlitsins getur hlutaðeigandi innan þriggja mánaða skotið undir úrskurð ráðherra. Þó er honum skylt að hlíta fyrirmælum rafmagnseftirlitsins til bráðabirgða, þar til úrskurður ráðherra er fallinn.

150. gr.

Með reglugerð þessari eru eftirtaldar reglugerðir úr gildi felldar:

Reglugerð 13. maí 1930 um loftnet fyrir útvarpstæki. Reglugerð 13. maí 1930 um varnir gegn útvarpstruflunum. Reglugerð 8. október 1930 um breyting á reglugerð 13. maí 1930 um loftnet fyrir útvarpstæki. Reglugerð 8. október 1930 um breyting á reglugerð 13. maí 1930 um varnir gegn útvarpstruflunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

61

EFNISYFIRLIT

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.
(1.—5. gr.).
B. Um tilkynningu raforkuvirkja.
(6.—9. gr.).
C. Um eftirlit með raforkuvirkjum.
(10.—14. gr.).

II. KAFLI

Reglur um gerð, tilhögun og starfrækslu raforkuvirkja.

A. Lágspennuvirki.

I. Raflagnir.

a. Almennar reglur:

1. Almenn ákvæði (15.—16. gr.).
2. Greining raflagna (17.—18. gr.).
3. Gildleiki raftauga (19.—21. gr.).
4. Tegundir raftauga (22.—26. gr.).
5. Lagning raftauga (27.—34. gr.).
6. Hlífar raftauga (35. gr.).
7. Gegntök um veggi, loft, útveggi, o. þk. (36. gr.).
8. Spjöld (37. gr.).
9. Búnaður raflagna (38.—45. gr.).
10. Neyzlutæki (46.—54. gr.).
11. Núlltaugar og grunntengdar taugar. — Grunntenging (55.—57. gr.).

b. Sérstakar raflagnir: 61
1. Raflagning utanhúss (58.—59. gr.).
2. Raflagning í stöðvarrúmum (60.—63. gr.).
3. Raflagning á rökum stöðum (64.—68. gr.).
4. Raflagning þar sem brunahætta er (69. gr.).
5. Raflagning í leikhúsum, kvikmyndahúsum o. þk. (70. gr.).
c. Bráðabirgðaraflagnir
(71.—73. gr.).
II. Loftlínur.
1. Lega loftlína (74. gr.).
2. Gerð og útreikningur lofttauga (75.—76. gr.).
3. Stengur og stangabúnaður (77.—80. gr.).
4. Lagning lofttauga (81. gr.).
5. Vör í lofttaugum (82. gr.).
6. Um grunntengingu o. fl. (83. gr.).
7. Um þveranir lofttauga (84.—87.).
8. Um lágspennulofttaugar, er liggja meðfram vegum, símalínum eða öðrum loftlínum (88.—90. gr.).
9. Um varúðarráðstafanir við þveranir o. fl. (91.—95. gr.).
10. Um þverun lágspennutauga og háspennutauga (96. gr.).
III. Jarðstrengir
(97. gr.).
IV. Raforkuvirki með 24 volta spennu eða lægri
(98.—99. gr.).
B. Háspennuvirki.
(100.—102. gr.).
C. Sérstæð raforkuvirki.
I. Almenn ákvæði
(103.—110. gr.).
II. Loftnet fyrir útvarpstæki
(111.—127. gr.).
D. Um varnir gegn útvarpstruflunum.
(128.—131. gr.).

III. KAFLI

Um innflutning, sölu og afhending raforkuvirkja eða hluta raforkuvirkja.

A. Almenn ákvæði.
(132.—133. gr.).
B. Ráðstafanir gegn útvarpstruflunum.
(134.—135. gr.).

IV. KAFLI

Um löggildingu rafvirkja.
(136.—146. gr.).

V. KAFLI

Um sektir, undanþágur o. fl.
(147.—149. gr.).

61

ORÐASKRÁ
við reglur um raforkuvirki.
Þýðingar á þýzku og dönsku.

aðtaugar: Zuleitungen; Tilledninger.
afstöðuteikning: Dispositionstegning.
afstöðuuppdráttur: Lageplan; Situationsplan.
biklakk: Asphaltlack; Asphaltlak.
bóla: Loft-Rosette; Baldakin.
búnaður raflagna: elektr. Leitungsarmatur; Installations-Montagegenstande.
búnaður: Armatur; Armatur.
einfasa: einphasig, Einphasen-; eenfaset, Eenfase-.
fallmynd: retvinklet Projektionsbillede.
falltraustur: bruchsicher; brudsikker.
fas: Phase; Fase.
gegntak: Durchfürung; Gennemföring.
grein: Gruppe; Gruppe.
greining: Gruppierung, Verteilung; Fordeling.
greinispjald: Verteilungstafel; Fordelingstavle.
greinspjald: Gruppenverteilungstafel; Gruppefordelingstavle.
greintaug: Gruppeleitung; Gruppeledning.
gripgrind: Schutzrahmen, -bügel; Fangramme.
gripsveigur: Schutzbügel, Erdungsbügel; Fangböjle.
grunnpóll: Erdungskontakt; Jordkontakt.
grunnskaut: Erder; Jordelektrode.
grunnskautsvír: (Jord-)Elektrodeledning.
grunntaug: Erdungsleitung; Jordledning.
harðgúm: vulkanisiertes Gummi, Kautschuk; vulkaniseret Gummi.
háspennuvirki: Hochspannungsanlage; Höjspændingsanlæg.
heimtaug: Hausanschluss (-leitung); Stikledning.
hengiltaug: Pendelschnur; Pendelledning.
hjálmvala: Kellerisolator, Mantelrolle; Drypknap.
hliftaug: Schutzleitung; Beskyttelsestraad.
hólkskeyti: Schraubhülse; Bösningskontakt.
hreyfill: Motor; Motor.
húsveita, húslögn: Hausinstallation; Husinstallation.
hverfistraumur: Drehstrom; Trefaseström, Drejeström.
inntaug (lampa): Fassungsader; Monteringsledning.
inntaug (úr loftneti): (Antennen)-Ableitung; (Antenne-) Nedföring.
inntak (í hús): Einführung; Indföring.
járnvar: Eisenbewehrung; Jernarmering.
klemma: Klemme; Klemme.
klemmulögn: Klemmeninstallation; Installation paa Klemmer.
kúpa: Rosette; Roset.
kvísl: Wohnungsanschluss; Afgrening fra Stigeledning.
lagning: Installierung; Installering.
lampahalda: Lampenfassung; Lampeholder.
lausastrengur: Leitung zum Anschluss ortsveränderlicher Stromverbraucher (Gummiaderschnüre); Transportabel Ledning.
lausataug: ortsveränderliche Geräteanschlussleitung; transportabel Ledning.
lágspennuvirki: Niederspannungsanlage; Lavspændingsanlæg.
leiðinn: leitend, leit(ungs)fähig; ledende.
leiðni: Leitfähigkeit; Ledningsevne.
lengitengill: Kupplungssteckdose und -stecker; Forlængelsesled med Stikprop.
málraun: Nennleistung; Mærkeeffekt.
málspenna: Nennspannung; Mærkespænding.
málstraumur: Nennstrom (normal Belastungsstrom); Mærkeström.
mestastraumrofi: (Maximal-)Überstromschalter; Maximal(ström)afbryder.
neyzlutæki: Gebrauchsgegenstand, Gerät; Brugsgenstand.
neyzluveita: Verbraucher-Leitungsanlage; Installationsanlæg.
núlltaug: Nulleiter; Nulledning.
orkuver: Kraftwerk; Kraftstation.
píputaug: Rohrdraht; Rörtraad.
póll: Pol; Pol.
rafall: Generator; Generator (Dynamo).
rafalda: elektrische Welle; elektrisk Bölge.
rafgeymir: Akkumulator, -enbatteri, Sammler; Akkumulator, -batteri.
rafhlaða, þur-: Trocken-batteri; Törelement, Törbatteri.
raflögn: el. Installation; el. Installation.

raflagning: el. Installierung; el. Installering.
raflagnavirki: el. Installateur; el. Installatör.
raforka: el. Energie; el. Engergi.
raforkuvirki: el. Anlage; el. Anlæg.
raforkuveita: el. Verteilungsanlage, Verteilungsnetz; el. Ledningsnet, Fordelingsnet.
raforkuver: Kraftwerk; el. Kraftstation.
raftaug: el. Leitung; el. Ledning.
raftæki: el. Gerät; el. Apparat.
rafveita: Elektrizitätswerk, el. Verteilungsanlage; Elektricitsværk.
rafvirki: el. Installateur; el. Installatör.
rafvél: el. Maschine; el. Maskine.
rafvélavirki: el. Monteur; el. Montör.
rakspenna: Gleichspannung; Jævnspænding.
rakstraumur: Gleichstrom; Jævnström Ligeström.
raun, áraun: Belastung; Belastning.
rekstursspenna: Betriebsspannung; Driftspænding.
rekstursstraumur: Betriebsstrom; Driftsström.
rið: Periode; Periode.
riðstraumur: Wechselstrom; Vekselström.
riðspenna: Wechselspannung; Vekselspænding.
riðill: Umformer; Omformer.
rofi: Ausschalter, Schalter; Afbryder.
ræsir: Anlasser; Igangsætter.
setning: Montage; Montage.
skammhlaup: Kurzschluss; Kortslutning.
skaut: Elektrode; Elektrode.
skeyti: Verbindung; Forbindelse.
skreppur: elastisch; elastisk.
snúður: Läufer, Anker; Rotor, Anker.
snúðræsir: Läuferanlasser; Igangsætter i Rotorkreds.
snerta: Kontakt (Druck-, Schleif-, Roll-, Wälz-); Kontakt.
snerturöð, snertubraut: Kontaktbahn; Kontaktbane.
spennistöð: Transformatorstation, Umspannstation; Transformatorstation.
spennir: Transformator, Umspanner; Transformator.
spennuhafa: spannungsführend; spændingsförende.
spennumiðja: (Spannungs-)Nullpunkt; (Spændings-)Nullpunkt. **61**
spjald: Tafel; Tavle.
stangabúnaður: Masten-Kopfausrüstung; Mastetilbehör.
stofn, stofntaugar: Steigleitung; Stigeledning.
stofnvar: Hauptsicherung; Hovedsikring.
stöng: Mast; (Lednings-)Mast.
straumfara: stromführend; strömförende.
straumtegund: Stromsystem; Strömsystem.
stúka: Hülse, Büchse; Bösning.
tappavar: Patronensicherung; Propsikring.
taug: Leitung; Ledning.
tengill: Steckkontakt (Dose und Stecker); Stikkontakt.
tengilfalur: Steckdose; Stikkontaktdaase.
tengilkvísl: Stecker; Stikprop.
tengiltindur: Steckerstift; Kontaktstift.
tengilstúka: Steckkontant-Hülse; Kontaktbösning.
tengimynd: Schaltplan, Schaltungsschema; Ledningsskema.
tengistöð: Schaltstation, Kupplungsstation; Koblingsstation, Fordelingsstation.
tengsl: Kupplung; Kobling.
tíðni: Frequenz; Frekvens.
tviklukkueinangrari: Glockenisolator; Klokkeisolator.
tæki: Gerät; Apparat.
vaf: Wicklung; Vikling.
vala: (Isolier-) Rolle; Knap.
var: Sicherung; Sikring.
vartappi: Sicherungspatron; Sikringsprop.
veitivirki: Verteilungsanlage; Fordelingsanlæg.
veitukerfi: Verteilungsnetz; Ledningsnet.
viðtenging: Anschluss; Tilslutning, Forbindelse.
yfirlitsmynd: Übersichtsplan; Oversigtsplan.
yfirlitsuppdráttur: Übersichtskarte, -plan; Oversigtsplan.
þverun: Kreuzung; Krydsning.
þverunarhorn: Kreuzungs-Winkel; Krydsningsvinkel.

62
14. júní

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit ríkisins með raforkuvirkjum.

1. gr.

Eigandi raforkuvers skal greiða rafmagnseftirliti ríkisins árlegt gjald af því að upphæð kr. 1.00 — ein króna — af hverju kílówatti í málraun rafala orkuversins.

Rafmagnseftirlitið getur þó, að fengnu samþykki ráðherra, leyft, að þær rafveitur til almenningsþarfa, er hafa meira afl en sem svarar 200 wöttum á hvern íbúa orkuveitusvæðis, greiði eigi af því afli, sem þar er fram yfir.

2. gr.

Fyrir skoðun á raforkuvirkjum, sem eftirlitsskyld eru og sett verða undir eftirlit samkv. 10. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 61 14. júní 1933, skulu eigendur virkjanna greiða rafmagnseftirliti ríkisins gjald, er reiknast eftir ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Gjald fyrir skoðun eftirlitsskyldra raforkuvirkja reiknast eftir stærð og tegund virkjanna þannig:

1. Háspennuvirki:
   a. Fyrir skoðun raforkuvers greiðist af hverju kw. í málraun rafala ..... kr. 0,30
   b. Fyrir skoðun raforkuveitu greiðist af hverjum km. loftlínu — 4,00
   og af hverri spenni- eða tengistöð ..... — 3,00
2. Lágspennuvirki:
   a. Rafveitur til almenningsþarfa:
   Fyrir skoðun orkuvers og veitukerfis þeirra greiði
   rafveita í kaupstað ..... — 100,00
   rafveita í kauptúni ..... — 50,00
   enda sé stærð rafala hennar meiri en 10 kw. alls, ella.... — 25,00
   b. Fyrir skoðun raflagna greiðist:
   stofngjald af hverri lögn (húsveitu) ..... — 5,00
   auk þess af fyrstu grein ..... — 3,00
   og af hverri grein, sem þar er fram yfir ..... — 1,00
3. Fyrir skoðun raforkuvirkja, sem ekki falla undir 1. a. eða b., né undir 2. a. eða b., greiðist rafmagnseftirlitinu kostnaður eftir reikningi þess.

Skoðun eftirlitsskyldra raforkuvirkja fer að jafnaði fram einu sinni á ári.

Fyrir endurskoðun, er fram fer að loknum þeim fresti, sem eiganda er settur til lúkningar fyrirskipaðra endurbóta á virkjunum, greiðist ekkert gjald.

Hafi eigendur eða umráðamenn virkjanna vanrækt að bæta á fullnægjandi

hátt úr þeim göllum á virkjunum, sem fram höfðu komið við fyrri skoðun, þá skal greiða fullt gjald fyrir hverja nýja skoðun, sem gera þarf á virkjunum vegna þeirrar vanrækslu. 62 14. júní

4. gr.

Kostnaður, er rafmagnseftirlitið hefir af sérstöku eftirliti með uppsetningu virkja, sbr. 9. og 11. gr. reglugerðar um raforkuvirki, greiðist því eftir reikningi þess.

5. gr.

Fast árgjald af raforkuveri greiðist fyrirfram fyrir ár hvert og er gjalddagi 2. janúar. Það má taka lögtaki.

Gjald fyrir skoðun og eftirlit greiðist, er skoðun hefir farið fram innan þess frests, er rafmagnseftirlitið setur. — Sé gjaldið eigi greitt á tilteknum tíma, getur rafmagnseftirlitið stöðvað rekstur virkjanna unz það er að fullu greitt.

6. gr.

Verði ágreiningur um reikninga rafmagnseftirlits ríkisins fyrir framkvæmd eftirlits með raforkuvirkjum, sker ráðherra úr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932, um raforkuvirki og reglugerð um raforkuvirki nr. 61 14. júní 1933 til að öðlast gildi 1. júlí 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

63 15. júní

um breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisreksturs á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Verði útvarpsgjöldin ekki greidd innan tveggja vikna frá því er þau falla í gjalddaga, er heimilt að taka þau lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

Heimilt er útvarpsstjóra hvenær sem er eftir 1. júní að gera ráðstafanir til

63 15. júní

þess að láta taka úr notkun og innsigla viðtæki þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsins þessara erinda, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um híbýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

64 20. júní

REGLUGERÐ

um veitingaskatt o. fl.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði á matvörum, drykkjarföngum og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölustöðum, kökubúðum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Skattskyldar eru einnig hvers konar tækifærisveitingar, hvort sem þær fara fram einstaka hátíðisdaga almennings, eða til félags, er félagar einir eiga aðgang að, eða til stofnana fyrir starfsfólk þeirra.

2. gr.

Undanþegið skatti þessum er:

1. veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða seldar,
2. fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 1,25,
3. mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á staðnum.

Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að veitingasalar sanni fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykja ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.

64

20. júní

3. gr.

Ef veitingasali selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengra tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú fjárhæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr.

Allir veitingasalar, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá dagsetningu reglugerðar þessarar. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hvers konar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi, hvar reksturinn eigi heimilisfang og hvar hann hafi veitingastaði. Enn fremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem hér eftir byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina, áður en hún hefst, og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er, eða breyti um starfshætti, eigendur, stjórnendur eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

5. gr.

Allir veitingasalar eru skyldir til að gefa út reikning með öllum veitingum, sem þeir láta af hendi, þar sem tilgreind er tegund neyzluvöru, söluverð hennar og veitingaskattur af söluverðinu. Reikningarnir skulu tvíritaðir í þar til gerðar frumbækur og eiga að hafa áframhaldandi tölusetningu. Annað eintak reikningsins fær neytandi, en hitt verður eftir fast í frumbókinni. Nú ónýtist reikningseyðublað, og skal þá skrifa um það athugasemd á eftirritið. Reikningarnir skulu færðir í sölubók, er hlutaðeigandi innheimtumaður veitingaskatts löggildi og skal færð eftir þessari fyrirmynd:

Númer frumreiknings.	Skattskylt. Kr. a.	Skattfrjálst. Kr. a.	Skattur. Kr. a.	Samtals. Kr. a.

Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs.

Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum, ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynning, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og skulu þeirri tilkynningu fylgja frumreikningsheftin fyrir tímabilið og önnur gögn til ákvörðunar skattinum. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitinga-

64 sala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta
20. júní lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn.

6. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgiskjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og enn fremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

7. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkvæmt 5. gr. ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar innheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattfjárhæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

8. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkvæmt 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt 4. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin, án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 4. gr. reglugerðar þessarar skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

9. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 5. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga. Innheimtumanni er og heimilt, er vanskil verða á greiðslu veitingaskatts, að banna veitingar og láta

lögregluna loka veitingastað og framfylgja banninu að öllu leyti, unz full skil eru gerð fyrir veitingaskatti. 64 20. júní

10. gr.

Öll brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sérstök refsing er ekki lögð við í greinunum hér á undan, varða sektum frá 100 til 1000 kr., og allt að 5000 kr. sektum, ef um ítrekun er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir, eftir því sem við verður komið, og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 7. gr.

11. gr.

Hegningarákvæðum reglugerðar þessarar ber að beita gegn eigöndum eða stjórnöndum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um veitingaskatt 19. júní 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 20. júní 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

65 22. júní **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóðinn „Samúð“ á Bíldudal, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóðinn Samúð í Bíldudal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóðurinn Samúð“ og er í fyrstunni stofnaður fyrir forgöngu Kvenfélagsins Framsókn í Bíldudal og er samkvæmt síðasta ársreikningi kr. 2496.41.

2. gr.

Sjóðurinn er eign hreppsbúa Suðurfjarðahrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, einn úr hjúkrunarfélaginu Samúð, einn úr kvenfélaginu Framsókn og einn úr hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, allir kosnir til þriggja ára þannig að einn maður gengur úr stjórninni á hverju vori. Í fyrsta og annað sinn eftir hlutvarpi. Eftir fyrstu kosningu fer þannig fram kosning á einum manni í stjórn á hverju ári. Menn þessir hafa á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald. Þeir annast um að hann sé á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Þeir gera og árlega grein fyrir reikningum sjóðsins gagnvart hjúkrunarfélaginu Samúð, kvenfélaginu Framsókn og hreppsbúum. Auk þessa annast þeir og allt það, er að hjálparstarfsemi sjóðsins lýtur (sbr. 4. og 5. gr.) í samráði við héraðslæknir, sem ákveður hvar og hverjum hjálpa skuli, ef ágreiningur verður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga og sjúkraheimili í Suðurfjarðarhreppi með hjálp og hjúkrun eða fjárframlögum.

5. gr.

Árlega má verja allt að ⅘ af vöxtum sjóðsins til styrktar fátækum sjúklingum, einum eða fleirum eða sjúkraheimilum innan Suðurfjarðahrepps. Skal það vera aðalregla að styrkja þá sjúklinga sérstaklega, sem ekki verða fluttir á sjúkrahús; þó hefir stjórn sjóðsins óbundnar hendur í þessu efni, aðeins að styrkur sá, er sjóðurinn kann að veita, komi að sem beztum notum.

6. gr.

Árlega skal leggja minnst ⅕ af vöxtum sjóðsins við höfuðstólinn auk þess það, sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum, t. d. gjöfum, tillögum félagsmanna o. fl.

7. gr.

Verði sú breyting á, að hjúkrunarfélagið Samúð og kvenfélagið Framsókn, annað eða bæði, leggi niður starf sitt, þá tekur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, að einu eða öllu leyti, stjórn sjóðsins og starfsemi í sínar hendur. 65 22. júní

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún nái ekki tilgangi sínum að fullu. Og því aðeins skulu breytingartillögur fá gildi, að þær hafi eindregið fylgi stjórnarinnar og séu samþykktar á hreppsfundi með ¾ atkvæða, að minnsta kosti. Ákvæðum 2. og 4. gr. má aldrei breyta.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Bíldudal, 18. apríl 1933.

Í stjórn Sjúkrasjóðsins Samúð

Guðrún Pálsdóttir. *Kristín Magnúsdóttir.* *S. Vagnsson.*

AUGLÝSING

66 3. júlí

um þátttöku Íslands í alþjóðasamþykktinni frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55, 23. júní 1932, um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, eru sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Alþjóðasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggið á sjónum gengur í gildi af Íslands hálfu þegar í stað.

2. gr.

Skylda sú, er hvílir á íslenzkum skipum til að hafa fengið skírteini þau, sem skipum er skylt að hafa samkvæmt nefndri alþjóðasamþykkt, kemur þó fyrst til framkvæmda, er hlutaðeigandi skip hefir verið skoðað hér á þessu ári, eða erlendis í umboði ríkisstjórnarinnar, sbr. heimild í 3. gr. laga nr. 55, 1932. Þó skulu öll íslenzk skip, er alþjóðasamþykktinni lúta, hafa fengið nefnd skírteini fyrir 1. janúar 1934.

Framkvæmd eftirlitsins skal byggð á fyrirmælum í alþjóðasamþykktinni.

Þetta tilkynnist hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

67
3. júlí

REGLUR

um stýrisfyrirkomulag á íslenzkum skipum.

Samkvæmt lögum nr. 56, 23. júní 1932, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

Frá þessum degi skulu stýrisfyrirskipanir á íslenzkum skipa, þ. e. skipanir til þess manns, sem stendur við stýrið, gefnar með orðunum „stjórnborða", „bakborða", eða „til stjórnborða", „til bakborða", eftir því sem við á.

Þegar stýrisfyrirskipunin „stjórnborða" eða „til stjórnborða" er gefin, er með því ætlast til að stýrisblaðinu og stýrishjólinu sé snúið til stjórnborða, og gagnkvæmt þegar stýrisfyrirskipunin „bakborða" eða „til bakborða" er gefin.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

68
3. júlí

AUGLÝSING

um neyðarmerki skipa í sjávarháska.

Samkvæmt lögum nr. 56, 23. júní 1932, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Þegar skip er í háska og æskir hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skal það viðhafa eða sýna eftirfarandi merki, annaðhvort öll í einu eða hvert út af fyrir sig.

Á daginn:

1. Fallbyssuskot eða önnur hvell-merki með hér um bil einnar mínútu millibili.
2. Neyðarmerki það, sem táknað er í hinum alþjóðlegu merkjareglum.
3. Fjarlægðarmerki, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu, fyrir ofan eða neðan fánann.
4. Notkun þokubendingartækis í sífellu.
5. Alþjóða neyðarmerki, með firðriti eða firðtali, eða hverskonar annari aðferð til að gefa fjarlægðarmerki.

Á nóttu:

1. Fallbyssuskot eða önnur hvell-merki, með hér um bil einnar mínútu millibili.
2. Bál á skipinu (t. d. frá brennandi tjörutunnu, olíutunnu o. s. frv.).
3. Eldflugur eða sprengikúlur, sem skotið er með stuttu millibili, einni og einni í einu, og strá út neistum með hverskonar lit og hætti sem er.
4. Notkun þokubendingartækis í sífellu.
5. Alþjóða neyðarmerki, með firðriti eða firðtali, eða hverskonar annari aðferð til að gefa fjarlægðarmerki.

Hin áður nefndu firðritunar eða firðtals neyðarmerki skulu byrjuð með alþjóða-firðritunar kallmerkinu, verði því við komið.

68
3. júlí

2. gr.

Bannað er að nota áðurgreind merki samkvæmt 1. gr. nema í þeim tilgangi, að tilkynna að skip sé í háska statt, ennfremur er bannað að viðhafa önnur merki, sem hægt er að blanda saman við nokkur af áðurnefndum merkjum.

Þau firðritunar- og firðtals-neyðarmerki, ásamt firðritunar-kallmerki því sem nefnd eru í 1. gr., má aðeins nota á skipum sem eru í alvarlegri og yfirvofandi hættu og þarfnast bráðrar hjálpar. Alltaf þegar annars þarf hjálpar við, eða ef skip vill gera vart við, að að því geti rekið, að nauðsynlegt verði síðar að gefa köllunar- eða neyðarmerki, skal nota alþjóða-skipreikamerki það, sem um er getið í 6. gr. hér á eftir.

3. gr.

Sendihraði tilkynninga í firðriti um neyð, skipreika eða öryggi, má ekki fara fram úr 16 orðum á mínútu.

4. gr.

Alþjóða-neyðarmerkið eftir alþjóða-merkjakerfinu er gefið með merkiveifunum N. C.

Alþjóða neyðarmerki sent með firðritun er . . . — — — . . .

Alþjóða-neyðarmerki sent með firðtali er orðið „M A Y D A Y“.

5. gr.

Alþjóða firðritunar-kallmerkið er röð af 12 strikum, sem send eru á einni mínútu, og varir hvert strik 4 sekúndur, en bilið milli hverra tveggja strika í eina sekúndu.

Þetta sérstaka kallmerki er aðeins til að gera vart við sig þar, sem áhöld eru sem taka móti slíkum merkjum, og skal merkið eingöngu notað í þeim tilgangi að tilkynna, að neyðarmerki komi á eftir.

6. gr.

Alþjóða-firðritunar-skipreikamerkið eru stafirnir X X X sent með Morsemerkjum, þannig að bókstafirnir séu greinilega aðgreindir.

68 3. júlí

7. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

69 3. júlí

AUGLÝSING

um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 56, 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, eru sett eftirfarandi fyrirmæli.

I. KAFLI

Um ís, skipsflök og annað, sem siglingahætta getur stafað af.

1. gr.

Sérhver skipstjóri á skipi, sem fengið hefir tilkynningu um ís, sem er á reki og hættulegur getur orðið skipinu á siglingaleið þess, skal láta skipið fara með hægri ferð meðan dimmt er af nóttu, eða breyta um siglingaleið, svo að skipið fari algerlega utan við hættusvæðið.

2. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem hittir ís, skipsflök, stórviði eða annað, sem hætta stafar af fyrir sjófarendur, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefir til umráða tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi yfirvöldum á næsta stað í landi, sem til næst.

Tilkynningar þessar skulu sendar annað hvort á mæltu máli (helzt á ensku) eða þá með því að nota alþjóða-merkjakerfið.

3. gr.

Þegar tilkynningar eru sendar sem loftskeyti, skulu þær sendar „til allra stöðva“ (C Q).

Loftskeyti þessi skulu hefjast með öryggismerkinu (TTT) og síðan tilgreint, hverrar tegundar hættan sé, svo sem til dæmis: TTT ís, TTT skipsflak, TTT sigling, og skal skeytum þessum að öðru hagað eins og greint er í meðfylgjandi viðauka.

4. gr.

Loftskeytastöðvar á Íslandi, sem meðtekið hafa frá skipi úti á rúmsjó tilkynningu um siglingahættur, er taldar eru í 2. og 3. gr. skulu senda þær án kostnaðar fyrir skipið símleiðis til veðurstofunnar í Reykjavík, ef um ís- eða stormfrétt er að ræða, en til vitamálaskrifstofunnar í Reykjavík, ef um skipsflak eða annað rekald er að ræða, en þessar stofnanir sjá um frekari birtingu fregnanna.

Sömuleiðis skulu íslenzkar landssímastöðvar afgreiða símleiðis án kostnaðar fyrir sendanda tilkynningar til veðurstofunnar eða vitamálaskrifstofunnar frá íslenzkum eða erlendum skipstjórum um áður taldar siglingahættur.

5. gr.

Þau útgerðarfélög, sem hafa íslenzk skip í áætlunarferðum yfir Atlanzhafið skulu tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gerir ráðstafanir til að slíkar tilkynningar verði birtar.

Þeir útgerðarmenn er hafa skip í förum og leið þeirra liggur um eða í námunda við fiskigrunn Nýfundnalands skulu benda skipstjórum sínum á það, að reyna að komast hjá því á vertíðinni, að fara norðar en 43° n. br. og forðast þau svæði, sem vitað er um eða ætla má að hætta stafi af vegna íss.

II. KAFLI

Veðurathuganir.

6. gr.

Veðurstofan í Reykjavík sér um, að veðurfregnir séu daglega sendar út með loftskeytum og útvarpi. Í veðurfregnum þessum er skýrt frá því, hvernig veðrið er þá víðsvegar á Íslandi, og hverjar veðurhorfur eru framundan.

Sérhver skipstjóri, sem gerir veðurathuganir að fyrirlagi veðurstofunnar á ákveðnum tíma, skal sjá um, að þær séu sendar út sem loftskeyti, svo að önnur skip og veðurstofur geti haft þeirra not.

7. gr.

Sérhver skipstjóri á að tilkynna skipum í námunda við sig, ef veðurhæðin hjá honum er 10 eða þar yfir á Beauforts vindstiga.

8. gr.

Til þess að allar stöðvar sem þess óska geti tekið veðurfregnir, sem sendar eru „til allra stöðva“ (CQ) eða útvarpað frá veðurstofunni, mega engar skipastöðvar senda loftskeyti, eða viðhafa þráðlaust tal, meðan á sendingu veður-

69 fregnanna stendur, ef nokkur hætta er á því, að það trufli móttöku veðurfregn-
3. júlí anna.

Þær veðurathuganir, sem sendar eru frá skipum til veðurstofu, skulu fluttar með þeim forgangsrétti, sem getur um í 3. gr. í viðbótarreglugerð alþjóðaloftskeytasamþykktarinnar.

III. KAFLI

Skylda til að veita þeim hjálp, sem í neyð eru staddir á hafinu.

9. gr.

Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa þeim, sem hann hittir á hafinu og í neyð eru staddir, eða þeim sem beðið hefir um hjálp, eins fljótt og unnt er, sé hann þess megnugur, og ef sérstakar ástæður eru ekki fyrir hendi, þar sem ætla megi að beiðnin sé óréttmæt eða ónauðsynleg, ef hann getur hjálpað án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn og farþegum í verulega hættu.

10. gr.

Skipstjóri þess skips, sem í neyð er statt, getur krafizt aðstoðar frá einum eða fleirum af þeim skipum, sem hafa svarað beiðni hans og sem hann álítur bezt til þess fallið að veita hjálpina, skal þetta gert að svo miklu leyti sem unnt er í samráði við hlutaðeigandi skipstjóra.

Skipstjórinn eða skipstjórarnir, sem beðnir hafa verið um hjálp, skulu fara hinum nauðstadda til hjálpar eins fljótt og unnt er.

11. gr.

Skipstjóri er laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 9. gr., þegar hann fær tilkynningu um það, frá skipstjóra eða skipstjórum, ef fleiri skip eru sem kölluð hafa verið til hjálpar, að hann eða þeir veiti hina umbeðnu hjálp.

Ennfremur er hann laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 10. gr., ef hann fær tilkynningu um það frá skipstjóra á skipi, sem komið er á vettvang, að hjálpar þurfi ekki lengur við.

12. gr.

Ef skipstjóri, sem tekur við neyðarkalls-loftskeyti frá öðru skipi, er ekki fær um að koma því til hjálpar, eða vegna hinna sérstöku atvika, sem liggja til, telur það hvorki sanngjarnt né nauðsynlegt að fara skipinu til hjálpar, skal hann þegar í stað tilkynna skipstjóra hins skipsins það, og tilfæra í leiðarbókina ástæðurnar fyrir því, að hann hafi látið undir höfuð leggjast, að koma hinum nauðstöddu mönnum til hjálpar.

69
3. júlí

13. gr.

Hafi skip sent köllunar- eða neyðarmerki og líti síðar svo á, að hjálpar sé ekki lengur þörf, skal þetta skip tafarlaust láta allar stöðvar, er hlut eiga að máli vita um það, á þann hátt sem greint er í alþjóðaloftskeytasamþykktinni.

14. gr.

Áður greind ákvæði um að hjálpa þeim, sem í neyð eru staddir á sjónum, skerða ekki ákvæði siglingalaganna í þessu efni.

15. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

VIÐAUKI

Leiðbeiningar um það, hvernig tilkynningar skuli vera um ís, skipsflök, stórviðri og aðrar yfirvofandi hættur fyrir sjófarendur.

Fyrst skal setja öryggismerkið (TTT) og því næst, hvers kyns hætta sé á ferðum, svo sem TTT ís, TTT skipsflak, TTT stormur, TTT sigling.

Því næst skal því lýst nánara, er hætta getur stafað af, og skal í þeirri lýsingu tíminn ávallt talinn eftir Greenwich meðaltíma (GMT) og allar stefnur eftir réttum áttum, en ekki eftir seguláttum (kompás-áttum).

A. **Ísfregnir.** Þær skiptast í tvo flokka eftir því, hvort vart hefir orðið við: 1) einstaka ísjaka eða 2) ísbreiður.

1) Um ísjaka þarf að geta:
   a. hvort það er borgarís eða ekki,
   b. hvar vart hafi orðið jakanna (breidd og lengd í gráðum og mínútum),
   c. hvenær (dag og stund GMT).

   Ennfremur ef hægt er:
   d. hvort jakarnir standi fastir á grunni eða séu á reki.
   e. hvort þá reki hratt og í hverja átt eftir réttum áttum, ef þá rekur.
   f. hvort jakarnir séu margir, ef um fáa jaka er að ræða tilgreinist talan.
2) Ísbreiður. Nauðsynlegt er að geta um:
   a. hvort ísinn sé þéttur eða gisinn, og hvort hann sé fær skipum í björtu,
   b. hvar ísbreiðan hafi sézt (breidd og lengd),
   c. hvenær (dag og stund).

   Ennfremur að svo miklu leyti sem hægt er:

69 3. júlí

d. hve stór um sig ísbreiðan sé, og tilgreina ytri takmörk eftir því sem unnt er,
e. hvort ísinn er landfastur,
f. stefna og hraði ísreksins, ef ísbreiðan er á reki.

B. Stormfregnir. (Sérstaklega vegna fellibylja í hitabeltinu eða nálægt því, og einnig vegna ofviðra á öðrum stöðum, ef ætla má að sjófarendum sé hætta búin þeirra vegna, enda hafi veðurspá ekki gert ráð fyrir þeim).

Í stormfregnunum skal geta um:

1. Að vart hafi orðið við ofviðri. Þegar um fellibylji í heitum höfum er að ræða, skal stormfregnin einnig send, þótt skipið hafi eigi lent í sjálfum fellibylnum, ef skipstjóri hefir gilda ástæðu til að ætla, að fellibylur geysi í námunda við skipið.
2. Veðurathuganir. Með því að veðurathuganir eru til mikils gagns við ákvörðun á því, hvar miðdepill stormsins sé og hverja leið hann tekur, á sérhver skipstjóri að láta fylgja stormfregninni eins mikið af eftirtöldum veðurathugunum og honum er unnt:
   a. Loftvægið (í millibörum, millimetrum eða enskum þumlungum).
   b. Breyting loftvægisins síðustu 2—4 klukkustundir.
   c. Vindátt eftir réttum áttum.
   d. Veðurhæð eftir vindstiga Beauforts.
   e. Sjógang (sléttur sjór, nokkur sjór, úfinn sjór, ósjór).
   f. Undiralda (lítil, nokkur, þung) og hvaðan hún kemur eftir réttum áttum.

   Við loftvægistöluna skal bæta, eftir því sem við á: Millibarar, millimetrar eða þumlungar og geta þess jafnframt, hvort loftvægið er tekið óleiðrétt eftir álestri á loftvogina, eða það er leiðrétt.

   Þegar getið er um breytingu í loftvægi, skal ætíð segja til stefnu skips eftir réttum áttum og hraða þess.
3. Dagur og stund (GMT) og staða skipsins, þá er veðurathuganir voru gerðar, en ekki þegar gengið var frá stormfregninni eða hún send.
4. Síðari athuganir. Æskilegt er það, þótt ekki sé það skylda, að skipstjóri, sem sent hefir út stormfregn, sendi veðurathuganir meðan vart verður á skipinu áhrifa stormsins. Veðurathuganir séu þá gerðar á þriggja stunda fresti.

C. Tilkynningar um skipsflök, reköld og aðrar beinar hættur fyrir sjófarendur og siglingar. Í þeim skal skýrt frá:

1. Hvernig skipsflakið sé eða í hverju hættan sé fólgin.
2. Hvar flakið eða hættan sé.
3. Dag og stund, er athugunin var gerð.

Dæmi:

Ís. TTT ís. 2 borgarísjakar á 6625 N., 2130 V., standa líklega á grunni kl. 0730 GMT. 28. júní.

TTT ís. þétt hafísbreiða og ófær skipum. Austurtakmörk á 6633 N. 1600 V. og þaðan í NNA, á hægu reki í austur, kl. 1700 GMT, 18. apríl.

TTT Ice. Large berg sighted in 4605 N., 4410 W., at 0800 GMT. May 15. **69**
3. júlí

Ofviðri.

TTT Storm. Experiencing tropical storm. Barometer corrected 994 millibars, falling rapidly. Wind NW., force 9, heavy squalls. Swell E. Course ENE., 5 knots 2204 N., 11354 E., 0030 GMT. August 18.

TTT Storm. Appearances indicate approach of hurricane. Barometer corrected 29.64 inches falling. Wind NE., force 8, Swell medium from NE. Frequent rain squalls. Course 35°, 9 knots, 2200 N., 7236 W. 1300 GMT. September 14.

TTT Storm. Conditions indicate intense cyclone has formed. Wind S. by W. force 5. Barometer uncorrected 753 millimetres, fell 5 millimetres last three hours. Course N. 60 W., 8 knots, 1620 N., 9302 E. 0200 GMT. May 4.

TTT Storm. Typhoon to south-east. Wind increasing from N. and barometer falling rapidly. Position 1812 N., 12605 E., 0300 GMT. Juni 12.

TTT stormur. Lent snögglega í stormi. Loftvog leiðrétt 748 millimetrar, hraðfallandi. Vindur ANA 9. Töluverð snjókoma. Mikill sjór. Undiralda úr SV. Stefnum SSV, 8 sjómílur, 5940 N., 3630 V., kl. 1800 GMT. 26. febrúar.

Skipsflak.

TTT Derelict. Observed derelict almost submerged in 4006 N., 1243 W., at 1630 GMT. April 21.

Siglingarhætt.

TTT sigling. Kópanesvitinn logar ekki 0400 GMT. 10. október.

TTT Navigation. Alpha lightship not on station. 1800 GMT. January 3.

ERINDISBRÉF **70**
3. júlí

fyrir yfirfiskimatsmenn.

1. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu kynna sér sem bezt hvernig verkaður og óverkaður saltfiskur eigi að vera að verkun, útliti og stærð, svo að fiskurinn geti talizt fyrsta flokks vara á þeim stöðum, sem mestur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni, Portúgal og Ítalíu og öðru Miðjarðarhafslöndum, svo og hvernig fara á með fiskinn og verkun hans, svo að hann verði sem bezt markaðsvara. Þeir skulu jafnan hafa það hugfast, að vanda ber til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo að álit íslenzks fiskjar í neyzlulöndunum megi vera sem bezt.

Þeir skulu einnig kynna sér þær breytingar, sem verða á kröfum þeim, er neytendur gera til fiskjarins á hverjum tíma, og haga mati sínu eftir óskum þeirra, að svo miklu leyti, sem unnt er og ekki getur miðað til þess að rýra álit hins íslenzka fiskimats.

70 3. júlí

2. gr.

Yfirfiskimatsmenn hafa einir á hendi yfirmat á öllum fiski, sem fluttur er út, hver í sínu umdæmi. Um fyrirkomulag og framkvæmd matsins eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn hafa fiskimatsmenn sér til aðstoðar við skoðun og mat fiskjarins og við umsjón hans, vigtun, pökkun og útskipun. Einnig hafa þeir athugun á allri meðferð fiskjarins í höndum eiganda eða umráðamanns fiskjarins, til þess betur að geta varast leynda galla. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um á hvaða stöðum í umdæmi þeirra þurfi að skipa fiskimatsmenn, hve marga og hverja. Fiskimatsmennirnir eru skyldir til að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu skyldir til að láta meta fullsaltaðan fisk á hvaða verkunarstigi sem hann er, þegar eigandi fiskjarins óskar þess. Fiskur sem ekki er fullsaltaður, er ekki matshæfur. Þeir geta neitað að meta fisk, sem ekki hefir staðið nægilega lengi eftir verkun.

Ef fleiri æskja mats samtímis en fiskimatsmenn fá orkað, skal yfirfiskimatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst séu leystar þær þarfirnar, sem að hans dómi eru brýnastar.

Eigi má yfirfiskimatsmaður votta um fisk til útflutnings nema því aðeins að 2 fiskimatsmenn að minnsta kosti hafi samtímis metið fiskinn og gefið vottorð um gæði hans.

5. gr.

Yfirfiskimatsmaður skal segja fiskimatsmönnum sínum fyrir um starfið við fiskimatið, leiðbeina þeim og yfir höfuð kosta kapps um að þeir verði sem færastir til að dæma um fiskinn.

Hann skal að svo miklu leyti, sem unnt er líta eftir þeim við vinnuna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu gæta þess að verkaður saltfiskur sé ætíð skoðaður og veginn í geymsluhúsi, sem er nægilega bjart. Verkaðan fisk má eigi meta nema við dagsbirtu.

7. gr.

Yfirfiskimatsmaður getur neitað að meta fisk til útflutnings á höfnum, sem liggja opnar fyrir sjógangi, eða af öðrum ástæðum eru illa fallnar til útflutnings.

Þegar fiskur er fluttur í skip, skal yfirfiskimatsmaður gæta þess að fiskurinn skemmist ekki við útskipunina og skal segja fyrir um hvernig henni skal hagað. Sker hann úr um það, hvort veður eða sjólag sé svo gott, að fiski megi skipa út.

Yfirfiskimatsmaður skal hafa gætur á því að fiskurinn skemmist ekki þegar hann er borinn eða fluttur í útskipunarbáta eða önnur flutningstæki, að bátar þeir, sem nota á við útskipunina séu lekalausir og vel hreinir. Hann skal og gæta þess að nægilega margar heilar og hreinar ábreiður eða segl fylgi bátunum til þess að breiða undir og yfir fiskinn í þeim. Hann skal hafa gætur á því, að fiskurinn skemmist ekki þegar hann er tekinn upp úr bátunum eða flutningatækjum og látinn niður í lestina á flutningaskipinu. Skal að jafnaði nota net, segl eða kassa við þann flutning. **70** 3. júlí

Yfirfiskimatsmaður skal sjá um að fiskinum sé svo fyrirkomið í farmrúminu að hann haggist ekki eða skemmist. Hann skal sjá um að farmrúm skipsins, sem fiskinn flytur, sé þurt og hreint og að það sé nægilega klætt hreinum borðum, mottum eða striga, svo og að á vélskipum sé nægilegt bil milli fiskjarins og vélarúmsins, svo hann skemmist ekki af hita frá vélinni. Yfirfiskimatsmaður skal og líta eftir því að fullnægjandi ábreiður séu notaðar yfir lestaropum fiskútflutningsskipa og að vel sé frá þeim gengið. Yfir lestaropum skal hafa 3 ábreiður og sé að minnsta kosti ein þeirra ný, eða tvær nýlegar. Þegar fiskur er fluttur út í pökkum, skal yfirmatsmaður gæta þess, að umbúðirnar sé fullnægjandi og skal þá sérstaklega athugað, að ekki sé notaður rýrari strigi til umbúða um fiskinn en 8 oz. strigi. Verkaður fiskur, sem fluttur er til Suðurlanda, skal ætíð vera bundinn í strigaumbúðir, eða um hann búið á annan eigi ótryggari hátt.

Allt eftirlit, sem hér að ofan greinir, skulu yfirfiskimatsmenn annast sjálfir, eða fiskimatsmenn fyrir þeirra hönd.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns, eða fiskimatsmanna fyrir hans hönd, er ekki hlýtt, getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

8. gr.

Ef fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann hefir verið metinn, skal yfirfiskimatsmaður hafa eftirlit með því, að fiskurinn sé svo geymdur frá því að mat fór fram þangað til honum er skipað út, að hann skemmist ekki.

Þyki yfirfiskimatsmanni ástæða til þess að ætla, að fiskurinn hafi breytzt frá því mat fór fram, skal hann skipa svo fyrir, að fiskurinn sé metinn og veginn á ný fyrir útskipun.

9. gr.

Allar tegundir saltfiskjar, sem fluttur er úr landi sem íslenzkur saltfiskur, skal meta, þó gildir þetta ekki um saltfisk, sem veiðiskipin sigla með sjálf á erlendan markað, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Þegar matskyldur fiskur er fluttur út, skal yfirfiskimatsmaður gefa út vottorð um hann. Skulu vottorð þessi vera rituð á farmskírteini fyrir fiskinn.

Vottorðin skulu rituð bæði á íslenzku og ensku og skal nota fyrirmyndir þær, sem prentaðar eru með erindisbréfi þessu.

Vilji einhver fá matsvottorð um fisk, sem hefir verið metinn og veginn í því skyni að nota það við sölu fiskjarins, getur yfirfiskimatsmaður gefið út bráða-

70 3. júlí

birgðavottorð um fiskinn. Yfirfiskimatsmaður skal halda eftir tveimur afritum af vottorðum þeim, er hann gefur út og senda Fiskifélagi Íslands annað þeirra með fyrstu ferð.

Yfirfiskimatsmaður hefir að viðlagðri hegningu að lögum ábyrgð á því að vottorð þau, er hann gefur út, séu sönn og rétt. Hann skal gæta þess og fullvissa sig um að fiskur, sem hann hefir metið, sé íslenzk vara.

Eigi má senda til Barcelona vinstriflattan fisk, nema þess sé sérstaklega getið á matsvottorðinu, enda skal sá fiskur pakkaður sér.

10. gr.

Yfirfiskimatsmaður gætir þess eins og unnt er, að reikningar fiskimatsmanna fyrir vinnu við fiskimatið séu réttir og samkvæmir töxtum þeim, sem ákveðnir eru í erindisbréfi þeirra, og skrifar hann upp á reikninga þeirra, þegar því verður við komið, áður en þeir eru útborgaðir af þeim, sem metið hefir verið fyrir. Jafnframt skal hann og gæta þess, að skipta matsstarfinu sem jafnast milli fiskimatsmanna.

Þar, sem margar verkunarstöðvar eru á sama stað, er æskilegt að yfirfiskimatsmaður sjái um að skipt sé sem oftast um matsmenn á milli stöðvanna.

11. gr.

Yfirmatsmennirnir eru launaðir úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 46, 8. september 1931 um fiskimat. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, en borgun þeirri, sem ákveðin er í framangreindum lögum og í erindisbréfi þessu.

12. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er skyldur til að meta eða láta meta saltfisk á hverjum stað í umdæmi sínu, sem þess er óskað (sjá þó 4. og 7. gr.). Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þeim er hann treystir bezt, umboð til að sjá um yfirmatsstörf í sinn stað, ef hann vegna annríkis við matsstörf eða annara forfalla getur ekki séð um það sjálfur. Fiskimatsmaður fær þá auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við matið, fæðispeninga, ferðakostnað og borgun fyrir dvalardaga, samkvæmt fyrirmælum í erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn, en atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar reikninga þeirra, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman, að fengnum tillögum yfirfiskimatsmanns.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur, og gera það eftir ósk fiskeiganda eða útflytjanda eða í þarfir þeirra, t. d. til eftirlits við fermingu skipa eða í öðrum fiskimatserindum, skulu þeir greiða yfirfiskimatsmönnum ferðakostnað og fæðispeninga eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

13. gr. 70

Yfirfiskimatsmennirnir skulu vera skyldir til að ferðast um umdæmi sitt 3. júlí
og, ef með þarf, utan þess, til þess að halda fundi með framleiðendum og matsmönnum, leiðbeina þeim um meðferð og mat á fiski, brýna fyrir þeim hver nauðsyn er á, að sem mestri samvizkusemi sé gætt við meðferð og mat á fiskinum, svo að álit hans megi vera sem bezt, líta eftir og leiðbeina framleiðendum um meðferð á fiski, líta eftir fiskimati yfirleitt og samræma það. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt og ferðakostnað samkvæmt 1. mgr. fá þeir greiddan nauðsynlegan kostnað, er þeir kunna að hafa af rannsóknum og tilraunum við fisk, salt eða annað, sem miðar að því að bæta eða auka verðmæti útflutningsfiskjar, enda hafi ráðuneytið samþykkt að slíkar rannsóknir og tilraunir færu fram.

Á ferðum sem yfirfiskimatsmaður fer samkvæmt 5. gr. fiskimatslaganna fer um greiðslu ferðakostnaðar eftir því sem segir í þeirri grein.

Yfirfiskimatsmenn fá greiddan úr ríkissjóði símakostnað í þarfir fiskimats.

14. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, er lýtur að fiskveiðum, fiskverkun eða fiskverzlun eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

15. gr.

Nú verður yfirfiskimatsmaður þess vís, að einhver brýtur á móti ákvæðum fiskimatslaganna og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því.

16. gr.

Yfirfiskimatsmaður ritar undir eiðstaf um, að hann vilji hlýða erindisbréfi þessu og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu hans.

Hann verður að sætta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sannist misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu hans ber hann ábyrgð á því tjóni, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka geti hann sannað að einhverjir af undirmatsmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

17. gr.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir yfirfiskimatsmenn frá 7. apríl 1922.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

70
3. júlí

I. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um Spánarmetinn fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

er spánarmetinn góður, óskemmdur, vel verkaður og .....þurrkaður
is Spanish assorted good, sound, well cured and dried

flokks fiskur veiddur ..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út
Class Cod caught cured and has been loaded

í góðu ásigkomulagi
in good condition

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

II. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um Portúgalmetinn fisk.

70
3. júlí

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby
hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

er portúgalmetinn góður, óskemmdur, vel verkaður og fullþurrkaður .... flokks
is Portuguese assorted godd, sound, well cured and fully dried Class
fiskur veiddur ..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út
Cod caught cured and has been loaded
í góðu ásigkomulagi
in good condition

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed
að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a
gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally
inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes
héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

70
3. júlí

III. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um þveginn og pressaðan fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, þveginn og pressaður .... flokks fiskur veiddur .....
is good, sound, washed and pressed class fish caught

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

IV. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um fullsaltaðan, óverkaðan fisk.

70
3. júlí

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, fullsaltaður, óverkaður .... flokks fiskur veiddur .....
is good, sound, fully salted uncured class fish caught

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

70
3. júlí

V. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um verkaðan og þurrkaðan fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, vel verkaður og ....þurrkaður .... flokks fiskur veiddur
is good, sound, wel cured and dried class fish caught

..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út í góðu ásigkomulagi.
cured and has been loaded in good condition

Þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

Í Reykjavík undirskrifar tollstjóri (Custom Office) matsvottorðin.

ERINDISBRÉF

71
3. júlí

fyrir fiskimatsmenn.

1. gr.

Fiskimatsmenn eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfiskjar og sem leiknastir í að flokka hann. Þeir skulu jafnan hafa það hugfast, að vanda ber til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo að álit íslenzks fiskjar í neyzlulöndunum megi vera sem bezt.

2. gr.

Yfirfiskimatsmaður er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón við vigtun og útskipun saltfiskjar og hleðslu hans í skip þau, sem hann er fluttur út í. Hann kveður þá til vinnunnar og skiptir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks, þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir ætla að verða burtu frá heimili sínu nokkuð langan tíma, skulu þeir gera honum aðvart um það fyrirfram og fá til þess leyfi hans.

3. gr.

Fiskimatsmenn eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirfiskimatsmanns og leitast við að gera honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimat til útflutnings skal framkvæmt af tveimur matsmönnum í einu, svo að tveir þeirra geti vottað um allan fiskinn, eins og tíðkazt hefir að undanförnu.

Þeir skulu jafnóðum gefa yfirfiskimatsmanni nákvæma skýrslu um fisk þann, er þeir hafa metið. Hann segir matsmönnum fyrir um, hvernig haga skuli skýrslunni.

Fiskimatsmaður má ekki gefa út fiskimatsvottorð, nema eftir fyrirskipun yfirfiskimatsmanns í hvert sinn eða eftir umboði frá honum.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort sem er við skoðun og mat fiskjar, umsjón með vigtun hans, pökkun, útskipun eða hleðslu í skip, að matsmenn séu í efa um eitthvað eða komi eitthvað fyrir, sem yfirfiskimatsmaður hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans, og fá fyrirskipanir um hvað gera skuli, en verði því ekki við komið, skulu þeir gera það sem þeir telja réttast og skýra honum svo frá því sem fyrst, og áður en hann gefur út fiskimatsvottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að sýsla.

71 5. gr.

3. júlí Þeir fá í kaup fyrir vinnu sína 2 — tvær — kr. um hverja klukkustund, en á helgidögum og við eftirvinnu 2 kr. 50 aur. hvort sem það er við flokkun fiskjarins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verzlunarlóðar telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum eða skipsmönnum, eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, sem á að flytja fiskinn, að sýsla.

6. gr.

Þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, gjalda fiskimatsmönnunum kaup fyrir vinnuna við fiskinn, og eiga þeir heimtingu á að fá kaup sitt greitt eftir reikningi. Verði deila um réttmæti reiknings milli fiskimatsmanns og eiganda, úrskurðar yfirfiskimatsmaðurinn um réttmæti hans.

7. gr.

Aðalstarf þeirra er við fiskimat á þeim stað, sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir að fara til annara staða í umdæmi yfirfiskimatsmanns, þegar hann kveður þá til að starfa þar við fiskimat. Fiskimatsmanni er skylt að framkvæma yfirfiskimatsmanns störf er yfirfiskimatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum.

Fyrir vinnu við fiskimat utan svæðis þess, er þeir eru skipaðir fyrir, fá fiskimatsmenn sömu tímaborgun og getur um í 5. gr., er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, og auk þess fæðispeninga og ferðakostnað eftir reikningi.

Ef matsmenn verða veðurtepptir á fiskimatsferðum þessum eða verða að bíða af því veður leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir fá í daglaun 15 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirfiskimatsmaður úrskurðar reikninga þeirra, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

8. gr.

Matsmenn rita undir eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla og hlýðnast ákvæðum erindisbréfs þessa.

Matsmenn eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka geti hann sannað að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgðina af tjóninu og má þá einnig svipta þá stöðu sinni, ef ástæða þykir til.

9. gr. 71

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922 3 júlí
og önnur ákvæði, sem síðar hafa verið sett um starf þeirra.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 72

9. maí

um stjórn veiðimála og eftirlit með veiði.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. gr.

Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála skal vera veiðimálanefnd og fiskiræktarráðunautur, sem er starfsmaður Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Veiðimálanefnd skal skipuð eins og fyrir er mælt í 76. gr. laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, og skal hún starfa eftir þeim lögum.

4. gr.

Fiskiræktarráðunautur skal hafa á hendi öll þau störf og verkefni, sem veiðimálastjóra eru falin í lögum nr. 61/1932, með þeim undantekningum, er nú skal greina:

1. Tillögur um undanþágu frá banni við veiði í ósum ár eða stöðuvatna, samkvæmt 15. gr. 1.—3. málsgrein.
2. Tillögur um veiðitíma samkvæmt 16. gr.
3. Tillögur um veiðiskírteini samkvæmt 20. gr.
4. Tillögur um stytting friðunartíma samkvæmt 22. gr.
5. Meðmæli með stofnun fiskiræktarfélaga samkvæmt VIII. kafla.

5. gr.

Störf þau, sem eftirlitsmönnum við veiðivötn eru ætluð samkvæmt 77. gr laga nr. 61/1932, skulu falin hreppstjórum í þeim hreppum, sem liggja að veiðivötnum.

72 9. maí

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt 95. gr. laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

73 2. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 5. janúar 1923.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin eftir ákvæðum lögreglustjóra.

4. mgr. sömu greinar orðist þannig:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

3. gr.

4. gr. samþykktarinnar breytist þannig að fyrir 2. ágúst komi: fyrsta mánudag í ágústmánuði.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

74
2. júní

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 sígdegis og þær eigi opnaðar aftur fyr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlaárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní itl 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit er fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri tíma eða skemmri lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember frá kl. 9—12 árdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk og rjóma. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

74
2. júní

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. júní 1933 og jafnframt fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 25. apríl 1928.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

75
4. júlí

REGLUGERÐ

um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum nr. 84 6. júlí 1932, verður endurgreitt úr ríkissjóði eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið er endurgoldið eftir á fyrir ár hvert, talið frá 1. júlí til 1. júlí, í fyrsta sinni 7. júlí 1932 til 30. júní 1933 að báðum dögum meðtöldum.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanförnu ári til annars en til bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

Hver notandi fyrir sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefir sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en til bifreiða, til hverra nytja það hefir farið, og ef um notkun til fleira en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi farið til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestafl svo og notkunartíma. Beiðnum skal, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn: 1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur, og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverðið. 2. Ef notandi hefir flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því. 3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi þar sem benzínið hefir verið notað, um að notkunin hafi farið þar fram og hve langan tíma af endurgreiðsluárinu, sbr. 2. gr.

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 156. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur má og senda lögreglustjóra í því umdæmi þar sem beiðandi býr, og afgreiðir lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endurgreiðsluna til útborgunar þeim sem í hlut á.

Ef beiðandi óskar eftir að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd öðrum en honum sjálfum, ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni, svo greinilega, að ekki verði um villzt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið endurgreiðsluár, sbr. 2. gr., skulu vera komnar til fjármálaráðuneytisins fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta sinni fyrir 1. október næstkomandi. Ef beiðni er send lögreglustjóra áleiðis til fjármálaráðuneytisins, skal hún hafa borizt til lögreglustjóra fyrir 1. september ár hvert, í fyrsta sinni fyrir 1. september næstkomandi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 84 6. júlí 1932 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

76
14. júlí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Neskaupstað frá 7. febrúar 1929.

Við 3. gr. samþykktarinnar bætist:

Ennfremur skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4. s. d. á laugardögum yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. 17. júní sé lokað allan daginn.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

77
14. júlí

REGLUGERÐ

um merking saltaðrar síldar, sem út er flutt frá Íslandi.

1. gr.

Á efri botn hverrar síldartunnu skal brenna eða mála nafnið *ÍSLAND*, og skal hæð stafanna vera 5 cm.

Fyrir ofan nafnið ÍSLAND skal mála tegundarheiti þeirrar síldar, sem í tunnunni er, og skal öll síld flokkuð í fjóra flokka sem hér segir:

a. MATJES, þ. e. magadregin léttverkuð síld af vanalegri stærð.
b. SALTSÍLD, þ. e. algeng saltsíld af vanalegri stærð.
c. KRYDDSÍLD, þ. e. síld, sem krydd hefir verið notað í saman við saltið án tillits til þess hvort mikið eða lítið hefir verið notað af því.
d. SÉRVERKUN, þ. e. öll önnur verkunarafbrigði, og skal sérverkunin tilgreind með einum bókstaf, fyrir ofan nafnið SÉRVERKUN, sem sýni í hverju sérverkunin er fólgin, enda sé þessa nánar getið í farmskírteini.

Fyrir neðan nafnið ÍSLAND skal mála einkennisstafi eða nafn útflytjanda, og þar fyrir neðan einkennisbókstafi lögsagnarumdæmis þess, sem síldin er flutt frá.

Hæð annarra bókstafa, en í nafninu ÍSLAND, skal vera 2,8 cm.

Sé um minni tunnur að ræða en hálftunnur skulu bókstafir merkja þeirra, sem að ofan greinir, vera hlutfallslega minni.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skal varða sektum frá 50—1000 kr. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 70, 19. júní 1933, um útflutning saltaðrar síldar, til þess að öðlast gildi þegar í stað. **77** 14. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1933.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Fyrirmynd að merkingu á síldartunnum.

78
20. júlí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar frá 24. janúar 1930.

Í stað 10 í 1. gr. samþykktarinnar komi 9.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir gert samkvæmt lögum nr. 67, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hérmeð staðfest til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

79
27. júlí

REGLUGERÐ

um sláturhús og frystihús.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Fénaði sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum og frysting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi umdæmi, sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað til útflutnings á kjöti þess, frystu eða kældu, ef húsin eru þannig gerð og útbúin, sem segir í reglugerð þessari, svo að telja megi öruggt að hægt sé þess vegna að fullnægja ýtrustu heilbrigðiskröfum og hreinlæti. Hverri umsókn um löggildingu skal fylgja nákvæm lýsing á húsinu. Heldur ráðuneytið skrá yfir hús þessi og skulu þau tölusett í þeirri röð, sem þau eru löggilt, sláturhús með sérstakri talnaröð og frystihús með annari röð fyrir sig. Halda húsin skrásetningartölu sinni meðan þeim er haldið við til þeirrar notkunar, sem þeim var ætluð er þau voru skráð.

3. gr.

Öll sláturhús þar sem slátrað er skepnum til útflutnings á kjötinu eða sölu innanlands skulu gerð þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, séu loftgóð og björt, frárennsli gott og greiður aðgangur að hreinu þvottavatni. Ber þeim, sem hafa umráð yfir sláturhúsum, að sjá um að þeim sé jafnan haldið vel hreinum, sem og að loftræsting og frárennsli sé í góðu lagi og húsunum á allan hátt haldið í góðu ásigkomulagi.

4. gr.

Löggilt sláturhús skulu vera í þrennu lagi, þannig að í þeim sé sérstakur banaklefi þar sem féð er skotið. Þá skal annar hluti hússins skilinn frá og fari þar fram fláning, innanúrtaka og uppþvottur á kjötinu. Loks skal hinn þriðji hluti hússins, fráskilinn hinum tveim, notaður til þess að láta kjötið kólna og ber að sjá um, að í þeim hluta hússins sé sérstaklega góð loftrás.

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef sérstaklega stendur á og yfirkjötsmatsmaður mælir með því.

5. gr.

Ólöggilt sláturhús þar sem slátrað er skepnum til söltunar á kjöti til útflutnings, eða til sölu á kjötinu, söltuðu, kældu eða frystu innanlands, skulu auk þess sem segir í 3. gr., vera að minnsta kosti í tvennu lagi, þannig að í þeim sé sérstakur banaklefi, sem aflífun og blæðing fari fram í, en ekki fláning, innanúrtaka, þvottur né annað slíkt.

6. gr.

Frystihús, sem kjöt er fryst í til útflutnings og löggilt skulu samkvæmt 1. gr., eiga að vera gerð þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og lausum við sveppi, myglu og önnur óhreinindi. Veggir, gólf og loft skulu vera vel einangruð og dyraumbúnaður vel þéttur og öruggur. Ljósaútbúnaði skal þannig fyrir komið í húsunum, að hann valdi sem minnstum áhrifum á hitastig í þeim.

Frystihúsin skulu vera útbúin með frystivélum, sem hafa hæfilega kæliorku miðað við einangrun og stærð húsanna.

7. gr.

Hverju frystihúsi skal skipt að minnsta kosti í þrennt, sem sé forkælirúm, þar sem kjötið sé kælt undir frystingu, frystiklefa einn eða fleiri, með nægu frostmagni til að frysta kjötið á hæfilegum tíma og loks geymslurúm, þar sem kjötið er geymt þangað til það á að flytjast burt, og sé kæliorka frystivélanna svo mikil að hægt sé að halda hitastigi í geymsluklefanum að minnsta kosti átta stigum undir frostmarki á Celsiuss mæli.

8. gr.

Um nánari útbúnað sláturhúsa og frystihúsa og meðferð kjötsins í þeim ber að fara eftir fyrirmælum hlutaðeigandi kjötmatsmanns, yfirkjötmats-

79 manns og dýralækna eða annara lækna, sem annast skoðun og merkingu
27. júlí kjötsins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

80
27. júlí

REGLUR

um störf yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans.

Samkvæmt 7. gr. kjötmatslaga nr. 39, 19. júní 1933 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um störf yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar yfirkjötmatsmanni þrjá aðstoðarmenn, að fengnum tillögum hans, og ber honum að veita þeim alla fræðslu, sem hann getur, í starfi þeirra. Ber þeim að hlíta fyrirmælum hans um allt, sem lýtur að starfi þeirra, við mat og meðferð á kjöti.

2. gr.

Yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu kynna sér sem bezt alla verkun og meðferð á kjöti, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til kjötverkunar. Skal að minnsta kosti yfirkjötmatsmaðurinn hafa fullkomna sérþekkingu á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti og hafa yfireftirlit með flokkun þess, meðferð allri og útflutningi.

3. gr.

Yfirmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu leggja kapp á að fullnægt verði á viðunanlegan hátt þeim kröfum, sem gerðar verða til þess, að slátrun, kjötgeymsla og verkun kjötsins geti verið í sem beztu lagi, miðað við meðferð á kjöti þar sem henni er bezt á veg komið.

Sömuleiðis skulu þeir leita allra fáanlegra upplýsinga um skemmdir á kjöti, er fram kunna að koma, og leita að orsökum þeirra.

4. gr.

Yfirmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu líta eftir því, að heilbrigðisskoðun á kjöti sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu stjórnarráðsins til þess starfa.

5. gr. 80

Yfirmatsmaður skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, 27. júlí
hverjir skipaðir skuli kjötmatsmenn í lögsagnarumdæmi hans. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Þar sem um frysting á kjöti til útflutnings er að ræða, skulu kjötmatsmenn hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti.

6. gr.

Yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu ferðast um umdæmi sitt á tímabilinu frá 1. september til loka sláturtíðar, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem beztum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er við kemur slátrun og kjötverkun, og finna að því, sem ábótavant er. Þeir skulu leiðbeina eftir beztu föngum þeim, sem kjöt hafa til útflutnings eða fást við kjötverkun, og leitast við að ná sem beztri samvinnu við alla hlutaðeigendur.

Sérstaklega ber yfirkjötmatsmanni að ferðast milli allra frystihúsa, sem taka útflutningskjöt til frystingar og sjá um að allur útbúnaður þeirra sé samkvæmt lögum og reglum sem gilda um þau, og að öll meðferð á frystu kjöti sé í lagi. Geti hann ekki komið því við að líta eftir einhverju frystihúsanna gera aðstoðarmenn hans það í umboði hans.

7. gr.

Yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu segja kjötmatsmönnum fyrir um kjötmatið, leiðbeina þeim í öllu, sem starfinu við kemur, og yfirleitt kosta kapps um, að þeir verði sem færastir um að meta kjötið.

8. gr.

Yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við kjötmatið. Úrskurði aðstoðarmanna má þó jafnan skjóta til yfirkjötmatsmanns.

9. gr.

Nú verða yfirkjötmatsmaður eða aðstoðarmenn hans þess vísir, að einhver kjötútflytjandi brýtur á móti ákvæðum kjötmatslaganna, og ber þeim þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

10. gr

Yfirkjötmatsmaður skal að loknum starfstíma sínum ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín og aðstoðarmanna sinna. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um tölu sláturfjár og kjötmagn á hverjum útflutningsstað.

11. gr.

Yfirkjötmatsmaður skal leita eftir vel hæfum mönnum, er hægt sé að benda á til að taka við yfirkjötmatsmannsstarfinu, eða aðstoðarmannastörfum, þegar á þarf að halda. Skal hann veita þeim, sem við tekur, alla þá

Endurprentað blað.

80 27. júlí

fræðslu, er hann getur í té látið, svo hann verði sem hæfastur til að leysa starfið vel af hendi.

12. gr.

Yfirkjötmatsmaður og aðstoðarmenn hans skulu áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlíta reglum þessum, og með alúð og samvizkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á reglum þessum.

13. gr.

Erindisbréf fyrir yfirkjötmatsmenn frá 6. september 1930 er úr gildi fallið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

81 27. júlí

FYRIRMÆLI

um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Skoðunin skal framkvæmd eftir þeim reglum, sem læknum eru um hana settar.

Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innyflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað. Að skoðun lokinni skal læknirinn merkja kjötið samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í fyrirmælum þessum.

2. gr.

Merki það, sem lögskipaðir dýralæknar eða aðrir læknar, sem skipaðir hafa verið til skoðunar og merkingar á kjöti, skal, þegar ekki er öðruvísi fyrir mælt um kjötmerki til ákveðinna landa, vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan í og snúi efri endi tölunnar að einu horninu. Merkið skal sett á báðar síður á hverjum skrokk, þegar um fryst eða kælt kjöt er að ræða, en á 4 eða 6 stöði á saltkjöt, eftir því hvort skrokknum er fjórskipt eða sexskipt í tunnurnar. Kjöt, sem er merkt til innanlandssölu, skal merkt 6 merkjum, á bóga, síður og læri. Atvinnumálaráðherra getur þó ákveðið að haga megi merkjum á annan hátt.

3. gr.

Allt kjöt, sem selt er í kjötbúðum eða á öðrum opinberum sölustöðum í kaupstöðum eða kauptúnum, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal skoðað og

merkt af dýralækni eða öðrum löggiltum lækni til kjötskoðunar, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Kjöt, sem ekki hefir verið skoðað og merkt, er óheimilt að hafa í kjötbúðum eða á öðrum sölustöðum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, sem áður hefir verið merkt til útflutnings í löggiltu sláturhúsi eða læknir hefir skoðað og merkt í sláturhúsi, sem um getur í 3. gr. laga um kjötmat o. fl. 81 27. júlí

Ráðherra getur, þegar ástæða þykir til, fyrirskipað samskonar kjötskoðun og í þessari grein ræðir um, í kauptúnum, þar sem eru fyrir innan 1000 íbúa.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að kjöt geti orðið merkt til sölu í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um ræðir í 3. gr., er það, að skepnum þeim, sem kjötið er af, hafi verið slátrað í sláturhúsi, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð um sláturhús og frystihús, útgefinni 27. júlí 1933. Kjöt af stórgripum er þó undanþegið þessu ákvæði.

5. gr.

Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kauptún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefir áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoðunarinnar, sem eigi fari fram úr því er hér segir fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með 50 kg. kjötþunga og þar yfir	kr. 2.00
— — — — — 30—50 — —	— 1.00
— — — — — minni kjötþunga	— 0.50
— svínum með 50 kg. kjötþunga og þar yfir	— 2.00
— — — minni kjötþunga	— 1.00
— sauðfé og geitum	— 0,08

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast, og þess, er húsnæði leggur til. Í kaupstað eða kauptúni, þar sem rekið er sláturhús, sem fullnægir ákvæðum ofannefndrar reglugerðar, getur skoðun og merking á kjöti þessu farið fram þar.

Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindrar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á hinu öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svínum, en 4 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

6. gr.

Kjöt, sem er að öllu leyti heilbrigt og óaðfinnanleg verzlunarvara, skal merkjast með merki því, sem um ræðir í 2. gr., 1. málsgr., en kjöt, sem er ósaknæmt en illa útlítandi verzlunarvara sökum óhreininda eða því um líks, skal merkjast með tölunni 2, er einnig standi innan í þríhyrningi.

81 27. júlí

7. gr.

Til framangreindrar kjötmerkingar má aðeins nota bláan lit, sem sé þannig gerður, að hann hvorki renni út eða klessist og spilli þannig útliti kjötsins, né skemmi það á annan hátt.

Engum öðrum en lögskipuðum kjötskoðunarlæknum er heimilt að nota merki þau, sem að framan greinir, til kjötmerkingar.

8. gr.

Kjöt og aðrar sláturfjárafurðir, sem sýkingarhætta getur stafað af, skal lækni þeim, er skoðunina annast, skylt að sjá um að verði tafarlaust ónýtt, þannig að öruggt sé. Ber að brenna slíkt slátur eða grafa það að minnsta kosti svo djúpt í jörðu, að fullur metri sé frá hræinu til yfirborðs.

Fyrirmæli þessi ganga í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

82 10. ágúst

REGLUR

um störf kjötmatsmanna.

1. gr.

Allt kjöt, sem flutt er héðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Slátrun skal fara fram í sláturhúsum, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugerð um sláturhús og frystihús frá 27. júlí 1933. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Sé kjötið að slátrun lokinni flutt í frystihús, ber að gæta þess að þau séu hreinleg og meðferð kjötsins í þeim svo góð, að engin hætta sé á að kjötið skemmist. Um kælingu og frystingu kjöts til útflutnings fer eftir reglum þeim, sem settar eru í téðri reglugerð um sláturhús og frystihús.

2. gr.

Þegar kjöt er saltað í tunnur til útflutnings, skulu matsmenn sjá um, að þær tunnur, sem saltað er í, séu í góðu lagi, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í tunnunum áður, er haft geti áhrif á bragð kjötsins, lykt eða útlit. Þeir sjá um að ekkert kjöt verði í tunnurnar látið, sem ekki hefir áður verið skoðað og viðurkennt af dýralækni eða þeim lögskipuðum lækni, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og skal allt kjöt vera stimplað nema lögleg undanþága frá stimplun sé fengin. Þeir sjá um að kjötið sé vel

kælt áður en það er saltað niður, og að hæfilega mikið af hreinu salti sé notað, eða í hver 112 kg. ekki minna en 10 kg. af góðu salti. Þeir hafa eftirlit með því, að kjötið sé vel höggvið, og skal skipta hverjum kropp í sex parta, þannig að fyrst sé kroppurinn klofinn að endilöngu sem næst miðhryggnum, því næst skal hvorum helmingi skipt í þrjá parta, sem sé bógstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja fjögur rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal kroppnum því aðeins skipt í sex parta að hver hluti vegi um 2 kg. eða þar yfir, annars skal honum skipt í fjóra parta. Matsmenn skulu sjá um, að kjötið sé pæklað strax eftir söltun og að pækillinn sé nægilega sterkur, eða að minnsta kosti 24 stig á pækilmæli, skal hann búinn til úr hreinu vatni (ekki sjó) og siaður gegn um léreft, um leið og hann er látinn á kjötið. Í hver 112 kg. af kjöti skal láta 80 gr. af góðum saltpétri. Þó má víkja frá þessu ef útflytjendur óska þess, en bera skal það undir yfirkjötmatsmann eða aðstoðarmenn hans. Æskilegt væri, að læri og bógar yrðu sprautaðir saltpækli, ef verkfæri þau, er til þess þarf eru fáanleg. Matsmenn skulu sjá um að kjötið sé rétt flokkað eftir því sem reglur þessar mæla fyrir.

3. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að í hverja venjulega kjöttunnu sé látin 112 kg. af kjöti, en í strokktunnu 100 kg. Skulu þeir jafnframt tilgreina kjötþyngdina í tunnunum, er þeir gefa vottorð um kjötið við útflutning þess.

4. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að endurpæklun fari fram daglega fyrstu vikuna, er kjötið liggur til geymslu. Skulu tunnurnar og athugaðar og bættar ef leki kemst að þeim. Liggi kjötið lengur en vikutíma, skal endurpæklun fara fram að minnsta kosti á hálfsmánaðarfresti fyrsta mánuðinn, og þegar kjötið er flutt á skip, skal þess gætt í hvert sinn, að tunnurnar séu fullar af pækli. Ennfremur skulu matsmenn sjá um, að útskipun fari vel úr hendi, og að gert verði tryggilega við tunnur, sem kunna að skemmast við skipshlið, áður en þær eru fluttar á burtu.

5. gr.

Flokkun saltkjöts til útflutnings sé þannig:

I. flokkur.

a. Kjöt af lömbum, ef skrokkarnir eru þriflegir og vega 12 kg. eða þar yfir.
b. Kjöt af lömbum ef skrokkarnir vega undir 12 kg. ef það er útflutningshæft.
c. Kjöt af veturgömlu fé, ef skrokkarnir eru þriflegir og vega 14 kg. eða þar yfir.
d. Annað kjöt af fullorðnu fé — að undanskildu kjöti af fullorðnum hrútum, er ekki skal tekið til útflutnings —, ef skrokkarnir eru þriflegir og vega 17 kg. og þar yfir.

82
10. ágúst

II. flokkur.

Annað kjöt af eldra fé, ef það er útflutningshæft.

Kjötmatsmenn skera úr því, hvaða kjöt er svo magurt, lélegt eða svo illa meðfarið, að það sé ekki útflutningshæft, eftir leiðbeiningum yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans.

6. gr.

Hver kjöttunna sé merkt á efra botni eða báðum botnum varanlegum og glöggum merkjum þannig: Á efra helmingi botnsins standi skýrum stöfum orðin: Íslenzkt saltkjöt, og þar fyrir neðan flokksmerki I. og II. með bókstöfum fyrir undirflokka a., b., c. og d., eftir því hvaða kjöt er í tunnunni. Á neðri helmingi botnsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sé.

Það kjöt, sem samkvæmt 5. gr. kjötmatslaganna hefir fengið undanþágu frá því að vera skoðað og stimplað af lækni, skal merkja með orðinu „óstimplað" neðst á efra helmingi tunnubotnsins.

Kjötmatsmenn skulu varðveita merkiplöturnar og ber þeim að gæta þess vandlega, að þær séu ekki notaðar á aðrar tunnur en þær, sem útflutningshæft kjöt er í.

7. gr.

Allt saltkjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal flokkað og metið. Stórhöggvið saltkjöt skal flokkað, metið og merkt eftir sömu reglum sem gilda um útflutningskjöt. En spaðkjöt skal flokkað og tunnur merktar sem hér segir:

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg. og yfir, merkist: Spaðsaltað dilkakjöt. A.

Tunnur með dilkakjöti þar sem skrokkarnir vega undir 12 kg. merkist: Spaðsaltað dilkakjöt. B.

Heimilt er að meta sérstaklega holdmikla skrokka, sem vega 14 kg. og þar yfir og skulu tunnurnar merkjast: Spaðsaltað dilkakjöt. Úrval.

Tunnur með kjöti af vænum algeldum ám og sauðum veturgömlum og eldri merkist: Spaðsaltað sauðakjöt. S.

Tunnur með kjöti af fullorðnu holdgóðu fé ef skrokkarnir vega 17 kg. og þar yfir merkist: Spaðsaltað ærkjöt F. I, en þær sem eru með kjöti af léttari skrokkum, merkist F. II.

Tunnur með kjöti af fullorðnum hrútum, ef það telst söluhæft, merkist. Spaðsaltað hrútakjöt. H.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjötþyngdin í hverri tunnu. Auk þess skal kjötþyngdin tilgreind á hverri spaðkjötstunnu.

Kjötmatsmenn varðveita merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær,

8. gr.

Þegar kjöt á að flytjast fryst á erlendan markað, má til þess útflutnings aðeins meta dilkakjöt, sem er svo vænt og lítur svo vel út, að það fullnægi ákvæði 10. gr. Kjöt af rosknu fé og rýrt dilkakjöt, má ekki meta til frystingar til útflutnings nema til komi leyfi atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Læknisskoðun og kjötmerking skal fara fram eins og um saltkjöt, þó svo að merkið sé aðeins sett á einn stað á hverjum skrokk, helzt innan á huppinn, sem næst fyrirskurði. Kjötmatsmenn eiga að sjá um að hin lögboðna skoðun fari fram, þannig að sláturfé sé skoðað af þar til lögiltum lækni áður en slátrað er, og ennfremur að kjötið sé skoðað eftir slátrunina og merkt svo sem fyrir er mælt um þau efni.

10. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgja um flokkun, meðferð og merkingu kjötsins, aðra en hina lögákveðnu merkingu, sem um ræðir í 9. gr.:

a. Rista skal fram úr bringukolli.
b. Nýru og nýrnamör fylgi ef óskað er. Sé mörinn mjög mikill má taka nokkuð af honum án þess þó að skerða nýrun.
c. Áður en skrokkurinn kólnar, skal binda sterkum spotta um framhæklana og strengja aftur fyrir hálsinn fremst, svo hálsinn standi fram og bógarnir þrýstist saman.
d. Ef strjúpinn hefir blóðgast eða óhreinkast skal nema framan af honum áður en skrokkurinn er látinn í umbúðir.
e. Kjötið skal hanga í kælirúmi sláturhúss að minnsta kosti í 12 klukkustundir áður en það er sett inn í forkæli frystihúss. Skrokkarnir skulu hanga á hæklajárnum svo að þeir breyti ekki lögun. Kjötmatsmönnum ber að sjá um að kjötið sé nægilega vel frosið þegar því er hlaðið og hafa eftirlit með því að í frystiklefa sé jafnan 12—14 stiga frost á Celsiussmæli meðan frysting fer fram, og að í geymsluklefunum sé 8—10 stiga frost á sama mæli.
f. Öll merki skulu sett á umbúðir og merkimiða, en ekki á sjálfan skrokkinn. Merkimiða skal festa við hvern skrokk. Annarsvegar skal prenta læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið, en hinsvegar flokksmerki og einkamerki útflytjanda.
g. Kjötið flokkast í tvo flokka eftir gæðum. Í fyrsta flokk eru látnir allir skrokkar, sem eru holdmiklir og gallalausir að útliti, en í annan flokk rýrari skrokkar og gallaðir, ef þeir þá teljast hæfir til útflutnings.
h. Kjötið skal vegið áður en það er fryst og skiptist í þyngdarflokka og merkist sem hér segir:

Fyrsta flokks kjöt: Skrokkar, sem vega 13½ kg. og þar fyrir neðan, merkjast X. Skrokkar sem vega yfir 13½ kg. og allt að 16½ kg. merkjast O.

82 10. ágúst

Skrokkar, sem vega 16½ kg. og þar yfir, merkjast T. Merkin séu sett á umbúðir og merkimiða.

Annars flokks kjöt: Skrokkar, sem vega 13½ kg. og þar fyrir neðan, merkjast YX. Skrokkar, sem vega yfir 13½ kg., merkjast YO.

i. Auk flokksmerkja skal einnig setja merki útflytjanda á umbúðirnar.

j. Við útskipun skal kjötið vegið í umbúðum, og skal sú þyngd tilgreind á vottorðum, sem fylgi kjötinu.

11. gr.

Kjötmatsmönnum ber að hafa eftirlit með útskipun á frystu kjöti og ber að hlíta fyrirmælum þeirra við útskipunina. Ef umbúðir óhreinkast í frystihúsinu eða við útskipun, ber matsmönnum að sjá um, að hinar óhreinu umbúðir séu teknar af kjötinu, og nýjar hreinar umbúðir settar í staðinn.

12. gr.

Þegar kjöt er flutt úr landi, skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sé flokkað og metið af honum og farið með það að öllu leyti eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins, eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar lögreglustjóri annan hæfan mann til að gefa vottorð í hans stað.

Matsmenn eiga að geta þess, að vottorð þessi fylgi kjötinu, sem og vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið, sbr. 2. og 10. gr., og má ekkert kjöt flytja úr landi án þess að framangreind vottorð fylgi.

13. gr.

Matsmönnum ber að sjá um það, að til kjötmerkingar sé aðeins notað svonefnt „berlínarblátt" kjötstimpilblek, eða annað blátt blek, sem atvinnumálaráðuneytið kann að löggilda til slíkrar notkunar.

14. gr.

Kjötmatsmönnum ber að fara eftir nánari leiðbeiningum yfirmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Þeir skulu að lokinni sláturtíð gefa yfirmatsmanni skýrslu um starfrækslu þess sláturhúss, er þeir hafa unnið við, um tölu sláturfjár, um tölu á kjöttunnum, og hve margar af hverri tegund og hve margir skrokkar af frystu kjöti eru af hverri tegund. Þeir skulu og eftir því sem ástæður leyfa, vera yfirmatsmanni og aðstoðarmönnum hans til aðstoðar í starfi þeirra eftir þörfum, hjálpa þeim til að samræma kjötmatið og sjá um að kjötmatið sé í sem beztu lagi.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi, og fara eftir þeim reglum, er settar eru um það. Atvinnumálaráðuneytið stílar þeim heitið.

16. gr. 82

Matsmönnum er skylt að vinna að verkun kjötsins eða öðru, er að henni 10. ágúst
lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlitsins að öðru leyti. Um kaup matsmanna fer samkvæmt 8. gr. kjötmatslaganna.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta kjöt fyrir eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Vanræki kjötmatsmaður starf sitt, eða leysi það illa af hendi að dómi yfirkjötmatsmanns, skal yfirkjötmatsmanni heimilt að víkja honum frá um stundarsakir en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

17. gr.

Nú þykir yfirkjötmatsmanni nauðsyn vera til að víkja í einhverju frá framantöldum reglum, og skal hann þá gera tillögur um það til atvinnumálaráðuneytisins, sem ákveður, hvort vikið skuli frá reglunum og að hverju leyti.

18. gr.

Erindisbréf fyrir kjötmatsmenn frá 6. sept. 1930 er úr gildi fellt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1933.

Þorsteinn Briem. *Vigfús Einarsson.*

YFIRLIT 83

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1933.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	748807,89	
b. Ræktunarsjóður	—	5216672,38	
c. Veðdeild	—	1467044,78	
d. Byggingar og landnáms sjóður	—	1832800,76	
e. Viðlagasjóður	—	1894267,31	
			kr. 11159593,12
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	260596,54	
b. Viðlagasjóður	—	32800,00	
			— 293396,54
3. Víxlar			— 1676211,81
			Flyt kr. 13129201,47

83

		Flutt kr.	13129201,47
4.	Ýmsir viðskiptamenn:		
	Byggingar og landnáms sjóður	—	419,38
5.	Óinnheimtar tekjur:		
	a. Ræktunarsjóður kr. 183686,02		
	b. Veðdeild — 72007,68		
		—	255693,70
6.	Innanstokksmunir	—	10000,00
7.	Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	1903000,00
8.	Útibú á Akureyri	—	333856,85
9.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda	—	39886,07
10.	Varasjóður Ræktunarsjóðs	—	174158,12
11.	Fasteignir	—	52504,72
12.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	419965,95
		Kr.	16318686,26

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð:		
	a. Sparisjóðsdeild kr. 1500000,00		
	b. Byggingar og landnáms sjóður — 600000,00		
		kr.	2100000,00
2.	Innstæðufé í sparisjóði og á skírteinum	—	1685473,92
3.	Innstæða í hlaupareikningi	—	280239,19
4.	Ýmsir viðskiptamenn:		
	a. Sparisjóðsdeild kr. 8381,05		
	b. Ræktunarsjóður — 4445,67		
		—	12826,72
5.	Ábyrgðir	—	1903000,00
6.	Jarðræktarbréf í umferð	—	2855700,00
7.	Veðdeildarbréf í umferð	—	1480000,00
8.	Skuldir á fasteignum	—	49600,00
9.	Vextir og aðrar tekjur:		
	a. Sparisjóðsdeild kr. 106430,90		
	b. Viðlagasjóður — 49344,33		
		—	155775,23
10.	Skuldlaus eign:		
	a. Sparisjóðsdeild kr. 64145,54		
	b. Ræktunarsjóður — 2929479,59		
	c. Veðdeild — 18543,13		
	d. Byggingar og landnáms sjóður — 665352,44		
	e. Viðlagasjóður — 2118550,50		
		—	5796071,20
		Kr.	16318686,26

Búnaðarbanki Íslands.

REIKNINGUR 84

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns Jónssonar læknis, árið 1932.

Tekjur:

Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
4 Ræktunarsjóðs bréf, hver á 1000	kr.	4000.00	
Peningar í innlánsbók í Útvegsbankanum	—	335.39	
			kr. 4335.39
Vextir:			
Af Ræktunarsjóðsbréfum	kr.	220.00	
Af innlögum í Útvegsbanka Íslands	—	14.96	
			— 234.96
			Kr. 4570.35

Gjöld:

Eftirstöðvar til næsta árs:			
4 Ræktunarsjóðsbréf, hvert á 1000	kr.	4000.00	
Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Íslands	—	570.35	
			kr. 4570.35
			Kr. 4570.35

Reykjavik, 25. janúar 1933.

Jón Helgason. *Sigurjón Jónsson.* *Sig. Magnússon.*

REIKNINGUR 85

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis árið 1932.

Tekjur:

1. Hörgslandshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1931	kr.	1012,92	
Vextir 1932	—	59,76	
			kr. 1072,68
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1931	kr.	689,17	
Vextir 1932	—	40,66	
			— 729,83
3. Leiðvallarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1931	kr.	413,70	
Vextir 1932	—	24,41	
			— 438,11
			Flyt kr. 2240,62

85

		Flutt kr.	2240,62
4.	Skaftártunguhreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1931	kr. 252,01	
	Vextir 1932	— 14,87	
		—	266,88
5.	Álftaversbreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1931	kr. 411,73	
	Vextir 1932	— 24,29	
		—	436,02
6.	Hvammshreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1931	kr. 385,55	
	Vextir 1932	— 22,75	
		—	408,30
7.	Dyrhólahreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1931	kr. 185,77	
	Vextir 1932	— 10,96	
		—	196,73
		Kr.	3548,55

Gjöld:

1.	Hörgslandshreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	kr.	1072,68
2.	Kirkjubæjarhreppsdeild:		
	Styrkur til Þórunnar Árnadóttur, Hólmi	kr. 30,48	
	Í sjóði 31. des. 1932	— 699,35	
		—	729,83
3.	Leiðvallarhreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	—	438,11
4.	Skaftártunguhreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	—	266,88
5.	Álftaversbreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	—	436,02
6.	Hvammshreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	—	408,30
7.	Dyrhólahreppsdeild:		
	Í sjóði 31. des. 1932	—	196,73
		Kr.	3548,55

Vík, 31. júlí 1933.

Þorvarður Þorvarðsson. *Gísli Sveinsson.*

Reikning þenna hefi ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Vík, 3. ágúst 1933.

Jón Þorsteinsson.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um breyting á hreppamörkum milli Akraneshreppa.

86
17. okt.

Ráðuneytið hefir móttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 20. maí þ. á., um breyting á hreppamörkum milli Ytri-Akraneshrepps og Innri-Akraneshrepps. Út af þessu skal hérmeð tekið fram, að þar sem hreppsnefndir téðra hreppa hafa komið sér saman um neðanskráða breytingu á hreppamörkunum, með nánar tilteknum skilyrðum, og sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir mælt með breytingunni, vill ráðuneytið hérmeð, samkvæmt heimild í 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927, skipa fyrir um hreppamörkin, sem hér segir:

a. Að sunnanverðu frá Krosslandi ráði sýsluvegurinn í Innri-Akraneshreppi, eins og hann liggur nú, vestur að ræktunarlandi Odds Sveinssonar á Akri (nr. 48). Þaðan ráði skurður sá, sem liggur á milli ræktunarlanda þeirra Odds Sveinssonar og Ellerts Jónssonar í sjó fram.

Að vestan og norðanverðu ráði hin eldri hreppamörk, er liggja á milli Presthúsa og Kalmansvíkur, niður frá sjó og upp að sýsluvegi (Borgarfjarðarvegi). Þaðan ráði nefndur sýsluvegur inn að landamerkjum Elínarhöfða; þá ráði landamerki jarðarinnar Garða annarsvegar og Elínarhöfða, Bakkabæjar, Miðvogs og Innstavogs hinsvegar inn að Berjadalsá.

Að austan og sunnanverðu ráði hin gildandi landamerki jarðarinnar Garða annarsvegar og Ytrahólms, Kross og Akrakots hinsvegar frá Berjadalsá niður að fyrst nefndum sýsluvegi í Innri-Akraneshreppi.

b. Fjárhæð þá, sem Ytri-Akraneshreppur greiði Innri-Akraneshreppi í bætur fyrir landmissirinn, skal ákveða með gerðardómi þriggja manna, er sé þannig skipaður: Hvor hreppsnefndin fyrir sig tilnefni einn mann í dóminn en oddamaður skal tilnefndur af hæstarétti.

4. dag nóvembermánaðar 1933. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

87
16. ágúst

AUGLÝSING

um staðfestingu ráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 26, frá 8. september 1931, um breytingar á lögum nr. 18 frá 20. október 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur kauptúnsins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farartækjum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum síns og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstétt, sem auðið er. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til hægri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, „stikk“ eða „klink“, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Enginn má skjóta úr byssu, rifli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, yfir götu eða á götu né á svæði, sem almenningur fer um eða ætlað er til almenningsnota, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar má aðeins gera við götur, torg, eða á almannafæri, með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans, ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að sýna af sér hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gegna þarfinda sinna á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspekktir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er utan dyra eða í opinberum samkomuhúsum innan takmarka hreppsins, er skyldur til að segja til nafns síns, ef lögregluvaldið krefst þess.

87 11. gr.

16. ágúst Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvæði um að gera umferðina greiða.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur rjála við opinberar eignir í hreppnum.

13. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

14. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp né setja neitt, sem tálmar umferð manna, hvort heldur það eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja vörur eða aðrar nauðsynjar heim til sín og ekki geta lagt þær á eigin lóð, leggja þesskonar frá sér á meðan á flutningi stendur, en þeim ber að gæta þess, að gera öðrum sem minnstan farartálma. Vagnar og önnur flutningatæki mega aldrei standa á götu eða stræti lengur en á meðan þau eru losuð eða fyllt, og aldrei mega slík tæki standa þvert yfir götu, heldur skal þess alltaf gætt, að þau standi langs eftir götu og sem næst götubrún.

15. gr.

Á götu eða annarsstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt. Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja til þerris á götu, torgi eða öðru almannafæri þvott eða annað.

16. gr.

Engum, sem ekki er fullra 14 ára að aldri má trúa fyrir sleða, vagni eða kerru, sem hestur dregur, né heldur flutningatækjum á landi eða sjó, sem knúð eru með vélaafli.

17. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götu eða stræti, skulu viðhafa alla varúð, og er öllum bannað að ríða nema fót fyrir fót fram hjá húsdýrum og fyrir götuhorn

eða út og inn um port eða garðshlið. Svo er og stranglega bannað að ríða hraðara en hægt tölt á götum kauptúnsins, og eru þeir, sem ríða eða aka, skyldir til að gera fótgangandi mönnum, sem á undan þeim er, viðvart í tæka tíð. Fælna hesta má ekki nota fyrir vagni eða sleða. Hvorki fælna né slæga hesta má reka lausa um götur kauptúnsins. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á götu eða almannafæri í hreppnum, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. **87** 16. ágúst

18. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

19. gr.

Hjólreiðarmenn skulu fara hægt og gætilega um götur kauptúnsins, svo og þeir, sem aka farartækjum, sem knúð eru með vélaafli, og skulu þeir ætíð hafa bjöllur eða lúðra á farartækjum sínum og gæta þess að gera aðvart í tæka tíð, þeim, sem á undan fara, og ætíð hringja eða blása í lúður áður en þeir fara fyrir götuhorn eða framhjá dyrum, er liggja nærri götu. Ennfremur er þeim skylt að hafa ljósker á slíkum farartækjum, og hafa þau tendruð er þeir eru á ferð, frá því að skyggja tekur á kvöldin og þar til bjart er orðið að morgni.

20. gr.

Menn, sem bera orf og ljái um göturnar eða á öðru almannafæri, skulu hafa það sitt í hvoru lagi.

21. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu. Hestar í kauptúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ætíð hýstir um nætur á veturna.

22. gr.

Naut, sem farið er með um götur kauptúnsins, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársgömlu eða eldra. Aldrei mega naut standa úti á götu eða öðru almannafæri gæzlulaus. Naut mega ekki ganga laus með kúm hreppsbúa.

23. gr.

Enginn má etja hundum saman né siga þeim á fólk, og verði einhver var við, að hundur ræðst á mann, er hann skyldur til að aftra því. Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eða elta skepnur úti um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega ekki vera lausir úti um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum hreppsins. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, skal lögreglustjóri láta handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

87 16. ágúst

24. gr.

Ekkert má það hafa í opnum glugga við götu, sem niður getur fallið og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfaröndum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

25. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg hreppsins né raska þeim á nokkurn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hreppsnefndar. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hreppsnefnd og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða torg í samt lag aftur, á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

26. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu þegar húsgerðinni er svo langt komið, eða verki því, er unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

27. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar, eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

28. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Sama ábyrgð hvílir á eigendum, umráðamönnum og þeim, er verkið framkvæmir, og á brotum gegn 27. gr.

29. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar, að þær að dómi hreppsnefndar séu taldar nauðsynlegar. Skulu allar slíkar sporbrautir falla niður í veginn þannig, að þær valdi ekki vegfarendum farartálma. Þar sem sporbrautir liggja yfir götu eða eftir, skulu þeir, sem með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljótist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eiganda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum. Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

30. gr.

Þakjárn, sem notað er yfir fiskstakka eða annað, skal bundið eða á annan hátt fest svo vel, að það fjúki ekki í stormi. Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárni laust úti og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað, sem meiðslum getur valdið ef fýkur.

31. gr.

Báta eða annað má aldrei setja á vegi eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann og getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða hvor um sig, látið færa slíka muni í burtu á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

III. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

32. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, götuljósker, símar eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

33. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, er hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanna. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum

87 eignum hreppsbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann
16. ágúst skaða, sem hann gerir.

34. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreit hreppsins eða saurga hann á nokkurn hátt.

35. gr.

Auglýsingar má ekki festa á íbúðarhús manna án þeirra leyfis. Bannað er að festa upp auglýsingar með járnnöglum eða öðrum nöglum á síma- eða rafmagnsstaura og aðrar opinberar eignir, eða eignir einstakra manna, nema með leyfi hlutaðeigenda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Opinberar auglýsingar má enginn taka niður í óleyfi, né skemma þær eða gera ólæsilegar á nokkurn hátt.

36. gr.

Enginn má skjóta fugla eða seli á annara fjörum nema með leyfi landeiganda.

IV. KAFLI

Um reglu á veitingastöðum og almennum skemmtistöðum.

37. gr.

Hverjum, sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

38. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

39. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkjar eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

40. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki hafa náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn vissan lokunartíma,

ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna. 87 16. ágúst

41. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemmtanir, án leyfis lögreglustjóra. Sé slíkt leyfi veitt, skal það bundið því skilyrði, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem kunna að verða sett með þar að lútandi reglugerð fyrir Eskifjarðarhrepp. Leyfishafi skal auk þess skyldur að hlýða þeim fyrirmælum, er lögreglan kann að setja til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Leyfishafa er og skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, og skal það ætíð nýræst, þegar samkoma byrjar og nægileg hrákaílát við hendina.

42. gr.

Á opinberum samkomum mega áheyrendur eða áhorfendur ekki trufla samkomuna með ósæmilegu látbragði eða hávaða, svo að aðrir geti ekki notið þess, er fer fram.

43. gr.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera, að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu, og skulu hurðir falla út.

44. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

45. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Hann getur og bannað, ef honum sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

46. gr.

Þegar samkoma stendur yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, sem fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar við eldshættu, og ef enginn býr í húsinu, skal hann fullvissa sig um, áður en skilið er við það, að ekki sé neinstaðar í því óslökktur eldur.

47. gr.

Sérhverjum, sem sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur sem háreisti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

V. KAFLI
Um samgöngur við skip.

48. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann telur þess þörf til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við skip, er koma frá útlöndum, eða eru útlend, en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VI. KAFLI
Um börn á götum kauptúnsins.

49. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. Lögreglustjóri getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnsins eða við fisk- og pakkhúsin, þegar verið er við fiskvinnu eða upp- og útskipanir.

VII. KAFLI
Um ágang búpenings.

50. gr.

Meðan sauðfjáreign er í hreppnum, skal ávallt vera til 5 manna nefnd, skipuð sauðfjáreigendum og jarðeigendum en valin af hreppsnefnd til eins árs í senn. Skal nefnd þessi kosin í fyrsta sinn, þegar lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi, og síðan í janúarmánuði ár hvert.

Hlutverk nefndar þessarar er að annast allar framkvæmdir, sem sauðfjáreigninni í hreppnum við koma, svo sem: að sjá um, að öllu sauðfé sé komið burt úr kauptúninu, samkvæmt ákvæðum 51. greinar, annast fjallgöngur, senda menn í aðra hreppa á réttir eftir fé á haustin og hafa allar aðrar framkvæmdir um fjallskil, samkvæmt gildandi fjallskilareglugerð. Skal hún semja fjallskilaseðil á hverju hausti og leggja fyrir hreppsnefndina til samþykktar. Ennfremur skal nefndin sjá um handsömun á ágangsfénaði. Allir sauðfjáreigendur og jarðeigendur í hreppnum eru skyldir til að hlýða fyrirmælum þessarar nefndar.

51. gr.

Enginn má hafa sauðfé heima í kauptúninu á tímabilinu frá 1. júní til 20. september, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á annara land geti ekki af hlotizt.

52. gr.

Enginn má láta hross ganga laus í kauptúninu, nema í gripheldri girðingu sé, sama gildir um geitfé og nautpening. 16. ágúst

53. gr.

Hænsn, endur og aðrir alifuglar skulu alltaf byrgðir í heldum girðingum á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert.

54. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum, er gerðar kunna að vera út af ágangi fénaðar og alifugla, greiðir eigandi fjárins, sömuleiðis tjón það, er ágangurinn kann að hafa valdið og skal sá skaði metinn af lögreglustjóra og tveimur mönnum, öðrum völdum af eiganda fjárins og hinum af tjónþola. Allan þann kostnað, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú sem um getur í 50. gr. kann að gera, greiða fjáreigendur eftir því sem nefndin ákveður.

VIII. KAFLI
Um almennt hreinlæti og þrifnað.

55. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur, eftir þeim ákvæðum, sem þar um eru sett eða kunna að verða sett með heilbrigðissamþykkt fyrir hreppinn eða samkvæmt henni.

IX. KAFLI
Um tryggingu fyrir hættum.

56. gr.

Vatnsból skulu vera svo vel byrgð, og svo traustlega, að engum, hvorki mönnum né skepnum geti stafað hætta af þeim. Sama gildir um safngryfjur.

57. gr.

Mannvirki og annað, sem ótalið er í 56. gr. og sem nokkur hætta getur stafað af, mönnum eða dýrum, skal vera svo tryggilega um búið, að engin hætta geti af stafað, að dómi lögreglustjóra.

Ef eigandi eða umráðamaður lætur farast fyrir, eftir boði lögreglustjóra, að gera slík mannvirki og umræðir í þessum kafla svo tryggileg, að hættulaus séu, má lögreglustjóri láta gera það á hans kostnað.

58. gr.

Bannað er að nota gaddavírsgirðingar meðfram vegum í hreppnum og hvergi nær íbúðarhúsum eða almannafæri en sex metra.

87
16. ágúst

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o. fl.

59. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.

60. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða umráðamanna, er ganga þeim í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

61. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipun lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnað við þetta og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir eða lætur gera til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykkt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um að greiða kostnaðinn, greiðist hann úr sveitarsjóði.

62. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði.

63. gr.

Mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1933.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. ágúst 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

88
17. ágúst

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vindfelli í Kolbeinstangasporð, og innan línu úr Kolbeinstangasporði í Fuglabjarganesodda, á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

89
26. ágúst

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á svonefndri Höepfnerseign syðst á Oddeyrartanga í Akureyrarkaupstað, lóðum að stærð um 8500 ferm., ásamt réttindum til sjávar, bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem á lóðinni eru.

89 26. ágúst

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

90 15. sept.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kanadasjóð til styrktar íslenzkum námsmönnum.

1. gr.

Kanadasjóður, til styrktar íslenzkum námsmönnum, er stofnaður af gjöf að upphæð 25000 kanadiskir dollarar, sem Kanadaþing hefir gefið Íslandi í tilefni af þúsund ára minningarhátíð Alþingis 1930, sem tákn um vinarhug.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenzka námsmenn og fræðimenn til háskólanáms í Kanada. Styrkur skal einkum veittur kandídötum frá Háskóla Íslands eða íslenzkum kandídötum frá erlendum háskólum, verkfræðingaskólum eða öðrum hliðstæðum menntastofnunum, þó má og veita stúdentum styrk þegar sérstaklega stendur á. Námsmenn, er leggja stund á fræðigreinar, er snert geta atvinnulíf á Íslandi, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

3. gr.

Forsætisráðherra Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins og ákveður hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað. Hann úthlutar og styrkjum, að fengnum tillögum Háskólaráðs Íslands eða annara stofnana, ef ástæður þykja til.

Heimilt er að veita sama námsmanni styrk í fleiri en eitt ár.

4. gr.

Á ári hverju má úthluta öllum ársvöxtum sjóðsins. Heimilt er að verja öllum ársvöxtum til styrktar einum námsmanni, en rétt er og að skipta þeim milli tveggja eða fleiri námsmanna.

Ef engin styrkumsókn berst á einhverju ári, sem ástæða þykir að sinna, þá þarf ekki að úthluta ársvöxtunum, heldur má geyma þá til úthlutunar á næstu árum eða bæta þeim við höfuðstólinn.

5. gr.

Auglýsingar um styrk úr sjóðnum skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, með nægum fyrirvara.

Umsóknir um styrk skulu komnar til forsætisráðherra fyrir 1. júlí. Styrkur veitist í fyrsta sinn árið 1933. **90** 15. sept.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins og skýrslu um, hverjir notið hafa, skal birta í Stjórnartíðindunum.

Forsætisráðherrann, 15. september 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum, 16. febrúar 1929. **91** 18. sept.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgr., er svo hljóðar:

Eimkatlar með vinnuþrýsting yfir 8 kg/cm.^{2} og aðrir katlar þar sem framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.^{2} er yfir 30, mega ekki standa í, undir eða yfir herbergjum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar, sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 18. sept. 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum. **92** 20. sept.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Til niðursuðu, bjúgnagerðar eða hverskonar annars tilbúnings matvæla úr kjöti eða öðrum sláturfjárafurðum, sem ætlaðar eru til sölu, má aðeins nota kjöt,

92 sem skoðað hefir verið af lækni, sem fengið hefir löggildingu til kjötskoðunar,
20. sept. og stimplað af honum sem heilbrigð og ósaknæm vara. Sé um að ræða aðrar sláturfjárafurðir til slíkrar matvælagerðar, má því aðeins nota þær, að þær hafi verið skoðaðar af lækni og af honum dæmdar heilbrigðar og ósaknæmar.

2. gr.

Tilbúningur slíkra matvæla, sem um getur í 1. gr., má aðeins fara fram í loftgóðum og björtum húsakynnum, þar sem auðvelt er að ná til þvottavatns, og þannig gerðum, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Frárennsli skal vera svo gott, að engin hætta sé á, að óhreinindi safnist fyrir í húsunum eða kring um þau, er óheilnæmi geti stafað af. Skal þess ætíð gætt að halda slíkum húsum svo hreinum að öruggt sé.

3. gr.

Þeir, einir, sem að dómi læknis eru hraustir og lausir við smitandi sjúkdóma, mega vinna að tilbúningi slíkra matvæla, sem um getur í 1. gr. Slík læknisskoðun skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því, að reglum þessum sé fylgt, og má enginn hefja slíka starfrækslu, sem um getur í 1. gr., nema hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd hafi skoðað húsakynnin og leyft að slík starfræksla megi fara þar fram. Þar sem engin heilbrigðisnefnd er til, annast héraðslæknir þessi störf.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 2000 krónum. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

93
29. sept.

um skipun slökkviliðs og brunamála í Stykkishólmskauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar, sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið lögreglustjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Stykkishólmskauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, minnst 50 vatnsfötur, rafknúinn brunalúður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl, auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tilögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í Slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er þarf á að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörslum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður eftir tillögum brunamálanefndar mann eða menn til að hirða eða hafa umsjón með slökkvitækjunum og ber hann eða þeir ábyrgð á því að þau séu fyrir hendi og að þeim sé vel við haldið.

93 5. gr.

29. sept. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafa verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

6. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum viðsvegar í kauptúninu er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2. eða 3. hæð, ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

7. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða, eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans, vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri, mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan í samráði við brunamálanefnd.

9. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elstu ganga fyrir með hvíld.

10. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fast ráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 18 liðsmenn og 2 brunaboðar.

11. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til þess, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og leggur sekt við ef út af er brugðið.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins frá greiðslur fyrir starf það er þeir vinna í þjónustu þess við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

13. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

14. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nægilega margir í slökkviliðinu og það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé

93 hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum,
29. sept. sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

15. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

16. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þennan eftir tillögum lögreglustjóra hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag rögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

17. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn sem í húsinu er leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlaust aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sín sem mest má verða.

18. gr. 93

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkvi- 29. sept.
liðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

19. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári; þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist Brunabótafélagi Íslands ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

20. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðrum.

93
29. sept.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

21. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á kauptúnslóðunum má ekki kveikja bál eða halda brennu nema leyfi lögreglustjóra komi til.

22. gr.

Eldiviður, steinkol eða mó, og annað eldsneyti má ekki liggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa utanhúss, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástaflinn megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpintínu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteyptum loftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og og steinglólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má lögreglustjóri láta flytja þær í burtu á kostnað eiganda.

23. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meira en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða port-

um þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið. 93 29. sept.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamerki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius), t. d. benzín.

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi skal hann þurrkaður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsum má aldrei geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé ábreiða sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins, nema samkvæmt fyrirlagi lögreglustjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja í burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma má ekki fara fram nema undir eftirliti sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað inntak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

24. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr ofninum detti í kassann.

b. Þegar límpottur er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

93 29. sept.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest upp á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 10. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	4	—
4. Dæluflokkur	4	—
5. Vatnsburðarflokkur	4	—
6. Brunaboðar	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 9. gr., og skal hverjum

einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt. 93 29. sept.

26. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðast öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdæluna, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 29. gr.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 10. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr

93 skylduliðinu (sbr. 9. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri á-
29. sept. kveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðs, sbr. 26. gr., nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild, önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 15. október 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. september 1933.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vélstjóraskóla Reykjavíkur.

94
29. sept.

Samkvæmt 5. gr. í lögum nr. 37, 3. nóv. 1915, um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóraskólann í Reykjavík.

Á eftir IV. kafla kemur eftirfarandi

V. KAFLI

Ákvæði um vélgæzludeild.

Á eftir 28. gr. koma eftirfarandi greinar:

29. gr.

Inntökuskilyrði í vélgæzludeild Vélstjóraskólans skulu vera sem hér segir:

a) Að umsækjandi hafi stundað járnsmíði í 3 ár eða verið aðstoðarmaður í eimvél eða vélstjóri með undanþágu, hvorttveggja sömuleiðis í 3 ár, og hafi meðmæli smiða þeirra eða vélstjóra, sem hann hefir unnið með.

b) Að hann hafi eigi verið dæmdur fyrir neinn þann verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti.

c) Að hann sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendunum.

Beiðni um viðtöku í deildina sendist forstöðumanni skólans, og fylgi henni vottorð um, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem talin eru í lið a og b hér að framan, og ennfremur skírnarvottorð og læknisvottorð.

30. gr.

Til prófs útheimtist:

1. Í íslenzku:
   Nemandinn verður að geta gert léttan stíl, ritvillulítinn, og lesið nokkurn veginn viðstöðulaust. Hann verður og að kunna helztu undirstöðuatriði málfræðinnar.
2. Í reikningi:
   Nemandinn skal kunna fjórar höfuðgreinir í reikningi með heilum tölum, einföldum brotum og tugabrotum.

94 29. sept.

3. Í vélfræði:
Nemandinn verður að þekkja ýmsar tegundir eldsneytis, sem notaðar eru í skipum og bátum fyrir eimvélar og hreyfla, vita hvernig vélunum er komið fyrir í skipinu, þekkja gerð þeirra og kunna til gæzlu þeirra. Hann skal þekkja helztu hluta skipsins og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, austurs- og slökkvitæki og aðrar hjálparvélar skipsins. Hann verður að vita deili á ryðmyndun og þekkja aðferðirnar til að koma í veg fyrir hana. Hann skal þekkja helztu lagaákvæði um vélar í eimskipum. Ennfremur verður hann að kunna skil á helztu starfsháttum mótorvéla.

4. Í eðlisfræði:
Nemandinn verður að hafa þekkingu á helztu náttúrulögmálum.

Við kennsluna skal nota þær bækur, sem skólastjóri og kennarar ákveða í sameiningu.

31. gr.

Kennslustundir eru 30 á viku og skiptast þannig milli námsgreinanna:

1. Í íslenzku skal kenna 6 stundir á viku.
2. – reikningi — — 8 — – —
3. – eðlisfræði — — 4 — – —
4. – vélfræði — — 12 — – —

32. gr.

Kennsla byrjar 1. október, og próf skal haldið í fyrri hluta febrúarmánaðar.

33. gr.

Próf í eðlisfræði og mótorvélfræði er eingöngu munnlegt, en í öðrum greinum einnig skriflegt. Einkunnir eru hinar sömu og tíðkast við próf í Vélstjóraskólanum. Við prófið skulu gefnar alls 10 einkunnir, sem sé:

Í vélfræði	4 einkunnir	fyrir	2	skriflegar	og	2	munnlegar úrlausnir.
– íslenzku	2 —	—	1	skriflega	—	1	munnlega úrlausn.
– reikningi	2 —	—	1	—	—	1	— —
– eðlisfræði	1 einkunn,	—	1	munnlega	úrlausn.		
– mótorfræði	1 —	—	1	—	—		

Til að standast prófið þarf að minnsta kosti 3 í meðaleinkunn.

Nr. **94**

PRÓFSKÍRTEINI 29. sept.

N. N.
fæddur
hefir staðizt hið íslenzka vélgæzlumannapróf og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenzka	2 eink.	
Reikningur	2 —	
Eðlisfræði	1 —	
Vélfræði	4 —	
Mótorfræði	1 —	
Aðaleinkunn	10 eink.	

Reykjavík ..... 19..

N. N. N. N.

N. N.

Til að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 30 stig.
Hæsta einkunn er 70 stig.

Um öll önnur atriði gilda sömu reglur og við vélstjórapróf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er eiga hlut að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

95 7. okt. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorsteins Þorsteinssonar og Ingigerðar Runólfsdóttur á Berustöðum", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Þorsteins Þorsteinssonar og Ingigerðar Runólfsdóttur á Berustöðum.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag hjónanna sjálfra og boðsgesta við gullbrúðkaup þeirra hinn 8. júlí 1931, og er að upphæð kr. 2625.00 — tvö þúsund sex hundruð tuttugu og fimm krónur —, þar af eru kr. 2500.00 í veðdeildarbréfum, og kr. 125.00 í sparisjóðsbók.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, ásamt öðrum þeim tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, þar til árið 1956, sem er 75 ára hjúskaparafmæli hjónanna, og sem næst 100 ára aldursafmæli þeirra. Þá skal verja þrem fimmtu hlutum vaxtanna samkv. 3. gr., en tveir fimmtu leggjast við höfuðstólinn, þar til ársvextir hafa náð samtals sex hundruð krónum. Úr því má verja fimm sjöttu ársvaxtanna til styrkveitinga, en einn sjötti leggist við höfuðstólinn. Þegar að síðustu sjóðurinn er orðinn eitt hundrað þúsund krónur, má verja öllum vöxtum til styrkveitinga samkvæmt 3. grein.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka pilta í Ásahreppi, er stunda vilja bóklegt og verklegt búnaðarnám. Sömuleiðis að styrkja fátækar stúlkur í sama hreppi, sem stunda vilja bóklegt og verklegt húsmæðranám. Styrkurinn veitist hvort sem námið er stundað innanlands eða erlendis, og má veita hann tvö ár í röð.

4. gr.

Verði hin ákveðna upphæð samkv. 2. gr. ekki greidd úr sjóðnum, vegna þess að enginn sótti samkvæmt fyrirmælum 3. gr., má verja hinni áskildu fjárhæð ársins til styrktar fátækum fjölskyldum innan Ásahrepps, þeim er orðið hafa fyrir tilfinnanlegu heilsutjóni, og þar af leiðandi kostnaði og atvinnumissi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, og eru hreppstjóri og oddviti Ásahrepps sjálfkjörnir í hana. Hinn þriðji skal kosinn á hreppskilaþingi, til eins

árs í senn. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt, og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót, og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundi Rangárvallasýslu, og hefir sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins, á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar. **95** 7. okt.

6. gr.

Endurskoðendur ber að kjósa á hreppsskilaþingi til eins árs í senn. Skulu þeir gæta þess vandlega, að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og vanda um, ef út af er brugðið.

7. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna og hæfileika umsækjanda og gildir í öllu hið sama um karl og konu.

8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrirmælum skipulagsskrá þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, er það á valdi stjórnarinnar, hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk eða lætur fjárhæðina leggjast við höfuðstólinn.

10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Berustöðum, 20. júní 1932.

Þorsteinn Þorsteinsson. **Ingigerður Runólfsdóttir.**

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Þorgrímssjóð", útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1933. Skipulagsskráin er þannig: **96** 7. okt.

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Þorgrímssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tungumálakennara Þorgrími Guðmundssyni í Reykjavík, og er stofnfé hans 4000 — fjögur þúsund — krónur.

96 2. gr.

7. okt. Stofnfé sjóðsins skal lagt í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar, unz sjóðurinn er orðinn 8000 — átta þúsund — krónur.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn átta þúsund krónur, sem aldrei má skerða, skal ⅔ hl. ársvaxtanna varið til þess að styrkja efnilega unga menn í sjóplássinu Garði í Gullbringusýslu til að nema sjómannafræði, eftir nánari ákvörðun stjórnarnefndar sjóðsins í hvert sinn, og með þeim skilyrðum, er nefndin setur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sóknarpresturinn í Útskálaprestakalli og oddvitinn í Gerðahreppi, og úthlutar stjórnarnefndin styrk úr sjóðnum samkvæmt skipulagsskrá þessari, semur reikning árlega fyrir sjóðinn. — Formaður stjórnarnefndar er sýslumaður og geymir hann skjöl og bækur sjóðsins. — Árlegur reikningur sjóðsins skal lagður fyrir aðalfund sýslunefndar Gullbringusýslu.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og á breytingum á henni, ef til kemur.

Hafnarfirði í janúar 1933.

Magnús Jónsson, sýslumaður. Eiríkur Brynjólfsson, sóknarprestur.

97 **REGLUGERÐ**

11. okt **um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkauptún frá 3. júlí 1931.**

3. gr. hafnarreglugerðarinnar breytist þannig:

5. Af hausuðum og flöttum fiski kr. 3,00 af hverri smálest.
6. Af sementi og útlendum áburði kr. 2,00 af hverri smálest.
7. Af trjáviði kr. 0,05 af hverju teningsfeti
8. Af öllum öðrum inn og útfluttum vörum nema endursendum umbúðum kr. 6,00 af hverri smálest.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 60, 28. nóvember 1919 til að öðlast gildi 1. nóvember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 98

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu. 12. okt.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Bríkvestan Ólafsfjarðar í Múlatöng austan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. nóvember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 99

um einkasíma í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu. 12. okt.

1. gr.

Símar þeir, sem samþykkt þessi nær til, eru:

a. Lína frá stauraröð landssímans við Vesturósbrú Héraðsvatna, fram Hegranesið að vestan, er nái til eftirtaldra sex bæja: Helluland, Kárastaðir, Hróarsdalur, Keldudalur, Egg og Eyhildarholt með álmum frá staurarðinni heim á bæina, ef þörf krefur.

b. Lína frá Vesturósbrú Héraðsvatna á staurarröð landssímans til Sauðárkróks.

99 2. gr.

12. okt. Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslur á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir á álmu þeirri, er liggur heim til hans, en félagið á aðallínunni.

4. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag er nefnist „Einkasímafélag Rípurhrepps", og greiðir það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim ⅗ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr. — Kostnaði þessum skal jafnað niður sem hér segir:

A. Kostnaðurinn við lagningu aðallínunnar skal lagður á ábúðarjarðir félagsmanna eftir fasteignamati.

B. Með gjaldi af símtölum á línunni, sem ákveðin kunna að verða, enda séu þau ákveðin í samráði við landssímastjóra.

Kostnað við lagningu álmu frá aðallínu á hvern bæ kostar hver aðili.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega, síðla vetrar. Á fundi er gengið verður frá samþykkt þessari skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin skal kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári fyrstu tvö árin, eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, sem úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi og úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv. Afrit af ársreikningum skal sent landssímastjóra. Félagið heldur gerðabók.

6. gr.

Sveitarstjórn Rípurhrepps og sýslustjórn Skagafjarðarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasíma, eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 300,00, sem renna í sveitarsjóð Rípurhrepps.

Gjöldum til símans fylgir lögtaksréttur.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

100
16. okt.

um skipun póstmála.

1. gr.

Póstmálastjóri hefir á hendi stjórn póstmálanna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Póstritari ber ábyrgð gagnvart póstmálastjóra á öllu því, sem heyrir undir hann á aðalskrifstofu póstmálanna, og kemur í hans stað, þegar hann er fjarverandi eða eigi viðlátinn.

Bréf þau, sem póstmálastjóri skrifar ekki undir sjálfur, undirskrifar póstritarinn og bætir við nafn sitt f. h. p. (fyrir hönd póstmálastjóra) eða póstfulltrúinn, og bætir við nafn sitt e. u. (eftir umboði).

3. gr.

Konungur veitir póstmálastjóraembættið, en að fengnum tillögum póstmálastjóra veitir atvinnu og samgöngumálaráðuneytið póstritara, póstmeistara og póstfulltrúaembætti svo og embætti póstafgreiðslumanna, sem einnig eru stöðvarstjórar, og önnur póstembætti, sem eru á launalögum.

Póstmálastjóri skipar póstafgreiðslumenn, sem ekki eru stöðvarstjórar, en bréfhirðingarmenn, bréfbera og pósta skal hann ráða með samningum.

Þeir póstembættismenn, sem taldir eru á launalögum, mega ekki takast á hendur nein launuð störf fyrir stjórnarvöld eða einstaka menn án leyfis póstmálastjóra eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Þegar póstembætti eru laus skal póstmálastjóri sjá um, að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau til bráðabirgða, og hann hefir heimild til að víkja póstembættismönnum frá um stundarsakir.

4. gr.

Á aðalskrifstofu póstmálanna skal meðal annars endurskoða reikninga frá forstöðumanni póststofunnar í Reykjavík, póstmeisturum og póstafgreiðslumönnum, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu og þangað skal senda póstfé, sem þeir eiga að standa skil á. Þaðan skal afgreiða til sömu frímerki, peninga, eyðublöð og áhöld eftir þörfum, og þar skal saminn reikningur yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld ríkisins fyrir hvert almanaksár.

Reikning þennan lætur fjármálaráðherrann endurskoða.

Hinar nánari reglur um störfin á aðalskrifstofu póstmálanna setur póstmálastjóri.

5. gr.

Forstöðumaður fyrir póststofunni í Reykjavík, póstmeistarar og stöðvarstjórar og póstafgreiðslumenn, sem eru á launalögum, stjórna öllum störfum á

100 póststofum sínum, bæði gagnvart starfsmönnum og yfirmönnum sínum gagn-
16. okt. vart öðrum pósthúsum og almenningi, sem notar póstinn.

Þeir skulu jafnframt því að taka þátt í störfunum, sjá um að verkin séu vel unnin og að almenningi sé sýnd lipurð, en jafnframt að allrar sparsemi sé gætt. Verkum skal þannig fyrirkomið að hægt sé að ákveða, hver beri ábyrgð á misfellum þeim, sem kunna að koma fyrir, og það er skylda hvers starfsmanns að styðja að því.

Þeir hafa eftirlit með starfsmönnum á póststofum sínum, bréfberum, sem ganga þaðan, og pósthúsum, sem liggja undir þá, og þeir skulu rannsaka frímerkjabirgðir og sjóð hjá hinum framantöldu, svo og á öðrum pósthúsum, þegar póstmálastjóri leggur svo fyrir. Framannefndir póstembættismenn skulu senda aðalskrifstofu póstmálanna eða póstmálastjóra reikning yfir tekjur og gjöld við lok hvers mánaðar með þeim fylgiskjölum, sem hann leggur fyrir.

6. gr.

Stöðvarstjórar, sem líka eru póstafgreiðslumenn með sjálfstæðri reikningsfærslu, og aðrir slíkir póstafgreiðslumenn skulu með hverri póstferð senda póststjórninni póstfé það, sem hjá þeim kann að vera og ekki þarf að nota til póstþarfa, og við lok hvers mánaðar skulu þeir semja reikning yfir tekjur og gjöld við póstafgreiðsluna fyrir mánuðinn og senda póstmálastjóra eða aðalskrifstofu póstmálanna með fyrstu póstferð ásamt kvittunum fyrir gjöldunum og því, sem kann að vera í sjóði fram yfir þá fjárhæð, sem er eða verður ákveðið að megi vera í sjóði hjá hverri póstafgreiðslu. Við árslok skal póstafgreiðslumaður senda ársreikning, sem hefir inni að halda samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld póstafgreiðslunnar samkvæmt mánaðarreikningunum.

Auk þess að sjá um póstafgreiðsluna þar á staðnum skal hann hafa gætur á að póstafgreiðslumenn, er eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, og kunna að verða lagðar undir hann, svo og bréfhirðingarmenn í umdæmi hans, leysi af hendi störf sín eins og fyrirskipað er. Hann skal bera upp fyrir póstmálastjóra uppástungur um, hverja skuli taka í nefndar sýslanir, þegar þær eru lausar, og hann getur gefið þeim ferðaleyfi, þó svo að séð verði um að störfunum sé gegnt svo að allt sé í reglu á meðan.

Póstafgreiðslumenn skulu senda póstmálastjóra öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv. um póstmál og þeir skulu, svo oft sem þess verður krafizt leggja fram bækur sínar og annað póstafgreiðslunum tilheyrandi til sýnis póstmálastjóra eða þeim, sem hann setur í sinn stað til að framkvæma slíka skoðun.

Þeir skulu sækja um leyfi hjá póstmálastjóra til þess að ferðast út fyrir umdæmi sitt; þegar á liggur geta þeir samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skulu þeir póstmálastjóra skýrslu um það, og verða þeir, hvernig sem á stendur, sjálfir að sjá um að áreiðanlegir menn annist póststörfin á þeirra ábyrgð, meðan þeir eru fjarverandi.

7. gr. **100**

Póstafgreiðslumenn þeir, sem eigi hafa sjálfstæða reikningsfærslu, liggja annaðhvort undir póstmeistara eða póstafgreiðslumann með sjálfstæðri reikningsfærslu, og hafa aðeins viðskipti við póstmálastjóra gegnum póstmeistara þann eða póstafgreiðslumann, sem yfir þá er settur. 16. okt.

Póstafgreiðslumaður, sem eigi hefir sjálfstæða reikningsfærslu, skal með hverri póstferð senda póstmeistara eða póstafgreiðslumanni, sem hann heyrir undir, alla peninga, sem hann hefir í sjóði, með nauðsynlegri skilagrein.

8. gr.

Bréfhirðingamenn eru skyldir til þess við lok hvers mánaðar að gera forstöðumanni, póstmeistara eða póstafgreiðslumanni þeim, sem þeir eru undirgefnir, skil fyrir póstgjöldum þeim, sem þeir hafa tekið við, og senda það sem kann að vera í sjóði. Þeir hafa aðeins viðskipti við póstmálastjóra, fyrir milligöngu nánasta yfirboðara síns, sem getur veitt þeim ferðaleyfi, gegn því að áreiðanlegir menn annist póststörfin á þeirra ábyrgð meðan þeir eru fjarverandi.

9. gr.

Póstmálastjóri eða sá póstmaður, sem hann felur að annast það, ræður pósta þá, sem með þarf til þess að póstflutningur komist áfram, með samningum, og skal þar í ákveða um fargögn, borgunarskilyrði, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda; en burtfarartíma, póstleiðina og viðkomustaði ákveður póstáætlun ár hvert, og skal samningurinn vísa til hennar í því efni.

Í samningnum skal póstinum bannað að taka nokkuð til flutnings utan pósts eða utan tösku; skulu sektir, sem nákvæmlega skal tiltaka, liggja við ef brotið er út af, og skulu þær vera nokkur hluti af kaupi því, sem samið er um fyrir ferðina, og sé aftur brugðið út af því, skal víkja póstinum frá þegar í stað.

Fari póstur ekki af stað á ákveðnum tíma, séu fargögn eigi í því ástandi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið en ákveðið var, eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem umsamið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmara er ákveðin í samningnum. Hafi aftur á móti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki sök á gefin, valdið því, að hann hefir orðið að bregða út af skilmálum þeim, sem settir eru í samningnum, verður hann til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkt hafi átt sér stað.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og vigtarseðil, og skal ritað á hann á hverjum viðkomustað, hvenær póstur kemur og hvenær hann fer og hvað sent er með honum.

10. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum svo og um reikningsskil og reikningsfærslu forstöðumanns fyrir póststofunni í Reykjavík, póstmeistara, póstafgreiðslumanna og bréfhirðingarmanna setur póstmálastjóri.

100 16. okt. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1933 og frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð um skipun póstmála 24. janúar 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

101 18. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Eyrarbakka.

1. gr.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

a. Öll raforka er seld eftir mæli, til ljósa á kr. 1.00 fyrir hverja kílówattstund; til iðnaðar á kr. 0.50 fyrir kílówattstund.
b. Straummælar þeir, sem eru eign rafveitunnar, eru leigðir notendum og reiknast leigan fyrir hvern mánuð eftir á kr. 0.80 um mánuðinn.

2. gr.

Gjöldin fyrir raforku, svo og leigan fyrir straummæla greiðist eftir hvern aflestur. Ef gjöldin eru ekki greidd einum mánuði eftir gjalddaga, er rafveitunni heimilt að taka strauminn af notanda, eftir skriflega aðvörun.

3. gr.

Gjöldin fyrir raforku og mælisleigu má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakkahrepps frá 17. febrúar 1923.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á bráðabirgðagjaldskrá fyrir lækna aðra en héraðslækna, og fyrir tannlækna og nuddara.

102
23. okt.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 47, 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, er hér með staðfest eftirfarandi

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir lækna aðra en héraðslækna, og fyrir tannlækna og nuddara.

1. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annarra en héraðslækna, fer eftir gjaldskrá héraðslækna, þó þannig, að læknum, öðrum en héraðslæknum, er heimilt að taka allt að þriðjungi hærra gjald en gjaldskráin ákveður (fyrir hverjar 2 krónur 3 krónur o. s. frv.).

2. gr.

Læknum, öðrum en héraðslæknum, sem eru viðurkenndir sérfræðingar, er heimilt að taka allt að þriðjungi hærra gjald fyrir störf sín en almennum læknum, þó aðeins fyrir þau störf, sem beinlínis heyra til sérgrein þeirra.

3. gr.

Um borgun fyrir störf tannlækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna um þau tannlæknisverk, sem þar er getið, þó þannig, að tannlæknum er heimilt að taka allt að þriðjungi hærra gjald en gjaldskráin ákveður, og fyrir önnur tannlæknisverk í sem fyllstu samræmi við það.

Læknum, öðrum en héraðslæknum, sem jafnframt eru tannlæknar, ber sama gjald fyrir tannlæknisverk sem öðrum tannlæknum.

4. gr.

Um borgun fyrir störf nuddara fer eftir gjaldskrá héraðslækna um þær nuddaðgerðir, sem þar er getið, þó þannig, að nuddurum er heimilt að taka allt að þriðjungi hærra gjald en gjaldskráin ákveður og fyrir aðrar nuddaðgerðir í sem fyllstu samræmi við það.

5. gr.

Nú hefir læknir annar en héraðslæknir eða tannlæknir eða nuddari opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki

102 23. okt. lægri en meðallaun héraðslæknis, og ber honum þá að fara að öllu leyti eftir gjaldskrá héraðslækna.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Þetta er hér með birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

103 23. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á ljósmæðrareglugerð.

Samkvæmt 9. gr. ljósmæðralaga nr. 17 frá 19. júní 1933 er hérmeð staðfest eftirfarandi

LJÓSMÆÐRAREGLUGERÐ

I. KAFLI

Almenn ákvæði, varðandi ljósmæður yfirleitt.

1. gr.

Réttur til ljósmæðrastarfa.

Hver sú kona, sem stundað hefir nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar er talin til þess hæf, á rétt á að kalla sig ljósmóður eða yfirsetukonu og að stunda ljósmóðurstörf hér á landi.

Sama rétt eiga og þær lærðar ljósmæður, sem rétt höfðu til ljósmæðrastarfa hér á landi áður en ljósmæðralög nr. 17, 19. júní 1933, gengu í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og að framan segir.

2. gr.

Leyfi til ljósmæðrastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf hér á landi, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

3. gr.

Óheimil ljósmæðrastörf.

Öðrum konum en þeim, sem rétt hafa samkvæmt 1. gr. eða leyfi samkvæmt 2. gr., er óheimilt að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og að stunda ljósmæðrastörf hér á landi.

4. gr.

Hvernig ljósmæður mega nota rétt sinn eða leyfi.

Hverri þeirri konu, sem á rétt samkvæmt 1. grein, eða hefir fengið leyfi samkvæmt 2. gr. til ljósmóðurstarfa, er frjálst að stunda ljósmóðurstörf hvar sem er hér á landi.

Ljósmóður er skylt að tilkynna héraðslækni, er hún sezt að í umdæmi til að stunda ljósmóðurstörf.

Hverri ljósmóður, sem óskar að setjast að í ljósmóðurumdæmi, sem starfandi ljósmóðir, er skylt að tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra.

Ljósmóður má banna að setjast að í umdæmi.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) getur með ráði héraðslæknis bannað ljósmóður að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi, ef hún hefir ekki tilskilin áhöld eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóður er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ljósmóður er skylt að tilkynna héraðslækni, er hún hættir störfum.

Ljósmóðir, sem starfað hefir í umdæmi, skal gera héraðslækni kunnugt, ef hún ætlar sér að hætta ljósmóðurstörfum, flytjast í annað umdæmi innan héraðsins eða úr héraðinu.

5. gr.

Eftirlit með ljósmæðrum.

Allar ljósmæður skulu háðar eftirliti héraðslækna og landlæknis. Er hver ljósmóðir skyld að fara eftir ráðum og aðvörunum héraðslæknis síns. Ef hún þykist verða fyrir órétti, er henni frjálst að snúa sér til landlæknis.

6. gr.

Um áhöld ljósmæðra.

Ljósmæðrum, sem stunda ljósmæðrastörf, er skylt að halda vel við áhöldum sínum, sem vera skulu í samræmi við áhalda- og lyfjaskrá ljósmæðra, er

Endurprentað blað.

103 landlæknir gefur út í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, og hafa þau
23. okt. jafnan við hendina, er þeirra er vitjað.

7. gr.

Um lyf ljósmæðra.

Ljósmæður, sem stunda ljósmæðrastörf, skulu jafnan hafa tiltæk lyf þau, sem talin eru í áhalda- og lyfjaskrá ljósmæðra.

Hver lyf ljósmæður mega ávísa sér sjálfar og hver ekki.

Ljósmæður eiga rétt á að fá afhent úr lyfjabúð gegn eiginni ávísun lýsól og önnur venjuleg sótthreinsunarlyf eftir vild, en Hoffmannsdropa, kamfórudropa, sekaledropa, vítisteinsvatn, 2% að styrkleika, og þynnta saltpéturssýru í fyrirskipuðum skömmtum. Stærri skammta, svo og ópíumsdropa, má aðeins afhenda þeim gegn læknisávísun.

Héraðslæknar láta starfandi ljósmæðrum í héruðum sínum ókeypis í té nauðsynlegar ávísanir á fyrirskipuð ljósmæðralyf.

8. gr.

Störf ljósmæðra.

Þessi eru þau störf, sem öllum ljósmæðrum er heimilt að rækja:

1) að rannsaka vanfærar konur til þess að komast að raun um heilsufar þeirra í sambandi við þungann og horfur fæðingarinnar;

2) að hjálpa jóðsjúkum konum og hjúkra þeim meðan þær liggja á sæng eftir barnsburð;

3) að annast hjúkrun og eftirlit með meðferð nýfæddra barna;

4) að skoða konur, ef þess er beiðst, í því skyni að komast að raun um, hvort kona er vanfær;

5) að fara með hægðadælu;

6) að losa konur við þvag;

7) að skola innan getnaðarfæri kvenna;

8) að koma fyrir leghringum og öðrum umbúðum, sem eiga við getnaðarfæri kvenna, eftir fyrirsögn læknis.

Hver ljósmóðir skal jafnan haga þessum verkum sínum nákvæmlega eftir reglum ljósmóðurfræðinnar og ekki leggja stund á neinar lækningar aðrar en þær, sem tilheyra ljósmóðurstörfum. Ef landlæknir setur sérstök fyrirmæli um einhver störf ljósmæðra, þá ber henni að fara eftir þeim í öllum greinum.

9. gr.

Skyldur ljósmæðra að gegna konum í barnsnauð.

Allar starfandi ljósmæður, sem stunda ljósmæðrastörf og þó að óskipaðar séu, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu,

sem leitar þeirra úr því ljósmóðurumdæmi, sem þær sitja í, enda sé þeim séð fyrir fararbeina. Nú er þeirra leitað til sængurkvenna úr næstu umdæmum fyrir það, að þar verður ekki náð til ljósmóður, og eru þær þá á sama hátt skyldar að gegna, ef þær ekki fyrir það vanrækja nauðsynleg störf innan síns umdæmis. **103** 23. okt.

Allar ljósmæður, og þó að þær stundi ekki ljósmæðrastörf, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst til starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefir náðst.

10. gr.

Um dvalarskyldu ljósmæðra, læknisvitjanir og notkun hríðaraukandi lyfja, deyfilyfja og svæfingarlyfja.

Ef ljósmóður er vitjað til að sitja yfir og verður hún þess vís, þegar hún kemur til konunnar, að konan hefir tekið léttasóttina, þá má hún ekki fara af heimilinu aftur fyr en barnið er komið og fylgjan, og úti í bráðina öll hætta á blóðlátum. Þó er ljósmóður heimilt að skipta hjálp sinni á milli tveggja sængurkvenna eða fleiri, eftir því sem atvik standa til, ef þörf er á slíku, enda sé skammur vegur í milli.

Ef ljósmóðir finnur þess merki, þegar hún kemur til konu, að ólag muni vera á fæðingunni, svo að konunni eða fóstrinu geti verið hætta búin, þá skal hún heimta í tæka tíð, að læknis sé vitjað, og senda lækni skýrt skeyti um það hvernig ástatt sé; fær hún hjá héraðslækni eyðublöð undir þau skeyti.

Nú er læknis vitjað, og skal hún þá fara að öllu eftir fyrirsögn hans og dvelja hjá konunni eftir barnsburðinn, svo lengi sem honum þykir þurfa; skal hún þá gera allt sitt til þess, að farið sé eftir fyrirmælum læknis meðan konan liggur á sæng.

Hún má ekki sjálf gefa eða leyfa að aðrir gefi jóðsjúkri konu hríðaraukandi lyf önnur en sekaledropa eftir fylgjufæðingu nema eftir fyrirsögn læknis, og ekki deyfilyf önnur en opíumsdropa í smáskömmtum, né svæfingarlyf nema læknir bjóði og sé viðstaddur.

11. gr.

Skyldur ljósmæðra að tilkynna barnsburði.

Þá er ljósmóðir tekur á móti barni, skal hún jafnan tilkynna barnsburðinn á þann hátt, sem hér segir:

Ljósmóðir skal semja tilkynninguna þegar í stað, ef barnið fæðist andvana, og ef það deyr nýfætt, þá strax eftir andlátið, en lifi barnið, þá eigi síðar en 7 nóttum eftir fæðinguna.

Þessar tilkynningar skal jafnan skrá á eyðublöð, sem þar til eru gerð og héraðslæknir lætur í té.

Hverjum tilkynna skal.

Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkjupresti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og allt að einu ef hún

103 er ekki í neinum löggildum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði,
23. okt. sem hefir löggildan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó að í ráði sé að fara með barnið til skírnar í aðra sókn, eða sleppa skírn, því að hvern barnsburð ber að skrá og setja í fæðingarskýrslu þeirrar sóknar, þar sem barnið fæðist.

Ef tilkynning er vanrækt.

Ef ljósmóðir, sem stundar ljósmóðurstörf, fær vitneskju um, að barn hafi fæðzt í umdæmi hennar og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim presti eða safnaðarstjóra, sem tilkynna ber, aðvart um það, eða ef hún kýs heldur, hinni skipuðu ljósmóður umdæmisins, sem síðan annast tilkynninguna.

12. gr.

Hver börn skal telja „lifandi" og hver „andvana".
Hvað „barnsburður" er og hvað „fósturlát".

Ef barnið fer að anda sjálfkrafa að vörmu spori eftir fæðinguna, þá skal telja, að það hafi fæðst „með fullu lífi". Ef barnið andar ekki, en er þó með lífsmarki (hjartað slær), og andardrættinum verður komið í gang með lífgunartilraunum, svo að barnið fer að anda sjálfkrafa, þá er talið að barnið hafi fæðzt „hálfdautt", en þó að vísu „lifandi".

„Lifandi" börn.

Eftir þessu skal fara í tilkynningum um barnsburð; skal þar ávallt telja að barnið hafi fæðzt „lifandi" ef svo var, að það andaði sjálfkrafa, þó að ekki væri nema rétt snöggvast, og eins fyrir því, þó að ófullburða sé og hversu mikið sem vantaði á réttan tíma.

„Andvana" börn.

„Andvana" er talið að burðurinn komi, ef ekkert lífsmark finnst, og eins þó að lífsmark finnist, ef það hverfur án þess að lánazt hafi að koma sjálfkrafa andardrætti í gang. Í tilkynningum um barnsburð skal þá kalla, að barnið hafi komið „andvana".

„Fósturlát". Þau skal ekki tilkynna.

Nú kemur burðurinn andvana, og svo löngu fyrir tímann, að ætla má, að ekki séu liðnir fullir sjö mánuðir (28 vikur) frá síðustu tíðum móðurinnar, og er burðurinn svo óþroskaður, að líkamslengdin nær ekki 35 cm., skal þá ekki telja það „barnsburð", heldur „fósturlát"; en þau á ekki að tilkynna presti; skal ljósmóðir gæta þess vandlega að tilkynna ekki fósturlát sem „barnsburð".

13. gr.

Um lífgunartilraunir á hálfdauðum börnum.

Ef nýfætt barn bærist ekki, en þó ekki sjáanleg óræk merki þess, að það sé dautt, þá skal ljósmóðirin tafarlaust gera sínar ýtrustu tilraunir til að fjörga það, og ekki hætta þeim fyr en barnið er lifnað við, eða hins vegar öll lífsmörk horfin.

14. gr.

Meðferð á ungbörnum.

Ljósmóðir skal jafnan segja móðurinni ýtarlega fyrir um meðferð á barninu. Ef henni lízt heimilið svo fátækt og vesalt, að lífi eða heilsu barnsins muni hætta búin, þá skal hún skýra hlutaðeigandi barnaverndarnefnd frá því.

15. gr.

Ef jóðsjúk kona hefir næman sjúkdóm.

Ef kona hefir einhvern næman sjúkdóm þegar hún tekur léttasóttina, þá er ljósmóður engu að síður skylt að vitja hennar og veita henni þá hjálp og hjúkrun, sem hún þarfnast vegna barnsburðarins. En vandlega skal hún þá gæta þess að verja sjálfa sig og aðra sóttmengun og fara þar eftir gildandi reglum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og um sótthreinsanir.

16. gr.

Ef sængurkona tekur næman sjúkdóm, eða ljósmóðir.

Nú tekur sængurkona barnsfararsótt eða einhvern annan næman sjúkdóm, sem hætt er við, að borizt geti með ljósmóðurinni út af heimilinu, skal hún þá skýra héraðslækni sínum frá því tafarlaust og hlýða sóttvarnarráðum hans, og ekki sitja aftur yfir konu fyr en læknir telur hættulaust.

Ljósmóðir skal fara eins að, ef hún tekur sjálf næman sjúkdóm, eða næmur sjúkdómur kemur upp á heimili hennar.

Ef ljósmóðir tekur berklaveiki.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um, að svo sé ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega.

Ráðstafanir gegn kynsjúkdómum.

Ef ljósmóðir verður í starfi sínu vör sjúklings með kynsjúkdóm, skal hún vekja athygli hlutaðeigandi á sjúkdóminum og sjá um að læknis verði leitað.

Til varnar gegn lekandabólgu í augum dreypir ljósmóðir vítissteinsvatni, 2% að styrkleika, í augu á hverju barni, sem hún tekur á móti, áður en hún skilur á milli eða strax á eftir. Frá þessu má hún aldrei víkja.

103
23. okt.

17. gr.

Löggiltar fæðingabækur.

Hver ljósmóðir skal rita í fæðingabók, löggilta af héraðslækni, allar fæðingar, sem hún er viðriðin. Skal hún jafnan gera það við fyrstu hentugleika, og gæta þess að leysa greinilega úr öllum þeim spurningum, sem felast í prentuðu fyrirsögnunum yfir dálkunum í bókinni.

Óskilgetin börn.

Þegar ljósmóðir tekur á móti óskilgetnu barni, skal hún jafnan gæta einkar vandlega að öllu, sem hafa má til marks um það, hvort barnið sé fullburða, og samstundis skrifa hjá sér líkamslengd barnsins og þyngd og allt annað, sem þar að lýtur og síðar rita það allt í fæðingabókina.

Eyðublöð.

Þegar ljósmóðir sezt að og tekur til starfa í einhverri sveit, skal hún þegar í upphafi biðja héraðslækni um fæðingabók handa sér, og ljósmæðrareglugerð, ef hún á hana ekki, og eyðublöð (sbr. 10., 11. og 17. gr.).

Þegar fæðingabók er útskrifuð, eða ljósmóðir lætur af starfi sínu, eða flyzt úr sveitinni, skal hún afhenda héraðslækni fæðingabók sína.

Ársskýrslur.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver ljósmóðir, sem stundar ljósmóðurstörf, senda héraðslækni sínum fæðingabók sína, til þess að hann geti gert eftir henni skýrslu um fæðingar á hinu liðna ári, eða hún gerir sjálf skýrslu yfir fæðingarnar og sendir héraðslækni. Skýrsluna gerir hún þá á þar til gert eyðublað, er héraðslæknir lætur í té. Fer það eftir samkomulagi við héraðslækni, hvort hún gerir sjálf skýrsluna eða ekki.

18. gr.

Bannað að spyrja um faðerni.

Ljósmóðir skal aldrei heimta af vanfærum konum eða sængurkonum, að þær segi henni til faðernis barnsins.

Þagnarskylda.

Ef kona er þunguð eða verður léttari, og biður ljósmóður að þegja yfir því, þá er henni skylt að verða við þeirri beiðni og yfirleitt þegja yfir öllu, sem konan trúir henni fyrir um hagi sína, og aldrei út af bregða nema hún fái grun um að glæpur hafi verið framinn, eða sé fyrirhugaður.

Sérstaða ljósmæðra í vitnaleiðslum.

Um einkamál, sem ljósmóður er trúað fyrir í starfi sínu, verður hún ekki leidd sem vitni í réttarhöldum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla

megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðilja eða þjóðfélagið. **103** 23. okt.

Nú er ljósmóður gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ef glæpur vitnast.

Nú verður ljósmóðir vör við drýgðan glæp, og skal hún þá tafarlaust skýra lögreglustjóra frá málavöxtum, eða héraðslækni, í því skyni að hann tilkynni lögreglustjóra. Sama er um það, ef hún verður vör við glæpsamlegar ráðagerðir og getur ekki aflað sér fullvissu um, að frá þeim verði horfið.

Um launalin börn.

Nú kemur ljósmóðir til konu, sem nýlega hefir alið barn á laun, og er barnið dautt eða horfið, og skal hún þá gefa nánar gætur að öllu, sem fyrir hana ber, og tafarlaust gera lögreglustjóra (hreppsstjóra eða sýslumanni) aðvart.

19. gr.

Bann við auglýsingum og skrumi.

Ljósmæðrum er óheimilt að auglýsa starfsemi sína að öðru leyti en því að birta aðsetursstað sinn, nafn og stöðu. Slíka auglýsingu má ljósmóðir hafa á dyraspjaldi sínu, en í blöðum eða annarsstaðar má hún ekki birta hana oftar en þrisvar við hver bústaðaskipti.

Ljósmæðrum ber að forðast hvers konar skrum um starfsemi sína og að fara niðrandi orðum um stéttarsystur sínar.

II. KAFLI

Sérstök ákvæði, varðandi skipaðar ljósmæður.

20. gr.

Hvernig ljósmæður eru skipaðar.

Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), eftir tillögum bæjarstjórnar, og skal jafnan leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis.

Skylt að auglýsa laust ljósmóðurumdæmi.

Jafnan skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu laust ljósmóðurumdæmi, nema samið hafi verið við konu um að nema ljósmóðurfræði gegn því að taka að sér umdæmið að loknu námi.

Ef héraðslæknir leggur á móti skipun ljósmóður.

Leggi héraðslæknir á móti skipuninni fyrir það, að ljósmóðirin sé óhæf til starfans, skal fresta henni og skjóta málinu undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

103 23. okt.

Sérstakar kröfur til ljósmæðra, sem skipaðar verða í kaupstaðarumdæmi.

Ekki má skipa ljósmóður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi, að loknu tilskildu námi, verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

Hvernig sækja skal um ljósmóðurumdæmi og segja lausu.

Ljósmóðir, sem óskar skipunar í laust ljósmóðurumdæmi, sendir umsókn stílaða til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns), og lætur fylgja umsókninni prófvottorð sitt eða leyfisbréf. Hún greinir aldur sinn, skýrir frá framhaldsmenntun sinni, hvar og hve lengi hún hafi starfað sem ljósmóðir, og lætur fylgja skrifleg skilríki, vottorð og meðmæli, ef henni þykir þurfa.

Skipuð ljósmóðir segir umdæmi sínu lausu með bréfi til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns).

Skipunarbréf og uppsagnarfrestur.

Þegar ljósmóðir er skipuð í umdæmi, skal henni fengið skipunarbréf, og sé tekið fram í því, að uppsagnarfrestur skuli vera af hennar hálfu, og að jafnaði ekki styttri en 6 mánuðir.

Nú hefir skipuð ljósmóðir ekki skipunarbréf, eða ekki er tekið fram í því, hver uppsagnarfrestur hennar sé, og skal hann þá eigi að síður vera 6 mánuðir.

Ljósmóðir, sem er skipuð í nýtt umdæmi, er ekki bundin við uppsagnarfrest.

Ljósmóðir, sem skipuð hefir verið í annað umdæmi, er þó ekki bundin við uppsagnarfrest og má yfirgefa sitt fyrra umdæmi til að taka við hinu síðara, en tilkynna skal hún hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni), jafnskjótt sem hún fær vitneskju um, að hún hafi verið skipuð í annað umdæmi.

Sama gildir, ef ljósmóðir hefir fengið veitingu fyrir öðru opinberu ljósmóðurstarfi.

Ljósmóðir, sem þegið hefir námsstyrk gegn því að þjóna umdæmi að loknu námi, útendar sinn tíma.

Ljósmóðir, sem fengið hefir námsstyrk úr ríkissjóði gegn því að skuldbinda sig til að þjóna tilteknu ljósmóðurumdæmi ákveðinn tíma að loknu námi, er þó jafnan bundin við að útenda þann tíma, nema sérstök forföll banni, og má ekki sækja burtu til að taka við skipun annarsstaðar áður, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar.

21. gr.

Skyldur skipaðra ljósmæðra.

Skipuðum ljósmæðrum, sem hafa föst laun úr sýslusjóði og ríkissjóði eða bæjarsjóði, ber að halda öll þau fyrirmæli, sem sett eru í þessari reglugerð,

1.—19. gr., um ljósmæður yfirleitt. En þar að auki hvíla á þeim þær skyldur, sem nú segir: **103** 23. okt.

1) Skipuð ljósmóðir er skyld að gegna í sínu umdæmi öllum störfum ljósmæðra, sem talin eru í 8. gr., hvenær sem þess er beiðst, nema lögleg forföll banni.

2) Hún er skyld, að forfallalausu og ef þess er óskað, að dvelja eigi skemur en 5 daga á heimili sængurkonu til að hjúkra henni eftir barnsburðinn og barninu, nema hún geti vitjað hennar daglega.

3) Þegar hún fer út af heimili sínu, skal hún jafnan segja heimafólki hvert hún ætlar, svo að það viti, hvar hennar er að leita, ef á þarf að halda.

4) Hún má ekki fara út úr umdæmi sínu án leyfis héraðslæknis síns, nema hennar sé vitjað til sængurkonu í forföllum ljósmóður þar og í brýnni nauðsyn (sbr. 9. gr.).

5) Hún er skyld að hafa á hendi bólusetningar í umdæmi sínu.

6) Hún skal gæta þess að geyma vandlega og fara vel með þær bækur og áhöld, sem umdæminu fylgja og héraðslæknir afhendir henni. Áhöldunum heldur hún við á sinn kostnað. Skal hún skila því öllu í hendur héraðslækni, ef hún lætur af starfi sínu.

7) Henni er skylt að taka að sér til bráðabirgða og ef nauðsyn krefur að þjóna nágrannaumdæmi ásamt sínu umdæmi, og gegnir hún þá báðum umdæmunum eins og eitt umdæmi væri.

22. gr.

Um bækur og áhöld, sem eiga að fylgja hverju ljósmóðurumdæmi.

Þegar skipuð ljósmóðir tekur við umdæmi, á hún að fara á fund héraðslæknis í því héraði og fá hjá honum:

1) Ljósmæðrabók með ljósmæðralögum og reglugerð o. fl.;
2) löggilta fæðingabók;
3) sóttvarnarbók með sóttvarnarlögum, lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og tilheyrandi reglugerðum;
4) bólusetningarbók með bólusetningarlögum og reglugerð;
5) bólusetningarjárn;
6) yfirsetuáhöld, samkvæmt áhaldaskrá ljósmæðra;
7) ljósmæðralyf samkvæmt sömu skrá;
8) eyðublöð undir:
   a) bólusetningarskrár;
   b) bólusetningarvottorð;
   c) (ársskýrslur);
   d) tilkynningar um barnsburði;
   e) skeyti til læknis um konu í barnsnauð.

Öll þessi eyðublöð fær ljósmóðirin síðan hjá héraðslækni eftir þörfum.

Ljósmóðir er skyldug að sýna héraðslækni bækur sínar og áhöld hvenær sem hann krefst þess.

103 23. gr.

23. okt.

Um föst laun skipaðra ljósmæðra.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin eru jafnan miðuð við fólkstal í umdæmunum við síðustu áramót.

Ef fólkstal í umdæminu er 300 eða minna, þá eru árslaunin 300 kr.

Ef fólkstalið fer fram úr 300, ber ljósmóður 300 kr. að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, ber að deila íbúatölunni jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim árslaun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 kr. í byrjunarlaun.

Aldursuppbót.

Laun allra skipaðra ljósmæðra skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr., og eftir önnur 5 ár um 50 kr. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 kr.

Dýrtíðaruppbót.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Þóknun fyrir að gegna nágrannaumdæmi ásamt sínu umdæmi.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi ásamt sínu umdæmi (sbr. 21. gr., 7. lið), ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Hvernig launin greiðast.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánið verði endurgreitt með því fé, er til sjóðsins á að falla samkvæmt 1. gr. laga um Kreppulánasjóð. Lánveitingum úr sjóðnum skal vera lokið í síðasta lagi 31. des. 1935.

35. gr.

Kreppulánasjóður tekur til starfa frá staðfestingardegi þessarar reglugerðar.

Fjármálaráðuneytið, 2. október 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Eiríks í Vall- **109**
holti“, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 8. nóv- 8. nóv.
ember 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eiríks í Vallholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eiríks í Vallholti“ og er stofnaður samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrár Eiríks Guðmundssonar, bónda í Ytra-Vallholti, dags. 23. júlí 1927, með 5000 — fimm þúsund — krónum.

2. gr.

Svæði það, sem sjóðnum er ætlað að starfa á, er Seyluhreppur eins og hann nú er, og má engum veita verðlaun úr sjóðnum nema þeim, sem eru búsettir innan takmarka hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim bændum, er skara sérstaklega fram úr í búfjárrækt, svo sem um góða meðferð og hirðingu á skepnum, og sé þá jafnframt gætt fullrar hagsýni um meðferð fóðurbirgða; þeim sem mestum árangri hafa náð í kynbótum og ræktun fénaðarins og ennfremur þeim, sem verða hreppsbúum sínum að miklu liði með fóðurhjálp í harðindum.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en leggja skal við hann ⅓ — einn þriðja — hluta árlegra vaxta unz sjóðurinn er orðinn 10000 krónur, en upp frá því má verja ¾ hlutum vaxtanna til verðlauna úr sjóðnum. Gjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu lagðar við höfuðstól hans.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands eða í Sparisjóði Sauðárkróks.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum má aldrei veita fleirum en tveimur bændum á ári. Skulu forðagæzlumenn árlega tilnefna þá bændur, er til greina geta komið til verðlauna að þeirra dómi, og fer tilnefning þessi fram um miðjan aprílmánuð. Nefna má til fleiri en þá, er verðlaun geta hlotið á því ári.

Sýslunefnd skal ár hvert kjósa tvo valinkunna bændur, úr nágrenni Seyluhrepps, í dómnefnd, og dæma þeir endanlega um hver eða hverjir úr hópi

109 hinna tilnefndu skuli hljóta verðlaun það ár. Nú verður ágreiningur milli dóm-
8. nóv. nefndarmanna um veitingu verðlauna og skipar þá sýslumaður oddamann dómnefndar eftir sömu reglum og greint hefir verið.

Eigi má verðlaun veita sama manni oftar en þrisvar, þó skal heimilt að veita verðlaun í fjórða skipti, ef það er fyrir mikilsverða fóðurhjálp í harðindum. Nú þykir enginn verðlaunaverður eða getur ekki komið til greina af fyrrgreindum ástæðum, og leggjast þá allar tekjur sjóðsins við höfuðstólinn það ár.

7. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins og kýs til þess 3 menn úr sínum hóp til 3ja ára. Gengur árlega einn maður úr stjórnarnefnd þessari, í tvö fyrstu skiptin með hlutkesti.

Stjórnin kýs sér formann og hefir hann á hendi reikningshald sjóðsins og umsjón með fjárreiðum hans undir yfirstjórn sýslunefndar.

Nú forfallast dómnefndarmaður frá starfi sínu og tilnefnir stjórnarnefndin þá mann í hans stað til næsta sýslufundar.

Sjóðurinn skal hafa gerðabók og í hana skal skrá skýrslur dómnefndarmanna, reikningar sjóðsins og annað er hann varðar.

8. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins. Skal ársreikningur hans árlega lagður fram á aðalfundi sýslunefndar til endurskoðunar og samþykktar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, sem samin er af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og samþykkt á aðalfundi hennar 8. apríl 1933.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 12. apríl 1933.

Sigurður Sigurðsson.

AUGLÝSING

110
15. nóv.

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ UM BARNAVERND

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Reykjavíkur er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er ennfremur öll sala á brjóstsykursstöngum, spýtubrjóstsykri, „sleikjum" svonefndum og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndarinnar geta talizt beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Sjónleikir eða aðrar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlað að hafa aðgang að, skulu ávallt sýndar barnaverndarnefnd eða fulltrúum hennar, áður en sjónleikurinn eða skemmtanirnar eru sýndar almenningi, og getur þá nefndin bannað að börn og unglingar innan 16 ára aldurs fái aðgang að þeim, ef henni þykir ástæða til.

4. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega því aðeins hafa á hendi blaðasölu og bóka, að þau fái til þess leyfi barnaverndanefndar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal fara með mál vegna þeirra brota á sama hátt og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

111
16. nóv.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Flateyrarkauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Stjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar, sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Flateyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

7 brunahana á vatnsleiðslum kauptúnsins 300 metra slöngur með tenglum, brunalúður, áhaldakerru og áhaldasleða, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í Slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er þarf á að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörslum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim

sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér. 111 16. nóv.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum, ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða, eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans, vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri, mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símstjóra, og þeim mönn-

111 16. nóv. um, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elstu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fast ráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til þess, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Öðrum liðsmönnum slökkviliðsins, og þeim, er það kann að kalla til hjálpar, getur hreppsnefnd ákveðið greiðslu fyrir vinnu þeirra í þágu brunamálanna, samkv. gjaldskrá, er hún semur í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nægilega margir í slökkviliðinu og það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum,

sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess. 111 16. nóv.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þennan eftir tillögum lögreglustjóra hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppstjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag rögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn sem í húsinu er leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlaust aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sín sem mest má verða.

111 17. gr.

16. nóv. Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári; þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist Brunabótafélagi Íslands ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sè veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennu nema leyfi hreppstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol eða mó, og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa utanhúss, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástaflinn megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpintínu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteyptum loftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má hreppstjóri láta flytja þær í burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða portum þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós,

111 16. nóv.

að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius), t. d. benzín.

e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi skal hann þurrkaður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins, nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja í burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma má ekki fara fram nema undir eftirliti sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr ofninum detti í kassann.

b. Þegar límpottur er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós. 111 16. nóv.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest upp á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	4	—
4. Dæluflokkur	4	—
5. Vatnsburðarflokkur	2	—
6. Brunaboðar	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum

111 einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða
16. nóv. skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðast öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdæluna, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr

skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri á- **111**
kveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. 16. nóv.
og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins, sbr. 25. gr., nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild, önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. desember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

112 17. nóv.

SAMÞYKKT

um einkasíma í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Símar þeir sem þessi samþykkt nær til eru:

a. Sími frá Fosshóli um Holtskot, Ljósavatn, Vatnsenda, Arnarstapa, Stórutjarnir og Litlutjarnir.
b. Sími frá Fremstafelli í Hriflu.
c. Sími frá Halldórsstöðum í Finnsstaði, Landamót, Landamótasel og Kross.
d. Sími frá Þóroddsstöðum í Ófeigsstaði, um Staðarholt, Geirbjarnarstaði og Syðri-Leikskálaá.

2. gr.

Símar þeir sem taldir eru í 1. gr., að því leyti sem þeir eru ekki byggðir nú, skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag er nefnist „Einkasímafélag Ljósvetninga".

4. gr.

Afgreiðsla og viðhald á símatækjum sínum, svo og viðhald og aðgerðir á símalínum, kostar hver búandi á einkasímasvæðinu, á þeirri símalínu, er hann hefir lagt heim að bæ sínum og kostað upphaflega fé til, samkvæmt símalögum nr. 11, 14. júní 1929. Þó má með fundarsamþykkt jafna slíkum kostnaði öðru vísi á félagsmenn, ef sérstök ástæða þykir til, svo sem, ef viðhaldskostnaður, sá er hér um ræðir, þykir verða óvenjulega mikill vegna einhverra sérstakra orsaka hjá einum félagsmanni frekar en öðrum.

5. gr.

Félagið skal á ári hverju halda einn aðalfund síðla vetrar. Á þeim fundi er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið til 3 ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Kýs aðalfundur mann í stað þess er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningi skal ætíð sent landssímastjóra.

6. gr.

Nú fjölgar einkasímanotendum í hreppnum. Ganga þá hinir nýju símanotendur inn í „Einkasímafélag Ljósvetninga" og hlýta að öllu leyti þeim sam-

þykktum, er þar gilda. Hið sama gildir og ef ábúendaskipti verða á jörðum þeim, sem hafa einkasíma heim til sín. Gengur hinn nýi ábúandi inn í rétt- 112 17. nóv.
indi fráfarandi búanda og undirgengst jafnframt skyldur þær, er á honum hvíla samkvæmt samþykktum félagsins.

7. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasímans eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu leyti vel við haldið.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð Ljósavatnshrepps.

9. gr.

Breyta má samþykkt þessari samkvæmt síðustu málsgrein 4. gr. laga um einkasíma í sveitum frá 14. júní 1929.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 113

18. nóv.

um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

1. gr.

Rakarastofum og hárgreiðslustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal rakarastofum og hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis, nema á laugardögum og miðvikudaginn fyrir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag kl. 8 síðdegis. Stofurnar skulu ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

113 Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda rakara-
18. nóv. stofum og hárgreiðslustofum opnum til kl. 11. Ennfremur skal heimilt að halda rakarastofum og hárgreiðslustofum opnum til kl. 9 síðdegis næstsíðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla, miðvikudaginn fyrir skírdag og föstudaginn fyrir hvítasunnu.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágúst mega engar rakarastofur eða hárgreiðslustofur vera opnar. Dagana 1. maí, 17. júní og 1. desember skal loka stofunum kl. 2 e. h.

4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í rakarastofur eða hárgreiðslustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt frá 21. marz 1929 um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

114
21. nóv.

um einkasíma í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá væntanlegri símastöð á Brúarlandi og Baldurshaga til allra bæja í Mosfellshreppi, svo og til Hólms, barnaheimilisins við Silungapoll og Lækjarbotna.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í fyrstu grein, skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð og tilhögun símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir, innan takmarka ábúðarjarðar sinnar.

4. gr.

Búendur í Mosfellshreppi ganga í símafélag og greiðist kostnaður sá, er lagning símans hefir í för með sér, þannig:

3/5 hluta kostnaðar greiðir landssíminn samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, 1/5 greiðir hreppssjóður Mosfellshrepps og 1/5 hlutaðeigandi búendur eða jarðaeigendur, þannig að eftirtaldir 24 bæir í Mosfellsshreppi: Hrísbrú, Leirvogstunga, Mosfell, Minna-Mosfell, Laxnes, Hraðastaðir, Mosbakki, Æsustaðir, Norður-Reykir, Reykjahlíð, Laugarból, Helgafell, Keldur, Grafarholt, Engi, Lambhagi, Úlfarsá, Reynisvatn, Fellsmúli, Úlfarsfell, Óskot, Geitháls, Gunnarshólmi og Geirland, greiða 1/5 hluta sameiginlega, en aðrir bæir hrepps sinn 1/5 hluta eftir því, sem kostnaðurinn verður á hvern bæ eða bæi þar sem fleiri eru um sömu línu. Endurbætur, sem gera þarf nú þegar á þeim línum, sem nú eru lagðar, greiðast á sama hátt og lagningarkostnaður hjá hinum síðastnefndu.

Viðhaldskostnaður, annar en sá, sem um getur í 3. gr., greiðist þannig: Hver jarðareigandi eða ábúandi viðheldur línunni frá sér til næstu einkasímastöðvar í áttina til miðstöðvar eða að aðallínu, en aðallínur nefnast línur þær, sem liggja á stauraröð landssímans út frá miðstöð (þar með talin Ása-línan) að endastöð (samkvæmt áætlun Laxnes, Keldur, Gunnarshólmi).

Viðhald aðallína annast hreppssjóður.

5. gr.

Sveitarstjórn Mosfellshrepps skal sjá um stjórn þessara mála, láta framkvæma verkið, innheimta gjöld, sjá um starfrækslu miðstöðva, viðhald o. fl. (sbr. 4. og 6. gr.). Hún boðar til fundar í félaginu eftir því sem þörf krefur, minnst einu sinni á ári. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt á fundum.

114 6. gr.
21. nóv. Sveitarstjórn Mosfellshrepps ábyrgist starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00 er renna í sveitarsjóð Mosfellshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

115 **REGLUR**
5. des.

um störf yfirlýsismatsmanns.

Samkvæmt 5. gr. laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis nr. 42, 19. júní 1933, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um störf yfirlýsismatsmanns.

1. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal kynna sér sem bezt alla vinnslu, verkun og meðferð á meðalalýsi, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til lýsisverkunar.

Skal yfirlýsismatsmaðurinn hafa fullkomna þekkingu á gufubræðsluaðferðinni til vinnslu á meðalalýsi, og á þeim aðferðum, sem bezt hafa reynzt og hollastar eru fjörefnum lýsisins, og öðrum eiginleikum þess, við verkun á því og geymslu. Einnig skal yfirlýsismatsmaður hafa sérþekkingu í því að efnagreina lýsi og rannsaka ástand þess, sýrumagn, lit, óhreinindi, vatn o. þ. h.

2. gr.

Yfirlýsismatsmaður hefir umsjón með því, að lögunum um vinnslu, verkun og mat á lýsi sé fylgt í hvívetna.

Hann skal gera tillögur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva, og gefa umsögn eftir sjálfsathugun eða athugun lýsismatsmanns um þær stöðvar, sem starfræktar verða, eftir að lögin um lýsismat ganga í gildi.

Hann skal einnig gera tillögur um rannsókn, flokkun, umbúðir, merkingu og meðferð meðallalýsis og gera athugasemdir um nauðsynlegar breytingar síðar meir, á fyrirmælum þar að lútandi, jafnskjótt og þörf gerist. **115** 5. des.

3. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um hverjir skulu skipaðir lýsismatsmenn í lögsagnarumdæmi hans. Getur yfirlýsismatsmaður tilnefnt sama manninn í fleiri en eitt lögsagnarumdæmi. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Þar sem um kaldhreinsun (Koldklaring) á lýsi er að ræða, skulu lýsismatsmenn hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á kaldhreinsunaraðferðinni og meðferð kaldhreinsaðs lýsis.

4. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal segja lýsismatsmönnum fyrir um starf þeirra, og kosta kapps um að þeir verði sem færastir um að meta lýsið.

5. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal ferðast um allt landið á árinu 1934, til eftirlits með vinnslu og verkunarstöðvum fyrir meðalalýsi, og til þess að hafa tal af lýsismatsmönnum um framkvæmdina á starfi þeirra og leiðbeina þeim í því. Áður en sú ferð er farin, skal yfirlýsismatsmaður hafa tilkynnt lýsismatsmönnum komu sína í tæka tíð, svo að þeir hafi átt kost á að gera nauðsynlegar fyrirspurnir eða athugasemdir, sem sinna þarf áður en eftirlitsförin er farin. Sérstaklega skal lýsismatsmönnum gefinn kostur á að læra að mæla óbundna sýru í lýsi, og ákveða lit lýsis á handhægan hátt.

Yfirlýsismatsmaður skal hvarvetna líta eftir því, sem lýtur að vinnslu og meðferð meðalalýsis, og krefjast ítrasta hreinlætis í meðferð lifrar og lýsis. Skal hann og leiðbeina eftir bestu föngum þeim sem fást við framleiðslu meðalalýsis eða verkun.

Aðrar ferðir af hálfu yfirlýsismatsmanns skulu eigi farnar nema í samráði við atvinnumálaráðuneytið.

6. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við matið.

7. gr.

Verði yfirlýsismatsmaður þess vís, að einhver lýsisframleiðandi eða útflytjandi brjóti á móti ákvæðum lýsismatslaganna, ber honum að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

8. gr.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun.

115 5. des.

9. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal í lok hvers árs senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín og lýsismatsmanna. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um lifrarmagnið, sem notað hefir verið í hverju lögsagnarumdæmi, til framleiðslu meðalalýsis, og um magn lýsisins, sem framleitt var. Einnig skal tekið fram hve mikið lýsi og hverjar tegundir hafi verið fluttar út frá hverjum útflutningsstað.

10. gr.

Heimilt er yfirlýsismatsmanni að setja mann fyrir sig í starf sitt sem yfirlýsismatsmaður, um stundarsakir, að fengnu samþykki stjórnarráðsins. Þó ber yfirlýsismatsmaður fulla ábyrgð á gerðum staðgengilsins.

11. gr.

Yfirlýsismatsmaður gefur vottorð þau, sem hann undirritar sem yfirlýsismatsmaður, án endurgjalds.

12. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal áður en hann tekur til starfa, rita undir drengskaparheit um, að hann vilji hlíta reglum þessum, og með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem hvíla á honum í stöðu sinni.

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á reglum þessum.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 42, 19. júní 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis til þess að öðlast gildi 1. janúar 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

116 6. des.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt Seyðisfjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum fasteignum í kaupstaðnum:

1. Fasteign við Hafnargötu nr. 53, svonefndri „Pöntun". 116
2. Fasteignum við Hafnargötu nr. 46, nr. 48, nr. 43, nr. 49 og nr. 51, svo- 6. des.
nefndar „Wathnes"-eignir.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. þ. m. og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 117

7. des.

kirkjumálaráðuneytisins á reglum um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum og um eftirlit með þeim.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 63, frá 1931, um hýsing prestssetra, eru hér með settar eftirfarandi

REGLUR

um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum og um eftirlit með þeim.

1. gr.

Þegar íbúðarhús hefir verið reist á prestssetri með styrk af opinberu fé, þ. e. með framlagi svo sem lög nr. 63, 8. sept. 1931 um hýsingu prestssetra, mæla fyrir, og með embættisláni, skal fara fram nákvæm skoðunargerð á húsinu.

2. gr.

Skoðunargerð þessi skal framkvæmd af prófasti ásamt tveimur byggingafróðum mönnum, sem hann hefir til þess kjörið.

3. gr.

Kostnaður við skoðunargerð þessa greiðist af opinberu fé.

4. gr.

Að aflokinni skoðunargerð sendir prófastur biskupi nákvæma skýrslu um hana í tveim eintökum, en biskup sendir kirkjumálaráðuneytinu annað þeirra.

117 7. des.

5. gr.

Prófastur skal vandlega athuga hvort fylgt hefir verið uppdrætti þeim, sem gerður hafði verið og samþykktur af ráðuneytinu, að því er snertir herbergjaskipun og herbergjastærð, og taka fram í skoðunargerðinni ef vikið hefir verið frá henni, nema heimild hafi verið frá ráðuneytinu til að breyta frá uppdrættinum.

6. gr.

Í skýrslunni skal tekið fram úr hvaða efni húsið er gert. Ennfremur stærð hússins herbergjaskipun og herbergjafjölda á hverri hæð svo og stærð hvers herbergis. Einnig skal tekið fram hve margar hurðir eru á hverju herbergi og hve margir gluggar og rúðufjöldi í hverjum glugga. Þá skal og tekið fram hvernig herbergin eru útbúin að lofti og veggjum, málning þeirra og veggfóðrun. Úr hvaða efni skilrúm eru milli herbergja og hvernig háttað er stigum innan húss, lýsingu (ef um raflýsingu er að ræða, lampastæðafjölda í hverju herbergi), vatnsleiðslu og eldfærum eða hitunartækjum. Loks skal lýst hvernig frá húsinu er gengið að utan, bæði á veggjum og þaki, málningu þess, þakrennum og útitröppum.

7. gr.

Eigi má prestur gera neina breytingu á herbergjaskipun í embættisbúð sinni nema með ráði prófasts og byggingarfróðs manns, að fengnu samþykki húsameistara og kirkjustjórnar.

8. gr.

Skylt er presti að gæta þess að húsið sé að öllu leyti vel um gengið af hans hálfu og heimilisfólks hans, og að hafa nákvæmt eftirlit með því, að ekkert skemmist af mannavöldum eða fyrir vanhirðu.

9. gr.

Skylt er presti að halda húsinu vátryggðu gegn eldsvoða í Brunabótafélagi Íslands fyrir þá upphæð, sem virðingarmenn brunabótafélagsins ákveða. Sé iðgjald ekki greitt á tilsettum tíma skal það tilkynnt biskupi, sem sér um að það verði tekið af launum prestsins hjá ríkisféhirði.

10. gr.

Þá skal prestur og greiða árlega í Fyrningarsjóð prestakalla ½% af styrk þeim, sem veittur hefir verið til byggingarinnar, þó aldrei meira en af 12000 krónum. Sér biskup um, að fyrningargjaldinu sé haldið eftir af launum prestsins með $\frac{1}{12}$ á mánuði hverjum, og skal ávaxta féð í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups.

11. gr.

Skylt er presti jafnan að búa í embættisbúð, sem reist hefir verið á prestssetri hans, nema sérstakt leyfi biskups komi til.

12. gr. 117

Hvenær sem prófastur visiterar í prestakallinu, er honum einnig skylt að 7. des.
skoða embættisíbúð prestsins og kveður sér til aðstoðar við skoðunina bygg-
ingarfróðan mann ásamt einum manni úr sóknarnefnd hlutaðeigandi sóknar.
Sé prófasturinn sjálfur ábúandi prestssetursins, kveður hann — með sam-
þykki biskups — einhvern af prestum héraðsins til að framkvæma skoðunina.

13. gr.

Prófastur bókfærir þessa skoðunargerð sína í visitazíubók prófastsdæmis-
ins og sendir biskupi afrit hennar ásamt visitazíugerðum kirknanna.

14. gr.

Þessa skoðun gerir prófastur með sérstakri hliðsjón á skoðunargerð þeirri,
sem fram fór á húsinu nýreistu. Skal þar lýst öllum þeim göllum, sem í ljós hafa
komið við skoðunina.

15. gr.

Öllum minni háttar göllum, sem í ljós koma við skoðunina, er presti skylt
að bæta úr. Er þar sérstaklega átt við sjáanlegan fúa, við skemmdir á glugg-
um, á veggfóðri í herbergjum, á gólfdúkum, á eldfærum, og hitunartækjum
eða hurðalæsingum, og annað sem ekki telst til eðlilegrar fyrningar á húsum.
Skylt er prófasti að gæta þess, að úr slíkum göllum verði bætt eins fljótt og
því verður við komið.

16. gr.

Láti prestur undir höfuð leggjast að bæta úr göllum, sem í ljós hafa komið
við skoðun hússins og prófastur lagt fyrir presta að bæta, þá tilkynnir pró-
fastur kirkjustjórninni og getur þá kirkjustjórnin látið aðgerð fara fram á
kostnað prestsins og tekið greiðslu kostnaðarins af launum hans.

17. gr.

Aðrar skemmdir á prestsíbúðum, sem í ljós koma við skoðun prófasts og
presti verður ekki gefin sök á, tilkynnir prófastur kirkjustjórninni um hend-
ur biskups. Að fenginni tilkynningu prófasts um þetta ber kirkjustjórn málið
undir húsameistara ríkisins og áliti hann þörf skjótra aðgerða, lætur hún
framkvæma aðgerðina á kostnað hins opinbera og felur hana þar til hæfum
manni.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Þetta er hér með birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 7. desember 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

118 26. sept.

REGLUGERÐ

um happdrætti háskóla Íslands, samkv. lögum nr. 44, 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

1. gr.

Happdrætti háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna nefndar, sem háskólaráð kýs til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnarnefndin kýs sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Nefndin heldur fundi, eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi. Ályktanir nefndarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti nefndarmanna er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Þóknun nefndarmanna ákveður háskólaráð.

3. gr.

Stjórnarnefnd ræður sér til aðstoðar framkvæmdarstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Til þess að skuldbinda happdrætti háskólans þarf undirskrift formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra. Þó nægir undirskrift framkvæmdarstjóra eins til þess að ávísanir á inneign happdrættisins í banka sé gildar.

5. gr.

Háskólaráðið kýs árlega 2 endurskoðendur, til þess að endurskoða reikninga happdrættisins. Þóknun þeirra er ákveðin af háskólaráði. Reikningsár happdrættis háskólans er almanaksárið.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar árlega fimm manna happdrættisráð, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera lögfræðingar. Ráðuneytið skipar formann happdrættisráðsins, en ritara kýs það sjálft. Fundi heldur það, eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti fundarmanna er viðstaddur, enda sé a. m. k. tveir lögfræðingar á fundi, ef úrskurða á samkvæmt 15. gr. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögmætar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Formaður fær 600 króna þóknun árlega og aðrir í happdrættisráðinu 400 kr. hver.

118
26. sept.

7. gr.

Stjórn happdrættisins skal, þegar ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir, senda happdrættisráði þá til athugunar, og skal jafnframt gefa því skýrslu um starfsemi happdrættisins á síðastliðnu reikningsári. Happdrættisráð hefir, hvenær sem er, aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og er stjórnarnefnd og starfsmenn skyldir að veita því þá vitneskju um starfsemina, er þeir geta veitt og það óskar að fá. Verði happdrættisráð þess vart, að ákvæði laga nr. 44, 19. júní 1933, eða reglugerðar þessarar sé brotin, skal það þegar í stað tilkynna það fjármálaráðuneytinu. Happdrættisráðið hefir eftirlit með og úrskurðarvald um dráttu, eins og segir í 13. og 15. gr.

8. gr.

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 10 flokkum. Vinningar í öllum 10 flokkum samanlögðum skulu vera 5000 og að upphæð samtals kr. 1 050 000,00.

9. gr.

Gefnir eru út heilir, hálfir og fjórðungs hlutamiðar, og verður eiganda hálfs miða greiddur helmingur og fjórðungsmiða fjórðungur þeirrar fjárhæðar, sem unnizt hefir á miðann. Á hvern hlutamiða er prentuð tala (númer) frá 1 til 25000; auk þess eru hálfu miðarnir merktir A eða B, en fjórðungsmiðarnir A, B, C eða D. Heilir hlutamiðar eru bláir að lit, hálfir miðar gulir og fjórðungsmiðar rauðir. Á hvern miða skal prenta nöfn formanns stjórnarnefndar og framkvæmdarstjóra happdrættisins, en umboðsmaður happdrættisins, sem selt hefir miðann, skal rita á hann nafn sitt og heimilisfang. Ef menn kaupa hlutamiða, sem gildir fyrir alla drætti á sama ári (ársmiða), skal prenta aftan á miðann athugasemd þess efnis, og skal hún undirrituð með sama hætti. Enginn miði er gildur fyrr en umboðsmaður happdrættisins hefir ritað á hann nafn sitt, eins og áður segir.

10. gr.

Verð heilla miða er 6 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 3 kr. og fjórðungsmiða 1 kr. 50 a. Fyrir ársmiða skal greiða 60 kr. fyrir heilan miða o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefir áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 60 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

118 11. gr.

26. sept. Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema umboðsmenn þess, er fá miðana beint frá skrifstofu happdrættisins, og er öll önnur verzlun með miðana bönnuð, að viðlögðum sektum, allt að 200 kr.

12. gr.

Endurnýjun hlutamiða til næsta dráttar skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefir ritað nafn sitt á miðann, og innan þess frests, sem greinir á miðanum. Um leið skal afhenda umboðsmanninum hlutamiða næsta flokks á undan.

Ef hlutamiði næsta flokks á undan hefir glatazt, getur eigandi hans sótt skriflega um það til stjórnar happdrættisins, að fá miðann endurnýjaðan, þó því aðeins, að umboðsmaður happdrættisins votti samkvæmt hlutabók sinni, að hann hafi átt miðann og enginn annar hafi beiðzt endurnýjunar á honum, áður en frestur inn var liðinn. Fyrir endurnýjunarbeiðni skal greiða 1 kr.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því, að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem greinir á hlutamiðum 10. fl., og afhenda honum þann miða, þó því aðeins að umboðsmaður hafi fengið það númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

Ef viðskiptamaður beiðist endurnýjunar á hlutamiða, hvort sem er milli flokka eða milli 10. fl. og 1. fl. næsta árs, áður en endurnýjunarfrestur er liðinn, en umboðsmaður hefir glatað miðanum eða afhendir hann ekki af öðrum ástæðum, er hann skyldur til að afhenda viðskiptamanni án endurgjalds og á eiginn kostnað nýjan miða og standa happdrættinu skil á andvirði þess miða í öllum flokkum, sem þegar hefir verið dregið í. Ef umboðsmaður hefir ekki fleiri miða, skal hann endurgreiða viðskiptamanni á sinn kostnað verð miðans í öllum flokkum á undan.

13. gr.

Daginn áður en draga skal í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 25000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 25000. Miðunum skal áður raðað á þar til gerð borð, svo að auðvelt sé að finna hvaða tölu sem vill. Miðarnir eru látnir í stokkinn að viðstöddu happdrættisráðinu. Enn fremur skal, daginn áður en dregið er í hverjum flokki, leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti.

Í hverjum drætti eru dregnir jafnmargir miðar úr hlutastokknum sem vinningar eru í vinningastokknum, þannig að um leið og miði er dreginn úr vinningastokknum, sem segir til, hversu hár vinningurinn er, er annar dreginn úr hlutastokknum, sem segir til, hvaða hlutamiði hefir hlotið vinninginn.

Daginn áður en dráttur fer fram skal í viðurvist eftirlitsnefndar leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skrá um vinningana, hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan. Skráin skal send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum. 118 26. sept.

14. gr.

Um vinninga í 1. fl. skal dregið 10. marz ár hvert og síðan í hverjum flokki 10. hvers mánaðar og loks í 10. fl. 10. og 11. des. Ef dráttardag ber upp á helgidag, skal dregið næsta virkan dag.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttanna, meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til úrskurðar happdrættisráðs.

16. gr.

Vinningar verða greiddir á þeim tíma, sem auglýstur er í vinningaskránni, á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í vinningaskránni.

Sá, sem vinning hefir hlotið, skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættisins, sem hefir ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á miðann vottorð um, að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður síðan greiddur gegn afhendingu hlutamiðans, og losnar happdrættið með því undan frekari greiðsluskyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betra rétt til vinningsins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinningsins til handhafa hlutamiðans, áður en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðiljar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefir vinning, getur eigandi hans snúið sér til happdrættisstjórnar með beiðni um að fá vinninginn greiddan, enda votti umboðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki komin í hendur happdrættisstjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin kom fram. Slíkri beiðni skal fylgja 1 kr. gjald.

17. gr.

Allir vinningar verða greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem vinning hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran (heilan, hálfan eða fjórðung) í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlut-

118 arins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á árs-
26. sept. miða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

Sá, sem hlýtur vinning í 10. flokki, skal þó skyldur til þess að kaupa hlut jafnstóran hinum, sem hann vann á, í 1. flokki næsta árs, og skal kaupverðið dregið frá vinningnum.

Samkvæmt lögum um stofnun happdrættis fyrir Ísland skal ekki taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár sem vinningarnir falla.

Umboðsmönnum er bannað að svara fyrirspurnum, hvort heldur eru frá almannastofnunum eða öðrum, um eigendur vinninga í happdrættinu, og skal beina öllum slíkum fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

18. gr.

Ef vinnings er ekki vitjað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá drætti þess flokks, sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu **um fátækraflutning sextugs styrkþega og um endurgreiðslu styrks veittum honum.** 119 23. marz

Oddviti Villingaholtshrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. júní f. á., sem ákveður að Villingaholtshreppur, sem er framfærslusveit Sveins Sigurðsonar skuli endurgreiða dvalarsveit þessa þurfalings Hafnarfjarðarkaupstað kr. 520,00, eða allan þann styrk, sem honum hefir verið veittur á árunum 1930 og 1931.

Oddviti Villingaholtshrepps hefir neitað því, að hreppnum sé skylt að endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað styrk veittan téðum þurfalingi frá 1. júlí 1931, og byggir hann þessa neitun sína á því, að hann hafi með bréfi, dags. 23. júní 1931, krafizt fátækraflutnings á þurfalingnum. Fátækrastjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir ekki sinnt þeirri kröfu vegna læknisvottorða, sem fyrir lágu um heilsufar þurfalingsins. Á vottorði héraðslæknisins í Hafnarfirði verður það að vísu ekki byggt, að þurfalingurinn hafi ekki verið flutningsfær sökum sjúkleika, en bæjarstjórinn hefir upplýst eftir að úrskurður yðar var uppkveðinn, að maður sá, sem hér um ræðir, sé fæddur árið 1862 og því fullra 67 ára í ársbyrjun 1930.

Nú er svo ákveðið í 5. mgr. 43. gr. fátækralaga nr. 43 1927, að styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Þetta lagaákvæði virðist ekki geta merkt annað en það, að styrkur sem veittur er sextugum manni af sveitarsjóði, skuli ekki hafa hin venjulegu áhrif sveitarstyrks. Það er t. d. víst, að slíkur styrkþegi missir eigi kosningarrétt, og það virðist einnig leiða af nefndu lagafyrirmæli, að sveitarstjórn hafi ekki sama vald yfir slíkum styrkþegum sem yfir öðrum þurfamönnum, sérstaklega að því leyti, að framfærslusveit eða dvalarsveit hafi eigi rétt til samkvæmt 58. gr. fátækralaganna, að krefjast fátækraflutnings að styrkþega nauðugum. Það er upplýst í málinu, að umræddum styrkþega var það mjög nauðugt að flytjast á sveit sína, og verður því samkvæmt framansögðu að líta svo á, að fátækrastjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi ekki verið heimilt að láta flytja hann nauðugan fátækraflutningi á framfærslusveit hans, og hefir því ekki misst endurgreiðslukröfu sína á hendur Villingaholtshreppi þótt hún sinnti ekki fátækraflutningskröfu hreppsins. Hinsvegar þykir eftir atvikum rétt að styrkur, sem veittur er styrkþegum, sem eru 60 ára að aldri, endurgreiðist dvalarsveit samkvæmt aðalreglunni um endurgreiðslu fátækrastyrks að ⅔ hlutum af framfærslusveit.

Samkvæmt þessu staðfestist úrskurður yðar að öðru leyti en því, að Villingaholtshreppi ber að endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað hinn veitta styrk að

30. dag desembermánaðar 1933. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

119 23. marz

⅔ hlutum með kr. 346,67, og ber yður að annast um að hin úrskurðaða upphæð verði greitt Hafnarfjarðarkaupstað þegar í stað.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Villingaholtshrepps.

120 20. júní

REGLUGERÐ

um veitingaskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði á matvörum, drykkjarföngum og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölustöðum, kökubúðum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Skattskyldar eru einnig hvers konar tækifærisveitingar, hvort sem þær fara fram einstaka hátíðisdaga almennings, eða til félaga, er félagar einir eiga aðgang að, eða til stofnana fyrir starfsfólk þeirra.

2. gr.

Undanþegið skatti þessum er:

1. veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldlaust eða seldar,
2. fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 1,25,
3. mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á staðnum.

Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að veitingasalar sanni fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykja ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.

3. gr.

Ef veitingasali selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú fjárhæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr. **120**

Allir veitingasalar, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt, skulu 20. júní
tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá dagsetningu reglugerðar þessarar. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hvers konar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi, hvar reksturinn eigi heimilisfang og hvar hann hafi veitingastaði. Enn fremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem hér eftir byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina, áður en hún hefst, og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er, eða breyti um starfshætti, eigendur, stjórnendur eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

5. gr.

Allir veitingasalar eru skyldir til að gefa út reikning með öllum veitingum, sem þeir láta af hendi, þar sem tilgreind er tegund neyzluvöru, söluverð hennar og veitingaskattur af söluverðinu. Reikningarnir skulu tvíritaðir í þar til gerðar frumbækur og eiga að hafa áframhaldandi tölusetningu. Annað eintak reikningsins fær neytandi, en hitt verður eftir fast í frumbókinni. Nú ónýtist reikningseyðublað, og skal þá skrifa um það athugasemd á eftirritið. Reikningarnir skulu færðir í sölubók, er hlutaðeigandi innheimtumaður veitingaskatts löggildi og skal færð eftir þessari fyrirmynd:

Númer frumreiknings.	Skattskylt. Kr. a.	Skattfrjálst. Kr. a.	Skattur Kr. a.	Samtals. Kr. a.

Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs.

Í lok hvers mánaðar og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum, ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynning, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og skulu þeirri tilkynningu fylgja frumreikningsheftin fyrir tímabilið og önnur gögn til ákvörðunar skattinum. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn.

6. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgi-

120 skjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitinga-
20. júní stöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

7. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkvæmt 5. gr. ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar innheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattfjárhæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

8. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkvæmt 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt 4. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin, án þess að verða tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 4. gr. reglugerðar þessarar skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

9. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 5. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga. Innheimtumanni er og heimilt, er vanskil verða á greiðslu veitingaskatts, að banna veitingar og láta lögregluna loka veitingastað og framfylgja banninu að öllu leyti, unz full skil eru gerð fyrir veitingaskatti.

10. gr.

Öll brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sérstök refsing er ekki lögð við í greinunum hér á undan, varða sektum frá 100 til 1000 kr., og allt að 5000 kr. sektum, ef um ítrekun er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir, eftir því sem við verður komið, og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 7. gr.

11. gr.

Hegningarákvæðum reglugerðar þessarar ber að beita gegn eigöndum eða stjórnöndum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna að veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum

þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar. 120 20. júní

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um veitingaskatt 19. júní 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 20. júní 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS árið 1932. 121

I. Seðlabankinn.

Efnahagur seðlabankans 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Gullmynt	kr.	1119673.89
2.	Inneign hjá erlendum bönkum	—	639678.46
3.	Víxlar innlendir og ávísanir	—	8263213.65
4.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis	—	171256.12
5.	Endurkeyptir víxlar	—	5684869.76
6.	Lán í hlaupareikningi	—	4697361.87
7.	Reikningslán	—	1079501.30
8.	Bankabyggingarnar með húsbúnaði	—	900000.00
9.	Ýmsir skuldunautar	—	160267.50
10.	Erlend mynt (seðlar og málmpeningar)	—	764.91
11.	Ógreiddir vextir	—	10724.00
12.	Peningar í sjóði	—	159961.51
		Kr.	22887272.97

121

Skuldir:

1.	Stofnfé			kr. 3600000.00
2.	Seðlar í umferð			— 5406500.00
3.	Bankaskuldabréf			— 114770.00
4.	Víxlar seldir erlendis			— 30238.90
5.	Innstæðufé í hlaupareikningi			— 5183083.56
6.	Innstæðufé í reikningslánum			— 508185.39
7.	Inneign sparisjóðsdeildarinnar			— 2179318.11
8.	Innheimt fé ekki útborgað			— 43438.66
9.	Skuld við erlenda banka			— 4348761.00
10.	Tilkynntir tékkar			— 23480.54
11.	Veðskuldir á fasteignum			— 35000.00
12.	Ýmsir skuldheimtumenn			— 434083.98
13.	Fyrirfram greiddir vextir			— 142676.45
14.	Tekjuafgangur óráðstafaður:			
	a) frá árinu 1931		kr. 602463.51	
	b) skv. rekstursreikningi 1932		— 559372.61	
			Kr. 1161836.12	
	Frá dregst:			
	a) tap á lánum og víxlum	kr. 62232.24		
	b) húseignir bankans lækkaðar í verði	— 81867.50		
	c) vextir af stofnfé greiddir ríkissjóði ...	— 180000.00		
			— 324099.74	— 837736.38
				Kr. 22887272.97

Landsbanki Íslands, Reykjavík, 16. marz 1933.

Framkvæmdarstjórnin:

Magnús Sigurðsson. *L. Kaaber.* *Georg Ólafsson.*

Rich. Torfason.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og er hann í samræmi við þær. Ennfremur höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Björn E. Árnason. *Guðbrandur Magnússon.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar **121** Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1933.

Fyrir hönd Landsbankanefndar

Sveinn Ólafsson
forseti.

Rekstursreikningur Seðlabankans árið 1932.

Tekjur:

1.	Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári	kr.	104204.30	
	Innb. vextir og forv. á árinu kr. 1406634.73			
	Þar af tilheyrandi næsta ári — 142676.45			
		—	1263958.28	
	Ógreiddir vextir	—	10724.00	
				kr. 1378886.58
2.	Ýmsar tekjur			— 158670.70
				Kr. 1537557.28

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir	kr.	606178.85
2.	Kostnaður við rekstur bankans	—	372005.82
3.	Rekstursbagnaður	—	559372.61
		Kr.	1537557.28

121

II. Sparisjóðsdeildin.

Efnahagur sparisjóðsdeildarinnar með útibúum bankans 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 3705646.63	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 4367507.47	
	c. Handveðslán	— 374703.83	
	d. Lán gegn ábyrgð ríkissjóðs, sveita- og bæjarfélaga	— 455694.50	
	e. Búnaðarlánadeildarlán	— 76785.00	
	f. Reikningslán	— 2019744.41	
			kr. 11000081.84
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		— 20035909.80
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		— 19410.23
4.	Lán í hlaupareikningi		— 27360.25
5.	Erlend verðbréf		— 159043.80
6.	Bankavaxtabréf		— 5891918.00
7.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		— 1748237.76
8.	Fasteignir:		
	a. Bankabyggingar með húsbúnaði	kr. 104511.78	
	b. Aðrar fasteignir	— 952782.19	
			— 1057293.97
9.	Inneign hjá erlendum bönkum		— 80711.76
10.	Inneign hjá öðrum bönkum		— 7948.61
11.	Inneign hjá seðlabankanum		— 2179318.11
12.	Ýmsir skuldunautar		— 584905.93
13.	Ógreiddir vextir		— 437493.19
14.	Áhaldareikningur		— 30000.00
15.	Peningar í sjóði		— 115896.74
			Kr. 43375529.99

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð (brezka lánið frá 1921)	kr. 1656123.94
2.	Brezkt lán tekið 1924	— 2658000.00
3.	Innstæðufé í hlaupareikningi	— 1113621.73
4.	Innstæðufé í sparisjóði	— 29219136.33
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	— 5125656.26
6.	Inneign veðdeildarinnar	— 1797089.64
7.	Innheimt fé ekki útborgað	— 33220.74
8.	Veðskuldir á fasteignum	— 9007.76
	Flyt	kr. 41611856.40

			Flutt	kr.	41611856.40 **121**
9.	Ýmsir skuldheimtumenn			—	337501.06
10.	Afskriftir útibúanna á Eskifirði og Selfossi			—	300000.00
11.	Fyrirfram greiddir vextir			—	528272.69
12.	Skuld við erlenda banka			—	13240.89
13.	Tekjuafgangur óráðstafaður:				
	a. Frá árinu 1931		kr. 645688.47		
	b. Samkvæmt rekstursreikningi 1932		— 451213.10		
			kr. 1096901.57		
	Frá dregst:				
	a. Tap á lánum og víxlum	kr. 502432.62			
	b. Afskr. í Sparisj. Árness.	— 8310.00			
	c. Afskrif. af húsbúnaði	— 1500.00			
			— 512242.62		
				—	584658.95
				Kr.	43375529.99

Landsbanki Íslands, Reykjavík 16. marz 1933.

Framkvæmdarstjórnin:

Magnús Sigurðsson. *L. Kaaber.* *Georg Ólafsson.*

Rich. Torfason.

Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og er hann í samræmi við þær. Ennfremur höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir bankans og útibúa hans eru fyrir hendi.

Björn E. Árnason. *Guðbrandur Magnússon.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1933.

Fyrir hönd Landsbankanefndar.

Sveinn Ólafsson
forseti.

121 Tekjur og gjöld sparisjóðsdeildarinnar með útibúum bankans á árinu 1932.

Tekjur:

1. Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári		kr. 242153.47	
a. Innb. vextir og forv. á árinu	kr. 2606776.95		
b. Þar af tilheyrandi næsta ári	— 528272.69	— 2078504.26	
c. Ógreiddir vextir		— 437493.19	kr. 2758150.92
2. Ýmsar tekjur			— 114464.18
3. Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir			— 38814.50
			Kr. 2911429.60

Gjöld:

1. Útborgaðir vextir	kr.	1993427.23
2. Kostnaður við rekstur	—	432121.85
3. Fasteignarekstur	—	34667.42
4. Rekstursbagnaður	—	451213.10
	Kr.	2911429.60

Efnahagur sparisjóðsdeildarinnar 31. desember 1932.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán		kr. 1865585.79	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán		— 2206860.65	
c. Handveðslán		— 369550.00	
d. Lán gegn ábyrgð ríkissjóðs, sveita- og bæjarfélaga		— 349449.50	
e. Búnaðarlánadeildarlán		— 76785.00	kr. 4868230.94
2. Víxlar innlendir og ávísanir			— 14351144.39
3. Erlend verðbréf			— 159043.80
4. Bankavaxtabréf			— 5864064.00
5. Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf			— 1695392.99
6. Fasteignir			— 408320.00
7. Útibúið á Ísafirði			— 1564999.04
8. Útibúið á Akureyri			— 417646.91
		Flyt	kr. 29328842.07

	Flutt	kr.	29328842.07 **121**
9.	Útibúið á Eskifirði	—	2790289.47
10.	Útibúið á Selfossi	—	875582.04
11.	Ýmsir skuldunautar	—	176714.38
12.	Ógreiddir vextir	—	362698.23
13.	Inneign hjá seðlabankanum	—	2179318.11
14.	Áhaldareikningur	—	30000.00
		Kr.	35743444.30

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð (brezka lánið frá 1921)		kr.	1656123.94
2.	Brezkt lán tekið 1924		—	2658000.00
3.	Innstæðufé í sparisjóði		—	24563630.98
4.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum		—	4027805.02
5.	Inneign veðdeildarinnar		—	1797089.64
6.	Útibúið í Hafnarfirði		—	153571.98
7.	Veðskuldir á fasteignum		—	9007.76
8.	Ýmsir skuldheimtumenn		—	315179.30
9.	Fyrirfram greiddir vextir		—	381564.31
10.	Tekjuafgangur óráðstafaður:			
	a. Frá árinu 1931	kr. 353605.09		
	b. Samkv. rekstursreikningi 1932	— 323913.27		
		kr. 677518.36		
	Frá dregst:			
	a. Tap deildarinnar sjálfrar á lánum og víxlum	kr. 187736.99		
	b. Tap útib. á Eskif.	— 250000.00		
	c. Tap útib. á Selfossi	— 50000.00		
	d. Tap sparisj. Árness.	— 8310.00		
		kr. 496046.99	—	181471.37
			Kr.	35743444.30

121 **Tekjur og gjöld sparisjóðsdeildarinnar á árinu 1932.**

Tekjur:

1.	Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári	kr.	153577.65	
	Innb. vextir og forv. á árinu	kr.	1867712.58	
	Þar af tilheyrandi næsta ári	—	381564.31	
		—	1486148.27	
	Ógreiddir vextir	—	362698.23	
				kr. 2002424.15
2.	Ýmsar tekjur			— 43544.16
3.	Ágóði af fasteignum			— 813.51
4.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir			— 23440.04
				Kr. 2070221.86

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir	kr.	1486294.08
2.	Kostnaður við rekstur sparisjóðsdeildarinnar, Austurbæjarútibús og útibúsins í Hafnarfirði	—	260014.51
3.	Rekstursbagnaður	—	323913.27
		Kr.	2070221.86

Efnahagur útibúsins á Ísafirði 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr.	542515.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	208606.00	
	c. Handveðslán	—	200.00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga	—	6500.00	
	e. Reikningslán	—	1034992.64	
				kr. 1792813.64
2.	Víxlar innlendir og ávísanir			— 1940866.72
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis			— 6635.64
4.	Lán í hlaupareikningi			— 14865.44
5.	Bankavaxtabréf			— 15950.00
6.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innl. verðbréf			— 41367.66
7.	Fasteignir o. fl.			— 147942.00
8.	Inneign hjá erlendum bönkum			— 61264.06
			Flyt	kr. 4021705.16

	Flutt	kr.	4021705.16 **121**
9.	Ýmsir skuldunautar	—	10675.04
10.	Ógreiddir vextir	—	7566.50
11.	Peningar í sjóði	—	15861.59
		Kr.	4055808.29

Skuldir:

1.	Skuld við Landsbanka Íslands	kr.	1564999.04
2.	Innstæðufé í hlaupareikningi	—	295320.78
3.	Innstæðufé í sparisjóði	—	1754058.47
4.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	—	146755.97
5.	Fyrirfram greiddir vextir	—	69324.40
6.	Tekjuafgangur óráðstafaður	—	225349.63
		Kr.	4055808.29

Tekjur og gjöld útibúsins á Ísafirði á árinu 1932.

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr.	237890.95
2.	Innborgaðir vextir	—	127888.83
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum	—	135605.95
4.	Ýmsar tekjur	—	33306.24
		Kr.	534691.97

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir			kr.	191072.13
2.	Kostnaður við rekstur			—	44580.50
3.	Tap á fasteignum			—	859.71
4.	Tap á lánum og víxlum			—	11072.10
5.	Flutt til næsta árs:				
	a. Fyrirfram greiddir vextir	kr.	69324.40		
	Að frádregnum ógreiddum vöxtum	—	7566.50		
		kr.	61757.90		
	b. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	225349.63		
				—	287107.53
				Kr.	534691.97

121 **Efnahagur útibúsins á Akureyri 31. desember 1932.**

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 341635.34	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 648432.80	
	c. Handveðslán	— 4953.83	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga	— 14600.00	
	e. Reikningslán	— 802002.25	
			kr. 1811624.22
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		— 1195817.97
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		— 6335.07
4.	Lán í hlaupareikningi		— 39.62
5.	Bankavaxtabréf		— 11815.00
6.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		— 450.00
7.	Húsbúnaður og áhöld		— 4897.31
8.	Inneign hjá erlendum bönkum		— 596.49
9.	Erlend mynt		— 308.04
10.	Ýmsir skuldunautar		— 292.99
11.	Ógreiddir vextir		— 1819.95
12.	Peningar í sjóði		— 23690.22
			Kr. 3057686.88

Skuldir:

1.	Skuld við Landsbanka Íslands	kr. 417646.91
2.	Skuld við erlenda banka	— 11809.21
3.	Innstæðufé í hlaupareikningi	— 446404.73
4.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1393116.04
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	— 553429.68
6.	Innheimt fé ekki útborgað	— 20880.92
7.	Ýmsir skuldheimtumenn	— 22319.02
8.	Fyrirfram greiddir vextir	— 49463.18
9.	Tekjuafgangur óráðstafaður	— 142617.19
		Kr. 3057686.88

Tekjur og gjöld útibúsins á Akureyri á árinu 1932. 121

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr.	109912.61
2.	Innborgaðir vextir	—	147861.24
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum	—	88888.50
4.	Ýmsar tekjur	—	21586.28
		Kr.	368248.63

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir			kr.	134265.32
2.	Kostnaður við rekstur			—	42722.89
3.	Afskrifað af húsbúnaði og áhöldum			—	1000.00
4.	Flutt til næsta árs:				
	a. Fyrirfram greiddir vextir	kr.	49463.18		
	Að frádregnum ógreiddum vöxtum	—	1819.95		
		kr.	47643.23		
	b. Tekjuafgangur óráðstafaður	—	142617.19		
				—	190260.42
				Kr.	368248.63

Efnahagur útibúsins á Eskifirði 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:				
	a. Fasteignaveðslán	kr.	521560.50		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	390052.80		
	c. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga	—	85145.00		
	d. Reikningslán	—	130335.30		
				kr.	1127093.60
2.	Víxlar innlendir og ávísanir			—	1864061.62
3.	Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis			—	914.52
4.	Lán í hlaupareikningi			—	12455.19
5.	Bankavaxtabréf			—	89.00
6.	Fasteignir:				
	a. Bankahúsið með húsbúnaði	kr.	30817.47		
	b. Aðrar fasteignir	—	292745.69		
				—	323563.16
7.	Inneign hjá erlendum bönkum			—	18851.21
8.	Inneign hjá öðrum bönkum			—	7948.61
9.	Ýmsir skuldunautar			—	391560.23
				Flyt	kr. 3746537.14

121

	Flutt	kr. 3746537.14
10.	Ógreiddir vextir	— 35805.51
11.	Peningar í sjóði	— 19473.31
		Kr. 3801815.96

Skuldir:

1.	Skuld við Landsbanka Íslands	kr. 2790289.47
2.	Skuld við erlenda banka	— 1431.68
3.	Innstæðufé í hlaupareikningi	— 236519.36
4.	Innstæðufé í sparisjóði	— 385897.04
5.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	— 126763.11
6.	Ýmsir skuldheimtumenn	— 250000.00
7.	Fyrirfram greiddir vextir	— 10915.30
		Kr. 3801815.96

Tekjur og gjöld útibúsins á Eskifirði á árinu 1932.

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári		kr. 20869.97
2.	Innborgaðir vextir		— 60110.29
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum		— 57085.28
4.	Ýmsar tekjur		— 5305.85
5.	Flutt til næsta árs:		
	Ógreiddir vextir	kr. 35805.51	
	Frádr. fyrirfram greiddir vextir	— 10915.30	
			— 24890.21
			Kr. 168261.60

Gjöld:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr. 19372.48
2.	Útborgaðir vextir	— 70139.93
3.	Kostnaður við rekstur	— 45143.83
4.	Tap á fasteignum	— 33605.36
		Kr. 168261.60

Efnahagur útibúsins á Selfossi 31. desember 1932. 121

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 434350.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 913555.22	
	c. Reikningslán	— 52414.22	
			kr. 1400319.44
2.	Víxlar innlendir og ávísanir		— 684019.10
3.	Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf		— 11027.11
4.	Fasteignir:		
	a. Bankahúsið með húsbúnaði	kr. 60000.00	
	b. Aðrar fasteignir	— 108071.50	
			— 168071.50
5.	Ýmsir skuldunautar		— 3249.62
6.	Ógreiddir vextir		— 29603.00
7.	Peningar í sjóði		— 25779.84
			Kr. 2322069.61

Skuldir:

1.	Skuld við Landsbanka Íslands	kr. 875582.04
2.	Innstæðufé í hlaupareikningi	— 86730.18
3.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1017959.02
4.	Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum	— 239572.11
5.	Ýmsir skuldheimtumenn	— 50000.00
6.	Fyrirfram greiddir vextir	— 17005.50
7.	Tekjuafgangur óráðstafaður	— 35220.76
		Kr. 2322069.61

Tekjur og gjöld útibúsins á Selfossi á árinu 1932.

Tekjur:

1.	Flutt frá fyrra ári		kr. 31358.15
2.	Innborgaðir vextir		— 69163.10
3.	Forvextir af víxlum og ávísunum		— 44071.42
4.	Ýmsar tekjur		— 2278.24
5.	Greitt upp í áður afskrifaðar skuldir		— 15374.46
6.	Tap útibúsins fært Landsbanka Íslands, Reykjavík, til gjalda		— 50000.00
7.	Ógreiddir vextir af lánum	kr. 29603.00	
	Að frádregnum fyrirfram greiddum vöxtum	— 17005.50	
			— 12597.50
			Kr. 224842.87

121

Gjöld:

1.	Útborgaðir vextir	kr. 104654.24
2.	Kostnaður við rekstur	— 30328.48
3.	Tap á fasteignum	— 1015.86
4.	Tap á lánum og víxlum	— 53623.53
5.	Tekjuafgangur óráðstafaður	— 35220.76
		Kr. 224842.87

Efnahagsreikningur Sparisjóðs Árnessýslu 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Fasteignaveðslán	kr. 82685.00		
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 251096.50		
	c. Lán gegn ábyrgð sveitarfélaga	— 68804.00		
	d. Reikningslán	— 5517.06		
			kr.	408102.56
2.	Víxlar		—	28570.00
3.	Verðbréf		—	7900.00
4.	Inneign í bönkum:			
	a. Landsbanki Íslands í Reykjavík	kr. 150206.66		
	b. Útibú Landsbanka Íslands á Selfossi	— 15464.96		
			—	165671.62
5.	Fasteignir		—	35796.66
6.	Ýmsir skuldunautar		—	2275.86
7.	Húsbúnaður og áhöld		—	1460.00
8.	Ógreiddir vextir		—	10536.60
9.	Peningar í sjóði		—	2997.90
			Kr.	663311.20

Skuldir:

1.	Sparisjóðsinnstæðufé	kr. 658919.30
2.	Innheimt fé	— 2.70
3.	Fyrirfram greiddir vextir	— 4389.20
		Kr. 663311.20

Tekjur og gjöld Sparisjóðs Árnessýslu 31. desember 1932. **121**

Tekjur:

1.	Vextir	kr. 34080.59
2.	Forvextir af víxlum	— 1399.70
3.	Provision	— 98.58
4.	Ágóða og tapsreikningur	— 34.10
5.	Flutt til næsta árs	— 6147.40
		Kr. 41760.37

Gjöld:

1.	Flutt frá fyrra ári	kr. 4931.90
2.	Vextir af sparisjóðsfé	— 30362.72
3.	Kostnaður	— 6465.75
		Kr. 41760.37

III. Veðdeildin.

Efnahagur veðdeildarinnar 31. desember 1932.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	1. flokkur	kr.	74539,16	
	2. —	—	224879,81	
	3. —	—	802034.94	
	4. —	—	3569383,66	
	5. —	—	2677272.00	
	6. —	—	2724817,06	
	7. —	—	3672415.16	
	8. —	—	3758960.38	
	9. —	—	3894549.88	
	10. —	—	1297703.69	
				kr. 22696555.74
2.	Ógoldnir vextir og varasjóðstekjur:			
	a. Ekki fallið í gjalddaga:			
	1. flokkur	kr.	960.64	
	2. —	—	2622.85	
	3. —	—	9723.79	
	4. —	—	43697.90	
	5. —	—	36427.30	
	6. —	—	37096.00	
	7. —	—	50039.73	
		Flyt	kr.	180568.21

121

	Flutt	kr.	180568.21	
8.	flokkur	—	51273.20	
9.	—	—	53190.10	
10.	—	—	14967.42	
				kr. 299998.93
b.	Fallið í gjalddaga:			
1.	flokkur	kr.	2725.98	
2.	—	—	5289.88	
3.	—	—	13271.13	
4.	—	—	127568.32	
5.	—	—	65313.69	
6.	—	—	67283.19	
7.	—	—	85683.92	
8.	—	—	79553.77	
9.	—	—	74781.18	
10.	—	—	6457.04	
				— 527928.10
3.	Inneign hjá Landsbanka Íslands:			
1.	flokkur	kr.	166074.23	
2.	—	—	110426.71	
3.	—	—	239982.49	
4.	—	—	385907.40	
5.	—	—	186418.65	
6.	—	—	165061.07	
7.	—	—	212232.61	
8.	—	—	164178.90	
9.	—	—	127800.79	
10.	—	—	39006.79	
				— 1797089.64
				Kr. 25321572.41

Skuldir:

1.	Bankavaxtabréf í umferð:			
1.	flokkur	kr.	119600.00	
2.	—	—	335700.00	
3.	—	—	960600.00	
4.	—	—	3777200.00	
5.	—	—	2777900.00	
6.	—	—	2810300.00	
7.	—	—	3791100.00	
8.	—	—	3870700.00	
9.	—	—	3982600.00	
10.	—	—	1308800.00	
				kr. 23734500.00
			Flyt	kr. 23734500.00

Flutt kr. 23734500.00 **121**

2. Ógoldnir vextir af bankavaxtabréfum:

a. Fallnir í gjalddaga:

1. flokkur	kr.	3188.25		
2. —	—	0.00		
3. —	—	2387.25		
4. —	—	4754.00		
5. —	—	0.00		
6. —	—	1158.50		
7. —	—	931.25		
8. —	—	458.00		
9. —	—	4285.00		
10. —	—	685.00		
			—	17847.25

b. Ekki fallnir í gjalddaga:

1. flokkur	kr.	2589.75		
2. —	—	7519.25		
3. —	—	21550.50		
4. —	—	84987.00		
5. —	—	69447.50		
6. —	—	70245.00		
7. —	—	94705.00		
8. —	—	96710.00		
9. —	—	99565.00		
10. —	—	32720.00		
			—	580039.00

3. Mismunur, sem reikningslega er eign varasjóðs:

1. flokkur	kr.	118922.01		
3. —	—	80474.60		
4. —	—	259616.28		
5. —	—	118084.14		
6. —	—	112553.82		
7. —	—	133635.17		
8. —	—	86098.25		
9. —	—	63871.95		
10. —	—	15929.94		
			—	989186.16
				Kr. 25321572.41

Landsbanki Íslands, Reykjavík, 16. marz 1933.

Framkvæmdarstjórnin:

Magnús Sigurðsson. *L. Kaaber.* *Georg Ólafsson.*

Rich. Torfason.

121 Framanritaðan reikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og ekkert fundið við hann að athuga.

Björn E. Árnason. *Guðbrandur Magnússon.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar Landsbankanefndin fyrir reikninginn.

Reykjavík, 27. marz 1933.

Fyrir hönd Landsbankanefndar

Sveinn Ólafsson
forseti.

Innborganir og útborganir 1. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

	Innborganir:			
1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr.	176681.83
2.	Borgað af lánum		—	8137.48
3.	Vextir af lánum		—	2935.55
4.	Varasjóðstekjur:			
	a. ½% af lánum	kr. 980.50		
	b. Dráttarvextir og provision	— 577.91		
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	— 4898.17		
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 11.25		
			—	6467.83
			Kr.	194222.69
	Útborganir:			
1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr.	15700.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		—	5625.00
3.	Varasjóðskostnaður:			
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 4000.00		
	b. Gengismunur	— 2687.50		
	c. Annar kostnaður	— 135.96		
			—	6823.46
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		—	166074.23
			Kr.	194222.69

Innborganir og útborganir 2. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932. **121**

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr. 153637.86
2.	Borgað af lánum		— 41630.59
3.	Vextir af lánum		— 9548.74
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 1071.75	
	b. Dráttarvextir og provision	— 1716.26	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	— 2418.00	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 27.00	
	e. Frá gengissjóði	— 13225.87	
			— 18458.88
			Kr. 223276.07

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 81600.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 16985.25
3.	Varasjóðskostnaður:		
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 2500.00	
	b. Gengismunur	— 11581.35	
	c. Annar kostnaður	— 182.76	
			— 14264.11
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		— 110426.71
			Kr. 223276.07

Innborganir og útborganir 3. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr. 267099.59
2.	Borgað af lánum		— 82336.87
3.	Vextir af lánum		— 38054.12
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 4226.93	
	b. Dráttarvextir og provision	— 2911.59	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	— 5264.00	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 81.00	
			— 12483.52
			Kr. 399974.10

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		— 103100.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 46116.00
		Flyt	kr. 149216.00

121			Flutt	kr. 149216.00
3.	Varasjóðskostnaður:			
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 2000.00		
	b. Gengismunur	— 8570.10		
	c. Annar kostnaður	— 205.51		
			—	10775.61
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		—	239982.49
			Kr.	399974.10

Innborganir og útborganir 4. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr.	401626.42
2.	Borgað af lánum		—	124956.04
3.	Vextir af lánum		—	141704.32
4.	Varasjóðstekjur:			
	a. ½% af lánum	kr. 15740.15		
	b. Eigendaskiptagjald	— 190.15		
	c. Dráttarvextir og provision	— 9556.06		
	d. Vextir af inneign hjá Landsbankanum ..	— 7971.32		
	e. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 270.00		
			—	33727.68
			Kr.	702014.46

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr.	135600.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		—	173623.50
3.	Varasjóðskostnaður:			
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 5800.00		
	b. Gengismunur	— 64.30		
	c. Annar kostnaður	— 1019.26		
			—	6883.56
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		—	385907.40
			Kr.	702014.46

Innborganir og útborganir 5. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr.	172456.19
2.	Borgað af lánum		—	62540.78
3.	Vextir af lánum		—	131176.24
			Flyt	kr. 366173.21

		Flutt	kr. 366173.21	**121**
4.	Varasjóðstekjur:			
	a. ½% af lánum	kr. 13116.89		
	b. Dráttarvextir og provision	— 7135.92		
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum ..	— 2612.64		
			— 22865.45	
			Kr. 389038.66	

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 59200.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 140375.00
3.	Varasjóðskostnaður:		
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 2900.00	
	b. Annar kostnaður	— 145.01	
			— 3045.01
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		— 186418.65
			Kr. 389038.66

Innborganir og útborganir 6. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr. 140051.35
2.	Borgað af lánum		— 58051.70
3.	Vextir af lánum		— 137215.67
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 13721.30	
	b. Dráttarvextir og provision	— 9865.29	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum ..	— 1963.27	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 5.00	
			— 25554.86
			Kr. 360873.58

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 50900.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 141867.50
3.	Varasjóðskostnaður:		
	a. Skrifstofu og stjórnarkostnaður	kr. 2900.00	
	b. Annar kostnaður	— 145.01	
			— 3045.01
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. desember 1932		— 165061.07
			Kr. 360873.58

121 Innborganir og útborganir 7. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. janúar 1932		kr. 214773.51
2.	Borgað af lánum		— 68538.44
3.	Vextir af lánum		— 169374.34
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 16938.30	
	b. Dráttarvextir og provision	— 8341.32	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	— 3018.76	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 50.00	
			— 28348.38
			Kr. 481034.67

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 73000.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 191840.00
3.	Varasjóðskostnaður:		
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 3800.00	
	b. Annar kostnaður	— 162.06	
			— 3962.06
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. desember 1932		— 212232.61
			Kr. 481034.67

Innborganir og útborganir 8. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr. 150190.52
2.	Borgað af lánum		— 67133.67
3.	Vextir af lánum		— 183252.07
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 18324.21	
	b. Dráttarvextir og provision	— 8196.04	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum	— 1255.70	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 12.50	
			— 27788.45
			Kr. 428364.71

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 62800.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 195831.25
		Flyt	kr. 258631.25

		Flutt	kr. 258631.25	**121**
3.	Varasjóðskostnaður:			
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 5400.00		
	b. Annar kostnaður	— 154.56		
			— 5554.56	
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		— 164178.90	
			Kr. 428364.71	

Innborganir og útborganir 9. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Inneign hjá Landsbankanum 1. jan. 1932		kr. 106591.57
2.	Borgað af lánum		— 55004.95
3.	Vextir af lánum		— 165935.47
4.	Varasjóðstekjur:		
	a. ½% af lánum	kr. 16516.49	
	b. Dráttarvextir og provision	— 5648.57	
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum ...	— 722.00	
	d. Endurgr. vextir af útdr. bankavaxtabréfum	— 2.50	
			— 22889.56
			Kr. 350421.55

Útborganir:

1.	Innleyst bankavaxtabréf		kr. 17400.00
2.	Vextir af bankavaxtabréfum		— 197213.75
3.	Varasjóðskostnaður:		
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr. 7600.00	
	b. Annar kostnaður	— 407.01	
			— 8007.01
4.	Inneign hjá Landsbankanum 31. des. 1932		— 127800.79
			Kr. 350421.55

Innborganir og útborganir 10. flokks veðdeildarinnar á árinu 1932.

Innborganir:

1.	Borgað af lánum			kr. 11096.31
2.	Vextir af lánum			— 18251.67
3.	Varasjóðstekjur:			
	a. ½% af lánum	kr. 1825.15		
	b. Dráttarvextir og provision	— 128.62		
		Flyt kr. 1953.77	kr. 29347.98	

121					
	Flutt	kr.	1953.77	kr.	29347.98
	c. Vextir af inneign hjá Landsbankanum ..	—	398.86		
	d. Tillag ríkissjóðs	—	8000.00		
	e. Vextir af útgefnum bankavaxtabréfum ..	—	17563.09		
	f. Lántökugjald nýrra lána	—	13088.00		
				—	41003.72
				Kr.	70351.70
	Útborganir:				
	1. Inneign hjá Landsbanka Íslands 31. des. 1932			kr.	39006.79
	2. Vextir af bankavaxtabréfum			—	21740.00
	3. Varasjóðskostnaður:				
	a. Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	kr.	2500.00		
	b. Prentun á bankavaxtabréfum, höfuðbókum og annar kostnaður	—	7104.91		
				—	9604.91
				Kr.	70351.70

122 REIKNINGAR ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H.F.

1. janúar — 31. desember 1932.

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 31. desember 1932.

Activa:		
Málmforði	kr.	1478264.56
Fasteignaveðslán	—	205641.46
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	452514.45
Handveðslán	—	83760.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	1079930.40
Reikningslán	—	3034836.86
Skuldunautar á hlaupareikningi	—	160192.72
Víxlar	—	17850836.12
Ýmsir skuldunautar	—	1859903.20
Verðbréf	—	1404359.74
Erlend mynt	—	5817.77
Húseignir bankans og útibúa hans og aðrar fasteignir	—	2128672.53
Erlendir bankar	—	127567.91
Afskriftareikningur	—	6725775.24
Fyrirfram greiddir vextir af skuldum bankans og ógoldnir vextir til hans	—	167172.22
Flyt	kr.	36765245.18

Flutt	kr.	36765245.18 **122**
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	930328.00
Inneign á hlaupareikningi í Landsbanka Íslands	—	426094.83
Sjóður	—	561088.89
	Kr.	38682756.90

Passiva:

Hlutafé	kr.	7315400.00
Áhættufé d. kr. 3750000.00 á 114.77	—	4303875.00
Bankavaxtabréf Íslandsbanka	—	713869.40
Seðlar í umferð	—	3942000.00
30 ára £ lán frá 1921 £ 109365-19-1 á 22.15	—	2422455.88
Hlaupareikningur	—	1746522.42
Sparisjóðsfé	—	4359216.13
Fyrirfram greiddir vextir	—	307980.54
Landsbankinn	—	5923663.01
Ýmsir skuldheimtumenn	—	418951.95
Erlendir bankar	—	5905946.20
Veðskuldir á fasteignum	—	88644.15
Ábyrgðir vegna viðskiptavina	—	930328.00
Yfirfært til næsta árs	—	303904.22
	Kr.	38682756.90

Reykjavík, 28. febr. 1933.

Útvegsbanki Íslands h.f.

Helgi Guðmundsson. *Jón Baldvinsson.* *Jón Ólafsson.*

Einar E. Kvaran.

Efnahagsreikningur þesi er í fullu samræmi við bækur Útvegsbanka Íslands h.f., í Reykjavík, og ársreikninga útibúanna.

Reykjavík, 16. marz 1933.

H. Stefánsson. *Björn Steffensen.*

Með skírskotun til áritunar endurskoðenda, kvittar fulltrúaráðið hér með fyrir reikningi þessum til úrskurðar aðalfundar.

Reykjavík, 1. apríl 1933.

Fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h.f.

Sv. Guðmundsson. *Stefán Jóh. Stefánsson.* *Lárus Fjeldsted.*
Guðm. Ásbjörnsson. *Páll Eggert Ólason.*

122 Rekstursreikningur Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúa hans 1932.

Gjöld:

Kostnaður við bankareksturinn	kr.	471316.93
Niðurfærsla á afskriftareikningi	—	1359401.89
Yfirfært til næsta árs	—	303904.22
	Kr.	2134623.04

Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári	kr.	859401.89
Forvextir, vextir og umboðslaun	—	868311.17
Gengishagnaður	—	406909.98
	Kr.	2134623.04

Efnahagsreikningur Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, 31. desember 1932.

Activa:

Málmforði	kr.	1478264.56
Fasteignaveðslán	—	111071.41
Lán sýslu- og bæjarfélaga	—	343317.08
Handveðslán	—	43715.00
Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	523719.59
Reikningslán	—	1588640.98
Skuldunautar á hlaupareikningi	—	160192.72
Víxlar	—	12967059.25
Ýmsir skuldunautar	—	1387132.31
Verðbréf	—	1404359.74
Erlend mynt	—	3523.90
Bankahúsið og aðrar fasteignir	—	1844783.13
Erlendir bankar	—	127567.91
Útibúið á Akureyri	—	1020016.23
— á Ísafirði	—	2465644.25
— á Seyðisfirði	—	1243091.54
— í Vestmannaeyjum	—	1630967.42
Afskriftareikningur	—	6725775.24
Fyrirfram greiddir vextir af skuldum bankans og ógoldnir vextir til hans	—	167172.22
Skuldir viðskiftamanna vegna ábyrgða	—	930328.00
Inneign á hlaupareikningi í Landsbanka Íslands	—	426094.83
Sjóður	—	534629.77
	Kr.	37127067.08

Passiva: 122

Hlutafé: Innborguð hlutafjárloforð	kr.	7315400.00
Áhættufé d. kr. 3750000.00 á 114.77	—	4303875.00
36. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður veiti hér með hr. Sigurjóni Guðmundssyni, Spítalastíg 6 Rvík, prókúruumboð fyrir heildverzlun mína Th. E. Jónsson, Reykjavík, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Heildverzlun Th. E. Jónsson.
Sigurjón Guðmundsson.

Reykjavík, 14. júlí 1933.
Þóroddur Jónsson.

37. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir Carl D. Tulinius, vátryggingarstjóri, Blómvallagötu 10 í Reykjavík, og Niels Carlsson, Laugaveg 37 í Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð vátryggingarstarfsemi, með umboð fyrir vátryggingarfélög, undir firmanafninu Carl D. Tulinius & Co., með skrifstofu í Reykjavík.

Hvor okkar um sig ritar firmað.

Carl D. Tulinius ritar firmað þannig:

Carl D. Tulinius & Co.

Niels Carlsson ritar firmað þannig:

Carl D. Tulinius & Co.

Reykjavík, 1. ágúst 1933.
Carl D. Tulinius. Niels Carlsson.

38. Geir H. Zoëga, kaupmaður, Bröttugötu 3, Reykjavík, tilkynnir, að hann reki **159**
ferðamannaskrifstofu í Reykjavík, undir firmanafninu: Helgi Zoëga & Sons — Zoëga tourist bureau, og er einn ábyrgur fyrir firmað.

Firmað hefir umboð fyrir: Thos Cook & Son, Ltd., London, American express Company Inc., New-York, Cunard steam ship company, Liverpool, Peninsular Oriental (P. & O.) steam navigation company, London, Compania Italiana Curismo, Roma, Dean & Dawson, London, Blue star line, London, ásamt öðrum ferðamannaskrifstofum og gufuskipafélögum.

Firmað ritar Geir H. Zoëga þannig:

Helgi Zoëga & Sons
Geir H. Zoëga.

Reykjavík, 15. ágúst 1933.
Geir H. Zoëga.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi 1. júlí s. l., selt hr. kaupmanni Þorbirni Jóhannessyni, Laugaveg 78, verzlun mína „Kjötbúðin Borg" í Reykjavík með útibúi og rekur hann hana einn framvegis og á sína ábyrgð.

Frá sama tíma fellur niður prókúruumboð það, sem nefndur Þorbjörn hefir haft fyrir firmað.

Reykjavík, 10. ágúst 1933.
Kristján Benediktsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég, Þorbjörn Jóhannesson, Laugaveg 78, hér í bæ, keypt firmað „Kjötbúðin Borg" í Reykjavík með útbúinu við Klapparstíg 8, hér í bæ, og rek ég það áfram undir sama firmanafni og á mína ábyrgð, og skrifa ég einn firmað þannig:

„Kjötbúðin Borg"
Þorbjörn Jóhannesson.

Reykjavík, 10. ágúst 1933.
Þorbjörn Jóhannesson.

40. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Einar Magnússon, Bergstaðastræti 38, rek hér í bænum framleiðslu á pípum og öðrum steinsteypuvörum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

„Steinsteypan".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita ég það þannig:

Steinsteypan
Einar Magnússon.

Reykjavík, 15. ágúst 1933.
Einar Magnússon.

159 41. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Kristján Jónsson, Barónsstíg 10, Reykjavík, rek smásöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu Kiddabúð. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Kiddabúð
Kristján Jónsson.
Reykjavík, 19. sept. 1933.
Kristján Jónsson.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sigurður Waage, Bergstaðastræti 56, Matthías Waage, Lindargötu 1 og Reinhold Richter, Svalbarða við Langholtsveg — allir til heimilis í Reykjavík — rekum með ótakmarkaðri ábyrgð alifuglabú á Svalbarða við Langholtsveg, undir firmanafninu: „Hænsnabúið Svalbarði". Tveir okkar hafa rétt til að rita firmað og gerum það þannig:

Hænsnabúið Svalbarði
Matthías Waage. Sig. Waage.
Hænsnabúið Svalbarði
Reinhold Richter. Sig. Waage.
Hænsnabúið Svalbarði
Reinhold Richter. Matthías Waage.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Sigurður Waage, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Hænsnabúið Svalbarði
Sig. Waage.
Reykjavík, 25. ágúst 1933.
Sig. Waage. Matthías Waage. Reinhold Richter.

43. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritaðar, Kristjana Blöndal Ólafsson, Lækjargötu 6 B og Guðrún Benediktsdóttir, Freyjugötu 3, hafa í dag selt frú Helgu Sigurðsson, Garðastræti 32, verzlunina „Gullfoss í Reykjavík.

Reykjavík, 19. júlí 1933.
Kristjana Blöndahl Ólafsson. Guðrún Benediktsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að frá og með þessum degi rek ég verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Gullfoss", og ber ég ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Gullfoss.
Helga Sigurðsson.

44. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir opn- **159**
um nýlenduvöruverzlun hér í bænum undir nafninu „Verzlunin Brúarfoss". Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og hefir hvor okkar um sig rétt til að rita það, nema ef um sölu eða veðsetningu verzlunarinnar er að ræða, þá þarf undirskrift allra.

Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Brúarfoss
Eggert Theodorsson.
Verzlunin Brúarfoss
Loptur Loptsson.
Verzlunin Brúarfoss
Gunnar Jónsson.
Verzlunin Brúarfoss

Eggert Theodorsson. Loptur Loptsson. Gunnar Jónsson.

Reykjavík, 17. okt. 1933.

Eggert Theodorsson. Loptur Loptsson. Gunnar Jónsson.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Sigfús Pétur Sighvatsson, vátryggingarstjóri, Amtmannsstíg 2, í Reykjavík, rek með ótakmarkaðri ábyrgð vátryggingarstarfsemi, með umboði fyrir vátryggingarfélög, undir firmanafninu „Vátryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar" með skrifstofu í Lækjargötu 2 í Rvík.

Firmað rita ég þannig:

Vátryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar.
Sigfús Sighvatsson.

Reykjavík, 26. sept. 1933.
Sigfús Sighvatsson.

46. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að frá 1. ágúst þ. á., hefi ég selt frú Margrethe Skúlason, Fjölnisvegi 4 hér í bænum, verzlun mína Sápuhúsið í Austurstræti 1. Eru mér allar skuldbindingar firmans óviðkomandi frá þeim tíma.

Reykjavík, 27. september 1933.
Guðrún Eyjólfsdóttir.

Samkvæmt framanskráðu hefi ég frá 1. ágúst þ. á. keypt firmað Sápuhúsið í Austurstræti 17, og rek það eftirleiðis sem fullábyrgur eigandi. Ég ein hef rétt til að rita firmað, og geri það þannig:

Sápuhúsið.
M. Skúlason.

Reykjavík, 27. september 1933.
Margrethe Skúlason.

159 47. Við undirritaðir, Sigurður Gunnlaugsson, Ránargötu 30 A og Guðmundur Einarsson, Framnesvegi 1 A, báðir til heimilis hér í bænum, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við í félagi rekum hér í bænum iðnfyrirtæki í segla- og reiðatilbúnaði og hliðstæðum iðnaði, með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Seglagerðin Ægir". Hvor okkar um sig getur skuldbundið firmað, en þó þarf undirskrift beggja, ef um sölu eða kaup eða veðsetningu fasteigna er að ræða.

Firmað ritum við þannig:

Seglagerðin Ægir
Sig. Gunnlaugsson.
Seglagerðin Ægir
Guðm. Einarsson.
Seglagerðin Ægir
Sig. Gunnlaugsson. Guðm. Einarsson.

Reykjavík, 12. okt. 1933.

Sigurður Gunnlaugsson. Guðmundur Einarsson.

48. Hér með tilkynnist, að herra Sverrir Sigurðsson, Garðastræti 33, hér í bæ, hefir fengið prókúruumboð fyrir verzlunina „Magnús Benjamínsson & Co.", með öllum réttindum prókúruhafa.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Magnús Benjamínsson & Co.
Sverrir Sigurðsson.

Reykjavík, 11. sept. 1933.

Magnús Benjamínsson.

49. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Hafnarbúðin". — Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og hef einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

„Hafnarbúðin"
H. Eide.

Reykjavík, 24. okt. 1933.

Hans Eide.

50. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að meðundirritaður, Guðmundur Bjarnason, klæðskeri í Reykjavík, hefir keypt þann einn þriðja hluta í klæðskeraverzluninni G. Bjarnason & Fjeldsted, er tilheyrði dánarbúi Jóns Fjeldsted, klæðskera, er andaðist 22. nóv. 1932.

Samkvæmt ofanrituðu rekur hann nefnda klæðskeraverzlun áfram óbreytta undir firmanafninu á sína ábyrgð. **159**

Reykjavík, 18. oktbr. 1933.

F. h. dánarbús Jóns Fjeldsted
Lárus Fjeldsted. Guðm. Bjarnason,
Austurstræti 6.

51. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi frá 1. ágúst þ. á. selt Sigurði Þ. Björnssyni, Laugavegi 18, minn part í verzluninni „Vitinn". Eru mér frá þeim degi óviðkomandi allar skuldbindingar firmans.

Reykjavík, 31. ágúst 1933.

S. Árnason.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að ég hefi keypt af Sigurbergi Árnasyni, Helgadal við Reykjavík, hans hluta í verzluninni „Vitinn" frá 1. ágúst þ. á. að telja og rek ég verzlunina því eftirleiðis sem fullábyrgur einkaeigandi.

Reykjavík, 31. ágúst 1933.

Sig. Þ. Björnsson.

52. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu:

„Verzlunin Hermes"

Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og geri það þannig:

„Verzlunin Hermes"
Guðm. Þórðarson.

Reykjavík, 23. okt. 1933.

Guðm. Þórðarson.

53. Ég undirrituð tilkynni hér með firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hárgreiðslustofu, snyrtistofu og verzlun sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Snyrtistofan Edína" Reykjavík.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað, og geri það þannig:

„Snyrtistofan Edína"
Sigurborg Ólafsdóttir.

Reykjavík, 20. október 1933.

Sigurborg Ólafsdóttir.

159 54. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlunin Fíllinn".

Ég einn hefi rétt til að skuldbinda firmað, og geri það þannig:

„Verzlunin Fíllinn"
Ólafur Jóhannesson.

Reykjavík, 23. október 1933.
Ólafur Jóhannesson.

55. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum, undir firmanafninu „Verzlunin Nova", og ber ég einn ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar.

Firmað rita ég þannig:

„Verzlunin Nova"
T. Kr. Þórðarson.

Reykjavík, 24. október 1933.
T. Kr. Þórðarson.

56. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Ásbyrgi".

Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

pr. „Verzlunin Ásbyrgi"
Björn Jónsson.

Reykjavík, 24. október 1933.
Björn Jónsson.

57. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Foss". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og hef einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

„Verzl. Foss"
Kristján Jónsson.

Reykjavík, 20. október 1933.
Kristján Jónsson.

58. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum, undir firmanafninu „Verzlunin Helgafell". Ég ein hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

„Verzlunin Helgafell"
Ágústa Ó. Á. Ólafsson.

Reykjavík, 24. október 1933.
Ágústa Ó. Á. Ólafsson.

59. Hér með tilkyynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek verzlun og saumastofu í Reykjavík undir firmanafninu: **159**

Lífstykkjabúðin.

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hef ein rétt til að rita það.
Firmaritun:

Lífstykkjabúðin.
E. L. K. Foss.
Reykjavík, 25. október 1933.
E. L. K. Foss.

60. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Björn G. Björnsson, Lindargötu 4 Reykjavík, rek með ótakmarkaðri ábyrgð sælgætis- og efnagerð undir firmanafninu „Sælgætisgerðir Víkingur". Sælgætisgerðin og skrifstofa firmans er á Vesturgötu 20 í Reykjavík.
Firmað rita ég þannig:

Sælgætisgerðin Víkingur.
Björn G. Björnsson.
Reykjavík, 24. október 1933.
Björn G. Björnsson.

61. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík undir firmanafninu Verzlunin Katla. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.
Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Katla.
Ó. B. Magnússon.
Reykjavík, 25. október 1933.
Ó. B. Magnússon.

62. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrárinnar í Reykjavík, að ég rek tóbaksverzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Tóbakshúsið", og ber ég einn ábyrgð á firmanu.

Reykjavík, 30. október 1933.
Engilbert Hafberg.
Tóbakshúsið.
E. Hafberg.

63. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverzlun undir firmanafninu „Lögberg".

159 Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:
Verzl. Lögberg.
Sverrir Sigurðsson.
Reykjavík, 26. október 1933.
Sverrir Sigurðsson.

64. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Verzlunin Rangá". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.
Firmaritun:
„Verzlunin Rangá".
Jón Jónsson.
Reykjavík, 27. október 1933.
Jón Jónsson.

65. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun undir firmanafninu Verzlunin Sandgerði.
Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það.
Firmaritun:
Verzlunin Sandgerði,
Helgi Guðmundsson.
Reykjavík, 17. október 1933.
Helgi Guðmundsson.

66. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Kristmundur Snæbjörnsson, Bergþórugötu 14, rek hér í bænum smásöluverzlun, undir firmanafninu:
Verzlunin Brekka.
Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:
Verzlunin Brekka.
Kristmundur Snæbjörnsson.
Prókúru hefir Ríkarður Kristmundsson, Kárastíg 9, og ritar hann þannig:
pr. pr. Verzlunin Brekka
Ríkarður Kristmundsson.
Reykjavík, 28. okt. 1933.
Kristmundur Snæbjörnsson.

67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Verzlunin Nanna“. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það. **159**

Firmaritun:

„Verzlunin Nanna“.
Þorst. Sveinbjörnsson.
Reykjavík, 28. október 1933.
Þorst. Sveinbjörnsson.

68. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Sokkabúðin“.

Við hvort um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

„Sokkabúðin“
Sara Þorsteinsdóttir.
„Sokkabúðin“
Sig. Z. Guðmundsson.
Reykjavík, 27. október 1933.
Sig. Z. Guðmundsson. Sara Þorsteinsdóttir.

69. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Ólafur Magnússon, Túngötu 34, rek verzlun hér í bænum, með reiðhjólavörur o. fl., undir firmanafninu: „Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn“. — Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita það þannig:

„Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn“
Ólafur Magnússon.
Reykjavík, 30. okt. 1933.
Ólafur Magnússon.

70. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu:

„Verzlunin Varmá“.

Firmað rita ég þannig:

„Verzlunin Varmá“.
Halldór Jónsson.
Reykjavík, Hverfisgötu 90, 30. október 1933.
Halldór Jónsson.

159 71. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Verzlunin Þórsmörk. — Firmað rita ég einn og rita það þannig:

Verzlunin Þórsmörk
Sæm. Jónsson.

Prókúru hefir herra Páll Jónsson, Laufásvegi 41, og undirritar hann þannig:

pr. pr. Verzlunin Þórsmörk
Páll Jónsson.

Reykjavík, 30. október 1933.
Sæmundur Jónsson.
Laufásvegi 41.

72. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum trésmíðavinnustofu og bifreiðayfirbyggingar hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Tryggvi Pétursson & Co." Firmað ritar meðundrritaður Tryggvi Pétursson einn og ritar hann það þannig:

Tryggvi Pétursson & Co.
Tryggvi Pétursson.

Reykjavík, 31. okt. 1933.
Þorgils Tryggvi Pétursson, Njálsgötu 34, Rvík.
Jón Stefán Sigurðsson, Klapparstíg 44, Rvík.
Guðjón Guðmundsson, Vesturvallagötu 3, Rvík.

73. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smásöluverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð hér í bænum undir nafninu: „Verzlunin Valhöll". Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Valhöll
Lokastíg 8, Rvík.

Reykjavík, 31. október 1933.
Aðalheiður Gísladóttir.

74. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Nýi Basarinn". Ég einn hefi rétt ti að rita firmað og geri það þannig:

Nýi Basarinn
Ól. Blöndal.

Reykjavík, 30. október 1933.
Ólafur Blöndal,
Bergstaðastræti 64.

75. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með **159**
ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum með hljóðfæri, leðurvörur o. fl. undir nafninu:

Hljóðfærahús Reykjavíkur.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Hljóðfærahús Reykjavíkur.
Anna Friðriksson.

Ennfremur rek ég útibú undir nafninu „Hljóðfærahús Austurbæjar (Atlabúð)" og hefir sonur minn, Atli Ólafsson, prókúruumboð fyrir það. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Hljóðfærahús Austurbæjar
Atli Ólafsson.

Firmað rita ég þannig:

Hljóðfærahús Austurbæjar
Anna Friðriksson.

Reykjavík, 27. okt. 1933.
Anna Friðriksson.

76. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek verzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Snót. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og geri það þannig:

Verzlunin „Snót"
Sesselja Sigurðardóttir.

Reykjavík, 31. okt. 1933.
Sesselja Sigurðardóttir.

77. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að vér Samband íslenzkra samvinnufélaga rekum verzlun með kjöt og venjulegar kjötbúðarvörur í húsinu nr. 7 við Fríkirkjuveg hér í bænum, frá 5. júlí næstkomandi, á vora ábyrgð, undir nafninu „Kjötverzlunin Herðubreið".

Allar skuldbindingar vegna kjötbúðarinnar skulu undirritaðar af þeim, sem hafa rétt til að skuldbinda Samband íslenzkra samvinnufélaga.

Reykjavík, 10. júní 1933.
pr. pr. Samband íslenzkra samvinnufélaga
S. Kristinsson.

159 78. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Verzlunin Vík", og ber ég einn ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar.
Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Vík
Þorst. Þorsteinsson.
Reykjavík, 3. nóv. 1933.
Þorsteinn Þorsteinsson,
Laugav. 52.

79. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun og útibú í Reykjavík undir firmanafninu Silli & Valdi. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum báðir rétt til að rita það.
Firmað ritum við þannig:

Silli & Valdi
S. Kristjánsson.
Silli & Valdi
V. Þórðarson.
Reykjavík, 8. nóv. 1933.
Sigurliði Kristjánsson. Valdimar Þórðarson.

80. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Júlíus Guðmundsson, Framnesveg 23, hér í bænum, rek nýlenduvöruverzlun hér í bænum undir firmanafninu „Verzlunin Baldur". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð. Ég hefi einn rétt til að rita það.
Firmaritun:

„Verzlunin Baldur"
Júlíus Guðmundsson.
Reykjavík, 9. nóv. 1933.
Júlíus Guðmundsson.

81. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi selt frá 6. september 1926 að telja, herra Einari J. Ólafssyni, Freyjugötu 26, og herra Ólafi Hvanndal, Bjarkargötu 10, firmanafnið „Verzlunin Skálholt", sem ég tilkynnti til skráningar 6. apríl 1933.

Ragnar Petersen.

Samkvæmt framanskráðu höfum við undirritaðir keypt firmanafnið „Verzlunin Skálholt" frá 6. sept. 1926 að telja, og rekum við eftirleiðis, sem

fullábyrgir félagar, verzlun undir því nafni. Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig: **159**

„Verzlunin Skálholt"
Einar J. Ólafsson.
„Verzlunin Skálholt"
Ólafur J. Hvanndal.
Reykjavík, 27. okt. 1933.
Einar J. Ólafsson. Ólafur J. Hvanndal.

82. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Snæbjörn G. Jónsson, Laugaveg 34, Reykjavík, og Pétur Kristinsson, Fjölnisveg 9, Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð trésmíðavinnustofu undir firmanafninu „Snæbjörn og Pétur".

Firmað ritum við þannig:

Snæbjörn og Pétur
Snæbjörn G. Jónsson.
Snæbjörn og Pétur
Pétur Kristinsson.
Reykjavík, 10. nóv. 1933.
Snæbjörn Jónsson. Pétur Kristinsson.

83. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Verzlunin Þingholt". Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Verzlunin Þingholt
Björn L. Gestsson.
Reykjavík, 22. nóv. 1933.
Björn L. Gestsson,
Laufásv. 43.

84. Prókúruumboð það, sem hr. verzlunarmaður Þorvaldur Jónsson, Grettisgötu 37, hefir haft fyrir „Kaupfélag Alþýðu", Reykjavík, afturkallast frá og með deginum í dag að telja.

Frá sama tíma hefir hr. verzlunarm. Jón Sigurjónsson, Laugavegi 83, prókúruumboð fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík.
Jón Sigurjónsson.
Reykjavík, 25. nóv. 1933.
Ingimar Jónsson. Pétur G. Guðmundsson. Eiríkur Snjólfsson.

159 85. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun hér í bænum með vefnaðarvörur o. fl. undir firmanafninu „G. Jónasson & G. Halldórsson". Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum hvor um sig rétt til að rita það. Firmað ritum við þannig:

G. Jónasson & G. Halldórsson.
Guðrún Jónasson.
G. Jónasson & G. Halldórsson.
Gunnþórunn Halldórsdóttir.
Reykjavík, 24. nóv. 1933.
Guðrún Jónasson. Gunnþórunn Halldórsdóttir.

86. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð kjötverzlun hér í bænum undir firmanafninu „Kjötbúðin Skjaldbreið". Firmað rita ég þannig:

„Kjötbúðin Skjaldbreið"
Kristensa Guðmundsdóttir.

Prókúru hefir Þorleifur Ben. Þorgrímsson, Laugavegi 126, Rvík, og ritar hann þannig:

pr. pr. Kjötbúðin Skjaldbreið
Þorl. Ben. Þorgrímsson.
Reykjavík, 21. nóv. 1933.
Kristensa Guðmundsdóttir.
Laugavegi 126, Rvík.

87. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek smásöluverzlun hér í bænum sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Doddabúð". Ég einn hefi rétt til að rita firmað og geri ég það þannig:

Doddabúð
Þórður Þórðarson.
Reykjavík, 31. okt. 1933.
Þórður Þórðarson,
Grettisgötu 83, Rvík.

88. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek prjónastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Prjónastofan Hlín". Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Prjónastofan Hlín
Sveinbjörg Klemens.
Reykjavík, 29. nóv. 1933.
Sveinbjörg Klemens,
Njálsgötu 80, Rvík.

89. Frá 15. þ. m. geng ég meðundirritaður, Guðgeir Jóhannsson, úr firmanu **159**
„Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur". Birgir Thorlacius rekur frá þeim degi einn firmað og ritar það þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur
Birgir Thorlacius.
Reykjavík, 14. nóv. 1933.

Guðgeir Jóhannsson. Birgir Thorlacius.

90. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum niðursuðuverksmiðju og efnagerð hér í bænum undir firmanafninu „Efnagerðin Eden". Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og hefir hvor okkar rétt til þess að rita það, nema ef um sölu eða veðsetningu er að ræða, þá þarf undirskrift beggja.

Firmað ritum við þannig:

Efnagerðin Eden
Gunnar Eggertsson.
Efnagerðin Eden
Friðþjófur Þorsteinsson.
Reykjavík, 23. nóv. 1933.

Friðþjófur Þorsteinsson, Öldugötu 5. Gunnar Eggertsson, Hótel Borg.

91. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Erlendur Pétursson, Mjóstræti 2, Sigfús Bjarnason, Grundarstíg 2, og Pétur Þórðarson, Mjóstræti 2, rekum umboðs- og heildsöluverzlun hér í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Heildverzlunin Hekla". Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Heildverzlunin Hekla
Erlendur Pétursson.
Heildverzlunin Hekla
Sigfús Bjarnason.
Heildverzlunin Hekla
Pétur Þórðarson.

Prókúru fyrir firmað hafa Erlendur Pétursson og Sigfús Bjarnason og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Heildverzlunin Hekla
Erlendur Pétursson.
pr. pr. Heildverzlunin Hekla
Sigfús Bjarnason.
Reykjavík, 14. des. 1933.

Pétur Þórðarson. Sigfús Bjarnason. Erlendur Pétursson.

159 92. Ég undirritaður leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi í dag selt firmanu O. Johnson & Kaaber, Reykjavík, firmanafnið „Kaffibætisgerð Íslands, Ingólfur G. S. Espholín", ásamt vörumerkinu „Fálkinn"' og réttindum öðrum, er tilgreind eru í samningi dagsettum í dag.

Áhvílandi skuldir eða aðrar skuldbindingar, hvort sem hvíla á Kaffibætisgerðinni eða ofangreindu vörumerki, er kaupendum með öllu óviðkomandi.

Reykjavík, 20. des. 1933.
Ingólfur G. S. Espholin.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Á framhalds-aðalfundi, er haldinn var í h/f Mjöl & Lýsi, Akranesi, 9. nóvember 1932, var samþykkt að minnka hlutafé úr kr. 21000,00 — tuttugu og eitt þúsund krónur — í kr. 11200,00 — ellefu þúsund og tvö hundruð krónur —.

Akranesi, 23. nóvember 1932.
Stjórn H/f Mjöl & Lýsi.
Þórður Ásmundsson. Ármann Halldórsson.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Í dag hefir hr. Sigurður Símonarson á Sandi fengið prókúruumboð fyrir firma Kaupfélag Hellissands og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hellissands
Sig. Símonarson.
Hellissandi, 11. febr. 1933.
Þorvarður Þorvarðarson. Guðlaugur Sigurðsson.
Þorsteinn Þorsteinsson.

IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Tilkynning um prókúrista. Í dag hefir hr. Eiríkur Þorsteinsson, Þingeyri, fengið prókúruumboð fyrir firma „Kaupfélag Dýrfirðinga" og ritar hann firmað þannig:

p. p. „Kaupfélag Dýrfirðinga"
E. Þorsteinsson.
Þingeyri, 4. október 1932.
Stjórn Kaupfélags Dýrfirðinga
Kristinn Guðlaugsson. Jón Þórarinsson. Jóhannes Davíðsson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður hefi keypt „Verzlun Björns Guðmundssonar", Ísafirði. Verzlunina rek ég framvegis undir sama nafni og áður og ber einn ábyrgð á öllum skuldbindingum hennar. **159**

p. t. Aalborg, 26. október 1932.
G. Björnsson.

3. Ég undirritaður, Hannes Halldórsson, kaupmaður, Smiðjugötu 2 á Ísafirði, tilkynni hér með, að ég hefi sett á fót verzlun undir nafninu „Matvörubúðin", sem fyrst um sinn verður rekin í húseigninni í Aðalstræti 22, hér í bænum. Prókúruhafi téðrar verzlunar er herra Óli G. Halldórsson, Fjarðarstræti 18, hér í bænum, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Matvörubúðin
Óli G. Halldórsson.

Undirritaður eigandi greindrar verzlunar getur einnig ritað firmað þannig:

Matvörubúðin
Hannes Halldórsson.

Bæði eigandi verzlunarinnar og prókúruhafi geta hvor í sínu lagi skuldbundið firmað með undirskriftum sínum, eins og að ofan greinir.

Ísafirði, 14. janúar 1933.
Hannes Halldórsson.

4. Til firmaskrár Ísafjarðarumdæmis tilkynnist, að firmað „E/s Fróði" er hafið.

Ísafirði, 6. marz 1933.
Karvel Jónsson.

Til firmaskrá Ísafjarðarumdæmis tilkynnist, að firmað: „E/s Fróði" er hafið.

Þingeyri.
Þorsteinn J. Eyfirðingur.
f. h. Jóns Jónssonar
Anton Proppé
(samkvæmt þinglesnu umboði).

5. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Ísafjarðar, að á aðalfundi félagsins Fiskimjöl h.f., Ísafirði, sem haldinn var 19. maí 1933, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Einar Pétursson, forstj., Reykjavík, formaður, og meðstjórnendur: Tryggvi Jóakimsson, konsúll, Ísafirði, og Finnur Jónsson, forstj., Ísafirði.

Ísafirði, 27. maí 1933.
Fiskimjöl H/F
Tryggvi Jóakimsson. Finnur Jónsson.

159 6. Til firmaskrár Ísafjarðar tilkynnist hér með, að ég undirritaður Guðmundur Björnsson, sem rek verzlun á Ísafirði undir nafninu Verzlun Björns Guðmundssonar, veiti hér með Birni Kristni Guðmundssyni prokúruumboð fyrir téða verzlun mína.

Björn Kristinn Guðmundsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlun Björns Guðmundssonar
Björn Guðmundsson.

Ísafirði 16. júní 1933.

Verzlun Björns Guðmundssonar
G. Björnsson.

7. Stjórn h/f Önundur á Flateyri er nú þannig skipuð: Formaður og framkvæmdarstjóri Sveinn Gunnlaugsson, Flateyri. Meðstjórnendur: Magnús Guðmundsson, Flateyri, Sturla Ebenezarson, Flateyri, Henrik Guðmundsson, Flateyri, Sveinn Jónsson, Veðrará, Flateyri.

Í greininni um stjórn félagsins kemur: Kosnir skulu tveir meðstjórnendur.

Ísafirði, 13. september 1933.
Sveinn Gunnlaugsson.

8. Til firmaskrár Ísafjarðar tilkynnist hér með, að útibú okkar á Ísafirði verður lagt niður frá og með 31. desember 1933.

Reykjavík, 27. október 1933.
Nathan & Olsen.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirritaður rek hér í bænum prentsmiðju undir nafninu „Isrún".

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og hefi einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

Prentstofan Isrún
Jónas Tómasson.

Ísafirði, 6. desember 1933.
Jónas Tómasson.

V. Skagafjarðarsýsla.

1. Hér með tilkynnist, að Steindór Jónsson, kaupmaður á Sauðárkróki, er genginn úr firmanu Árni & Steindór, en Árni Daníelsson á Sjávarborg er nú einn eigandi firmans.

Sauðárkróki, 24. maí 1933.
Steindór Jónsson.

p. t. Sauðárkróki, 24. maí 1933.
Árni Daníelsson.

VI. Siglufjarðarkaupstaður. 159

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að Einar Jóhannsson, til heimilis á Akureyri, og Ólafur Ragnars, til heimilis á Siglufirði, reka byggingarvöruverzlun á Siglufirði undir firmanafninu „Einar Jóhannsson & Co.“. Heimili firmans og varnarþing er á Siglufirði. Báðir félagar bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Firmað rita firmafélagarnir þannig:

Einar Jóhannsson & Co.
Einar Jóhannsson.
Einar Jóhannsson & Co.
Ólafur Ragnars.

Siglufirði, 6. apríl 1933.

Einar Jóhannsson. Ólafur Ragnars.

2. Í dag hefir herra Ásgeiri Jónassyni, Siglufirði, verið veitt prókúruumboð fyrir verzlun „Verzlunarfélag Siglufjarðar“, h.f., Siglufirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunarfélag Siglufjarðar, h.f.
Ásgeir Jónasson.

Frá þessum tíma afturkallast því umboð það, sem hr. Indriði Björnsson, Siglufirði, hefir fyrir félagið sem prókúruhafi.

Siglufirði, 23. nóv. 1933.

Í stjórn „Verzlunarfélags Siglufjarðar“, h.f.

Alf. Jónsson. Ásgeir Jónasson. Þorst. Pétursson

VII. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar og Eyjafjarðarsýslu, að H/f Carl Höepfner verzlun á Akureyri, Hrísey, Dalvík, Ólafsfirði og Kljáströnd, hefir hætt störfum.

Reykjavík, 27. október 1933.

f. h. H/f Carl Höepfner
N. Manscher
eftir umboði.

VIII. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að smásöluverzlun sú, sem ég hefi rekið undanfarið undir mínu nafni, verður framvegis rekin undir nafninu: Verzlunin Dröfn, Seyðisfirði.

Firði, Seyðisfirði, 30. júní 1933.

Jón Jónsson.

159 2. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að við undirritaðir, Jón Jónsson, Firði, og Sigurbjörn Stefánsson, Seyðisfirði, rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð áðurnefnda verzlun „Dröfn" á Seyðisfirði, og hefir hver um sig rétt til þess að rita firmað þannig:

Verzlunin Dröfn
Jón Jónsson.
Verzlunin Dröfn
Sigurbjörn Stefánsson.

Seyðisfirði, 30. júní 1933.

Jón Jónsson. Sigurbjörn Stefánsson.

3. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að ég rek verzlun undir nafninu „Jón G. Jónasson" á Seyðisfirði með ótakmarkaðri ábyrgð.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Jónas Jónsson, Norðurgötu 2, Seyðisfirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Jón G. Jónasson
Jónas Jónsson.

Seyðisfirði, 3. júlí 1933.

Jón G. Jónasson.

4. Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að við veitum herra Alfreð Dan Sigurbjörnssyni umboð sem prókúruhafa fyrir verzlunina Dröfn, Seyðisfirði, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Dröfn
Alfreð Dan Sigurbjörnsson.

Seyðisfirði, 31. júlí 1933.

Jón Jónsson. Sigurbjörn Stefánsson.

5. Á aðalfundi Kaupfélags Vopnfirðinga 9. júlí 1933 gekk úr stjórn félagsins Gunnar H. Gunnarsson, hreppstjóri á Ljótsstöðum, og var í hans stað kosinn Jósef H. Jónsson, bóndi í Skógum.

Skipa nú stjórn félagsins þeir: Ólafur Metúsalemsson, framkvstj. á Vopnafirði, Ingólfur Eyjólfsson, bóndi á Skjaldþingsstöðum og Jósef H. Jónsson, bóndi í Skógum.

Varastjórnarnefndarmaður er Metúsalem Metúsalemsson, bóndi á Burstarfelli.

Vopnafirði, 21. júlí 1933.

p. p. Kaupfélag Vopnfirðinga
Ó. Metúsalemsson.

IX. Suður-Múlasýsla. 159

1. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga hefir heimili og varnarþing á Búðum í Fáskrúðsfirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 6. ágúst 1933. Tilgangur þess er að gera félagsmenn sem sjálfstæðasta í verzlunarefnum og veita þeim sem haganlegasta og arðsamasta verzlun. Að þessu vill félagið vinna, með því að sporna við skuldaverzlun, að reka í félagi og með eigin starfsmönnum sameiginlega verzlun félagsmanna á sem beztum markaði og með sem minnstum kostnaði, að auka og bæta framleiðslu á innlendum vörum og vekja almennar kröfur um vandaðar og hentugar útlendar vörur og að safna fé til tryggingar fyrir framtíð félagsins.

Stjórn félagsins skipa: Þórarinn Gr. Víkingur, bóndi á Vattarnesi, Björn Daníelsson, kennari á Búðum og Björgvin Benediktsson, útgerðarmaður, s. st. Framkvæmdarstjóri Björn Ingi Stefánsson, Eskifirði.

Heimild til að rita firmað hafa 2 stjórnendur saman. Rita þeir firmað þannig:

Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Þórarinn Gr. Víkingur. Björn Daníelsson.
eða
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Þórarinn Gr. Víkingur. Björgvin Benediktsson.
eða
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Björn Daníelsson. Björgvin Benediktsson.

Framkvæmdarstjóri er prókúruhafi fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga
Björn I. Stefánsson.

Félagsmenn ábyrgjast allir fyrir einn og einn fyrir alla fjárreiður félagsins. Inngangseyrir er 10 kr. fyrir hvern félagsmann.

Í stofnsjóð leggst árlega sem séreign hvers félagsmanns 3% af verði aðkeyptrar vöru. Árgjald í varasjóð er 1% af viðskiptaveltu féagsins.

X. Vestmannaeyjar.

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar dagsettri 10. f. m., er tilkynnt Kaupfélagið Fram (K. f. Fram). Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Samþykktir félagsins eru dags. 5. des. 1916, en breytt 6. apríl 1919 og 6. júní 1921. Tilgangur félagsins er: a. að safna stofnsjóð, rekstursfé, með hlutum frá félagsmönnum, til þess að geta ávallt keypt útlendan varning aðallega gegn staðgreiðslu, b. að safna varasjóði til þess að tryggja framtíð félagsins, c. að fækka svo sem auðið er öllum óþarfa milliliðum í

159 verzlunarviðskiptum. d. að útvega félagsmönnum sem beztar vörur við svo góðu verði sem unnt er, e. að auka þekkingu félagsmanna, einkum að því er snertir samvinnufélagsskap, verklegar framkvæmdir, vöruvöndun o. fl. Félagið rekur auk þess almenna verzlun. Hver félagsmaður hefir greitt kr. 500,00 í stofnsjóð félagsins. Félagsmenn ábyrgjast allar skuldir félagsins in solidum, unz 1 ár er liðið frá brottför þeirra úr félaginu. Stjórn félagsins skipa 5 félagsmenn og skuldbindur undirskrift meiri hluta stjórnarinnar félagið, þó þarf samþykki allrar stjórnarinnar, til þess að selja fasteignir og veðsetja eignir félagsins. Í stjórn félagsins eru nú Jón Gíslason, útvegsmaður, Ármóti, formaður, Sigurjón Jónsson, útgerðarmaður, Víðidal, Árni Jónsson, útgerðarmaður, Görðum, Þorsteinn Sigurðsson, Sæbergi, og Gísli Jónsson, útgerðarmaður, Arnarhóli, allir í Vestmannaeyjum. Firmað ritar stjórnin öll eða einhverjir 3 úr stjórninni, þó þarf undirskrift allra stjórnenda til þess að selja fasteignir eða veðsetja eignir félagsins. Stjórnin ritar firmað þannig:

Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason. Sigurjón Jónsson. Árni Jónsson.
Þorsteinn Sigurðsson. Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Árni Jónsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson, Gísli Jónsson,
eða

159

Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson.

Procura hefir Hinrik Jónsson, Gerði, Vestmannaeyjum, og er hann framkvæmdastjóri félagsins og ritar hann firmað þannig:

P. p. Kaupfél. Fram, Vestmannaeyjum.
Hinrik Jónsson.

2. Þorsteinn Jónsson, útgerðarmaður í Laufási og Stefán Guðlaugsson, útgerðarmaður í Gerði, reka sem fullábyrgir félagar, með firmanafninu „Fiskþurkhúsið Grettir", fiskþurkun í Vestmannaeyjum í húsi eða reitum úti. Hvor um sig ritar firmað, en til sölu og veðsetningar fasteigna félagsins þarf undirskrift beggja.

Prókúru hefir Gísli Þorsteinsson, Laufási. Þorsteinn Jónsson og Stefán Guðlaugsson rita firmað þannig:

Fiskþurkhúsið Grettir
Þorst. Jónsson. Stefán Guðlaugsson.

Þorsteinn Jónsson ritar firmað þannig:

Fiskþurkhúsið Grettir
Þorst. Jónsson.

Stefán Guðlaugsson ritar firmað þannig:

Stefán Guðlaugsson.

3. Vér undirritaðir, stjórnendur kaupfélagsins „Fram" í Vestmannaeyjum, gefum hérmeð herra kaupfélagsstjóra Jónasi Jónssyni, Heimagötu 25 í Vestmannaeyjum, prókúruumboð fyrir kaupfélagið „Fram" hér, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélagið Fram.
Jónas Jónsson.

Jafnframt skal tekið fram, að prókúruumboð það, er Hinrik Jónsson, Garði, hafði fyrir nefnt félag, afturkallast hér með.

Vestmannaeyjum, 3. júlí 1933.
Stjórn kaupfélagsins „Fram", Vestmannaeyjum.
Jón Ólafsson. Jón Gíslason, Árni Jónsson,
Gísli Jónsson. Þorsteinn Sigurðsson.

4. Hanna Gunnarsdóttir og Sig. Á. Gunnarsson tilkynna 28. sept. 1933, að prókúruumboð það, er þau á sínum tíma veittu Gissuri Þorsteinssyni, sé afturkallað frá og með þeim degi.

159 5. Hér með tilkynnist, að prókúruumboð til herra Bjarna Jónssonar, Svalbarði, fyrir skilanefnd kaupfélagsins Drífandi, Vestmannaeyjum, er afturkallað.

Í skilanefnd kaupfélagsins Drífandi

Ísleifur Högnason. Jóh. Gunnar Ólafsson. Árni Oddsson.

Bjarni Jónsson. Guðl. Hansson.

XI. Rangárvallasýsla.

1. Á aðalfundi kaupfélags Holtamanna, 5. maí 1932, var samþykkt, að frá 1. janúar 1933 skyldi 1. gr. félagssamþykktarinnar vera svohljóðandi:

„Félagið heitir Kaupfélag Rangæinga. Skammstafað K. R. Á. Heimili þess og varnarþing er Holtahreppur í Rangárvallasýslu".

Frá sama tíma er bætt inn í samþykktina nýjum kafla um skipulag félagsdeilda og félaginu skipt í deildir eftir hreppamörkum í samræmi við hann.

Að öðru leyti er félagssamþykktin óbreytt frá því sem áður hefir verið tilkynnt.

XII. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist, að hr. Óskar Jónsson, Norðurbraut 9, Hafnarfirði, hefir frá og með deginum í dag prókúru-umboð fyrir félag vort. Ritar hann firmað þannig:

p. p. Samvinnufél. Huginn

Óskar Jónsson.

Hafnarfirði, 29. desember 1932.

Samvinnufél. Huginn

Jón Halldórsson. Jón Erlingsson. Jóngeir D. Eyrbekk.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár, að á aðalfundi Fiskiveiðafélagsins Höfrungur h/f í Hafnarfirði, sem haldinn var þann 10. dag maímánaðar 1932, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins:

Þorvarður Þorvarðarson, fyrv. prentsm.stjóri, Reykjavík.

Guðm. Jónsson, verkstjóri, Hafnarfirði og

Gísli Sigurgeirsson, bókh., s.st. og varamenn í stjórn félagsins voru kosnir:

Sigurgeir Gíslason, sparisjóðsgjaldkeri, Hafnarfirði, og

Gunnlaugur Stefánsson, kaupmaður, s.st.

Hafnarfirði, 31. marz 1933.

G. Sigurgeirsson. Guðmundur Jónasson.

3. Undirrituð, Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, Álafossi í Mosfellssveit, eigandi Klæðaverksmiðjunnar Álafoss, tilkynni hér með, að eiginmaður minn, Sigurjón Pétursson, sama stað, hefir framvegis, eins og að undanförnu, prókúruumboð fyrir Klæðaverksmiðjuna Álafoss, og ritar hann firmað þannig: **159**

Pr. pr. Klæðaverksmiðjan Álafoss
Sigurjón Pétursson.
Álafoss, 7. sept. 1933.
Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir.

AUGLÝSING **160**

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1933.

Skrás. 1933, nr. 1.

Tilkynnt 10. desember 1932, kl. 11 árd., að Ásgarður h/f., smjörlíkisgerð, Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.



Mynd af skjöldóttri kú, en í boga fyrir ofan stendur orðið: Rjómabússmjörlíki.

Merkið er skrásett fyrir smjörlíki.

Skrás. 1933, nr. 2.

Tilkynnt 14. desember 1932, kl. 2 síðd., af Scheving Thorsteinsson, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.

Orðið: HEVA með bogadregnu stryki fyrir ofan og neðan.

HEVA

160 Merkið er skrásett fyrir allskonar lyfjavörur, svo sem dropa, pillur, tölur, smyrsli og hvað eina, sem til lyfja getur talizt, ennfremur fyrir kemiskar og tekniskar vörur og fegrunarvörur, hverju nafni sem nefnast.

Ber að skoða orðið Heva sem sérstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 3.

Tilkynnt 12. janúar 1933, kl. 3 síðd., af H. J. Heinz Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 21. s. m.

Mynd af glasi. Efst á myndinni er skráð orðið: HEINZ og þar fyrir neðan: ESTD. 1869, en neðst á myndinni, innan í aflöngum reit, stendur orðið: HEINZ og þar undir: 57, VARIETIES PURE FOOD PRODUCTS ásamt nafni tilkynnanda.

Merkið er skrásett í London 6. maí 1932, 42. flokki, fyrir fæðuefni svo og bætiefni í fæðu.

Skrás. 1933, nr. 4.

Tilkynnt 1. febrúar 1933, kl. 2 síðd., af Ásgarður h/f, smjörlíkisgerð, Reykjavík, og skrásett 4. s. m.

160



Mynd af einlitri kú.

Merkið er skrásett fyrir: Smjör og smjörlíki, ost og ostalíki, bakarafeiti, allskonar olíu og feiti eða blöndun úr þeim, súkkulaði, súkkulaðilíki, kókó, karamellur og allskonar súkkulaði- og sykurvörur, dósamjólk, sæta og ósæta, niðursoðinn rjóma, rjóma á flöskum, þeytirjóma og rjómalíki, mjólk á flöskum, mjólkurlíki, sýrða og hleypta mjólk, skyr, yoghurt, kefir, þurmjólk, barnamjólk, allskonar neyzluvörur, tilbúnar úr mjólk eða mjólkurefnum og efnafræðilegar vörur.

Skrás. 1933, nr. 5.

Tilkynnt 15. janúar 1933, kl. 3 síðd., af H/f Svanur, smjörlíkis- og efnagerð, Reykjavík, og skrásett 4. febrúar s. á.



Mynd af svan sitjandi á vatnsbylgjum.

Merkið er skrásett fyrir allar vörur, hverju nafni sem nefnast og talist geta undir efnaiðju, svo sem allar hreinlætis- og snyrtivörur, allar vörur, sem framleiddar eru við kemiska og fysiska blöndun, ennfremur mjólkurafurðir, hverju nafni sem nefnast, allar niðursuðuvörur, hvort sem þær eru upprunnar frá dýra- eða jurtaríkinu, allar sósur og saftir, súkkulaði, sælgætis- og kryddvörur, brauð og bakaravörur, öl, gosdrykki og aðra svaladrykki, smjörlíki, jurtafeiti, tólg og önnur feitiefni úr jurta- eða dýraríkinu.

Skrás. 1933, nr. 6.

Tilkynnt 16. febrúar 1933, kl. 3 síðd., af Knoll Aktiengesellschaft, kemiskur verksmiðjurekstur, Ludwigshafen am Rhein, Þýzkalandi, og skrásett 4. marz s. á.

160 Orðið:

Octin

Samkv. tilkynningu 13. september 1920, er merkið skrásett í Berlín 6. nóv. s. á. fyrir kemiskar lyfjasamsetningar, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 11. september 1930.

Skrás. 1933, nr. 7.

Tilkynnt 18. febrúar 1933, kl. 11 árd., af Aage Schiöth, lyfjaverzlun, Siglufirði, og skrásett 4. marz s. á.

Orðið: SANA.

Merkið er skrásett fyrir allskonar lyf, allskonar efna- og fegrunarvörur, og er orðið: Sana að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1933, nr. 8.

Tilkynnt 8. marz 1933, kl. 12 á hád., af Verzlun Einars Eyjólfssonar, Reykjavík, og skrásett 9. s. m.



Innan ferhyrnings er mynd af stúlku í sporöskjulagaðri umgerð, og heldur stúlkan á kökumóti, en yfir myndinni eru letruð orðin: Efnagerð Íslands.

Merkið er skrásett fyrir allskonar bökunarefni, hverju nafni sem nefnast.

Skrás. 1933, nr. 9.

Tilkynnt 17. marz 1933, kl. 11 árd., af H/f Smjörlíkisgerðin, smjörlíkisframleiðsla o. fl., Reykjavík, og skrásett 30. s. m.



160

Orðin: „Blái borðinn“ á láréttu striki. Niður úr strikinu, yzt til hægri handar og upp úr því til vinstri, koma örstutt, lóðrétt hök, en frá efri enda vinstra haksins kemur hringur, og nær hann jafnlangt inn á aðalstrikið að neðan, sem nemur lengd haksins. Innan í hring þessum er annar minni hringur.

Skrás. 1933, nr. 10.

Tilkynnt 17. apríl 1933, kl. 2 síðd., af The Marconiphone Company, Limited, verksmiðjurekstur, Hayes í Middlesex, Englandi, og skrásett 25. s. m.

Orðið:

MARCONIPHONE

Merkið er skrásett fyrir: Viðtæki og gjallara fyrir þráðlaus talsambönd, allt sem almenningur þarfnast til þess að hlusta á útvarp, raftæki til notkunar við almennings-ávörp, viðtæki við opinbert fjarsýnisútvarp, kvikmyndatæki og kvikmyndafilmur, tilbúnar til sýningar, sem og áhöld til ritunar og endurframleiðslu á hljóði.

Skrás. 1933, nr. 11.

Tilkynnt 23. marz 1933, kl. 11 árd., af Skandinavisk Grammophone Aktieselskab, verzlun og verksmiðju, Frihavnen, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 27. apríl s. á.

Orðið:

RADIOVOX

Merkið er skrásett fyrir: Áhöld, tæki og útbúnað til upptöku, endurvarps, yfirfærslu eða viðtöku hljóða og hluta af slíkum tækjum, útvarpsviðtæki, gjallara, kvikmyndaáhöld og hluta af þeim, kvikmyndafilmur, fjarsýnistæki og hluta af þeim, termionlampa, sem og hverskonar fylgitæki við ofangreind áhöld.

Skrás. 1933, nr. 12.

Tilkynnt 15. maí 1933, kl. 3 síðd., af Titan & Co. A/S, verksmiðja og verzlun, Fredrikstad í Noregi, og skrásett 9. júní s. á.

160

Svartur, kringlóttur miði með mynd af jarðhnetti. Á honum situr maður, er í vinstri hendi uppréttri heldur á hlut, sem geislar stafa frá. Yfir þveran hnöttinn stendur orðið: KRONOS. Efst í hringnum standa orðin: TITAN HVITT með hvítu letri, en neðst orðin: Vare Merke.

Samkv. tilkynningu 28. júní 1933, er merkið skrásett í Oslo 17. desember s. á. fyrir Titan-sambönd og liti og litarefni, sem innihalda Titan, steinefnaliti (litar- og teygjuefni), deig, málningarefni, þerriefni og önnur bætiefni fyrir litarefni, deig, málningu og lökk, ennfremur fyrir allskonar ádráttarefni handa verksmiðjum og iðnaðarmönnum. Skrásetningin síðan endurnýjuð 17. desember 1932.

Skrás. 1933, nr. 13.

Tilkynnt 2. júní 1933, kl. 11 árd., af Det Danske Medicinal- & Kemikalie-Kompagni A/S, verksmiðja og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 15 s. m.



Rétthyrndur miði. Yfir þvert efra horn hans, vinstra megin, standa með grænum lit stafirnir: „MCO" milli tveggja jafnhliða, grænna strika.

Samkvæmt tilkynningu 9. maí 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 19. maí s. á. fyrir allar vörur, hverju nafni sem nefnast.

Skrás. 1933, nr. 14. **160**

Tilkynnt 2. júní 1933, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 15. s. m.
Orðið:

MEDICINALCO

Samkv. tilkynningu 2. marz 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 25. s. m. fyrir: Efna- og lyfja-afurðir, sápu, ilmvötn, fegrunarvörur (smyrsl, duft, gljásmyrsl, áburð, munnvatn, hárvötn o. þvl.) og kerti. Skrásetningin síðan endurnýjuð 25. maí 1932.

Skrás. 1933, nr. 15.

Tilkynnt 22. júní 1933, kl. 3 síðd., af Ingvari Guðjónssyni, fisk- og síldveiðar og verzlun, Akureyri og Siglufirði, og skrásett 7. júlí s. á.

Mynd af hjarta á svörtum grunni með íletruðu stóru S og orðin: Trade og Mark sitt hvoru megin. Í stórum hring utan um hjartað eru letruð orðin: PRIMA ISLÄNDISCHE MATTISE HERINGE. NORDPOL BRAND.

Merkið er skrásett fyrir allar síldarafurðir, sérstaklega léttverkaða (skotzk-verkaða) síld.

Skrás. 1933, nr. 16.

Tilkynnt 22. júní 1933, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 7. júlí s. d.

160

